



Við ysta haf
gjögur 36



Alvöruliðið í Laufskálarétt
skagafjörður 42



spottið 18



25 ára
afmæli

Afmælisblað
Kringlunnar fylgir
Fréttablaðinu í dag!

FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað

8. september 2012
211. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt reitmiðskýrningu Capacent Cellun jarlár - mars 2012



Vernda ekki börnin

Líska Björk Ingólfssdóttir segir rétt barna fyrir borð borinn hjá Barnavernd.

ofbeldi 24

Á flekaskilum

Hilmar Bragi Janusson ræðir árin hjá Össuri og framtíðina hjá H.Í.

nýsköpun 28

Stjörnurnar ilma

Ilmvötn sem framleidd eru í nafni stórstjarna eru býsna algeng.

ilmur 40



3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu

Atvinna | Fólk | Kringlan



STÓRI FRÆNDI LAGÐUR Íslendingar unnu frækin 2-0 sigur á Norðmönnum á Laugardalsvelli í gær. Stjórnur norska liðsins, John Arne Riise, Brede Hangeland og Daniel Braaten, máttu sín lítils í baráttunni við Rúrik Gíslason og markaskorarann Kára Árnason. **Sjá síðu 68** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ræsa álver í Helguvík 2015

Forstjóri Century Aluminium segir allar líkur á að samningar um orku fyrir álver í Helguvík náist á næstu mánuðum. Framkvæmdir geti þá hafist í vor og álframléiðsla vorið 2015. Fjármögnun sé að fullu tryggð.

ÞNADUR Michael Bless, forstjóri Century Aluminium, móðurfélags Norðuráls, segir að samningar um orku fyrir álver í Helguvík séu á lokametrunum. Takist það þá sé ekkert til fyrirstöðu að hefja framkvæmdir í vor.

„Ég er mjög bjartsýnn á að samningar náist á næstu einum, tveimur, þremur mánuðum. Það er orðtak úr bandaríska fótboltanum sem segir að erfitt sé að komast að tveggja jarda línunni, en það hafist. Síðustu tveir jardarnir séu erfiðastir. Við erum á síðustu tveimur jörðunum með að vinna úr smáatriðum, en höfum náð saman um aðalatriðin.“

“Ef við náum samningum á næstu mánuðum hefst undirbúningur fyrir verkefnið strax.”

MICHAEL BLESS
FORSTJÓRI CENTURY ALUMINIUM

Bless segir að fjármögnun verkefnisins hafi lokið 2010. Leggja hafi þurft þær áætlanir á hilluna þegar verkefnið dróst og snurfusa þurfi þær að nýju áður en farið verður eftir þeim. Það muni þó ekki hefja neitt fyrir framkvæmdunum. Fjármögnun sé því tryggð.

„Ef við náum samningum á næstu mánuðum hefst undirbúningur fyrir verkefnið strax, en framkvæmdir ekki fyrr en vorið 2013 með hækkandi sól. Framleiðslan gæti þá hafist vorið 2015.“

Bless segir að ákveðið hafi verið að setja tvær milljónir dollara í að klæða byggingarnar í Helguvík fyrir veturinn.

„Við ákváðum það í vor þegar við sáum hvað samningar við orkufyrirtækin gengu vel. Þetta er til marks um að við sjáum fyrir endann á undirbúningstímanum. Þangað til við göngum endanlega frá samningum við orkufyrirtækin

munum við hins vegar halda kostnaði í lágmarki.“

Álverð hefur verið lágt að undanförunu en Bless segir reksturinn á Norðuráli samt mjög góðan. Fyrirtækið sé skuldlaust, með góða eiginfjárstöðu, og í mjög góðri stöðu til að takast verkefnið á hendur.

Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðuráls, segir að tryggja verði orku fyrir verkefnið. „Það þarf að tryggja endanlegan frágang orkusamninga og flutning á orkunni til okkar. Landsnet virðist vera að ljúka ákveðnum þáttum sín megin svo það sér vonandi fyrir endann á þessu.“

- kóp



Opið til
18
í dag

Smáralind

BARNASTARF KIRKJUNNAR

NÁNAR Á BLAÐSÍÐU 21



Kringlan 25

ÞÉR ER BODIÐ Í
afmælisveislu

Skemmtidagskrá og frábær
afmælistilboð alla helgina!

Opið til
25



Guðmundur, eru þau á Hrafnistu þá loksins full-orðin?

„Já, og fullmegtug eigin gjörða.“

Endurnýjaður matsalur með vínveitingum hefur verið opnaður á Hrafnistu. Guðmundur Hallvarðsson er formaður stjórnar Hrafnistu.

Boðað til aðgerða í Brussel: Fólk sektað fyrir að blóta

BELGÍA Vegfarendur í Brussel í Belgíu þurfa nú að gæta að orðbragði sínu. Sektir, 75 til 250 evrur, liggja nú við ljótu orðbragði og skammaryrðum í garð annarra á götum úti.

Talsmaður borgarstjórnar segir dómstóla ekki hafa annað slíktum máli hingað til og þess vegna hafi margir lögreglumenn ekki séð ástæðu til að grípa til aðgerða vegna þeirra.

I heimildarmynd belgíska leikstjórnar Sofie Peeters er varpað ljósi á árekstra borgaranna sem kvikmyndaðir voru án þeirra vitneskju, að því er telegraph. uk.co greinir frá.

- ibs



BÆNDUR OG BÚALÍÐ ESB hefur sent út bakreikning til 13 aðildarríkja vegna slægra vinnubragða við úthlutun landbúnaðarstyrkja.

NORDICPHOTOS/APP

Landbúnaðarstefna ESB:

33ja milljarða bakreikningur

BRUSSEL Framkvæmdastjórn ESB hefur kallað eftir endurgreiðslu á 215 milljónum evra, sem jafngildir rúmum 33 milljörðum króna, sem þrettán aðildarríki höfðu fengið út úr sjóðum sambandsins í gegnum styrkjakerfi sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar.

Ástæða krafanna er sú að ríkin sem um ræðir höfðu ekki farið að reglum við úthlutun, meðal annars með ónægri eftirfylgni með ráðstöfun fjáris. Portúgal fær langhæsta bakreikninginn, að upphæð tæplega 90 milljónum evra, en Bretland og Ítalía koma næst með um 30 milljónir evra.

- bj

Fimmtán þúsund ferðamenn og eitt þúsund Íslendingar skrifuðu á póstkort:

Heita því að smakka ekki hvalkjöt

MÓTMÆLI Fulltrúar atvinnuvegaráðuneytisins tóku á móti sextán þúsund póstkortum frá sjálfboðaliðum samtakanna SEEDS. Á þeim voru undirskriftir 15 þúsund ferðamanna sem hétu því að smakka ekki hvalkjöt á meðan á dvöl þeirra hér stæði. Þá höfðu eitt þúsund Íslendingar skrifað nöfn sín á póstkortin.

Sigursteinn Mátsson, fulltrúi samtakanna, segir að sjálfboðaliðarnir hafi fengið mjög góðar mótökur í sumar. Auk þess að heita því að bragða ekki á kjötinu hvetja þeir sem skrifa undir stjórnvöld til



PÓSTKORTIN AFHENT Sextán þúsund póstkort með kveðjum á fjölmörgum tungumálum voru afhent í atvinnuvegaráðuneytinu í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fréttablaðið/ANTON að stöðva veiðar á hval við landið. Sérstaka athygli vekur hve marg-

ir Íslendingar höfðu frumkvæði að því að skrifa undir póstkortin, þó þau væru í raun fyrst og fremst ætluð ferðamönnum.

Hann segir markmiðið tvíþætt; annars vegar að sýna stjórnvöldum fram á hve umdeildar hvalveiðar eru og að Íslendingum sé í hag að hætta þeim.

„Þá vildum við vekja ferðamenn á Íslandi, sem langflestir segjast andvígir hvalveiðum, til vitundar um að með því að smakka hvalkjöt á íslenskum veitingastöðum eru þeir að stuðla að áframhaldandi hvalveiðum.“

- kóp

Breytingar hjá Iceland Express:

Aftur flug til Bandaríkjanna

SAMGÖNGUR Iceland Express ætlar að hefja áætlunarflug til Bandaríkjanna á nýjan leik næsta sumar. Flugíð verður daglega til Boston frá byrjun júní.

Áfangastöðum í Evrópu verður fækkað um sex en um leið verður fjölgað ferðum á þá staði sem flugið verður á miðað við það sem áður var, að því er segir í tilkynningu frá flugfélaginu. Nýir áfangastaðir í Evrópu verða Ósló og Frankfurt í Þýskalandi. Sætaframboð verður aukið úr 370 í 480 þúsund eða um 30 prósent.

Tailensk yfirvöld áfrýja ekki:

Laus úr fangelsi á næstu dögum

DÓMSMÁL Líkur eru á að Brynjar Mettinisson, sem setið hefur í fangelsi í Taílandi, verði á heimleið á undan móður sinni,



BRYNJAR METTINISSON

sem einnig er í landinu.

Sendihera Íslands og utanríkisráðuneytið fengu staðfest hjá yfirvöldum í Taílandi í gær að máli Brynjars yrði ekki áfrýjað

og hann því látinn laus á allra næstu dögum.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins á móðir Brynjars flug á laugardaginn næsta, á miða sem ekki er hægt að breyta. Fari fram sem horfir verður Brynjar farinn frá Taílandi fyrir helgina. Hann er á leið heim til Íslands, með viðkomu hjá ættingjum í Svíþjóð.

- óká

Æstur Norðmaður dæmdur:

Lamdi tólf ára vin sonar síns

NOREGUR Fertugur maður í Norvegi var í gær sakfelldur fyrir að leggja hendur á tólf ára vin sonar síns og hótta honum öllu illu.

Maðurinn hafði frétt af því að viðkomandi drengur hefði ráðist á son hans. Hann fór að heimili drengsins sem var einn heima. Þar ærðist maðurinn, skemmdi bíl og braut rúðu í íbúðinni.

Þá tukaði maðurinn drenginn til, til að fá hann til að jata að hafa slegið son hans, og hóttaði svo að brenna húsið til grunna. Neyðarhróp drengsins drógu hins vegar að nærstadda sem gátu skakkað leikinn. Dómurinn yfir manningnum var 90 stundir í samfélagsvinnu og greiðsla skaðabóta.

- bj

Mótmælti breytingum á starfslokasamningi

Enn er deilt um starfslok Guðrúnar Pálsdóttur sem bærarstjóra í Kópavogi. Reynt að breyta starfslokasamningi hennar eftir á og skerða kjör. Lögmaður hennar mótmælti harðlega í bréfi til bærarstjóra en dró bréfið síðan til baka.

KÓPAVÖGUR Leiðtogar meirihlutans í bærarstjórn Kópavogs funduðu nýverið með Guðrúnu Pálsdóttur, fyrrverandi bærarstjóra, í því skyni að fá hana til að gera breytingar á starfslokasamningi hennar frá því í febrúar síðastliðnum.

Ármann Kr. Ólafsson og Rannveig Ásgeirsdóttur vildu lækka orlofsgreiðslur Guðrúnar, skylda hana til að greiða vangoldna vexti af umdeildu skuldabréfi vegna gatnagerðargjalda sem fannst í læstum skáp á bærarskrifstofunum og breyta samkomulagi um að



GUÐRÚN ARNARDÓTTIR



RANNVEIG ÁSGEIRSDÓTTIR

hún tæki aftur við sviðsstjórastöðu hjá bænum 1. september þar sem vinna við að breyta skipuriti bæjarins stæði enn yfir.

Þetta er fullt í bréfi sem lögmaður Guðrúnar, Gestur Jónsson, sendi Ármanni Kr. Ólafssyni bærarstjóra 21. ágúst síðastliðinn og Fréttablaðið hefur undir höndum. Í bréfinu er umleitunum Ármanns og Rannveigar mótmælt harðlega. Bréfið var hins vegar dregið til baka nokkrum dögum síðar.

Málið kom til umræðu á bæraráðsfundi á fimmtudaginn var. Þar lagði Guðrún Arnardóttir, fulltrúi Samfylkingarinnar, fram bókun þar sem hún segir það vekja furðu að bæjarráði hafi ekki verið sagt frá bréfi Gestis á sínum tíma.

„Það kemur verulega á óvart að nú einungis sex mánuðum eftir að núverandi meirihluti gerði forðæmalausan starfslokasamning við fyrrverandi bærarstjóra,

ÓSÁTT Ekki hafa fengist skýringar á því hvers vegna bréf Gestis Jónssonar, lögmanns Guðrúnar, var dregið til baka.

skuli þau núna ætla að draga í land með svo sérkennilegum hætti. Varla þarf að minna á þær athugasemdir sem fulltrúar Samfylkingarinnar gerðu við þann samning,“ segir í bókun Guðrúnar. „Nú er útlit fyrir að fulltrúar meirihlutans hyggist ekki efna það samkomulag og jafnvel ekki bjóða fyrrverandi bærarstjóra sviðsstjórastöðu eins og lofað var í febrúar síðastliðnum og viðbúið að slíkt feli í sér enn meiri kostnað bæjarsjóðs. Vinnubrögð af þessu tagi eru með miklum ólíkindum.“

Í gagnbókun frá meirihlutunum segir að túlkun Guðrúnar á efni fundarins sé alröng.

Ekki náðist í Ármann Kr. Ólafsson bærarstjóra í gær en Rannveig Ásgeirsdóttir, formaður bæjarráðs, segir að fundurinn með Guðrúnu hafi verið mjög eðlilegur í ljósi þess að hún hafi átt að koma aftur til starfa 1. september.

„Það er enn verið að vinna eftir starfslokasamningnum frá því í febrúar,“ segir Rannveig, spurð hvort enn stæði til að Guðrún tæki við sviðsstjórastöðu hjá bænum.

Spurð hvenær það verður segir Rannveig að það sé eitthvað sem verði að ræða við Guðrúnu. Hún viti ekki hvers vegna bréfið var dregið til baka.

Ómar Stefánsson, varaformaður bæjarráðs, baðst undan því að ræða málið við blaðið. „Ég hef helst ekki viljað tjá mig neitt um þetta mál,“ segir hann. Ekki náðist í Guðrúnu Pálsdóttur og Gestur Jónsson vildi ekki tjá sig að öðru leyti en staðfesta að hann hefði sent bréfið.

stigur@frettabladid.is

Norður-Amerísk tregadúfa milli heims og helju í Vestmannaeyjum:

Sjaldgæfur flækingur í klóm kattar

NÁTTÚRA „Þetta er sársjaldgæft kvikindi,“ segir Erpur Snær Hansen fuglafræðingur um tregadúfu sem með naumindum lifði af að lenda í klóm kattar í Vestmannaeyjum í gær.

Tregadúfur, litlir fuglar sem þekkjast á spísslaga stéli og blágrænum hring í kringum augun, eru mjög algengar í Bandaríkjunum. Slík dúfa hefur þó aðeins einu sinni borist til Íslands, árið 1996 til Vestmannaeyja, og ekki nema um fimm dæmi eru um að þær hafi sést í gjörvallri Evrópu, að sögn Erps.

„Hún er ansi rýr greyið, ekki nema 69 grömm þegar þær eiga að vera 120 grömm. Hún hefur verið orðin aðframkomin af hungri eftir flugið yfir Atlantshafið,“ segir hann. Hún hafi meira að segja verið farin að brenna flugvöðvunum.

Erpur segir að dúfan hljóti að hafa lent í miklum fellibyl við austurströnd Bandaríkjanna – jafnvel Ísak sem var í fréttum í vikunni. Hún hafi lítið átt í köttinn, sem hafi skemmt á henni fiðrið áður en henni var bjargað úr klóm hans.

„Hún er þokkalega ern miðað við það sem á undan er gengið en það er samt spurning hvort hún lifir. Það er verið að reyna að gefa henni að éta og ef það tekst þá verður henni sleppt,“ segir Erpur.

- sh



ÁBFRAMKOMIN Kjalbeinið á dúfunni stendur út í loftið, sem er til merkis um að hún sé ekki vel á sig komin.

MYND/ÓSKAR P. FRÍDRÍKSSON

AÐEINS Í DAG!

SPARAÐU 40%

GÓLFLAMPI

VERÐ ÁÐUR 18.900,- NÚ 10.000,-

Opið í dag, laugardag kl. 11-16.

kíktu inn á www.pfaff.is

Pfaff // Grensásvegi 13 // Sími 414 0400

PFAFF

25 ♥ ára afmæli

Verslanir opnar til eitt í nótt.
Frábær afmælistilboð og skemmtiatriði alla helgina!

Laugardagur

Veislustjóri er Björn Bragi Arnarsson

- 13-18 Andlitsmálun, blöðrur og gómsætar kræsingar fyrir alla
- 13-18 Kaffi í boði Kaffitár og konfekt í boði Nóa Síríus
- 12.00 Sögubíllinn Æringi í boði Borgarbókasafnsins í Kringlunni
- 12.00 Bergsveinn Arilíusson með 80's tóna á Stjörnutorgi
- 13.00 Trúðurinn AVÓ
- 13-16 Komdu í Sirkus myndatöku og þú gætir unnið gjafakort
- 14.00 Solla stirða ásamt dönsurum skemmtir og gefur Latabæjarskutlur frá Kjörís
- 14-16 Furðuvera á flandri um Kringluna
- 15.00 Bókmenntatónlist á Borgarbókasafninu í Kringlunni, Tómas R, Ómar G. og Kristjana Stefáns flytja lög úr íslenskum bókmenntum
- 16.00 Trúðurinn AVÓ
- 16.45 Tómas R. Einarsson og félagar leika ljúfa djazztóna
- 18-24 Komdu í Sirkus myndatöku og þú gætir unnið gjafakort
- 18.30 Bergsveinn Arilíusson með 80's tóna á Stjörnutorgi
- 19.30 Sirkus Íslands í háloftum Kringlunnar
- 19.30 Labbandi lúðradjazz
- 20.00 Lára Sveinsdóttir flytur lög úr Judy Garland Kabarett
- 20-22 Furðuvera á flandri um Kringluna
- 21.30 Ari Eldjárn og Björn Bragi úr Mið-Íslandi með uppistand á bíógangi
- 22.20 Hljómsveitin The Lovely Lion
- 23.00 Retro Stefson

Sambíóin í Kringlunni og Kringlan bjóða í Bíó á vel valdar myndir frá 1987 auk nýrra mynda.

Sunnudagur

- 13-18 Andlitsmálun, blöðrur og gómsætar kræsingar fyrir alla
- 13-18 Kaffi í boði Kaffitár og konfekt í boði Nóa Síríus
- 13-18 Komdu í Sirkus myndatöku og þú gætir unnið gjafakort
- 13.30 Brúðubíllinn verður við Portið
- 14.30 Skoppa og Skríttla ásamt Bakara Svakara og Lúsí skemmta og gefa íspinna frá Emmess ís
- 15.30 Trúðurinn AVÓ
- 16.30 Ingó Veðurguð

Aðeins
í dag og á morgun!
.....
**Kynntu þér frábær
afmælistilboð**
frá yfir 100 verslunum
í auglýsingu aftar
í blaðinu.

GJALDMÍDLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	122,76	123,34
Sterlingspund	195,60	196,56
Evra	155,66	156,54
Dönsk króna	20,887	21,009
Norsk króna	21,077	21,201
Sænsk króna	18,304	18,412
Japanskt jen	1,5535	1,5625

SDR 187,30 188,42

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
216,5843

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Allir flokkar nema Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkur standa að tillögu:

Rannsaka einkavæðingu banka

ALÞINGI Tillaga um rannsókn á einkavæðingu Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands verður lögð fram að nýju á Alþingi á þriðjudag. Hún kom fram á síðasta þingi en fékk ekki afgreiðslu.

Skúli Helgason er fyrsti flutningsmaður tillögunnar. Hann segir að tillagan hafi verið afgreidd út úr stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd í vor og verið fullunnin. Nefndin þurfi því ekki að leggja mikla vinnu í hana núna og hægt sé að afgreiða hana



SKÚLI HELGASON

á skömmum tíma. „Ég tel að samþykkt þessarar tillögu sé eitt af brýnustu uppgjörsmálum hrunsins og nauðsynlegur liður í því að læra af biturri reynslu síðustu ára.“

Meðflutningsmenn tillögunnar koma úr öllum flokkum, nema Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkum. Skúli segir að leitað

hafi verið til fulltrúa þeirra á síðasta þingi, en þeir ekki vilja að vera með. Þá er Guðmundur Steingrímsson, þingmaður utan flokka, á meðal flutningsmanna. Skúli telur að nefndinni dugi sex mánuðir til rannsóknarinnar.

„Það er til samræmis við rannsóknina á sparisjóðunum, sem er í gangi núna. Ég held að þetta sé raunhæf tímaáætlun. Það hefur ýmislegt verið skrifað um einkavæðinguna og það er hægt að nýta sér það. Þörfin á frumrannsókn er kannski ekki eins mikil.“

Obama ávarpaði demókrata:

Lofaði milljón nýjum störfum

BANDARÍKIN Barack Obama Bandaríkjaforseti lofaði bandarísku þjóðinni að skapa milljón ný störf í iðnaðarfyrirtækjum fram til ársins 2016 næði hann kjöri að nýju í kosningunum í nóvember.

Þetta kom fram í útnefningarræðu Obama á flokksþingi Demókrataflokkssins í Norður-Karólínu í fyrrinótt. Obama sagði að þessi störf í iðnaðarfyrirtækjum, yrðu sköpuð með aðstoð frá hinu opinbera. Jafnframt lofaði hann að skapa 600 þúsund ný störf í náttúrugasvinnslunni í landinu.



JARÐHRUN Fólk tók til fótanna þegar hrynjn tók úr hliðinni. NORDICPHOTOS/AFP

Jarðskjálftar í Kína:

Hús hrundu og vegir lokuðust

KÍNA, AP Nokkrir sterkir jarðskjálftar riðu yfir afskekkt fjallahérað í suðvestanverðu Kína í gær. Fyrsti skjálftinn mældist 5,6 stig og honum fylgdu tugir eftirskjálfta.

Fjöldi húsa hrundu til grunna og skriðuföll ollu einnig miklu tjóni. Tugir manna létu lífið. Víða lokuðust vegir.

Harðast úti varð Yiliang-sýsla, þar sem flest dauðsföllin urðu. Meira en 700 manns urðu þar fyrir meiðslum.

SKIPULAGSMÁL

Þríhnúkastígar samþykktir

Tillaga Þríhnúka ehf. um afmörkun gönguleiða við Þríhnúka hefur verið samþykkt í bæjarráði Kópavogs.

DÓMSTÓLAR

Hótaði kynferðisofbeldi

Átján ára piltur hefur verið ákærður fyrir að hafa ógnað manni með hnífi í miðbæ Reykjavíkur í lok júní síðastliðins og hótað að stinga hann, og síðar um kvöldið, þegar hann var kominn í fangaklefa, hótað lögreglukonu og allri fjölskyldu hennar kynferðislegu ofbeldi. Ákæran var þingfest í gær.

Launahækkun forstjóra í takt við úrskurð kjararáðs

Guðbjartur Hannesson segist hafa haft heimild til þess að hækka laun Björns Zoëga. Hún sé fyrir læknisverk sem hann vinni til viðbótar við starf sitt sem forstjóri. Hækkunin dugði til að halda honum í starfi.

STJÓRNSÝSLA Ákvörðun Guðbjartur Hannessonar velferðarráðherra um að hækka laun Björns Zoëga, forstjóra Landspítalans, er í samræmi við úrskurð kjararáðs. Birni voru boðin hærri laun gegn auknu vinnuframlagi við læknisstörf til að halda honum í starfi en hann hafði fyrr á þessu ári allt að því tekið erlendu starfstilboði.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að velferðarráðherra hefði í síðasta mánuði hækkað mánaðarlaun Björns um 450 þúsund krónur eða í 2,3 milljónir á mánuði. Vakti ákvörðunin hörd viðbrögð talsmanna opinberra launamanna. Sagði Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, til að mynda að hjúkrunarfræðingum væri misboðið vegna launahækkunarinnar sem kæmi í kjölfar mikils niðurskurðar á þjónustu við sjúklinga.

Spurður um þessa gagnrýni svarar Guðbjartur: „Ástæða þess að ég fer í þessa aðgerð er til að spara útgjöld. Við erum þarna að tala um stjórnanda á stærstu stofnun ríkisins og lækni með mjög góða menntun. Það er mat mitt að hagsmunir heilbrigðiskerfisins séu þeir að halda honum í starfi. Ég skil að miklu fleiri myndu vilja launahækkanir og breytingar á sínum kjörum en það er bara annað og sjálfstætt viðfangsefni.“

Guðbjartur bendir á að grunnlaun Björns séu ákvörðuð af kjararáði en svo hafi hann heimild til þess að vinna læknisverk sem greidd séu laun fyrir til viðbótar. „Björn tilkynnti okkur að hann væri á leiðinni burt frá okkur. Þá lögðumst við yfir það hvað við gætum gert til að halda honum í starfi. Niðurstaðan varð sú að við gætum boðið honum meiri vinnu við læknisstörf og þar með aukið heildartekjur hans. Og hann samþykkti að halda áfram á þessum forsendum,“ segir Guðbjartur.

Stjórn Félags íslenskra lækna sendi frá sér yfirlýsingu vegna málsins í gær. Þar segir að vel menntaðir heilbrigðisstarfsmenn eigi að fá laun í samræmi við menntun, reynslu og álag og að sporna eigi við brottflutningi þeirra í betur launuð störf erlendis. Hins vegar eigi það við um fleiri en einungis forstjóra Landspítalans.

Guðbjartur segir að ágætur kjarasamningur hafi verið gerður við lækna á síðasta ári auk þess sem reynt hafi verið að bregðast við flótta lækna frá landinu. „Við munum reyna að standa vaktina áfram og halda fólki hér en stærðargráðan á því er allt önnur en þessa einstaka máls sem er ekki forðameisgefandi,“ segir Guðbjartur.



FORSTJÓRINN Björn Zoëga segist ekki ákveða eigin laun. Hann vill sem minnst tjá sig um þá gagnrýni sem fram hefur komið á launahækkun hans. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ákvarða ekki eigin laun

Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans, vill sem minnst tjá sig um þá gagnrýni sem hefur komið fram á launahækkun hans. „Ég ákveð auðvitað ekki eigin laun, þau eru ákvörðuð af ráðherra og kjararáði. Ég get einungis lýst minni aðkomu að þessu máli. Ég var á leið úr landi í nýja vinnu og þurfti því að segja upp mínu starfi á Landspítalanum. Nokkrum klukkustundum eftir að ég gerði það var ég beðinn um að endurskoða hug minn og eftir að hafa hugsað málið og rætt við ráðherra komumst við að samkomulagi um áframhaldandi samstarf. Það er það eina sem ég hef um þetta að segja.“

Stjórn Læknafélags Íslands sendi frá sér yfirlýsingu vegna launahækkunar Björns í gær. Í yfirlýsingu segir að hún skjóti skökku við þegar litíð sé til ástandsins á Landspítalanum og áralangs niðurskurðar í heilbrigðiskerfinu. Hins vegar segir í yfirlýsingu að félagið telji að vel menntaðir heilbrigðisstarfsmenn eigi að fá laun í samræmi við menntun, reynslu og álag í starfi. Þá eigi að sporna við brottflutningi þeirra í betur launuð störf í öðrum löndum en það eigi við um fleiri en einungis forstjóra Landspítalans. Spurður út í þessa yfirlýsingu svarar Björn: „Auðvitað skal stefnt að því að laun íslenskra lækna og annarra heilbrigðisstétta séu sem samkeppnishæfust. Það er hins vegar ekki forstjórnars að semja um kaup og kjör við starfsmenn. Auðvitað vill maður halda starfsfólki spítalans og við munum reyna það áfram eins og við getum innan þess ramma sem við vinnum eftir.“

Apótekarinn+

lyf á lægra verði

1000 kr. afsláttur af

nicorette®

fruitmint 2 mg / 4 mg 210 stk.

Tilboðið gildir til 30. september

Apótekarinn
Bíldshöfða, Mjódd, Melhaga, Fjarðar kaup, Salavegi, Smiðjuvegi,
Þverholti Mosfellsbæ, Hafnarstræti Akureyri

VEÐURSPÁ

Snjólaug Ólafsdóttir
veður-
fréttamaður

HVESSIR á morgun og vissara að festa allt lauslegt. Úrkomusamt næstu daga einkum N-til. Vaxandi NA- átt á morgun og 13-20 m/s annað kvöld, hvassast NV-til. Norðan 15-23 m/s á mánudag. Hiti yfirleitt 4-12 stig, dálítið kaldara á mánudag.

Á MORGUN 8-16 m/s NV-til, annars hægari.

MÁNUDAGUR Norðan hvassviðri

HEIMURINN

Alicante	30°
Basel	30°
Berlín	20°
Billund	19°
Frankfurt	27°
Friedrichshafen	25°
Gautaborg	19°
Kaupmannahöfn	19°
Las Palmas	27°
London	27°
Mallorca	28°
New York	28°
Orlando	31°
Ósló	17°
París	29°
San Francisco	20°
Stokkhólmur	14°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AFMÆLISTILBOÐ!

RÚMFATALAGERINN ER 25 ÁRA

TILBOÐIN GILDA TIL 12.09.2012



25%
AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 179.950

134.950

MILTON SVEFNSÓFI

Góður 2ja sæta sófi sem auðvelt er að breyta í svefnsófa. Fæst í gráu. Stærð: B195 x H77 x D87 sm. Í svefnstöðu: 135 x 200 sm.



FRÁBÆR SVEFNSÓFI

SÆNG FULLT VERÐ: 12.950

9.950

Koddi
50 x 70 sm.
3.995

ANDADÚNSÆNG

SPARIÐ
3.000



KRONBORG
OF DENMARK

KRONBORG LUX ANDADÚNSÆNG

Gæðasæng fyllt með andadúni og smáfiðri. Bómullaráklæði og snúrukantur. Þyngd: 900 gr. Má þvo við 60°C. Stærð: 135 x 200 sm. 12.950 nú 9.950 135 x 220 sm. 14.950

AFMÆLISTILBOÐ

25 ÁRA

25%
AFSLÁTTUR

1 DOKKA FULLT VERÐ: 479

399

17%
AFSLÁTTUR



RAGG SOKKAGARN

Sjálfmunstrandi, mjúkt garn úr ullarblöndu. Sterkt og gott og hentar sérstaklega vel í sokkal

FULLT VERÐ: 1.295

695

46%
AFSLÁTTUR



FLORA
FLÍSTEPPI
Stærð: 130
x 180 sm.

8 PÖR

50%
AFSLÁTTUR

25%
AFSLÁTTUR

MOPPUSETT VERÐ NÚ FRÁ:

1.495

FULLT VERÐ: 1.295

645

ÍÞRÓTTASOKAR
Góðir íþróttasokkar á dömur og herra á frábæru verði!
8 pör í pakka.

BORÐ FULLT VERÐ: 79.950

59.950

BORÐ: 100 X 160 SM.

STÓLL FULLT VERÐ: 12.950

9.695

**25% AFSLÁTTUR AF
GOLIATH LÍNUNNI**

**RÚMFATA
LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

GOLIATH - BORÐSTOFAN
Borð: B100 x L160 sm. 79.950 nú 59.950 Borð: B100 x L200 sm. 89.950 nú 65.950 Stækkunarplata: B100 x L50 sm. 12.950 nú 9.695 TOM stóll: 12.950 nú 9.695 Skenkur: B186 x H82 x D44 sm. 79.950 nú 59.950 Glerskápur: B110 x H190 x D44 sm. 89.950 nú 65.950 Skenkur með glerhurð: B138 x H82 x D44 sm. 69.950 nú 52.450



Líst þér vel á að rukkað verði inn á Geysissvæðið í Haukadall til að fjármagna uppbyggingu á svæðinu?

Já	70%
Nei	30%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Er launahækkun forstjóra Landspítalans réttlætunleg?

Segðu skoðun þína á Visiris.



Rannsókn beinist að bifreið, sem seld var stuttu eftir hvarf stúlkunnar:

Varð fyrir bifreið en myrt síðar

NOREGUR Lík norskur stúlkunnar Sigríð Giskegjerde Schjetne var með mikla áverka á höfði þegar það fannst fyrr í vikunni.

Norskir fjölmiðlar fullyrða að lögreglan telji að ekið hafi verið á hana kvöldið sem hún hvarf, sem var seint að kvöldi laugardagsins 4. ágúst, en hún hafi ekki látist af þeim áverkum heldur verið flutt eitthvert annað og drepin síðar.

Tveir menn eru enn í haldi grunaðir um morðið, annar er 37 ára en hinn 64 ára. Talið er að sá yngri hafi ekið á stúlkuna, en ekki hefur verið upplýst

hvaða hlut sá eldri gæti hafa átt að morðinu.

Rannsókn lögreglunnar beinist meðal annars að bifreiðinni, sem talið er að hafi verið ekið á stúlkuna.

Yngri maðurinn seldi græna bifreið af gerðinni Citroen Xantia nokkrum dögum eftir hvarf stúlkunnar. Kaupandi bifreiðarinnar hefur verið í yfirheyrslum hjá lögreglunni. Ýmsar skemmdir eru á bifreiðinni sem gætu komið heim og saman við það að henni hafi verið ekið á stúlkuna.

- gb



SIGRÍÐ GISKEGJERDE SCHJETNE Tveir menn eru enn í haldi grunaðir um morð.

Málflutningi lokið í Noregi:

Breivik ætlar ekki að áfrýja

NOREGUR Fresturinn, sem Anders Behring Breivik hafði til að áfrýja fangelsisdómi, rann út í gær án þess að hann áfrýjaði.

Þar með er meðferð málsins fyrir dómi lokið, rúmu ári eftir að Breivik myrti 77 manns með hryðjuverkum sínum í Ósló og á Úteyju.

Geir Lippestad, verjandi Breiviks, sagðist stoltur af því hvernig norskt réttarfar tók á málinu, jafnvel þótt margir utan Noregs hafi lýst yfir undrun.

- gb

Uppskerumarkaðinn
laugardag frá 11:00 til 16:00

Nýtt og ferskt beint frá boendum!



REITURINN Tillagan gerir ráð fyrir uppbyggingu íbúða á 3 til 5 hæðum á suðurhluta reits, en norðurhlutinn er að mestu óbreyttur. Á suðurhluta er gert ráð fyrir fjölbreyttum gerðum íbúða og bílagæmslum á tveimur hæðum í kjallara.

MYND/ASK ARKITEKTAR

Haustraukarnir
komnir!

Reisa 230 íbúðir við Þverholt og Einholt

Nýtt deiliskipulag gerir ráð fyrir 230 íbúðum við Þverholt og Einholt. Byggingarfélag námsmanna átti reitinn en það fór á hausinn. Framkvæmdir gætu hafist næsta vor en gert er ráð fyrir uppbyggingu í þremur áföngum.

SKIPULAGSMÁL Búseti hyggur á byggingu 230 íbúða á reit sem markast af Einholti, Stórholti, Þverholti og Háteigsvegi. Deiliskipulag á svæðinu var fellt úr gildi og nýtt skipulag, sem gerir ráð fyrir byggingunum, var kynnt hagsmunaaðilum á fimmtudag. Verði skipulagið að veruleika gætu framkvæmdir hafist næsta vor.

Byggingarfélag námsmanna átti reitinn, en til stóð að reisa allt að 500 íbúðir á svæðinu. Við gjaldþrot félagsins eignaðist fasteignafélagið Reginn reitinn. Hann var boðinn út í fyrrahaust og síðan gengið að tilboði Búseta í mars.

Guðrún Ingvarsdóttir, verk-

efnisstjóri þróunarverkefna hjá Búseta, segir félagið hafa fundað með fulltrúum íbúasamtaka áður en gengið var til samninga um kaup á reitnum. Hugmyndir Búseta hafi fallið í góðan jarðveg og því hafi orðið af verkefninu.

„Ef allt gengur vel vonumst við til þess að skipulagið verði frágengið í lok árs. Þá getum við hafið framkvæmdir í vor og hægt verður að flytja inn í fyrstu íbúðir árið 2014.“ Guðrún segir framkvæmdir líklega verða í þremur áföngum og ekki líði nema ár á milli áfanganna.

Steinunn Þórhallsdóttir, formaður Íbúasamtaka 3. hverfis (Hlíðar, Holt og Norðurmýri) segir ferlið í kringum hugmynd-

ir Byggingarfélags námsmanna hafa einkenst af miklum yfirgangi.

„Þarna er núna djúp og sorgleg hola í jörðina, sem sprengd var við mikil mótmæli íbúa í kring í góðærinu.“ Hún er ánægð með framgang málsins hjá Búseta, uppbyggingin lúti allt öðrum lög-málum, húsín séu færri og lægri.

„Þau hafa verið í samráði við íbúasamtökin og eru að reyna að virkja sem flesta í að hafa skoðun á þessu áður en þau skila inn skipulagstillögu.“

Skipulagið var kynnt hagsmunaaðilum á fundi á fimmtudag og gefst öllum kostur á að koma athugasemdum sínum á framfæri.

kolbeinn@frettabladid.is

Komdu í yoga
Hentar ungum sem öldnum

Innanríkisráðherra segir flugvöll í Reykjavík vera almannavarnamál:

Óbilgjarnar yfirlýsingar hjá borginni

SKIPULAGSMÁL „Mér finnst þetta vera mjög brattar og óbilgjarnar yfirlýsingar. Ég hélt að við værum að vinna þessi mál í samkomulagi,“ segir Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra vegna orða Hjálmar Sveinssonar, varaformanns skipulagsráðs Reykjavíkurborgar, í Fréttablaðinu í gær.

Hjálmar sagði þar að ein braut við Reykjavíkflugvöll yrði lögð af árið 2015 og flugvöllurinn allur færri í áföngum. Það mundi léttja á umferðarþunga vegna nýs Landspítala.

Ögmundur segir lokun norður/suðurbrautar vera alvarleg tíð-



ÖGMUNDUR JÓNASSON **HJÁLMAR SVEINSSON**

indi. „Það væri nokkuð sem við gætum ekki fellt okkur við, einfaldlega vegna þess að þar með væri dregið stórlega úr getu flugvallarins og öryggis hans og nýtingu. Hvernig sem á málið væri

litið væri það mjög alvarlegt mál sem kemur borginni ekki einni við. Þessar breytingar verða ekki gerðar án samráðs við ríkið, sem á drjúgan hluta af þessu landi.“

Ögmundur bendir á eldvirkni á Íslandi og segir að almannavarnarþáttur flugvallarins hafi gleymst. Gríðarlegt öryggisatriði sé að hafa flugvöll í borginni, komi til náttúruhamfara.

Þá segir hann byggð í Vatnsmýri ekki draga úr umferð í miðborginni heldur auka við hana. „Varla yrðu allir sem tækju sér þar bólfestu á hjólum eða gangandi. Það er bara ekki veruleikinn.“

- kóp

Tvö erfiðleikastig
Góð slökun- Rétt öndun –Aukin liðleiki –Meiri styrkur
Þyngri hópur kl. 18.20 þriðjudaga og fimmtudaga
Léttari hópur kl. 18.20 miðvikudag og laugardag kl. 11.00
Kennt í Sjúkrarþjálfaranum Hafnarfirði
Sími 6910381 • Kristín Björg

FRÍHAFNARDAGAR

Dagana 6. - 10. september
afnemum við virðisaukaskatt
af öllum snyrtivörum.

TAX FREE

SNYRTIVÖRU DAGAR

*Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Ráðstefna um sjúkdóminn ENDÓMETRÍÓSU

(legslímufلاك)

laugardaginn 15. september 2012,

Kaldalóni, Hörpunni, Austurbakka 2, 101 Reykjavík

Ráðstefnugjald: Kr. 3.700. Skráning: endo@endo.is

Upplýsingar: www.endo.is | Salur opnar kl. 8.30. Ráðstefnan er öllum opin. Allir fyrirlestrar verða á ensku. Hádegisverður innifalinn.

DAGSKRÁ

09.00 Setning ráðstefnu: Silja Ástþórsdóttir, formaður Samtaka um endómetríósu

09.15 Endómetríósa, að greina og meðhöndla sjúkdóminn: Mette Haase Moen, kvensjúkdómalæknir/dósent, Háskólasjúkrahúsinnu Þrándheimi, Noregi

10.00 Endómetríósa, hvenær þarf inngríp og aðgerðir? Auður Smith kvensjúkdómalæknir, Landspítala, Reykjavík

10.30 Hlé

10.50 Endómetríósa á Íslandi, algengi, nýgengi og orsakir: Reynir Tómas Geirsson, kvensjúkdómalæknir/prófessor og Kristrún Aradóttir læknanemi, Landspítala, Reykjavík

11.35 Líf með óþekktum sjúkdómi: Hlín Agnarsdóttir leikstjóri, Reykjavík

12.00 Fyrirspurnir úr sal

12.20 Matarhlé

13.00 Endómetríósa og næring, hvernig rétt fæði getur unnið gegn verkjum og hvernig styðja má við frjósemi og estrógenstjórn líkamans með breyttu og heilbrigðu mataræði: Dian Shepperson Mills, næringarfræðingur og meðhöfundur bókarinnar *Endometriosis - A Key to Healing and Fertility through Nutrition*, London, Bretlandi

13.45 Sjálfsöfnæmi og endómetríósa: Jóna Freysdóttir, prófessor í ónæmisfræðum, Landspítala, Reykjavík

14.10 Fyrirspurnir úr sal

14.30 Hlé

14.50 Endómetríósa og náttúrulækningar, mín leið að bættri heilsu: Ása María Björnsdóttir næringarþerapisti, Wholefoods-heilsuþúð, London, Bretlandi

15.25 Endómetríósa og ófrjósemi, helstu ástæður og mögulegar meðferðir, bæði hefðbundnar og óhefðbundnar: Berglind Ósk Birgisdóttir hjúkrunarfræðingur, Landspítala, Reykjavík

16.10 Tilfinningalegar hliðar ófrjósemi, endómetríósu og verkja: Gyða Eyjólfssdóttir sálfræðingur, Reykjavík

16.30 Fyrirspurnir úr sal

17.00 Ráðstefnuslit

Fundarstjóri: Eygló Harðardóttir alþingismaður



**SAMTÖK UM
ENDÓMETRÍÓSU**

www.endo.is • endo@endo.is
www.facebook.com/endometriosa

Í samstarfi við Samband samtaka um endómetríósu á Norðurlöndum og Kvinnadeild Landspítala, Reykjavík

Ungliðahreyfing Verkamannaflokksins ætlar að snúa aftur með sumarþúðir:

Milljarður í uppbyggingu í Útey

NOREGUR Ungliðahreyfing norska Verkamannaflokksins ætlar að eyða sextíu milljónum norskra króna í uppbyggingu í Útey. Það eru um 1,2 milljarðar íslenskra króna.

Eskil Pedersen, formaður ungliðahreyfingarinnar, tilkynnti þetta í gær. Hann sagði að sumarþúðir þeirra myndu halda áfram í eyjunni, það væri besta leiðin til þess að heiðra minningu þeirra 69 ungmenna sem voru myrt þar í fyrra.

Um fjórutíu milljónir norskra króna hafa safnast í sjóð ungliðahreyfingarinnar síðan í fyrra.

Samkvæmt uppbyggingartillög-



ÚTEY 1.200 milljónir fara í uppbyggingu í Útey en framkvæmdir hefjast í haust.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

um á að byggja nýja aðalbyggingu í eyjunni. Þar verður fyrirlestrar-salur, fundarherbergi, matsalur og eldhús meðal annars. Þá verður gerð ný strönd og ýmislegt verður lagfært, eins og knattspyrnu- og blakvellir. Þá verða gerðar breytingar á tjaldsvæðinu og lýsingu þar verður breytt. Nýjar byggingar verða byggðar með svefnaðstöðu. Að auki er gert ráð fyrir að í eyjunni rísi útisvið fyrir tónleika og aðra viðburði. Bygging sem hýsti matsal eyjunnar verður rifin.

Gert er ráð fyrir því að framkvæmdir hefjist í haust. - þeb

Gjaldskylda árið 2014

Stefnt er að því að gjaldskyldu verði komið á í öllum bílastæðum við Háskóla Íslands árið 2014. Hrunið breytti engu um fjölda þeirra sem koma á einkabílum.

FRÉTTASKÝRING


Hvernig verður bílastæðamálum við Háskóla Íslands háttað?

Reiknað er með því að samgöngu-áætlun Háskóla Íslands (HÍ) verði samþykkt á næstu dögum, en samkvæmt henni á að minnka mengun sem tengist háskólanum. Gerður verður samgöngusamningur við Strætó og dregið úr umferð einkabíla við byggingar skólans. Stefnt er á að gjaldskylda verði tekin við allar byggingar árið 2014.

Ingjaldur Hannibalsson, formaður skipulagsráðs HÍ, segir að með stefnunni eigi að taka tillit til umhverfisins og að bæta heilsu starfsmanna. Þá vilji skólinn komast hjá fjárfestingum í dýrum bílastæðahúsum eða -kjöllurum. Eitt verði látið yfir alla ganga og þegar fyrsta húsið með bílastæðakjallara verði tekið í notkun sé stefnt að því að taka upp gjaldskyldu í öllum stæðum.

Unnið er að byggingu Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, en undir henni er 38 stæða bílakjallari. Ingjaldur segir kostnað við hann nema rúmlega 100 milljónum króna. Stofnunin mun taka til starfa árið 2014.

„Það er ekkert fast í hendi en stefnan er þessi, að við ætlum ekki að fjölga stæðum á lóðinni. Það kemur að því að gjaldskylda verður tekin upp sem mun tengjast útgjöldum skólans vegna bílastæðamála. Okkur finnst óeðlilegt að nýta það fé sem við fáum til kennslu og rannsóknna í að byggja upp rándýr bíla-



Hrunið fækkaði ekki einkabílum

Um 60% nemenda og starfsmanna við Háskóla Íslands koma á einkabíl í skólann. Um 14 þúsund nemendur eru við hann, fastir starfsmenn eru um 1.300 og stundakennarar um 2.000 og því um 17 þúsund manns sem eiga erindi í hann reglulega. „Það er athyglisvert að við gerðum könnun fyrir hrun og einnig eftir hrun og hlutfall þeirra sem komu á einkabíl lækkaði um 3%. Það var nú ekki meira,“ segir Ingjaldur, en kannanirnar voru gerðar árin 2007 og 2010.

Til stendur að gera samgöngusamning við starfsmenn um að þeir auki vistvænar samgöngur. Þá er stefnt að samgöngusamningi við Strætó sem gefur starfsmönnum um 20% afslátt á árskort.

stæði fyrir starfsmenn og nemendur,“ segir Ingjaldur.

Til þess að stefnan gangi eftir þarf aðkomu margra aðila. Skólinn er starfræktur í tæplega 40 byggingum og við þær eru 2.200 bílastæði. Sum húsin eru í íbúðahverfum og við þau þurfi Reykjavíkurborg að gefa út bílastæðakort fyrir íbúana.

Þá þurfi samvinnu við Landspítalann, því ekki gangi að rukka

aðeins í stæði háskólans á lóð spítalans. „Síðan teljum við mikilvægt að samtímis batni þjónusta Strætós við svæði skólans. Það hefur ekki verið staðfest, en líklegt er að aðalskiptistöðin færast frá Hlemmi að BSÍ. Það ætti að gera það mögulegt að bæta samgöngur við svæðið við Suðurgötuna og spítalalóðina verulega. Það er því margt sem hangir saman til að þetta sé raunhæf áætlun.“

kolbeinn@frettabladid.is

www.volkswagen.is



Fullkomið leiðsögukerfi fyrir Ísland

Tiguan Sport & Style kostar aðeins frá

5.790.000 kr.

Volkswagen Tiguan

Frelsi til að ferðast

Volkswagen Tiguan sportjeppi eyðir aðeins 5,8 l á hverja 100 km.



Das Auto.

Komdu og reynsluaktu Volkswagen Tiguan

Reynslan er góð! Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt



Töfrandi Toyota

Opnunarhátíð í dag



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

RENSKA SÁLU TOY 660210912



7 sæta Prius+ Hybrid



Prius Hybrid



Auris Hybrid



Yaris Hybrid

Í dag, laugardag, klukkan 12:00 til 16:00 heldur Toyota sína stærstu sýningu til þessa í nýjum og glæsilegum höfuðstöðvum í Kaupúni 6, Garðabæ, þar sem öll þjónusta Toyota er undir sama þaki.

Nýr Prius Plug-in verður frumsýndur auk þess sem Prius+, Auris Hybrid, Yaris Hybrid, Land Cruiser 150 og GT86 verða í aðalhlutverki. Töframaðurinn Einar Mikael heldur svo glæsilega sýningu kl. 15:00, þar með talið magnað atriði sem aldrei hefur sést á Íslandi.

Taktu fjölskylduna með og njóttu dagsins með Toyota. Við tökum vel á móti þér.

Nánari upplýsingar á www.toyota.is
Erum á Facebook - Toyota á Íslandi



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

NÝJAR SLÓÐIR KLASSÍK Í VATNSMÝRINNI



Tónleikar á Vestnorrænni hátíð
í Norræna húsinu 8. september kl. 20
FÆREYSK FIDLUTVENNA



Færeysku bræðurnir Rúni og Óssur Bæk leika saman á tvær fiðlur verk eftir Bartók, Prokofiev, Telemann, Trónd Bogason og Kára Bæk.

Í samvinnu við Einleikarafélag Føroyja og Norðurlandahúsið í Torshavn. Styrkt af Reykjavík - Torshavn - Nuuk.

Miðaverð: 2.000 kr. Aldraðir og öryrkjar: 1.000 kr. 20 ára og yngri: Aðgangur ókeypis.

Móttaka að tónleikum loknum - veitingar í boði.



Norræna húsið Sturlugata 5 101 Reykjavík S. 5517030 www.norraenahusid.is facebook.com/norraenahusid

Borgarráð beitir ekki börnum í innheimtu

Borgarráð hyggst finna leiðir til að koma í veg fyrir að börn verði af þjónustu vegna vanskila foreldra. Gengið er gegn ráðleggingum æðstu embættismanna sem lögðu til breytingar á fjárhagsaðstoð fremur en undanþágur í innheimtu.

REYKJAVÍKURBORG „Telja verður eðlilegra að félagsleg úrræði verði bætt, svo sem með aukinni og sveigjanlegri aðstoð til handa efnalitlum foreldrum,“ segja borgarlögmaður og fjármálastjóri Reykjavíkurborgar sem mæla gegn breytingum á innheimtulegum svo börn verði ekki af þjónustu vegna vanskila.

Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi úr Vinstri grænum lagði til að innheimtuaðgerðir borgarinnar yrðu endurskoðaðar að þessu leyti.

„Það á ekki að koma niður á börnum hvernig foreldrar þeirra forgangsraða eða eru staddir yfirhöfuð,“ segir Sóley sem fagnar því að borgarráð ákvað þrátt fyrir ráðleggingar fyrrnefndra embættismanna að fá tillögur frá velferðarsviði og skóla- og frístundasviði um breytta verkferla í þessum efnum.

Tillögu Sóleyjar var vísað til umsagnar hjá embættismönnum. „Sú meginregla gildir við veitingu allrar þjónustu Reykjavíkurborgar að borgari missi þjónustu sé ekki greitt,“ undirstrikuðu þau Kristbjörg Stephensen borgarlögmaður og Birgir Björn Sigurjónsson fjármálastjóri.

„Það er rétt að það er ekki venjan að við séum að hygla einhverjum hópum umfram aðra. En þetta



SÓLEY TÓMASDÓTTIR Borgarfulltrúi Vinstri grænna segir vanda við innheimtu gjalda vegna grunnþjónustu við börn vera „enn ein rökinn“ fyrir því að gerð sé áætlun um að gera þjónustuna gjaldfrjálsa.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

er ekki bara einhver hópur heldur börn og það er hefð fyrir því að við verndum börn,“ segir Sóley sem kveður borgarráð einhuga í að finna lausn á vandanum. Hún ítrekar að ekki sé verið að ræða um að hætta innheimtu eða fella niður skuldir.

„Á meðan við erum með gjaldskrár fyrir þessa þjónustu þá innheimtum við að sjálfsgöðu það sem við höfum ákveðið og göngum á eftir á þessum skuldum – við beitum bara ekki börnum í þeim innheimtuaðgerðum,“ segir borgarfulltrúinn.

gar@frettabladid.is

Vissir þú að...

Foreldrum og veirvöldum ber að tryggja öryggi barna



Barnaheill
Save the Children á Íslandi



Seðlabanki Íslands gjalddeyrisútboð

Seðlabanki Íslands mun halda þrjú gjalddeyrisútboð 3. október 2012. Útboðin þrjú eru liður í losun hafta á fjármagnsviðskiptum, samanber áætlun Seðlabankans um losun gjalddeyrihafta frá 25. mars 2011 (<http://sedlabanki.is/afnam>) og skilmála Seðlabanka Íslands um gjalddeyrisviðskipti samkvæmt fjárfestingarleið að losun gjalddeyrihafta frá 18. nóvember 2011 með síðari breytingum. (<http://sedlabanki.is/fjarfesting>)

Útboð í fjárfestingarleið

Seðlabanki Íslands býðst til að kaupa evrur í skiptum fyrir íslenskar krónur til fjárfestingar til langs tíma í íslensku atvinnulífi. Fjármálafyrirtæki sem gert hafa samstarfssamning við Seðlabanka Íslands um milligöngu munu annast framlagningu umsókna um fyrirhugaða þátttöku fjárfesta í útboðinu samkvæmt fjárfestingarleiðinni. Það útboð er opið fjárfestum sem hafa fengið samþykka umsókn um þátttöku í fjárfestingarleið. Frestur til að skila inn umsóknum rennur út í dagslok 14. september n.k.

Útboð í ríkisverðbréfaeið

Seðlabanki Íslands býðst til að kaupa evrur gegn greiðslu í ríkisverðbréfum í flokknum RIKS 33 0321. Tilteknir aðalmiðlarar á skuldabréfamarkaði hafa milligöngu um viðskipti í útboðinu gegn greiðslu í ríkisverðbréfum.

Útboð um kaup á krónum gegn greiðslu í erlendum gjalddeyri

Seðlabanki Íslands kallar eftir tilboðum frá aðilum sem vilja selja íslenskar krónur gegn greiðslu í reiðufé í erlendum gjalddeyri. Viðskiptavökum á millibankamarkaði með gjalddeyri er boðið að hafa milligöngu um viðskiptin um kaup á íslenskum krónum í skiptum fyrir erlendan gjalddeyri.

Seðlabankinn áskilur sér rétt til að takmarka heildar viðskiptamagn með hliðsjón af áhrifum útboðanna á lausafjárstöðu fjármálafyrirtækja. Endanleg útboðsfjárhæð ræðst af þátttöku. Útboðsfyrirkomulag er með þeim hætti að öll samþykkt tilboð bjóðast fjárfestum á sama verði (e. single price). Uppgjör viðskipta í útboðunum þremur verður tveim dögum eftir að útboði lýkur. Tilboðum skal skilað eigi síðar en 3. október 2012. Nánari lýsingu á framkvæmd útboðanna þriggja er að finna í útboðsskilmálum.

Útboðsskilmála og yfirlit um milligönguáðila, aðalmiðlara og viðskiptavaka má finna á heimasíðu Seðlabankans <http://sedlabanki.is/utboð>.

Samkvæmt útboðsáætlun Seðlabankans er stefnt að næstu útboðum 7. nóvember og 19. desember 2012.

Nánari upplýsingar veita milligönguáðilar, aðalmiðlarar og viðskiptavakar.

Tryggingasjóður leggur til fé: Sparisjóður ekki til Landsbanka

VIÐSKIPTI Landsbankinn hefur fallið frá kaupum á rekstri og eignum Sparisjóðs Svarfdæla. Samkomulag náðist á milli aðilanna tveggja um þá lendingu eftir að Tryggingasjóður sparisjóðanna féllst á að leggja sparisjóðnum til nýtt stofnfé og veita honum víkjandi lán. Stofnfjárlaunverkið nemur 10 milljónum króna og víkjandi lánið er upp á 70 milljónir króna.

Eftir þessa aðgerð uppfyllir Sparisjóður Svarfdæla skilyrði Fjármálaeftirlitsins um 16 prósent eiginfjárlutfall.

- þsj



FRÁ BRUSSEL ESB-borgarar eru nokkuð sáttir við aðild síns lands að ESB, en innan við helmingur hefur jákvæða sýn á sambandið sem slíkt.

Könnun Eurobarometer: 50% ánægð með aðildina

BRUSSEL Réttur helmingur aðspurðra íbúa í ESB segir aðild lands síns vera af hinu góða, að því er kemur fram í könnun Eurobarometer sem var gerð í júní. Hins vegar segjast aðeins 40 prósent líta ESB í jákvæðu ljósi, sem er þó aukning frá í nóvember þegar 31 prósent aðspurðra voru á þeirri skoðun.

Rúmur helmingur aðspurðra sagðist viss um að þeirra skoðanir skiptu litlu máli á sviði ESB og vart kemur á óvart að atvinnusköpun og barátta gegn atvinnuleysi er álitnið, af yfirgnæfandi meirihluta svarenda, helsta baráttumálið gegn yfirstandandi efnahagsþrengingum ESB.

- þj

Ekki missa af þessu!

Einstakt tækifæri til að eignast nýlegan bíl á frábæru verði!

Seljum nýlega lítið ekna bíla á frábæru verði.

Erum í
sammingsstuði
alla helgina!

Eftirtaldir bílar verða seldir:

Suzuki Swift
Toyota Corolla Verso
Suzuki Grand Vitara
Skoda Octavia
VW-Golf
VW-Polo
Nissan Qashqai
Nissan X-Trail
ofl. ofl.

Einnig úrval uppítökubíla af ýmsum gerðum

Allir bílarnir eru ástandsskoðaðir



Kynntu þér bílafjármögnun
Landsbankans.

landsbankinn.is 410 4800

Verðdæmi:

Nissan Qashqai+2
árgerð 2012
Nývirði kr. 5.990.000



Okkar verð kr. 5.190.000

Nissan Qashqai
árgerð 2011



Viðmiðunarverð kr. 4.590.000
Okkar verð kr. 3.950.000

Landrover Defender
árgerð 2012
Nývirði kr. 10.200.000



Okkar verð kr. 8.490.000

Hundai IX-35
árgerð 2011



Viðmiðunarverð kr. 4.690.000
Okkar verð kr. 3.990.000

Toyota Corolla Verso
árgerð 2008



Viðmiðunarverð kr. 2.190.000
Okkar verð kr. 1.690.000

Nissan XTrail
árgerð 2011



Viðmiðunarverð kr. 5.490.000
Okkar verð kr. 4.900.000

ÁTAK

CAR RENTAL

Síðan 1979

Bílarnir verða til sýnis og sölu í höfuðstöðvum okkar að Smiðjuvegi 1, Kópavogi, sem hér segir:

laugardaginn 8. september, kl. 10.00–17.00
sunnudaginn 9. september, kl. 12.00–17.00

Átak bílaleiga - Smiðjuvegi 1 - Kópavogi - Sími 554 6040 - www.atak.is

Niðurstöður launakönnunar VR, SFR og Starfsmannafélags Reykjavíkurbogar birtar:

Opinberir starfsmenn með 20% lægri laun

KJARAMÁL Laun opinberra starfsmanna eru um fimmtungi lægri en laun á almennum markaði. Þetta eru niðurstöður launakönnunar VR, SFR og Starfsmannafélags Reykjavíkurbogar (STRV) sem voru kynntar á blaðamannafundi á Nauthóli í Nauthólsvík í gær.

Þetta er í fyrsta skipti sem félögin hafa með sér samstarf um birtingu niðurstaðna launakönnunar en þau hafa öll staðið fyrir slíkum könnunum um árabil.

Könnunin leiddi í ljós að heildarlaun félagsmanna VR, SFR og



NAUTHÓLI Í GÆR Þeir Ární Stefán Jónsson, formaður SFR, Stefán Einar Stefánsson, formaður VR, og Garðar Hilmarsson, formaður STRV, kynntu niðurstöður launakönnunarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


STRV hækkuðu um á bilinu sjö til tíu prósent frá janúar 2011 til janúar 2012. Þar af var launaskrið umfram kjarasamninga tvö til þrjú prósent. Mest var hækking launa hjá félagsmönnum í STRV eða tíu prósent. Hjá VR nam hækkingin 7,4% og hjá SFR sjö prósentum.

Laun félagsmanna hjá STRV eru þó enn lægst launa þessara hópa, 22% lægri en meðallaun félaga VR að teknu tilliti til þátta á borð við menntun starfsmanna. Þá eru laun félaga í SFR 17,6% lægri en meðallaun félaga VR.

Félagsmenn VR vinna á almennum vinnumarkaði, félagsmenn SFR hjá ríki, sjálfseignarstofnunum og opinberum fyrirtækjum og félagsmenn STRV vinna fyrir Reykjavíkurborg, Akraneskaupstað og nokkur opinber fyrirtæki og stofnanir.

Loks hafa litlar breytingar orðið á kynbundnum launamun meðal félaga í félögunum þremur. Launamunur, sem eingöngu er hægt að rekja til kynferðis, mælist nú 9,4% af heildarlaunum hjá VR, 12,1% hjá SFR og 11,8% hjá STRV.

- mþl



1. Hvað heitir nýjasta mynd leikstjórans Reynis Lyngdal?

2. Hversu mikið hækkuðu laun forstjóra Landspítalans um síðustu mánaðamót?

3. Hvað heitir landsliðsþjálfari Noregs?

SVÖR:

1. Frost 2. Um 450 þúsund 3. Egil Olsen

Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Samtök iðnaðarins auglýsa námskeiðið:

Yfirborðsmeðhöndlun á áli

12. september | kl. 13:00 - 16:30 | Keldnaholt 112 Reykjavík

Fjallað verður um rafbrynjun á áli, formeðferðir og eftirmeðferðir. Farið er yfir helstu eiginleika yfirborðs á áli, svo sem slitþol, hörku, tæringarþol, liti og endurskin.

Skráning og nánari upplýsingar á www.nmi.is.



Á VETTvangi Mordanna blaðamenn og ljósmyndarar önnur kafnir að skoða staðinn og taka myndir. NORDICPHOTOS/AFP

Talið að atvinnumaður hafi verið ráðinn til verksins:

Lögreglan leitar að ástæðu morðanna

FRAKKLAND, AP Franska lögreglan vonast til þess að tvær ungar stúlkur geti veitt lögreglu einhverjar upplýsingar sem gagnast mættu til að hafa hendur í hári árárarmannanna, sem myrtu foreldra þeirra þar sem þau voru á ferðalagi í Frakklandi.

Enn er ekkert vitað um ástæðu árárarmanna eða hvort einn eða fleiri stóðu að verki.

Breskir fjölmiðlar töldu í gær grun hafa beinst að Zaid al Hilli, bróður hins myrta Saads al Hilli, en þeir bræður voru sagðir hafa átt í hörðum deilum um peningamál. Zaid sagði á síðasta ári upp störfum í fyrirtæki bróður síns í Bretlandi, þar sem fjölmiðla bjó. Hann hafði hins vegar samband við lögregluna í Bretlandi og sagði ekkert hæft í því að hann ætti í deilum við bróður sinn. Breska lögreglan hefur ekki séð ástæðu til að handtaka hann.

Árársmennirnir myrtu Zaid, eiginkonu hans og sænska konu,

sem einnig var í bifreiðinni, ásamt breskum hjólreiðamanni, sem bjó í næsta nágrenni og virðist hafa komið að árárarmannum fyrir tilviljun.

Öll voru þau skotin í höfuðið, að minnsta kosti þremur skotum var skotið í hvert þeirra en alls var 25 skotum hleypt af í árársinni.

Stúlkurnar tvær, sem eru fjögurra og sjö ára, lifðu af árársina, sú yngri með því að fela sig undir fótum móður sinnar í bifreiðinni, en sú eldri liggur alvarlega slösuð á sjúkrahúsi með skotsár á öxl og meisli á höfði.

Málið tengist mörgum löndum og hefur lögreglan í að minnsta kosti þremur þeirra tekið þátt í rannsókninni. Fjölmiðla bjó í Bretlandi en var ættuð frá Írak og Svíþjóð. Breski hjólreiðamaðurinn bjó í Frakklandi, í næsta námunda við morðin, en ekki er talið að hann hafi haft nein tengsl við Zaid og fjölskyldu hans.

- gb

Ísland allt árið Próunarsjóður

Landsbankinn og atvinnuvegaráðuneytið auglýsa eftir umsóknum um styrki í Ísland allt árið - próunarsjóð.

Markmið próunarsjóðsins er að styrkja þróun afurða og upplifana utan háannatíma ferðaþjónustu og auka arðsemi fyrirtækja. Samtals verða veittir styrkir úr sjóðnum sem nema um 30 milljónum króna.

Studd verða samstarfsverkefni fyrirtækja sem lengt geta ferðamannatímamann á tilteknum svæðum en einnig koma til greina afbragðsverkefni stakra fyrirtækja.

Í umsókn þurfa að koma fram skýrar hugmyndir um þá þjónustu og upplifun sem skila eiga í senn aukinni atvinnu og varanlegum verðmætum. Verkefni verða að koma til framkvæmda innan þriggja ára frá því að styrkur er veittur.

Umsóknarfrestur er til 23. október 2012 og er gert ráð fyrir að styrkir verði veittir í desember.

Allar nánari upplýsingar er að finna á landsbankinn.is.

COME AND BE
INSPIRED BY ICELAND



ATVINNUEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ



[við
erum
hér]

1.-10. bekkur grunnskóla




[upplýsinga-
sími skólans
er 568.3725]

Kristinn skóli
Skapandi skóli
Getum sinnt þörfum hvers nemenda
Hollur og góður heimilismatur
Góð staðsetning við fjöruna í Fossvoginum
Tökum á móti nýjum nemendum...
Vertu velkomin/nn!

Suðurhlíðarskóli

Alltaf lágt verð

250 vegg- og gólfflísategundir.



Bara í **BAUHAUS**

PALAZZO

PALAZZO eru gæðaflísar frá **BAUHAUS**. Í hinni nýju AMBIENTE-línu frá PALAZZO mætast nútímaleg hönnun og alveg einstök gæði. Allar gólfflísar eru úr gegnlituðu postulíni, frostþolnar og auðveldar í þrifum.

6.995,-

AMBIENTE NÁTTÚRUSTEINN
10 x 40 cm. Svartur, hvítur eða drapplitaður. Auðvelt og flott að blanda með öðrum flísum. Verð frá pr. m².

AMBIENTE GÓLFFLÍSA

30 x 60 cm. Glerjað postulín. Slitþol 5. Frostþolnar. Fást í svörtu, brúnu og drapplituðu. Verð pr. m².

3.990,-

59,5 x 59,5 cm.

Verð pr. m².

4.495,-

44,5 x 89,5 cm.

Verð pr. m².

4.995,-

AMBIENTE MOSAÍK

30 x 30 cm. Svartar, brúnar eða drappaðar. Verð pr. stk.

1.495,-

AMBIENTE SNOW-WHITE VEGGFLÍSA

30 x 60. Hvítar, glans eða mattar. Verð pr. m².

2.495,-



MARMO VEGGFLÍSA

20 x 25 cm. Hvítar glansandi eða mattar. Verð pr. m².


1.295,-



AGATHA/PIRITE GÓLFFLÍSA

30 x 30 cm. Óglerjað postulín. Frostþolnar og stamar. Fást í dökkgráu og gráu. Verð pr. m².

1.995,-



SFORZA GÓLFFLÍSA

31 x 31 cm. Glerjað postulín. Slitstyrkur 4. Dökkgrár. Verð pr. m².

1.995,-



PALAZZO FUTURA GÓLFFLÍSA

30 x 60 cm. Óglerjað postulín. Frostþolnar. Verð pr. m².

3.995,-



PCI FLEX NANOFLOT FLÍSAÍM

20 kg. Flísalím, sem má nota jafnt úti sem inni. Hentar fyrir hámarksálag, í votrymi, svalir, og yfir hitalagnir.

4.995,-



PCI CF30 PERIPLAN FLOTEFNI

20 kg. Trefja-styrkt flotefni. Þykkarsvið 3-40 mm. Göngufært eftir 3 klst. Hentar vel í votrymi og þar sem er gólfhiti.

6.995,-

Skelltu þér í vinnugallann og komdu til okkar í **BAUHAUS...**

laugardaginn á milli kl 12 -16, munu faglærðir starfsmenn okkar sýna flísaskurð, flísalögn og fúgun. Þér gefst kostur á að prófa sjálf/ur að leggja flísar og fúga undir leiðsögn starfsmanna okkar. Við erum með eitt mesta úrval landsins af flísum og flísa fylgi hlutum og erum með hvorki meira né minna en 250 tegundir flísa í vöruvali okkar. Allir ættu því að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Komdu til okkar og fáðu innblástur og fræðslu og þú ferð heim reynslunni ríkari.

Auglýst verð gildir frá fimmtudeginum 6. september til og með sunnudagsins 9. september 2012. Gildir á meðan birgðir endast.



BAUHAUS®

GÆÐI

ÞJÓNUSTA

GJAFVERÐ

VÖRUÚRVAL

25 ♥ áRA afmæli

Þér er boðið í risa afmælisveislu!
Andlitsmálun og blöðrur, gómsætar kræsingar
og skemmtidagskrá fyrir alla fjölskylduna.

Verlanir opnar til 25 í nótt.

Aðeins
í dag og á morgun!
.....
Kynntu þér frábær
afmælistilboð
frá yfir 100 verslunum.



























<p>ENGLABÖRNIN Falling fót á stelpur og stráka...</p> <p>20% afsláttur af öllum vörum.</p>	<p>next</p> <p>25% afsláttur af öllum vörum.</p>	<p>SMASH</p> <p>25% afsláttur af öllum vörum.</p>	<p>Dúkkuhúsið</p> <p>25% afsláttur af öllum vörum.</p>	<p>name it.</p> <p>25% afsláttur af 25 vörutegundum.</p>	<p>fierra GARDURINN -klæðir þig vel</p> <p>20% afsláttur af öllum vörum.</p>
<p>VILA CLOTHES</p> <p>25% afsláttur af öllum buxum.</p>	<p>Timberland</p> <p>20% afsláttur af öllum vörum.</p>	<p>DÚKA</p> <p>25% afsláttur af völdum vörum.</p>	<p>bó glæraugnasmiðjan</p> <p>25% afsláttur af öllum vörum.</p>	<p>Boux -AVENUE-</p> <p>25% afsláttur af völdum vörum.</p>	<p>Kaupfélagið</p> <p>20% afsláttur af öllum vörum.</p>
<p>HAGKAUP Ein ferð betra verð</p> <p>25% afsláttur af öllum fatnaði, skóm, snyrtivörum og búsáhöldum. 20% afsláttur af öllum leikföngum.</p>	<p>THE GLOBE GROUP WE ALL OVER THE WORLD</p> <p>25% afsláttur af öllum leikföngum.</p>	<p>L'OCCITANE EN PROVENCE</p> <p>25% afsláttur af öllum handkremum.</p>	<p>N3 BORGARBÓKASAFN REYKJAVÍKUR</p> <p>50% afsláttur af bókasafnskortum í Kringlubókasafni</p>	<p>Sparkz ♥</p> <p>25% afsláttur af öllum vörum.</p>	<p>TUZZI FASHION IS PERSONAL</p> <p>25% afsláttur af öllum vörum frá Jean Paul 25% afsláttur af öllum peysum, bolum og toppum.</p>
<p>STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN</p> <p>20% afsláttur af öllum vörum.</p>	<p>Café Bleu</p> <p>25% afsláttur af öllum salötum.</p>	<p>Kultur menn</p> <p>25% afsláttur af öllum vörum.</p>	<p>cobra Sokkabúðin</p> <p>25% afsláttur af öllum barnavörum.</p>	<p>BIANCO. FOOTWEAR</p> <p>25% afsláttur af öllum vörum.</p>	<p>DAY BIRGER + MIKKELSEN</p> <p>Herrar 50% afsláttur af öllum vörum.</p>
<p>Levi's</p> <p>30% afsláttur af öllum buxum. 20% afsláttur af öðrum vörum.</p>	<p>HAPPANÚSIÐ</p> <p>Allir sem kaupa 10 raða lottomiða á laugardaginn fá 1 auka línu frjá.</p>	<p>búsáhöld KRINGLUNNI</p> <p>25% afsláttur af Weber, Stelton og Linum vörum. Einnig af ýmsum völdum vörum.</p>	<p>oasis</p> <p>25% afsláttur af öllum vörum.</p>	<p>HYGEA Kjósingavörur</p> <p>25% afsláttur af öllum vörum.</p>	<p>UNITED COLORS OF BENETTON.</p> <p>30% afsláttur af öllum vörum.</p>
<p>JOE BOXER</p> <p>25% afsláttur af öllum vörum.</p>	<p>ZAYZAY</p> <p>25% afsláttur af öllum vörum.</p>	<p>ÚTILÍF</p> <p>25% afsláttur af öllum sportskóm og barnafatnaði.</p>	<p>Markaðstorgið</p> <p>25% afsláttur af öllum vörum.</p>	<p>SHARE</p> <p>25% afsláttur af öllum vörum.</p>	<p>S·K·Í·F·A·N</p> <p>20% afsláttur af öllum vínplötum.</p>
<p>Deres</p> <p>25% afsláttur af öllum buxum.</p>	<p>Leonard</p> <p>25% afsláttur af öllum vörum.</p>	<p>SIX</p> <p>25% afsláttur af öllum vörum.</p>	<p>OUTFITTERS' NATION ☐</p> <p>25% afsláttur af öllum Kick bolum og Marianne leggings.</p>	<p>Jens</p> <p>25% afsláttur af öllum vörum. Gildir ekki af giftingahringum.</p>	<p>lecco</p> <p>20% afsláttur af öllum vörum.</p>

 DAY <small>BIRGER + MIKKELSEN</small> Dömur 25% afsláttur af peysum og toppum.	 Eymundsson 25% afsláttur af öllum tímaritum.	 DÝRABÆR 25% afsláttur af völdum vörum.	 Galla Buxnaðun 25% afsláttur af öllum vörum.	 BLEND 25% afsláttur af öllum vörum. 50% afsláttur af völdum herravörum.	
 Dressmann 25% afsláttur af öllum vörum.	 lam 25% afsláttur af öllum vörum.	 evans 25% afsláttur af öllum vörum.	 JÓN & ÓSKAR <small>Langvegur / Smávegur / Kringslóttur</small> 25% afsláttur af völdum úramerkjum. 15% afsláttur af öllum Silfur og Stál skartgripum.	 kello 25% afsláttur af öllum vörum.	 KAREN MILLEN 25% afsláttur af öllum kjólum, skóm, töskum og skartgripum.
 Applix 25% afsláttur af öllum vörum.	 FRIIS & COMPANY 25% afsláttur af skóm og skarti. 15% afsláttur af öðrum vörum.	 focus 25% afsláttur af 25 týpum af skóm.	 Lyf & heilsa <small>Kringlummi</small> 25% afsláttur af öllum vörum. 15% afsláttur afsláttur af lausasöluþýfum.	 MOTOR 25% afsláttur af öllum vörum.	 Marc O'Polo 25% afsláttur af öllum vörum.
 MÝRIN 10% afsláttur af öllum vörum.	 POLARN O. PYREI 25% afsláttur af völdum vörum.	 CINTAMANI 25% afsláttur af nýrri Primaloftlínu og öllum flísfatnaði.	 ZIKZAK <small>TIRKUHÖN</small> 25% afsláttur af öllum vörum.	 prooptik <small>gleraugu</small> 30% afsláttur af öllum vörum.	 GAME STRÖM 2 fyrir 1 af stuttermabolum.
 Kultur 25% afsláttur af öllum skóm og skarti.	 JACK & JONES 25% afsláttur af völdum vörum.	 KISS 25% afsláttur af öllum vörum.	 Accessorize 25% afsláttur af klútum og treflum.	 TEKK COMPANY 25% afsláttur af öllum vörum.	 AVEDA <small>THE ART AND SCIENCE OF PURE FLOWER AND PLANT ESSENCES</small> 25% afsláttur af öllum vörum.



FRÁBÆR AFMÆLISTILBOÐ!

Andlitsmálun og blöðrur, gómsætar kræsingar og skemmtidagskrá.
Verlanir opnar til 25 í nótt.

 <p>25% afsláttur af barnaúrum og silfur eyrnalokkum.</p>	 <p>25% afsláttur af 25 týpum af skóm.</p>	 <p>25% afsláttur af 25 vörutegundum.</p>	 <p>25% afsláttur af Nokia Lumia 800.</p>	 <p>25% afsláttur af öllum bolum.</p>	 <p>20% afsláttur af öllum vörum.</p>
 <p>25% afsláttur af öllu smurbrauði.</p>	 <p>20% afsláttur af öllum vörum.</p>	 <p>25% afsláttur af Daimjökli.</p>	 <p>25% afsláttur af völdum vörum.</p>	 <p>25% afsláttur af Kalda húfum og vettlingum. 25% afsláttur af Ásgarði húfu.</p>	 <p>25% afsláttur af öllum buxum.</p>
 <p>25% afsláttur af Solaray bætiefnum og Udo's Choice olíu.</p>	 <p>25% afsláttur af skóm.</p>	 <p>25% afsláttur af öllum fatnaði.</p>	 <p>25% afsláttur af öllum vörum.</p>	 <p>25% afsláttur af öllum vörum.</p>	 <p>25% afsláttur af flestum vörum.</p>
 <p>25% afsláttur af öllum vörum.</p>	 <p>25% afsláttur af öllum InWear og Part Two vörum.</p>	 <p>Ókeypis orkubomba úr Íslensku grænmeti og lummukaffi á 250 kr.</p>	 <p>25% afsláttur af öllum flísfatnaði.</p>	 <p>25% afsláttur af englastyttum og skrautkertum.</p>	 <p>25% afsláttur af völdum vörum.</p>



Landspítalinn á ekki heima í miðbænum:

Meinlokur

Stundum er það svo að hugmyndir og jafnvel ranghugmyndir skjóta svo föstum rótum í hugum fólks að engar fortölur duga til að því snúist hugur. Er þá stundum vaðið áfram með arfavitlausar hugmyndir og þær látnar verða að veruleika, hverjar svo sem afleiðingarnar kunna að verða, og sama hversu mikið hagkvæmari og betri aðrar leiðir kynnu annars að vera.

SKOÐUN

Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is



Eitt slíkt mál fer nú hátt í umræðunni en það er væntanleg nýbygging Landspítala Háskóla-sjúkrahúss við Hringbraut í Reykjavík. Reyndar má fagna því að skipulagsráð Reykjavíkur hefur ákveðið að framlengja til 20. þessa mánaðar frest sem

rann út fyrir helgi til að gera athugasemdir við tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir spítalann. Þegar fresturinn rann út höfðu um þrjú hundruð athugasemdir borist og vekur framlenging hans veika von um að snúa megi af þeirri óheillabaut sem málið virðist á.

Eigi nýr spítali að rísa við Hringbrautina þarf nefnilega margt annað undan að láta. Grípa verður til harkalegra aðgerða til að takmarka umferð því Miklabraut ber ekki meiri umferðarþunga en á henni hvílir nú þegar. Þetta viðurkenndi Hjálmar Sveinsson, varaformaður skipulagsráðs Reykjavíkur í Fréttablaðinu í gær. Þetta sjá líka allir sem aka þurfa um stofnæðar borgarinnar á háannatíma á morgnana og síðdegis.

Meðal aðgerða er stóraukin gjaldtaka í bílastæði þannig að rukkað verði fyrir öll stæði við bæði Landspítalann og Háskólann. Þá spilar inni í að Reykjavíkflugvöllur víki á endanum alveg fyrir íbúabyggð, þannig að þeir sem vinna á spítalanum geti búið nær honum og þar með verði létt á umferð. Allar eru þessar ráðagerðir hæpnar og lítt fastar í hendi. Öllu líklegra er að stefni í algjört óefni í umferðarmálum með nýjum spítala við Hringbraut og er þar sannarlega bætt gráu ofan á svart eins og staðan er í dag.

Um leið er óumdeilt að þörf er á nýjum spítala sem uppfyllir þarfir nútímaheilbrigðisþjónustu. Spurningin er bara hvar velja á honum stað.

Heillavænlegast væri að hverfa frá þeirri meinloku að ætla jafnumfangsmikilli starfsemi stað í miðbæ höfuðborgarinnar. Hægur leikur ætti að vera að finna lóð í útjaðri borgarinnar, jafnvel á Hólmsheiði í nágrenni við nýtt fangelsi sem þar á að rísa. Eins kynni Vífilstaðalóðin að henta.

Með því að hafa nýja spítalann í nágrenni við stofnæðar umferðar inn og út úr borginni rímar líka betur við þá stefnu að Landspítali Háskólasjúkrahús annist stærri aðgerðir, sem áður var sinnt á sjúkrahúsum á landsbyggðinni. Þannig yrði betra aðgengi fyrir reglulegar ferðir sjúkrabíla af svæðum utan höfuðborgarsvæðisins með konur í barnsnaud og aðra sjúklinga sem þurfa heilbrigðisþjónustu sem ekki er lengur boðið upp á í þeirra heimabyggð. Sjúklingar úr öðrum byggðarlögum slyppu þá við áhættuakstur á bláum ljósum í gegnum Reykjavík (jafnvel á háannatíma) alla leiðina niður í miðbæ.



AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Hvenær á ráðherra að segja af sér?

Formaður þingflokks VG og prófessor í stjórnmálafræðum við Háskóla Íslands hafa af tveimur ólíkum tilefnum sett fram sjónarmið um afsögn Ögmundar Jónassonar. Við venjulegar aðstæður fylgir bæði þungi og ábyrgð orðum þeirra sem slíkum stöðum gegna. Þau ættu því að hafa veruleg áhrif. En í reynd sýnast bæði stjórnmálamaður og fjölmiðlar vega orð þeirra eins og fis sem hverfur með golumni. Það ætti að vera þeim nokkurt umhugsunarefni.



ÞORSTEINN PÁLSSON

Stjórnmálafræðiprófessorinn fullyrta að opinber tilvísun Ögmundar Jónassonar í ágreining sem hann gerði í ríkisstjórn,

þegar hún samþykkti að stefna Íslands væri að taka upp evru, væri einsdæmi. Það er ekki rétt enda hefur aldrei verið litið svo á að lög hindruðu ráðherra í að greina frá eigin afstöðu í ríkisstjórn.

Þá taldi prófessorinn að ráðherra sem opinberlega er andvígur grundvallarstefnu ríkisstjórnar sinnar ætti að segja af sér. Það sem máli skiptir í þessu samhengi er að allir ráðherrar og þingmenn VG verja í verki samþykkt ríkis-

stjórnarinnar um að stefna að upptöku evru svo fljótt sem kostur er og því megi lýsa yfir gagnvart ríkjum Evrópusambandsins. Siðferðisbresturinn er sá að þeir segjast vera á móti því sem þeir verja en ætli síðar að standa gegn því að samningar þar um verði fullgiltir.

Með þessu hafa þeir vissulega tyllt sér á eina af lögstu syllunum í bjargi pólitískrar siðfræði. En Ögmundur Jónasson er þar ekki einn. Ráðherrar VG eru þar í hnapp. Réttilega ætti því að beina siðferðisröfundi gagnvart þeim öllum. Hvers vegna gerir prófessorinn það ekki? Á Ögmundur að gjalda þess að hann sýnist órörri á syllunni en aðrir?

Vinir með hnífa og óvinir með skildi

Úrskurðarnefnd jafnréttismála komst að þeirri niðurstöðu að skipun innanríkisráðherra í sýslumannsembætti hefði verið brot á jafnréttislögum. Af því til efni hafa samherjar ráðherrans í VG og forsætisráðherra rispað hann nokkuð með hnífum sínum. Nokkrir mótaldsmenn úr röðum sjálfstæðismanna og framsóknarmanna hafa á hinn bóginn skotið fyrir ráðherrann skildi. Rökin eru þau að hann sé ekki í verri stöðu en forsætisráðherra sem bæði hefur tapað jafnréttismáli fyrir úrskurðarnefndinni

og dómstólum. En ástæðan er trúlega sú að það er brúarsmíði í gangi milli þessara aðila vegna Evrópuandstöðunnar.

Formaður þingflokks VG setti fram þá kenningu að ráðherrann yrði að segja af sér kæmust dómstólar að sömu niðurstöðu og úrskurðarnefndin. Þetta er athyglisvert í ljósi þess að einungis eru tvær leiðir til að koma málinu fyrir dómstóla.

Önnur er sú að ráðherrann höfði mál til ógildingar á úrskurði nefndarinnar. Hin er sú að ráðherrann neiti að greiða bóta-kröfu sem reist kann að verða

á úrskurðinum. Er það virkilega svo að formaður þingflokks VG telji að það bæti siðferðilega stöðu flokksins í jafnréttismálum að ráðherra hans véfengi þennan úrskurð eða hafni bótakröfu sem hann gefur fullt efni til?

Eftir þessi ummæli þingflokksformannsins er ráðherrann svo kominn í þá klípu að samþykki hann hugsanlega bótakröfu mætti segja að hann væri að kaupa sig frá dómsmáli með peningum skattborgaranna. Þingflokksformaðurinn hefur því breytt óþægilegri stöðu fyrir flokkinn í lokaða.

Mátti ráðherrann vita?

Stóra spurningin er þessi: Á það sjálfkrafa að leiða til afsagnar ef ákvörðun ráðherra stenst ekki lög þegar á reynir? Svárið er: Stundum er það svo en þarf ekki alltaf að vera það. Hafa verður í huga að hæfileikar umsækjenda verða ekki í þessu tilviki fremur en öðrum reiknaðir út eftir stærðfræðiformúlu.

Hér verður því að skoða hvort þau gögn sem lögð voru fyrir ráðherrann af embættismönnum gáfu

honum ástæðu til að efast um það faglega mat sem hann er ábyrgur fyrir. Einnig þarf að skoða hvort ráðherrann hafi óskað eftir nægjanlegum upplýsingum til þess að geta tekið faglega ákvörðun.

Ef kalla á eftir afsögn ráðherrans þarf að vera unnt að sýna fram á að hann hafi mátt vita að ákvörðun hans stæðist ekki kröfur jafnréttisla. Ekki er unnt að útiloka að svo hafi verið. Enn sem komið er hefur þó ekkert verið dregið fram í umræðunni sem

styður slíka ályktun. Við svo búið stendur málsvörn ráðherrans.

Niðurstaðan er sú að hnífur samherja innanríkisráðherrans virðast reistar á öðru en virðingu fyrir jafnréttislögum og háum siðferðisviðmiðum. Forsætisráðherra og formaður VG eru sjálfir í þeirri siðferðiskreppu að geta hvorki sótt að ráðherrannum né verið hann svo mark sé á takandi. Það lýsir pólitísku innanmeini sem háir ríkisstjórninni gagnvart kjósendum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Íssn 1670-3871



GULLBRÚÐKAUP

Í dag, laugardaginn 8. september, eiga 50 ára brúðkaups-afmæli hjónin Erla Vilhjálmisdóttir og Skúli Jóhannesson, kaupmenn í Tékk-Krístal í Reykjavík.

Sendum þeim innilegar hamingjuóskir í tilefni dagsins.

75 | ÁR Á FLUGI

BÆTTU SMÁ MÜNCHEN Í LÍF ÞITT

Verð frá **22.800** kr.

Þessi ferð gefur frá 1.800 til 5.400 Vildarpunkta aðra leiðina.



Það er fleira hægt en að fara niður á Austurvöll

Þegar sólin skín og veitingamennirnir bera borðin út á stétt er indælt að njóta þess með Jóni Sigurðssyni að gera ekki neitt á Austurvelli. En sólin skín líka í München og ölkrúsir og veitingamenn skipa sérstakan heiðursess ásamt lífsgleði Bæjara, sköpunarkrafti þeirra, listum, menningu og stórkostlegri feegurð Alpanna. Styttan af Jóni hefði örugglega kunnað vel við sig í „lederhosen“.

+ Bókaðu núna á icelandair.is

[f](#) [t](#) [YouTube](#) Vertu með okkur

ICELANDAIR



Ben Stiller og Þórey

Kvikmyndaframleiðsla

Össur Skarphéðinsson
utanríkisráðherra



Fjárlagi var það gott hjá Þóreyju Vilhjálmssdóttur, framkvæmdastjóra borgarstjórnarflökks Sjálfstæðisflokks, að benda á hér í Fbl. að lögin um endurgreiðslu 20% kostnaðar við kvikmyndir framleiddar hér á landi hafa reynst einstaklega farsæl. Þau hafa meðal annars, eins og Þórey bendir á, laðað hingað frá kvikmyndastjórnun ein og Ben Stiller, og ekki má nú gleyma harðjökulum eins og Clint Eastwood, sem við Geir H. Haarde vorum samtíða í líkamsrækt í World Class um árið þegar hann gerði Flags of Our Fathers.

Það er líka aldeilis rétt hjá henni, að þessi lög skapa vinnu fyrir um 800 manns við kvikmyndagerð á Íslandi, og hafa kallað heim aftur úrvalsfólki, sem hafði sýtrað til útlanda í erfiðu árferði. Þá eru ótaldar þær þúsundir starfa sem skilgreina má sem afleidd störf vegna kvikmyndaframleiðslunnar hér á landi. Á það bendir Þórey réttléga líka.

Framkvæmdastjóri borgarstjórnarflökks Sjálfstæðismanna gleymir hins vegar einu í annars afbragðsgóðri grein. Þessi merku lög voru upphaflega barin í gegn af Finni Ingólfssyni, iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins, við töluverða

erfiðleika gagnvart Sjálfstæðisflokknum, sem Þórey vinnur fyrir. Finnur lagði til, og fékk samþykkt, 14% endurgreiðslu. Sjálf sagt er að láta hann njóta þess frumkvæðis. Þegar fram liðu stundir hækkuðu önnur lönd sína endurgreiðslu. Við það dapraðist mjög segulmagn og samkeppnishæfni Íslands á þessu sviði.

Þegar ég varð iðnaðarráðgjafi 2007 átti ég fundi með kvikmyndagerðarfólki sem færði afar sterk rök fyrir nauðsyn þess að hækka endurgreiðsluna upp í 20%. Ég fór með málið af stað en þótt ég ólmaðist eins og kviðsitt naut í myri mætti ég hördum vegg hjá Sjálfstæðisflokknum sem var líka í þáverandi ríkisstjórn. Flokkurinn, sem Þórey vinnur fyrir, var einfaldlega á móti því að hækka endurgreiðsluna upp í 20%.

Það kvað við annan tón þegar Vinstri hreyfingin – grænt framboð tók sæti í ríkisstjórn. Á öðrum fundi þeirrar ríkisstjórnar tók ég upp úr skúffu frumvarpið sem Sjálfstæðisflokkurinn vildi aldrei sjá í ríkisstjórn – og það rann í gegn. Alþingi samþykkti 20% endurgreiðsluna í kjölfarið. Síðan rann upp það blómaskeið í kvikmyndagerð á Íslandi sem framkvæmdastjóri borgarstjórnarflökks Sjálfstæðismanna lýsti svo fallega í grein sinni hér í Fbl. á dögunum.

Það var því þrátt fyrir Sjálfstæðisflokkinn, en ekki vegna hans, sem Ben Stiller, Tom Cruise og annað stjórnuglit kom hingað til að gera stórmyndir sínar í sumar.

Í upphafi skal endinn skoða

Ferðapjónusta

Björgólfur Jóhannsson
forstjóri Icelandair Group



Héyrst hefur að ríkisstjórn Íslands hafi í hyggju að hækka virðisaukaskatt á gistingu 7% í 25,5%. Við hjá Icelandair Group og ferðapjónustan í heild teljum að slíkt sé misráðið hjá ríkisstjórninni því miðað við núverandi aðstæður þá er veruleg hætta á að slíkt aðgerð muni minnka tekjur ríkissjóðs í stað þess að auka þær. Að sjálfsögðu munu virðisaukaskattstekjur ríkissjóðs af seldum gistingu aukast við hækkunina – um það efast enginn. Aðrar tekjur ríkissjóðs munu hins vegar dragast saman með fækkun ferðamanna og það er mat mitt og sérfræðinga Icelandair Group að nettóáhrifin verði neikvæð fyrir ríkissjóð þegar upp er staðið. Icelandair Group er stór hagsmunaaðili í íslenskri ferðapjónustu og er meðal annars eigandi Icelandair-hótelanna og Eddu-hótelanna. Hagsmunir okkar eru því ríkir.

Skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands (HHÍ)

Í vikunni kom út skýrsla HHÍ, sem unnin var fyrir fjármálaráðuneytið, um áhrif þess að hækka virðisaukaskatts á gistingu. Skýrslan er ágæt og styður að mestu við rök mín og ferðapjónustunnar. Lestur hennar hefur ekki minnkað áhyggjur mínar af því að hækkun virðisaukaskatts á gistingu muni leiða til verri afkomu ríkissjóðs.

Í skýrslunni er ýjað að því að lækkan virðisaukaskatts á hóteldgistingu og veitingasölu úr 14% niður í 7% árið 2007 hafi ekki skilað sér til viðskiptavina. Í tilviki Icelandair Group er rétt að halda því til haga að öll okkar hóteldgistingu verð á hóteldgistingu í mars 2007 um 6,14% og verð á veitingum á hóteldum okkar lækkaði um 7-10% við sama tilefni. Rétt skal vera rétt: Virðisaukaskattshækkunin skilaði sér því beint til allra viðskiptavina hóteldum okkar – bæði innlendra og erlendra. Að sama skapi mun virðisaukaskattshækkun fara beint út í verðlag og draga úr eftirspurn.

Fækkun ferðamanna vegna virðisaukaskattshækkunar

Í skýrslunni segir að hækkun virðisaukaskatts á gistingu

geti fækkað ferðamönnum annars vegar um 3.400–23.400 og hins vegar um 15.000–48.000 á ári. Mismunurinn ræðst af mismunandi forsendum hvað varðar hlutfall gistinguanna af heildarferðakostnaði og forsendum um verðteygni. Okkar rannsóknir benda til þess að fækkunin geti orðið um 40.000 frá fyrri áætlunum, sem er innan þess ramma sem HHÍ nefnir í skýrslu sinni. KPMG notaðist við þá tölu í nýlegri greinargerð um áhrif virðisaukaskattshækkunar á ferðapjónustuna og tekjur ríkissjóðs.

Í greinargerð KPMG er reynt að áætla tekjumissi ríkissjóðs vegna fækkunar ferðamanna og styttri dvalartíma þeirra sem munu koma vegna skattbreytinganna. Niðurstaða þeirra er að áhrif hækkunarinnar yrðu neikvæð á afkomu ríkissjóðs.

Ekki tekið tillit til annarra áhrifa af skattbreytingunni

Það sem dregur úr vægi skýrslu HHÍ er að í henni er ekkert reynt að meta hvaða áhrif fækkun ferðamanna um allt að 48.000 á ári hefði á aðra skattstofna hins opinbera. Slík fækkun mun hafa bein áhrif á fjölda starfsmanna í greininni, veltu veitingastaða og annarra þjónustuaðila – eins og öllum ætti að vera augljóst. Ferðamaður sem ekki kemur til landsins verður ekki skattlagður.

Í lok skýrslu HHÍ segir berum orðum: „Þessi greining tekur ekki tillit til þess óhagræðis sem ætíð leiðir af hækkun skatta og ekki heldur til þess að hvati til undanskota eykst með hærri skattahlutfalli.“ Á mannamáli þýðir þetta að aðeins hluti myndarinnar er dreginn upp. Með öðrum orðum þá reynir HHÍ ekkert að meta afleið, neikvæð áhrif hækkunarinnar á ríkissjóð, þ.e. hver tekjumissirinn verður á móti tekjuaukningunni. Þetta er að mörgu leyti villandi framsetning – enda eðlilegt að taka ákvarðanir út frá heildaráhrifum skattbreytinga á ríkissjóð. Þessi áhrif voru nýlega metin af KPMG og niðurstaðan er sú að virðisaukaskattshækkunin virðist vera dæmd til að mistakast að auka tekjur ríkissjóðs.

Niðurstaða HHÍ

Það er erfitt að lesa út úr skýrslu HHÍ hvort skýrsluhöfundar mæli með hækkun VSK á gistingu eða ekki. Á bls. 21 í skýrslunni segir: „Ef jafnframt má gera ráð fyrir að Ísland haldi áfram að vera áhugaverður valkostur erlendra

ferðamanna og að komum þeirra til Íslands haldi áfram að fjölga sýnist sem nú gæti verið heppilegur tími til að hækka aftur virðisaukaskatt á gistingu. Þó ber að hafa í huga að slík breyting gæti orðið til þess að fæla hluta af þessari starfsemi út af markaði og þar með minnka virðisaukaskattstofninn.“ Jafnframt segir í skýrslunni á bls. 30: „Hér hefur ekki verið litið til annarra áhrifa sem lækkan virðisaukaskatts gæti hafa haft í för með sér, en að öllu jöfnu má gera ráð fyrir að lágur skattur dragi úr líkum á undanskotum frá skatti og stækki skattstofn. Í nýlegri skýrslu Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulíffsins og Ríkisskattstjóra er bent á að vísendingar séu um að sá pottur sé einna helst brotinn í hóteld- og veitingapjónustu.“

Lokaorð

Ég fagna skýrslu HHÍ enda er mikilvægt að efla faglega umræðu um ferðapjónustuna og skattlagningu á greinina. Ein af ályktunum skýrslunnar um að ferðamönnum gæti fækkað um allt að 48.000 við hækkun virðisaukaskatts á hóteldgistingu hefur styrkt mig í trúnni um neikvæð áhrif breytinganna á afkomu ríkissjóðs.

Fækkun ferðamanna mun draga úr öðrum skatttekjum ríkissjóðs, leiða til fækkunar starfa í greininni um allt land og draga úr nýfjárfestingu. Auðvitað vita hagfræðingar Háskóla Íslands að það er eðlilegt að meta heildaráhrif skattbreytinga á afkomu ríkissjóðs – en ekki einblína á einn anga slíkra skattabreytinga eins og þeir gera í skýrslunni.

Í skýrslu HHÍ er stuðst við hagtölur frá árinu 2009 og viðurkennt að ekki séu til upplýsingar um hvaða áhrif verðbreytingar hafa á eftirspurn eftir hóteldgistingu á Íslandi. Þetta eitt og sér er umhugsunarefni og sýnir svart á hvítu að efla þarf frekar rannsóknir tengdar ferðapjónustu. Án réttra og nýrra gagna er erfitt að taka réttar ákvarðanir og ég vona að fjármálaráðherra endurskoði afstöðu sína og vinni tillögur sínar í sátt við ferðapjónustuna í heild sinni.

Tilgangur virðisaukaskattkerfisins er tekjuöflun. Ég fullyrði að ég tala fyrir hönd allra sérfræðinga Icelandair Group í ferðapjónustu – að hækkun virðisaukaskatts á gistingu hóteldum mun hafa neikvæð áhrif á afkomu ríkissjóðs. Þá er betur heima setið en af stað farið.

Námskeið við svefnleysi - HAM



Við Kvíðameðferðarstöðina er nú að hefjast 5 vikna námskeið við svefnleysi.

Námskeiðið er byggt á aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar og hefur borið góðan árangur við langvinnu og hamlandi svefnleysi. Veitt er fræðsla um svefn þáttakendum kennt að uppræta vítahring svefnleysis þannig að þeir öðlist lengri og samfelldari svefn.

Námskeiðið hefst miðvikudaginn 26. september kl. 15.30 og stendur yfir í 1,5 klukkustund í senn, alls 5 skipti.

Skráning og fyrirspurnir í síma 534-0110 eða kms@kms.is

Nánari upplýsingar: www.kms.is

Námskeið við ræðukvíða



Við Kvíðameðferðarstöðina er að hefjast 6 vikna námskeið við ræðukvíða.

Námskeiðið er byggt á aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar og er miðað að þeim sem ræðukvíði trufar í lífi og starfi. Markmið námskeidisins er að draga úr kvíðaþáttakenda við að halda ræður, fyrirlestra eða að tala fyrir framan hóp fólks við hin ýmsu tækifæri.

Námskeiðið hefst mánudaginn 17. september kl. 17.15 og stendur yfir í 2 klukkustundir í senn, alls 6 skipti. Kennarar eru Helena Jónsdóttir, sálfræðingur og Unnur Valborg Hilmarsdóttir, markþjálfari.

Skráning og fyrirspurnir í síma 534-0110 eða kms@kms.is

Nánari upplýsingar: www.kms.is

Börn og lestur – mikilvægi foreldra

Menning

Ingibjörg Auðunsdóttir

sérfræðingur á Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri



Foreldrar eru fyrstu kennarar barna sinna og þeir aðilar sem lengst fylgja þeim eftir í lífinu. Fjöldi rannsókna sýnir fram á að þátttaka foreldra í námi barnanna styrkir þau í námi, það á einnig við um árangur þeirra í lestri. Afburðagóðan árangur finnskra barna í lesskilmála má rekja til menntunar- og félagslegra þátta, finnskir foreldrar lesa mikið. Á bókasöfnum þar í landi hefur almenningur mjög gott aðgengi að bókum og blöðum, en lestrarfærni tengist sterklega því umhverfi sem börn alast upp í. Það skiptir því máli að:

- börn hafi aðgang að bókum heima, helst bókum sem þeim finnst áhugaverðar
- börn finni að lestur sé mikilvægur
- bækur séu til á heimilinu, að börn sjái foreldra sína lesa
- foreldrar lesi mikið og lesi sér til ánægju
- börn lesi og að foreldrar hlusti af áhuga á þau lesa

■ börn og foreldrar ræði saman um það sem börnin lesa

■ foreldrar haldi áfram að lesa fyrir börn sín þótt þau geti lesið hjálparlaust. Læsi er ekki námsgrein heldur grundvallarfærni sem gengur þvert á allar námsgreinar og er undirstaða annars náms og starfa í samfélaginu. Því er mikilvægt að heimili og skólar séu samstiga í því að styrkja læsi barna. Frá árinu 1965 hafa Sameinuðu þjóðirnar helgað 8. september málefnum læsis. Í ár taka Íslendingar þátt í þessum alþjóðlega degi í fjórða skipti. Í tilefni af Degi læsis eru fjölskyldur hvattar til að skipuleggja 30 mínútna samverustund, þar sem lesið er saman, bækur skoðaðar og rætt um efni bókanna.

Nokkur dæmi um það sem fjölskyldur geta gert:

- Lestur um tiltekið efni. Sammælist um efnið. Finnið misþungt lesefni, þannig að allir hafi lesefni miðað við aldur og leikni. Hafið lestrartíma þar sem allir lesa sitt efni í hljóði. Hver og einn getur síðan sagt frá sínu lesefni. Takið saman í lokin hvers fjölskyldan varð visari.
- Spilið spil þar sem lesa þarf texta til að geta haldið áfram. Gæti verið heimatilúið slönguspil.

■ Ráðið krossgátur saman.

■ Teiknið upp kort sem sýnir leiðir að heimilinu, í vinnu, verslun, skóla. Merkið götuheiti og helstu kennileiti.

■ Segið barninu frá bókum sem þið hafið lesið og gefið barninu tækifæri til þess sama.

■ Farið oft með barnið á bókasafnið til að fá lánaðar bækur.

■ Hafið gott aðgengi að bókum, tímaritum og hljóðbókum á heimilinu.

■ Verið góð fyrirmynd, sérstaklega er feðrum og öðrum karlmönnum í fjölskyldum drengja bent á mikilvægi þess að vera góð fyrirmynd við lestur.

■ Gerið barnið að þátttakanda í daglegum lestrar- og skriftarathöfnum fjölskyldunnar, t.d. þegar þið lesið blöðin eða skrifið innkaupalista. Fáið barnið til að hjálpa til við að finna vörur í hillum verslana, lesa mataruppskriftir um leið og eldað er, lesa dagskrá sjónvarpsins og textann á skjánum, lesa leiðbeiningar sem til eru á heimilinu, skrifa og lesa á kort og tölvupóst, skoða vefsíður og tölvuforrit. Börn stíga sín fyrstu spor í lestri og læsi með fjölskyldunni. Þau verða fyrir áhrifum frá henni. Viðhorf, áhugi og notkun lesefnis á heimili hefur bein áhrif á lestrar- og skriftargetu barnsins.

Erum flutt á
Suðurlandsbraut 20

Egill
Arnason™

34%
AFSLÁTTUR

Verðdæmi:
ÍTALSKAR VEGGFLÍSAR
IDEA 10X30 HVÍT MÖTT
Verð áður 5.990.- m²
Verð nú kr 3.953.- m²

48%
AFSLÁTTUR

Verðdæmi:
ÞÝSKAR GÓLFFLÍSAR
BASALTINA MÖTT 30 X 60 GÓLFFLÍS
Verð áður 9.291.- m²
Verð nú 4.831.- m²

STÓRÚTSALA

33%
AFSLÁTTUR

Verðdæmi:
HARÐPARKET
EIK COTTAGE 2V / 9MM
Verð áður 5.990.- m²
Verð nú 3.990.- m²

41%
AFSLÁTTUR

Verðdæmi:
VIÐARPARKET
EIK UNIQUE 4. STAFA
Verð áður 8.490.- m²
Verð nú 4.924.- m²

FRUMSÝNUM UM HELGINA PEUGEOT 208



LAUGARDAG MILLI KL. 12:00 OG 16:00
SUNNUDAG MILLI KL. 13:00 OG 16:00

Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri frá 3,4 til 4,5L/100km og CO₂ útblástur (g/km) frá 87 til 104.

MOTION & EMOTION



Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535



PEUGEOT 208 KOSTAR FRÁ
KR. 2.290.000



PEUGEOT



Barnavernd er í raun foreldravernd

Umræðan um áhrif heimilisofbeldis á börn hefur verið áberandi í vikunni og ein af þeim sem hafa lagt orð í belg er **Lísa Björk Ingólfssdóttir** pistlahöfundur á Speglinum. Hún sagði **Friðriku Benónýsdóttur** frá upplifun sinni af aðgerðum Barnaverndar í slíkum málum og sögunum sem þolendur heimilisofbeldis hafa sent henni síðan hún byrjaði að skrifa pistlana.

UM BARNAVERND OG PABBA MINN

Þegar að ég var um 12. ára gömul þá fór ég á fund hjá Barnavernd. Mamma og systir mín komu með mér.

Ég vildi ekki vera hjá pabba mínum og átti að reyna að koma á umgengi með þessum fundi. Ég og systir mín grétum bara og vildum ekki fara, ég var hrædd við hann og er enn. Ég hafði oft séð hann lemja mömmu mína, og nokkrum sinnum hafði löggan líka komið heim. Hann var líka vondur við mig og systkini mín og það var alveg sama hverjum ég sagði það, það vildi engin hlusta á mig.

Á fundinum reyndu konurnar að tala mig til og spurðu mig oft: „Af hverju viltu ekki vera hjá honum?“ Ég sat á stól við hliðina á mömmu minni og grúfði mig niður því að ég vildi ekki horfa á hann. Hann reyndi líka að tala við mig en ég vildi ekki tala við hann, ég bara grét og sagðist vilja fara heim. Þá greip hann í axlirnar á mér og skelltí mér upp þannig að bakið á mér skelltist í stólbakið, svo sagði hann: „Þú átt að svara mér þegar að ég tala við þig.“ Ég fór að gráta enn meira því að ég meiddi mig svo. Konurnar sögðu pabba að hætta, þetta gengi greinilega ekkert. Litla systir mín var farin að hágráta og vildum við bara fara. Ein konan sagði við okkur að þetta gengi bara ekki núna, það yrði að reyna aftur seinna. Hún vildi fylgja okkur fram að lyftunni því hún var svo smeyk við það að hann kæmi á eftir okkur. Þegar að ég var komin í bílinn byrjaði ég bara öll að skjálfa og titra og mér var rosalega illt í bakinu. Mamma fór með mig beint til lækis og kom þá í ljós að ég hafði tagnað í bakinu eftir skellinn frá honum og var öll blá og marin. Mamma lét starfsmenn BVN strax vita af þessu.

Konurnar áttu að skrifa skýrslu um það hvernig hefði gengið á fundinum og vissi ég nú, að loksins myndi einhver trúna mér hvernig hann væri, því jú þær sáu alveg hvað hann gerði og hvernig hann lét. Þær vildu ekki trúna mér þegar að ég sagði þeim frá því að þegar að hann dró mig eftir mottunni í forstofunni heima þannig að ég brenndist svo illa á hnjúnum að ég gat varla gengið, eða þegar að hann sparkaði svo fast í mömmu mína að hún beinbrotnaði, nú eða þegar að hann hrinti mömmu minni þegar að hún hélt á litlu systur minni og hún datt illa og munaði litlu að litla systir mín myndi slasast mikið. En núna hlytu þær að gera eitthvað. En nei, þær lugu!!! Þær sögðu að pabbi hefði strokið á lærið á mér og rétt klappað á bakið á mér. Þær könnuðust bara ekkert við neitt annað.

Þetta voru konurnar sem að áttu að hjálpa mér, þetta voru konurnar sem að vinna hjá Barnavernd!“

Pessi pistill birtist á vefsíðunni Spegill.is nú í vikunni. Höfundurinn er nafnlaus en Lísa Björk Ingólfssdóttir, viðskiptafræðingur og pistlahöfundur á Speglinum, segir þetta sanna sögu sem send hafi verið til sín undir nafni. „En það er svo viðkvæmt að fjalla um svona mál að mér datt ekki í hug að birta nafn stúlkunnar sem skrifaði þetta – hennar vegna, það er svo erfitt að fjalla um tiltekin mál undir nafni. Og þess þarf heldur ekki því sú reynsla að búa við heimilisofbeldi markar sömu spor í líf allra sem fyrir því verða,“ segir Lísa Björk. „Síðan ég byrjaði að skrifa fyrir Spegilinn hefur ótrúlegur fjöldi kvenna – já, eingöngu konur – sett sig í samband við mig og sagt mér sögu sína. Þetta eru konur á öllum aldri og með margs konar forsögu en eitt eiga þær allar sameiginlegt; þær hafa allar brotist út úr ofbeldisfullu sambandi og allar lent í forsjardeilu í kjölfarið þar sem réttur barnanna er algjörlega fyrir borð borinn. Í öllum lögum má lesa það að heimilisofbeldi sé ekki boðlegt fyrir börn en þegar á hólminn er komið er ekkert tillit tekið til velferðar barnanna. Barnaverndin svokallaða er í raun foreldravernd.“

Forsjárnáttal rekin eins og sakamáli

Lísa Björk hefur sjálf reynslu af forræðisdeilu og segist hafa orðið mjög undrandi á því hvernig þau mál ganga fyrir sig. „Ég hélt að maður væri að fara með málið fyrir dóm til þess að fá úrskurð um það hvað barninu væri fyrir bestu. Án þess að vilja tjá mig um einstaka mál er það greinilega ekki raunin. Þessi mál eru rekin eins og sakamál á milli tveggja einstaklinga, börnin eru algjörlega aukaatriði. Hvort for-eldri um sig fær sér lögfræðing sem auðvitað er ekki að vinna að hagsmunum barnsins heldur að verja sinn umbjóðanda. Forsjárnáttal er að snúast um hvað barninu er fyrir bestu, ekki vera barátta tveggja einstaklinga. Það sem ég hef séð í málum sem þessum er að það þýðir ekki einu sinni að leggja fram gögn, eins og læknisvottorð og áverka-skýrslur, því það er hægt að efast um sannleiksgildi þeirra og dæma þau ómerk, þannig að þau komi ekki einu sinni fyrir augu réttarins. Yfirleitt er komum ráðlagt að tala ekki

einu sinni um ofbeldi í forsjárnáttal-um því það sé ekki hægt að sanna það. Ofbeldi getur verið andlegt eða líkamlegt eða hvort tveggja og oft er andlega ofbeldið lítið skárna þar sem það skilur ekki eftir sig sýnilega áverka. Ekki það að þótt um verulegt líkamlegt ofbeldi sé að ræða er næsta vonlaust að sanna það fyrir rétti. Ofbeldi fer fram innan veggja heimilisins og sennilega þyrfti fólk að labba inn í réttarsal með hníf með fingraförum ofbeldismannsins í brjóstinu til þess að það þætti sannað án nokkurs vafa. Og sú hugsun að barnið eigi að njóta vafans er víðs fjarri. Maður hefur oft séð í skýrslum að börn reyna að tjá sig en það er ekkert hlustað á þau. Fulltrúar Barnaverndar hitta börnin kannski í 40 mínútur mögulega tvisvar á sjö til tólf mánaða tímabili og gefa síðan út þann úrskurð að það sé allt í lagi með viðkomandi barn. Hvernig í ósköpunum er það hægt? Við skulum ekki gleyma því að meðvirkni er fjölskyldusjúkdómur og þögg-unin sem ríkir í svona málum hefur auðvitað líka áhrif á börnin. Þau eru ekkert að fara að segja ókunnu-gu fólk einhver leyndarmál sem gætu komið pabba eða mömmu í vandræði.“

Eiga börn þá ekki í nein hús að venda ef þau búa við ofbeldi heima hjá sér? „Nei, þau eiga það ekki í raun. Barnavernd á auðvitað að vinna með hagsmunum barnanna að leiðarljósi, en framkvæmdin er allt önnur. Ég hef lesið í skýrslum frá Barnavernd, aftur og aftur, að ekki þyki ástæða til aðgerða þar sem barnið sé ekki talið í bráðri hættu. Hvernig er sú hættu skilgreind? Á barnið þá að vera áfram inni á heimili þar sem það verður vitni að ofbeldi ef lífi þess sjálfs er ekki beinlínis ógnað? Eða búa við vanrækslu og skeytingarleysi? Það er skýrt tekið fram bæði í barnaverndar-lögum og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að foreldrum beri að vernda börn sín, en hvernig á maður að gera það þegar kerfið vinnur gegn því? Talsmaður barna er samkvæmt lögum forsjarforeldri/foreldrar sem kerfið vinnur gegn, enginn annar og ég sé ekki að það sé neitt að gerast í þeim málum. Ný barnalög eru í pípunum á Alþingi, en meðan framkvæmd laga er með þessum hætti skiptir óskaplega litlu þótt orðunum í þeim sé breytt.“



MIKIL VIÐBÖGÐ Lísa Björk Ingólfssdóttir, viðskiptafræðingur og pistlahöfundur á Speglinum, hefur fengið ótölulegan fjölda pósta og upphringinga frá þolendum heimilisofbeldis, bæði börnum og konum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

■ HEIMILISOFBELDI Í TÖLUM

Tólf til fjórtán hundruð útköll á ári

Ofbeldi beitt í 2-300 tilvikum

Lögregla er kölluð út þrisvar til fjórum sinnum hvern dag ársins vegna átaka á heimilum landsins. Í 200 til 300 tilvikum á hverju ári hefur verið beitt ofbeldi, misalvarlegu.

Þetta sýna gögn sem unnin voru af embætti Ríkislögreglustjóra fyrir Fréttablaðið fyrir rúmlega fimm ára tímabil frá 2007 til júní 2012. Fjöldi tilvika heimilisófríðar samkvæmt mála-skrárkerfi lögreglunnar á þessu tímabili voru

7.071 alls. Ofbeldi var beitt í 1.559 tilvikum.

Tölurnar sýna að ár hvert eru útköllin tólf til fjórtán hundruð en hefur fækkað lítillega á milli ára allt tímabilið. Athygli vekur hins vegar að alvarlegum tilvikum fjölga hlutfallslega; árið 2007 var ofbeldi beitt í 272 málum en þá voru 1.116 mál skráð sem heimilisófríður. Árið 2011 voru 310 ofbeldismál en 895 þar sem ekki hafði verið beitt ofbeldi. - shá / Fréttablaðið 27. ágúst

Börn leita í sama mynstrið

Snúum okkur aftur að pistlinum þínum og sögu ungu stúlkunnar. Þú segir að þetta sé almenn reynsla barna af Barnavernd? „Því miður virðist svo vera. Ég get sagt þér frá öðru máli sem ég skrifaði líka um á Spegill.is. Það varð reyndar blaðamál árið 2009. Þar voru þrjú börn sem vildu ekki að faðir þeirra fengi að nýta umgengnisréttinn við þau, vildu ekki fara til hans yfirhöfuð. Tvær elstu dæturnar voru orðnar það gamlar að þær fengu að ráða því sjálfar hvort þær færu, en Barnavernd úrskurðaði að yngsta barnið, sjö ára stúlka, ætti að fara til föður síns samkvæmt úrskurðum umgengnisrétti og hún var tekin með valdi trekk í trekk og flutt til föður síns þó svo að hún vildi ekki

fara. Samkvæmt þessari frétt hafði faðirinn viðurkennt fyrir rétti að hafa beitt móðurina ofbeldi. Réttur hans til að umgangast barn sem ekki vildi umgangast hann var þó tekinn fram yfir greinilega hagsmuni barnsins. Það var kallað að vernda hagsmuni barnsins að rífa það í burtu með lögregluvaldi. Lífsreynsla sem leggst ofan á upplifunina af ofbeldinu á heimilinu og barnið gleymir aldrei. Í dag, mörgum árum síðar, þurfa þessi börn að vera á kvíðastillandi lyfjum. Þessi sár gróa aldrei og það sem kannski er óhuggulegast er að samkvæmt sálfræðingum þá er líklegur en ekki að börn sem upplifa heimilisofbeldi leiti í sams konar sambönd þegar þau fullorðnast. Fari í mynstrið sem þau þekkjá. Það er eitt af því

sem sýnir hvað það er hættulegt að láta þetta viðgangast. Það eru ekki allar konur svo sterkar að þær þori að brjóta út úr mynstrinu og berjast fyrir börnin sín. Og þær sem þora það verða oftast en ekki fyrir aðkasti frá dómstól götunnar um leið og kerfið brýtur þær niður. Þær eru auðvitað niðurbrotnar á sál og líkama eftir áralangt ofbeldi og það er notað gegn þeim. Þrátt fyrir að reyna sitt besta til að vernda börnin í kjölfarið er tekinn af þeim réttur-inn til þess og þeim sagt að gera það sem börnunum er fyrir bestu fyrir rétti, eða í gegnum barnaverndarnefnd og sýslumann. Og hvað sem öllu falletu orðalagi í lögum og stefnuyfirlýsingum liður þá er með því auðvitað brotið stórlega á rétti barnanna.“



.....
Þöggunin sem ríkir í svona málum hefur auðvitað líka áhrif á börnin.
.....



Pú færð
fjársjóðskistuna
í sunnudaga-
skólanum!

BARNASTARF KIRKJUNNAR

SUNNUDAGASKÓLINN ALLA SUNNUDAGA Í VETUR!

FYRIR BÖRN Á ÖLLUM ALDRI, MÖMMUR OG PABBA – AFA OG ÖMMUR!

REYKJAVÍK OG KÓPAVOGUR

ÁRBÆJARKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.arbaejarkirkja.is

BREIÐHOLTSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.breidholtskirkja.is

DÓMKIRKJAN

Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.domkirkjan.is

FELLA- OG HÓLAKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.fellaogholakirkja.is

GRAFARVOGSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11
í Grafarvogskirkju
og Borgarholtsskóla
Nánar á www.grafarvogskirkja.is

GRENSÁSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11.
Nánar á www.grensaskirkja.is

GUÐRÍÐARKIRKJA GRAFARHOLTI

Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.gudridarkirkja.is

HALLGRÍMSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.hallgrimskirkja.is

HÁTEIGSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.hateigskirkja.is

HJALLAKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 13
Nánar á www.hjallakirkja.is

KÓPAVOGSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.kopavogskirkja.is

LAUGARNESKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.laugarneskirkja.is

LANGHOLTSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.langholtskirkja.is

LINDAKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11
í Lindakirkju og í Boðapíngi
Nánar á www.lindakirkja.is

NEKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.neskirkja.is

ÓHÁÐI SÖFNUÐURINN

Annan og fjórða sunnudag
mánaðarins kl. 14
Nánar á www.ohadisofnudurinn.is

SELJAKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.seljakirkja.is

SELTJARNARNESKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.seltjarnarneskirkja.is

HAFNARFJÖRÐUR, ÁLFTANES OG GARÐABÆR

ÁSTJARNARKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.astjarnarsokn.is

FRÍKIRKJAN

HAFNARFIRÐI

Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.frikirkja.is

HAFNARFJARÐARKIRKJA

Barnamessa
alla sunnudaga kl. 10
Nánar á www.hafnarfjardarkirkja.is

VÍÐISTAÐAKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.vidistadakirkja.is

BESSASTAÐAKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11
í Brekkuskógum 1
Nánar á www.bessastadasokn.is

VÍDALÍNSKIRKJA – GARÐABÆ

Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.vidalinskirkja.is

MOSFELLSBÆR

LÁGAFELLSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 13
í kirkjunni
Nánar á www.lagafellskirkja.is

BÍLAHÁTÍÐ U

VALDIR BÍLAR Á SÉRSTÖKUM



Ný 255 hestafla dísilvél sem
eyðir aðeins 9,3 l / 100 km í
blönduðum akstri. Verð frá 10.950.000 kr.

DISCOVERY 4



QASHQAI



Samkvæmt samantekt umferðarstofu er
Qashqai mest keypti jeplingurinn
á Íslandi frá janúar til september 2012.

NISSAN QASHQAI

Verð frá 4.990.000 kr.



Kaffi og meðlæti

Við tökum á mótí gestum með bros á vör og bjóðum upp á kaffi,
gos og léttar veitingar í tilefni dagsins.

UM HELGINA

HAUSTKJÖRUM HJÁ OKKUR

OPIÐ LAUGARDAG KL. 12-16 OG SUNNUDAG KL. 13-16

Nýr & elæsilegur

ISUZU
D-MAX

D-Max 2,5 TwinTurbo
Dráttargeta 3000 kg.
eðaleyðsla 7,4 l / 100 km.

FRUMSÝNING Á NÝJUM D-MAX
Verð frá 6.890.000 kr.



SUBARU

Nýr og sparneytinn Subaru XV
sem eyðir aðeins 6,6 l / 100 km
í blönduðum akstri.

SUBARU XV

Verð 5.890.000 kr.



Renault Megane með nýju 1500 cc
dísilvélinni og 6 gíra sjálfskiptingunni getur
ferðast 1428 km á einum tanki.

RENAULT MEGANE SPORT TOURER

Verð 3.690.000 kr.



FRITT Í STÆÐI Á
MIÐBORGARSVÆÐINU

OPIÐ LAUGARDAG 12-16
SUNNUDAG 13-16





HILMAR BRAGI JANUSSON Nýbakaður forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs segir það markmið sitt að skapa umhverfi þar sem afrakstur rannsókna komist fljótt og vel í hagnýtan farveg. Tækifærin séu ótæpilig.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hentar vel að vera á flekaskilum

Hilmar Bragi Janusson, fyrrverandi framkvæmdastjóri þróunar- og rannsóknarsviðs stoðtækjaframleiðandans Össurar, var á dögnum ráðinn forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands. Í samtali við **Bergstein Sigurðsson** ræðir Hilmar Bragi lykिलinn á bak við velgengni Össurar, samruna háskóla og atvinnulífs og óþrjótandi möguleika þekkingargeirans.

Hilmar Bragi Janusson er önnur kafinn maður og hægara sagt en gert fyrir hann að gefa sér tíma til að spjalla við blaðamann enda í óðaönn að ljúka undirbúningi fyrir sitt fyrsta skólaár sem forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs við Háskóla Íslands. Hann segir það vissulega viðbrigði að söðla um eftir 20 ára starf hjá stoðtækjaframleiðandanum Össuri.

Sumum kann að koma það spáskt fyrir sjónir að maður í góðri stöðu hjá einu fram-sæknasta fyrirtæki í íslensku atvinnulífi og öðru af tveimur stærstu fyrirtækjum í heimi á sínu sviði skuli gefa það upp á bátinn. Hilmar Bragi bendir á að það sama hafa verið upp á teningnum þegar hann gekk til liðs við Össur.

„Þá þótti mörgum fífildjarft að ganga til liðs við svo til óþekkt sprotafyrirtæki frá svo til óþekktu landi. Það var fyrir daga Bjarkar og Decode og umheimurinn vissi sáralítið um Ísland. Síðan höfum við farið allan hringinn til frægðar og frægðar af endemum.“

Hann þekkir orðróminn um að háskólar séu þunglamalegar stofnanir og lítt sveigjanlegar en segir það hins vegar orðum aukíð.

„Ansi margt sem sagt er um háskóla-samfélagið er mýtur; Háskóli Íslands er mun skilvirkari og öflugri stofnun en margir gera sér grein fyrir. Þetta er svipaður vinnustaður og Össur að því leyti að hann er að miklu leyti knúinn af ástríðu og metnaði starfsmanna og slíkt umhverfi hentar mér mjög vel.“

Súpukjötshagkerfið

Hilmar Bragi er fæddur árið 1965 á Akranesi. Hann lærði efnafræði við Háskóla Íslands og lauk síðar doktorsprófi í verkfræði og efnisvísindum. Hann segist í sjálfa sér ekki hafa stefnt á frama í nýsköpunar-geiranum þegar hann tók stefnuna í doktorsnámi.

„Ég sá fyrir mér að snúa bara aftur heim

á Akranes eftir nám. Starfsmöguleikarnir sem mín kynslóð sá fyrir sér var miklu takmarkaðri en í dag.“ Hilmar kynntist hins vegar ungar þeirri hugmyndafræði að til að bæta lífskjör hér á landi til frambúðar yrðu Íslendingar að leggja frekar rækt við nýsköpun en hinar hefðbundnu grunngreinar sem alfarið byggja á frumnýtingu auðlinda. Þessari hugmyndafræði, sem mótaði hann til frambúðar, kynntist hann óvæntum stað.

„Ég var svo heppinn að kynna Jóni Sigurðssyni, forstjóra Járblendifélagsins á Grundartanga, í gegnum fyrsta starf mitt eftir Háskóla Íslands. Jón hafði mikil áhrif á mig, eins og flesta sem kynntust honum. Hann hefur mjög skýra sýn á lífið og samfélagið og var eindreginn talsmaður þess að það þyrfti að skjóta fleiri stöðum undir atvinnulífið á Íslandi og horfði þá einkum til þekkingargeirans.

Hilmar kallar þessa gömlu ofuráherslu á auðlindahagfræði „súpukjötshagkerfið“, þar sem allt gengur út hámarks framleiðslu-magns.



Nágrannar okkar greiða það góðar bætur til þeirra sem missa útlími að fólk er fjárhagslega sjálfstætt eftir slys. Því var ekki að heilsa hér á landi og það var því mikilvægt að koma fólki sem slasaðist aftur á vinnumarkaðinn.

„Slík hugmyndafræði gengur um of á auðlindir landsins og þurreys þær, hvort eð heldur með virkjunum eða ofveiði. Athugaðu, að við Jón tilheyrum báðir iðnaðarframleiðslu, en hann vissi sem var að þetta fyrirkomulag eitt og sér gengi ekki til lengdar. Mér finnst þetta sýna að hægt er að nálgast þessa uppbyggingu öðruvísi heldur en bara með „annaðhvort eða“-rökum.“

Stoðtækjaframleiðandinn Össur, þar sem

Hilmar hóf síðar störf, tileinkaði sér samskonar hugmyndafræði, ekki síst vegna viðhorfa frumkvöðulsins, Össurar Kristjánssonar.

„Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, var á sömu bylgjulengd og nafni hans hjá Járblendifélaginu. Þar hef ég alltaf fundið góðan hljómgrunn fyrir skoðunum mínum hjá eigendum og stjórnendum sem sést best á fjárfestingun fyrirtækisins í nýsköpun. Þessi viðhorf eru enn þá sterkt aðráttar-afl fyrir viðskiptavinum, starfsmenn og fjárfesta. Þótt við værum fyrst og fremst drifin áfram af því bæta lífsgæði fatlaðra, lögðum við okkar af mörkum til eflingar nýsköpunar-geirans þegar við byggðum fyrirtækið.“

Ástríða fyrir nýsköpun

Hilmar Bragi vann hjá Iðntækni stofnun áður en hann tók stökið yfir til Össurar. Ástæðan fyrir því að hann gekk til liðs við stoðtækjaframleiðandann var að finna vísindapekkingu sinni hagnýtan farveg. Hann rifjar upp að árið 1992 var ástandið á Íslandi ekki ósvipað því sem það er nú.

vel sumir segja,“ segir hann og hlær. „Við hittumst reglulega og ræddum málin, skiptumst á hugmyndum og lesefni og hvöttum hver annan til dáða. Við vildum hins vegar ekki sitja við orðin tóm og þegar ég komst á snodir um þetta litla fyrirtæki, Össur, sá ég að þarna gæti ég fundið þekkingu minni á efnisvísindum og verkfræði farveg og sló til. En allir í klúbbum hafa tekið þátt í eða starfað við nýsköpun hver á sínu sviði.“

Framhaldið þekkja allir. Össur varð eitt farsælasta fyrirtæki landsins og leiðandi nýsköpunarfyrirtæki á heimsvísu. Því til vitnis má nefna að yfirgnæfandi fjöldi keppenda á Ólympíuleikum fatlaðra sem standa nú yfir notar stoðtæki frá Össuri. Sem framkvæmdastjóri vörubrunar og vísindastarfs gegndi Hilmar Bragi lykिलhlutverki í fyrirtækinu.

Velgengni Össurar

En hver var lykिलinn að velgengni fyrirtækisins? Hilmar Bragi segir marga þætti hafa lagst á eitt, félagslega, pólitíska og efnahagslega.

„Fyrirtækið byggði á reynslu í heilbrigðisþjónustu sem var sérlega metnaðarfull og gengið mjög langt við það að finna lausnir sem nýttust notendum. Einnig voru hlutir í umhverfinu sem sköpuðu sérstöðu. Í fyrsta lagi má nefna aldursræðingunni þjóðarinnar; þrátt fyrir að lífslíkur væru mjög góðar var þjóðin enn tiltölulega ung. Helstu ástæður þess að fólk þyrfti gervilimi og önnur stoðtæki voru bíl- og vinnuslys. Fyrir vikið miðaðist hönnun okkar við ungt fólk en víða annars staðar voru það fyrst og fremst aldradír sem þörfuðust stoðtækja.

Í öðru lagi má nefna velferðarkerfið á Ísland. Nágrannar okkar greiða það góðar bætur til þeirra sem missa útlími að fólk er fjárhagslega sjálfstætt eftir slys. Því var ekki að heilsa hér á landi og það var því mikilvægt að koma fólki sem slasaðist aftur á vinnumarkaðinn. Hönnun okkar miðaðist

FRAMHALD Á SÍÐU 32

Nýjar vörur

fersktar og spennandi



einfaldlega betri kostur



ANDORRA legubekkur + hornsófi. L203 cm.

179.900,-


ANDORRA NÝTT

Áklæði: 55% pólýester, 45% akrýl.

Legubekkur + hornsófi. L203 cm. **179.900,-**

3ja sæta sófi CHILI BLACK. L208 cm. **89.900,-**

2ja sæta. L179 cm. **79.900,-**



© ILVA Island 2012

MILLANGE NÝTT

Prjónuð sessa. Bómull.
Ø50, H35 cm.

14.995,-



MAJESTICK NÝTT

Prjónuð sessa. Bómull.
Ø45, H40 cm.

14.995,- Einnig til grá.



LETTER NÝTT

Bókstafur. **1.995,-/stk.**



OSLO

Ábreiða. 130x200 cm. **6.995,-**
Einnig til í fleiri litum.



METULA NÝTT

Stóll. Svartlakkaður. **19.900,-**
Einnig til hvítur og silfurlitaður.

CRISS NÝTT

Prjónuð sessa.
Ø50, H35 cm.

14.995,- Einnig til gul.



WOODEN BASKET NÝTT

Trékassi á hjólum.
45x32x30 cm **5.995,-**

HOBBY DELUXE NÝTT

Króm gólf lampi. H180 cm.
16.995,- Einnig til svartur og hvítur.



BIRD CASE NÝTT

Viðarfuglahús m/hengi.
25x15x22cm. **3.995,-**



RHINO NÝTT

Hvítur nashyrningur úr pólýresin.
H19 cm. **12.995,-**

GIRAFF NÝTT

Hvítur giraffi úr pólýresin. H53 cm.
14.995,-



LOVE IS... NÝTT


40x60 cm grár púði m/texta.
6.995,-

PAST 8 NÝTT

Púði - úr. 100% bómull/pólýester
fyllingu. 40x30 cm. **3.495,-**

WOODEN BASKET NÝTT

Trékassi "Garden herbs"
36x23x16 cm **2.995,-**
Trékassi "Appels"
39,5x23x11 cm **2.495,-**



Copenhagen loka

Skinka, ostur, beikon,
hvítlauks rjómaostur,
rauðlaukur og sinnepssósa
Verð 795,- **NÚ 595,-**
m/salati til hliðar
Verð 1.190,- **NÚ 895,-**



SAMLOKA MÁNADARINS

VISA Lán

- VAXTALAUST
Bjódum uppá
vaxtalaust lán
til 6 mánaða





ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík s: 522 4500
laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18 mánudaga - föstudaga 11-18:30
www.ILVA.is

NÝJAR SLÓÐIR

FRAMANDI VESTNORRÆN
MENNINGARHELGI

REYKJAVÍK

7.-9. SEPTEMBER 2012



Taktu þátt í skemmtilegum **ratleik** og þú átt kost á að vinna ferð fyrir tvo til Nuuk á Grænlandi með Flugfélagi Íslands að verðmæti 200 þúsund kr., 100 þúsund kr. gjafabréf frá 66° Norður eða kvöldverð fyrir tvo á veitingastaðnum DILL í Norræna húsinu.

Í dag kl. 18.00:

Stórtónleikar í flugskýli Flugfélags Íslands: Orka, Nanook, Prins Póló og Guðríð Hansdóttir.



www.budafjdesign.com




- 1 Gámur: Hanni Bjartalið, FO
- 2 Höfnin: Matartorg
- 3 Gámur: Vík Þrjónsdóttir, IS
- 4 Ráðhús Reykjavíkur, Vestnorrænt fjöltefli
- 5 Gámur: Kalak vínafélag Grænlands og Íslands
- 6 Gámur: Norræna Félagið
- 7 Gámur: Færeyingafélagið
- 8 Gámur: Bibi Chemnitz, GL
- 9 Gámur: Lana Hansen, GL
- 10 Norræna húsið: Lis Stender Inuk design, GL
- 11 Gámur: Tónlistarmyndbönd frá Færeyjum og Grænlandi
- 12 Gámur: Róló og nesti
- 13 Gámur: Rammatik, FO
- 14 Flugskýli: Tónleikar
- 15 Hverfisgata 54: Bíóparadís, Ivalo Frank og Rammatik



Dagskrárbækling hátíðarinnar er hægt að nálgast í ráðhúsi Reykjavíkur, í Norræna húsinu og í flugstöð Flugfélags Íslands.



Skoðaðu alla dagskrána á:
www.facebook.com/NyjarSlodir



NORRÆNA HÚSIÐ

Norræna húsið Sturlugata 5 101 Reykjavík S: 5517030 www.norraenahusid.is [facebook.com/norraenahusid](https://www.facebook.com/norraenahusid)



ÖSSUR Sem framkvæmdastjóri rannsókn- og vörupróunarsviðs hjá Stoðtækjaframleiðandanum Össuri, átti Hilmar Bragi þátt í að gera fyrirtækið að einu framsæknasta fyrirtæki heims á sínu sviði. Fleira en hugvit átti þátt í því að koma Össuri í fremstu röð, þar áttu einnig félagslegir, pólitískir og efnahagslegir þættir hlut að máli.”

MYND/ÖSSUR

FRAMHALD AF SÍÐU 28

Því við að gera þann sem þurfti að stoðtækjunum að halda eins sjálfstæðan og mögulegt var.

Ég man eftir því þegar við vorum að þróa hugmynd að tæki sem hjálpaði fólki að festa gervifót á sig sjálf. Samstarfsfólk okkar í Svíþjóð leit ekki á það sem sérstakt vandamál því þar kom aðstoðarfólk heim til fólks á hverjum degi og aðstoðaði það við að koma fætinum á. Það gekk ekki á Íslandi; hönnunin þurfti að miðast við að sá sem notaði gervifóttinn gæti ekki aðeins sett hann sjálfur á sig, heldur þurfti hann líka að vera nógu sterkur og liðlegur til að viðkomandi gæti stundað vinnu áfram. Þetta gerði það að verkum að við vorum að oft að þróa vörur fyrir „super users“ og því ekki að undra að niðurstaðan yrði góð. Fyrirtækið er því í draumastöðu í dag þar sem núna er þetta orðin almennur hugsunaráttur í endurhæfingu að gera fólk eins sjálfstætt og mögulegt er og gera því kleift að lifa lífinu með reisn.“

Þriðji þátturinn sem skipti sköpum fyrir velgengi Össurar á upphafsárum fyrirtækisins var að efnahagslífið á Íslandi var að losna úr læðingi og hleypa nýjum krafti í atvinnulífið.

„Atvinnulífið á Íslandi hafði verið fábreytt, eins og þekkt er, eina raunverulega fyrirtækið með hurðum og gluggum eins og þau þekkjast á alþjóðavísu var Eimskipafélagið. 10. áratugurinn var að þessu leyti uppgangstími

„Íslenska fyrirtækisins“; einstaklingsframtakið, sem fékk að njóta sín, aukið fjármagn og alþjóðavæðing gerðu nýsköpunarfyrirtækjum á borð við Össur kleift að þrífast og þróast.“

Að búa til verðmæti úr þekkingu

Þegar hann gekk til liðs við Össur ímyndaði Hilmar Bragi sér ekki að hann ætti eftir að vera þar næstu tuttugu árin. Hugur hans hafði þó alltaf staðið til rannsóknarstarfa og hann ákvað að söðla um áður en það yrði of seint.

„Það var komið að þeim tímapunkti að það var orðið spurning um að hrökkva eða stökkva ef ég vildi eiga einhvern frama að ráði innan akademíunnar,“ segir hann. Markmiðið sem forseti VON segir hann vera að halda áfram að gera Háskóla Íslands að öflugum rannsóknarháskóla og búa til verðmæti úr þeirri þekkingu sem verður til. „Það þarf að búa til kúltúr nýsköpunar þar sem rannsóknirnar eru hagnýttar til að búa til verðmæti.“

Hilmar Bragi segir þetta ekki kalla á nánari tengsl við atvinnulífið heldur hreinlega samruna. „Viðast hvar er þessi gamli greinarmunur ekki gerður á háskóla og atvinnulífi; háskólinn er hluti af atvinnulífinu. Til að setja þetta í samhengi má nefna að innan VON eru flestir doktorsnemar á Íslandi sem skilar sér í 300 ársverkum í rannsóknartengdu námi. Þetta er vinna sem var ekki til á Íslandi fyrir nokkrum árum og felur í sér fjölda tækifæra. Mitt starf er að koma þeim í verð. Við eigum aðvitað ekkert að slaka á rannsóknar-

starfinu en það þarf líka að huga að hagnýtingunni þannig að þekkingin skili sér hratt og örugglega.“

Hilmar Bragi segir ótvírætt að þekkingargeirinn hafi fest sig í sessi sem ein af grunnstöðum samfélagsins og standi traustum fótum.

„Já, biðu fyrir þér. Fyrir ekki svo löngu gátum við ekki mannað yfirmannastöður í stærri fyrir-

Litlu fyrirtækin þurfa hvatningu

Það eru engin merki um það að þessi þróun eigi eftir að ganga til baka að mati Hilmars, því lífsgæði samfélagsins krefjast mun verðmætari afurða en áður. Á samdráttartímum sé „súpukjöts-hagkerfið“ hins vegar aldrei langt undan.

„Þá eru gerðar kröfur um fleiri virkjanir, hærra aflaheimildir og

„ESB kemur mér fyrir sjónir sem þunglamalegt, óskilvirkt og ósveigjanlegt bákn, fjarri þörfum einstaklinga og þar með nýsköpunargeirans. Rannsóknáætlanir og samstarf innan Evrópusvæðisins hefur hins vegar getið af sér mjög athyglisverðar rannsóknir og möguleika fyrir Íslendinga til að byggja upp færni á ólíklegustu sviðum.“



Nú þegar geiranum hefur vaxið fiskur um hrygg beinist athyglin kannski einum um of að fyrirtækjum sem hafa þegar sannað sig en minna hugað að sprotafyrirtækjunum. Velgengi fyrirtækja á borð við Össur ætti að beina athygli stjórnvalda að litlu fyrirtækjunum – það eru þau sem þurfa á uppbyggilegu umhverfi að halda.“

tækjum. Nú eru forstjórar á borð við Tómas Sigurðsson farnir að færast upp á við í sínum fyrirtækjum og stýra þeim á alþjóðavísu. Við erum líka með fjölda nýsköpunarfyrirtækja sem hafa unnið merkilegt starf, Nox medical, Mentis cura, Stjórnúoddi, svo einhver séu nefnd. Áhrifanna gætir líka svo víða annars staðar. Umgengni um auðlindir og stjórnum og skipulagning nýtingar er allt önnur en hún var og allt önnur viðmið höfð að leiðarljósi, sem ég held að sé einfaldlega afrakstur þekkingargeirans enda hafa margir sem þar stjórna fengið uppeldi og leiðsögn í nýsköpunarfyrirtækjum.“

fiskeldi í hvern fjörð og svo framvegis. Ég skil svo sem þessa þrá og viljann til að reyna að kippa hlutunum í lag í einu vefangi en þetta eru ekki raunsæ langtíamarkmið.“

Spurður út í hlut stjórnvalda í þróun hátæknigeirans kveðst Hilmar ætla að tala varlega því hann sitji nú í skjóli hins opinbera.

„Almennt er ég á því að þetta sé fyrst og fremst spurning um frumkvæði, hver á að hafa það? Ég trúi að frumkvæði einstaklinga og einkaaðila ýti okkur fram á við, ekki frumkvæði ríkisins. Hið opinbera blandar sér yfirleitt í leikinn þegar hugmyndirnar hafa sannað sig og eru farnar að lofa góðu. Kannski er ágætt að hið opinbera ríði ekki á vaðið út í óvissuna heldur bíði átekta. Hitt er svo annað mál að stundum verður maður jafnvel var við að menn reyni að eigna sér frumkvæðið af einhverju sem þeir tóku í rauninni ekki þátt í.“

Hilmar Bragi vill að stjórnvöld marki sér skýrari stefnu gagnvart nýsköpunargeiranum og fylgi henni eftir af festu.

„Nú þegar geiranum hefur vaxið fiskur um hrygg beinist athyglin kannski einum um of að fyrirtækjum sem hafa þegar sannað sig en minna hugað að sprotafyrirtækjunum. Velgengi fyrirtækja á borð við Össur ætti að beina athygli stjórnvalda að litlu fyrirtækjunum – það eru þau sem þurfa á uppbyggilegu umhverfi að halda.“

ESB ekki endilega fýsilegur kostur

Hilmar Bragi segir að með aðild Íslands að EES-samningnum og innleiðingu tilskipana tengdum honum hafi komið tryggt ákveðið athafnafrælsi. Stjórnvöld verði hins vegar að marka skynsama stefnu til framtíðar og forðast að taka upp íþyngjandi og óskilvirkt regluverk, sem þjóni „engum tilgangi nema til að sýnast“. Spurður út í mögulega inngöngu Íslands í ESB segist hann gera fyrirvara.

Ég hef í sjálfu sér ekki skoðun á inngöngu Íslands í ESB, því mér finnst spurningin í rauninni ekki aðkallandi. Ég skil vel röksemdirnar fyrir inngöngu; að fá stöðugri gjaldmiðil, utanaðkomandi aðhald og þar fram eftir götum. Staðreyndin er hins vegar sú að áður en til þess kemur þurfum við að taka rækilega til í eigin ranni; í fjármálakerfinu, „etfkinni“, ríkisrekstrinum og svo framvegis. Það er ekki fyrr en að þeirri tiltekt lokinni sem það verður aðkallandi spurning hvert skuli halda þaðan og þá er ekkert víst að innganga í Evrópusambandið verði jafn fýsilegur kostur, auk þess sem samningsstaða okkar væri þá hugsanlega mun betri.“

Sækjum það besta úr báðum áttum

Sjálfum finnst Hilmar Bragi þá fara Íslendingum vel að vera á flekaskilum. Sjálfur starfar hann enda á flekamótum vísinda og verkfræði, hagnýtingar og grunnrannsóknar. Hann bjó lengi í Kaliforníu þar sem Össur er með stóra starfsstöð og segir margt í Bandaríkjunum sem Íslendingar gætu tekið til fyrirmyndar.

„Umræðan um bandarískt samfélag er ansi einsleit hér á landi og í Evrópu og gefur dálítið villandi mynd. Það er margt að sækja til Bandaríkjanna, ekki síst fjölmennunguna sem þrífst þar og einstaklingsframtakið sem er verðlaunað; fjármálakerfið er öflugt og umræðan afskaplega opin og frjáls – þótt stjórn málaumræðan sem birtist í okkar fjölmiðlum sé ekki endilega til marks um það. Við höfum og getum lært margt af Bandaríkjamönnum, án þess að þurfa að að tileinka okkur allt í þeirra fari. Það hefur sína kosti að vera mitt á milli Bandaríkjanna og Evrópu, bæði í landfræðilegum og menningarlegum skilningi. Okkur gæti farnast býsna vel að sækja það besta úr báðum áttum.“

Menntaskólinn við Hamrahlíð

www.mh.is

STÖÐUPRÓF

Stöðupróf á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins verða haldin í Menntaskólanum við Hamrahlíð 13. september kl. 16:00 í eftirfarandi tungumálum:

Albönsku, bosnisku, eistnesku, filippísku (tagalog og cebuano), finnsku, grísku, hollensku, japönsku, kínversku, króatísku, lítháisku, portúgölsku, pólsku, rússnesku, serbnesku, slóvensku, tailensku, tékknesku, tyrknesku, Twi, ungversku, úkraínsku og víetnömösku.

Rafræn skráning í stöðupróf fer fram á heimasíðu skólans <http://www.mh.is/skolinn/exam/>. Frekari upplýsingar á skrifstofu skólans í síma 595-5200. Sýna þarf persónuskilríki með mynd í prófinu.

Prófgjald, kr. 8000 fyrir hvert próf, ber að greiða inn á reikning Menntaskólans við Hamrahlíð í banka 323 hb 26 nr 106, kt. 460269-3509. Greiðslufrestur er til hádegis á prófdegi, nauðsynlegt er að fram komi nafn og kennitala próftaka. Réttur til próftöku byggist á að prófgjald hafi verið greitt.

PLACEMENT TESTS

Placement tests (for Secondary School credit) will be held at Menntaskólinn við Hamrahlíð on September 13th at 4 pm in the following languages:

Albanian, Bosnian, Chinese, Croatian, Czech, Dutch, Estonian, Filipino (tagalog and cebuano), Finnish, Greek, Hungarian, Japanese, Lithuanian, Portugese, Polish, Russian, Serbian, Slovenian, Thai, Turkish, Twi, Ukrainian and Vietnamese.

On-line registration takes place on the school website <http://www.mh.is/skolinn/exam/>. For more information call the school office tel. 595-5200. Everyone sitting the test must show an ID with a picture.

The fee, kr. 8000 per test, should be paid to the account of the Menntaskólinn við Hamrahlíð bank 323 – 26 – account no. 106, id. 460269-3509 before noon on the 13th. Please provide the name and identification number of the examinee when paying. Only those that have paid can sit the exam.

Rektor.



FRÍTT INN

FRÍTT INN

STÓRSÝNING Í PERLUNNI

HEILSA HÚÐ OG HÁR 2012

OPIÐ LAUGARDAG OG SUNNUDAG 8.-9. SEPTEMBER
12.00 – 18.30

FRÁBÆR TILBOÐ




Lýngata 13 - 101 Reykjavík - Sími 340 8000 - Fax 340 8001 - www.icepharma.is



DECUBAL

SAGAMEDICA



LOGY.IS



AVON
the company for women



femin.is | Fyrir allar konur

Neutral

ALLT ÞAÐ NÝJASTA FYRIR HEILSU, HÚÐ OG HÁR



Er leikandi listir um allan heim

Atvinna **Birtu Benónýsdóttur** er ekki dæmigerð fyrir hinn venjulega Íslending. Hún felst meðal annars í að fara í heljarstökk og skrúfur í háu falli og freista þess að vera gripin eða tylla sér efst á fjögurra hæða mannáframíða. Hún er sirkuslistamaður á flakki um heiminn en hefur aðsetur í París og þar náði **Gunnþóra Gunnarsdóttir** í hana í síma.

Þetta er það sem mér finnst skemmtilegast að gera. Ég hugsa að ég verði aldrei rík en bý við þá hamingju að hlakka til að fara í vinnuna á hverjum degi," segir Birta Benónýsdóttir um starfið sitt sem fimleikamaður í sirkus og heldur áfram að tíunda kosti þess. „Ég kynnist líka stöðugt nýju fólki og nýjum menningarheimum því starfinu fylgja mikil ferðalög og það eru líka þau sem heilla.“

Birta býr í París og er heima akkúrat þá stundina sem samtalið fer fram. „Ég kom hingað í nótt og fer aftur á morgun. Ég er aldrei nema nokkra daga á sama stað heldur flakka á milli með sýningarflokkum um heiminn og þá er misjafnt hvort ég bý í húsvagni, hóteli eða einhvers staðar annars staðar. Síðasta ár fór ég til Marokkó, Búrkiná Fasó og Fílabeinsstrandarinnar í Afríku. Í ár fór ég til Palestínu og næsta ár er það Ameríka og Suður-Ameríka. Svo náttúrulega ferðast ég mikið um allt Frakkland. Ég starfa með tveimur hópum, Les Studios de Cirque og Compagnie XY. Þeir eru eingöngu með atriði sem við notum mannslíkamann í. Það er mikil hefð fyrir þeirri list hér í Frakklandi og gríðarmörg fyrirtæki sem reka slíka sirkusa.“

Les Studios de Cirque er að setja upp nýja sýningu sem heitir Plume Attack og verður frumsýnd núna í lok september. Það er götuleikhússýning sem gerist í strætó. Við erum búin að breyta strætó, klippa hann í sundur og koma þar fyrir alls konar tólum og tækjum og svo hoppum við út um allt eins og vitleysingar. Markmiðið er að fara í gegnum borgir, þorp og bæi og vera með uppstand á götunum. Svo í október er ég að fara að taka við hlutverki í sýningu með Compagnie XY sem heitir Le Grand C sem er búin að vera ein vinsælasta sýningin hér í Frakklandi. Það er „hönd í hönd“ sýning með 18 manns. Ég verð þar allt næsta árið og það verður nóg að gera. Það er með þeirri sýningu sem ég fer til Ameríku.“

Fékk tvöfalt brjóskslo

Birta er búin að vera í Frakklandi frá árinu 2007. Fórst út gagngert til að læra sirkuslistir, fyrst allra Íslendinga. „Ég kom hingað til að fara í einn virtasta sirkusháskóla í Evrópu og bara í heiminum. Hann er í kampavínshéruðunum. Þetta er þriggja ára nám á háskólastigi þar sem hver og einn hefur sitt sérsvið en fær líka sinn skammt af heimspeki og sögu og öllu sem tilheyrir sviðslistum, svo sem dansi, leiklist og tónlist.“

Að leika listir á sveiflandi rólu í sjö metra hæð var í upphafi sérsvið Birtu. Það kallar hún „trapísu“. Síðan tók annað sérsvið við. „Það er erfitt að útskýra þetta á íslensku, því orðaforðann yfir svona fyrirbæri vantar í málið! En ég varð sem sagt loftfimeikakona. Var með annarri stelpu sem hékk á hjánum í sex metra hæð og kastaði mér út um allt. Núna vinn ég við að gera það sem kallað er „hönd í hönd“. Það þýðir að ég hoppa ofan á annað fólk og vona að það gripri mig, stend á annarri hendi ofan á hausnum á einhverjum, eða er skotið upp á vegasalt og er gripin í fallinu en í loftinu fer ég í heljarstökk og skrúfur.“

Sem sagt í mestu áhættuatriðunum? „Já. Einhverra hluta vegna finn ég mig í því sem er hræðilegt og ég er skíthrædd við, virðist leita í það á kerfisbundinn hátt. Það er bara það sem mér finnst skemmtilegast að gera.“

Allt hefur gengið vel til þessa fyrir utan að á síðasta ári kveðst Birta hafa lent í tvöföldu brjóskslo og legið í rúminu í sex vikur. „Ég tók því rólega í smátíma á eftir og



BIRTA BENÓNÝS Er núna að æfa götuleikhússýningu sem gerist í strætó og verður frumsýnd í lok mánaðarins.

UPPHAF SIRKUSSINS

Hinn enski Philip Astley (1742 - 1814) er talinn vera faðir nútíma-sirkuss. Hann var reiðlistamaður og stofnaði fyrsta sirkusinn í London 1770 á afgirtu athafnasvæði við Westminster-brúna þar sem uppstaða sýningaratriða voru reiðlistir og loftfimeikar. Áður hafði hann sýnt reiðlistir sínar á hringvelli annars staðar í borginni og þær urðu grunnurinn að því sem síðan er kallað sirkus.

Vinsældir sirkuss Astley spurðust yfir Ermarsundið og konungur Frakklands bauð honum að sýna í Versölum árið 1772. Tíu árum síðar stofnaði Astley fyrsta sirkus í Frakklandi, Amphithéâtre Astley í París.



SIRKUSLISTAKONAN „Ég hoppa ofan á annað fólk og vona að það gripri mig,“ segir hin áhættusækna Birta.



Á HVOLFI „Ég valdi auðvitað skóla þar sem ég gat staðið á höndum allan daginn,“ segir hún.



Einhverra hluta vegna finn ég mig í því sem er hræðilegt og ég er skíthrædd við, virðist leita í það á kerfisbundinn hátt.

fór svo aftur af stað en verð að fara svolítið varlega með mig og ofgera ekki líkamanum. Það er samt dálítið erfitt þegar maður er að sýna á hverju kvöldi.“

Grunnurinn undir þetta ævintýrlega starf var iðkun fimleika frá sex ára aldri. „Ég var búin að vera bæði hjá Ármanni og Gróttu og var í landsliðinu í fimleikum. Þannig að ég var með akrobátískan grunn. Svo var ég hoppandi og skoppandi í götuleikhúsinu hjá Hinu húsinu í nokkur ár og þegar ég var 18 ára fór ég á sirkusnámskeið á listahátíðinni LungA á Seyðisfirði. Þá komst ég að því að það væru til háskólar í þeim listum. Ég áttaði mig á að í sirkus tvinnast allt saman, dansinn, leiklistin og fleiri líkamlega krefjandi tjáningarform þannig að ég valdi auðvitað skóla þar sem ég gat staðið á höndum allan daginn!“ segir hún hlæjandi „... og að geta svo fengið borgað fyrir að gera það sem mér fannst skemmtilegast, það var mikil uppgötvun.“

Á unnusta í öðrum sirkus

En nú er komið að því að tala um meinbugina á sirkuslífinu. Birta á nefnilega franskann unnusta sem hún getur ekki hitt nema endrum og eins því hann vinnur sem línudansari í öðrum sirkus. „Það er málið,“ segir hún. „Við erum hvort hjá sínu fyrirtækinu og sjáumst einu sinni í mánuði ef við erum heppin. Hann er búinn að vera í Englandi og ég í Suður-Frakklandi undanfarið en reynum að finna okkur stað og tíma til að hittast.“ Hún segir þau hafa verið saman í þrjú ár. „Við vorum upphaflega í sama skólanum og gátum hist á hverjum degi en svo þegar við erum byrjuð að vinna á fullu verður þetta þúsl. Sem betur fer eigum við ekki börn enn þá, þá fyrst gæti þetta orðið svolítið flókið! Þó á ég marga vini í þessum bransa sem eiga börn. Þetta verður bara lífsstíll. Börnin alast upp úti um allt, tala ótal tungumál, eiga gott með að aðlagast og verða bara mjög vel heppnaðir einstaklingar. Þannig að það verður ekkert mál.“

Birta reynir að koma heim einu sinni á ári en segir stundum erfitt að finna tíma í það. „Ég verð þó að gera það til að halda við íslenskunni,“ segir hún. „Eins og þú heyrir er það ekki á hverjum degi sem ég tala íslensku og er farin að ryðga enda eru kominn fimm ár síðan ég flutti. Fyrstu þrjú árin var þetta allt í lagi. Þá var ég líka að læra frönskuna almennilega. En það er erfiðara og erfiðara að koma heim og fólk hlær alltaf meira og meira að því hvað ég er komin með rosalegan heim. Systir mín sem er fimmtán ára horfir á mig eins og ég sé alger hálfviti. „Af hverju talarðu svona?“ segir hún.

Ekki sér Birta fram á að koma heim í brád til að starfa við sóna grein en segir þó heilmikla þróun hafa átt sér stað hér frá því hún fór út. „Nú hafa fleiri fengið áhuga á sirkuslistum og eru farnir í nám,“ bendir hún á. „Svo er kominn Sirkus Íslands sem er að vinna gott starf.“

HEITASTA ÁSTARSAGAN

BÓKIN SEM ALLIR ERU AÐ TALA UM

Fifty
Shades
of Grey™


Heitasta
verðið!
2.699

Fimmtíu
gráir
skuggar

**BÓK
MÁNAÐARINS
Í HAGKAUP**

EL James

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



VIÐ YSTA HAF

Tíminn hefur sett sitt mark á mannlífs-
minjar á Gjögri við Reykjarfjörð norður
á Ströndum eins og myndir *Vilhelms
Gunnarssonar* ljósmyndara bera vitni um.





zoom-zoom

Mazda2

TAKARA EDITION

Takara er japanskt orð yfir fjársjóð. Takara sérútgáfan er sparneytinn, hagkvæmur lúxus borgarbíll. Tékkaðu á hagstæðu verði, lágum rekstrar-kostnaði og lítilli eyðslu. Þú sérð að Mazda2 Takara er fjársjóðsfundur. Prófaðu og gerðu samanburð. Mundu að Mazda er frábær í endursölu. Gerðu góð kaup núna.



Á meðal búnaðar eru álfelgur 15", rafdrifnar rúður framan og aftan, tölvustýrð miðstöð með loftkælingu leðurstýri, aksturstölva ásamt mörgu fleiru.



Mazda2 TAKARA EDITION KR: 2.290.000,-

Mazda.is

*Eldsneytisnotkun í langkeyrslu er 4,3 l/100 km, í blönduðum akstri 5,0 l/100 km, innanbæjarakstri 6,2 l/100 km. CO₂-losun er 115 g/km. Frítt í stæði í 90 mínútur hjá Reykjavíkurborg. Orkuflokkur. **A**

Opið virka daga kl. 09.00 - 17.00, laugardaga kl. 12.00 - 16.00.
Aukin þjónusta. Varahlutaverslun opin laugardaga frá 12-16.


brimborg

Lokatörn kosningabaráttunnar

Peir **Barack Obama** Bandaríkjaforseti og mótframbjóðandi hans, **Mitt Romney**, munu nota síðustu vikurnar fram að forsetakosningum í ferðalög um þau ríki Bandaríkjanna, þar sem munurinn á fylgi þeirra hefur mælst minnstur. Úrslit kosninganna ráðast af því hvor þeirra nær að tryggja sér sigur í fleiri barátturíkjum. *Guðsteinn Bjarnason* fer yfir stöðuna vestra.

Innan við tveir mánuðir eru nú til forsetakosninga í Bandaríkjunum. Skoðanakannanir sýna að úrslitin gætu farið á hvorn veginn sem er, þótt Obama hafi lengi mælst með svölitið forskot á Romney.

Baráttan verður einkum háð í átta til tólf af fimmtíu ríkjum Bandaríkjanna. Í þessum átta ríkjum er nefnilega afar mjótt á muninum og nokkuð ljóst að forsetaembætti fellur í hlut þess sem nær að tryggja sér sigur í fleiri af þessum átta barátturíkjum en hinn.

Í flestum hinum ríkjunum geta þeir leyft sér að slaka á, því úrslitin þar þykja nánast ráðin fyrir fram.

Peir Barack Obama og Mitt Romney munu því eyða næstu vikum í ferðalög um þessi átta barátturíki, koma fram á kosningafundum og heimsækja bæjarfélög og stofnanir og fyrirtæki. Taka í höndina á sem flestum, lyfta upp litlum börnum og brosa eins oft og þeir geta framan í sjónvarpsvélarnar sem fylgja þeim hvert fótmál.

Valkostir

Landsfundir Demókrataflokkans í þessari viku og Repúblikanaflokksins í síðustu viku marka að venju upphafið að lokatörn kosningabaráttunnar, með ræðum forsetaefnanna og helstu stuðningsmanna þeirra.

Í ræðu sinni á fimmtudagskvöld bað Obama þjóðina um að sýna sér þolinmæði og kjósa sig aftur, þótt ekki hafi allt gengið upp á fyrsta kjörtímabilinu.

Hann sagði Bandaríkjamenn að þessu sinni eiga óvenju skýrt val á milli ólíkra hugmynda demókrata annars vegar og repúblikana hins vegar, einkum um hlutverk ríkisvaldsins. Demókratar sjá ekkert athugasvert við að nota ríkisvaldið til þess að laga það sem aflaga fór í efnahagslífinu, en repúblikanar megar vart til þess hugsá.


Sjálfur hafi hann óhikað notað ríkisfé til þess að bjarga til dæmis bifreiðaframleiðendum frá því að fara á hausinn í kreppunni, og þar með komið í veg fyrir að þúsundir manna misstu vinnuna.

Romney var á móti þessari notkun ríkisfjármuna, og Obama gerði óspart grín að þeirri trú repúblikana að skattalækkunir geti læknað öll mein: „Ertu með afgang á ríkisfjárlögum? Reyndu skattalækkun. Fjárлагahallinn of hár? Prófaðu aðra. Ertu kannski að fá kvef? Taktu tvær skattalækkunir, felldu niður nokkrar reglugerðir og hringdu svo í okkur í fyrramálið.“

BARÁTTURÍKIN



Barack Obama og Mitt Romney þurfa að tryggja sér atkvæði að minnsta kosti 270 kjórmanna til að vinna sigur í forsetakosningunum í byrjun nóvember. Í flestum ríkjum Bandaríkjanna þykja úrslitin fyrirfram að mestu ráðin, en í nokkrum þeirra er enn mjótt á muninum og þar verður þunginn í kosningabaráttunni mestur.



Vonbrigði

Í ræðu sinni á landsþingi repúblikana í síðustu viku sagði Romney Bandaríkjamenn hins vegar búna að fá meira en nóg af Obama, þótt þeir hafi haft trú á honum fyrir fjórum árum.

Hann sagði Bandaríkjamenn trú á frelsið og framtíðina, þar á meðal frelsið til að segja hug sinn og búa sér í lífinu: „Og já, líka frelsið til að byggja upp fyrirtæki. Af eigin rammleik.“

Hann sagði vonleysið vera farið að ná tökum á þjóðinni, en sjálfur gæti hann snúið þessari þróun við, og vitnaði til reynslu sinnar af því að byggja upp fyrir-

SNÝST UM ATKVÆÐI 538 KJÓRMANNA

Forseti Bandaríkjanna er formlega kosinn á kjórmannasamkomu, sem kölluð er saman eftir að eiginlegum forsetakosningum meðal almennings er lokið. Kjórmennirnir eru alls 538, sem þýðir að til sigurs þarf atkvæði að minnsta kosti 270 kjórmanna á samkomunni. Hvert ríki hefur misjafnlega marga fulltrúa á kjórmannasamkomunni, og fer kjórmannafjöldinn í grófum dráttum eftir íbúafjölda hvers ríkis. Fyrir forsetaefnin munar því mestu um að tryggja sér sigur í fjölmennustu ríkjunum, en á síðustu vikunum snýst kosningabaráttan einkum um að tryggja sér sigur í þeim ríkjum, þar sem skoðanakannanir sýna að minnstu munar á frambjóðendum. Í forsetakosningunum 2008 tókst Barack Obama að tryggja sér sigur í öllum barátturíkjunum, og þar með hrepti hann embættið.

tæki, sem stundum hafi gengið vel en stundum illa: „Þetta er það sem þessi forseti virðist ekki skilja. Að fyrirtæki og fleiri

störf snúast um að taka áhættu, mistakast stundum en takast stundum vel upp, en alltaf að reyna. Þetta snýst um drauma.“

Efnahagsmálin

Báðir leggja þannig mikla áherslu á efnahagsmálin.

Obama beinir athyglinni að þeirri erfiðu stöðu sem hann fékk í arf frá forvera sínum, repúblikanum George W. Bush. Kreppan hafi verið það illviðráðanleg að hann þurfi meiri tíma til að gera það sem gera þurfi.

Romney beinir hins vegar athyglinni að því að hve hægt hafi gengið að ná upp hagvexti. Atvinnuleysið hafi til dæmis ekki komist niður og þess vegna eigi Obama ekki skilið að sitja lengur að embættinu.

Úrslitin ráðast svo þriðjudaginn 6. nóvember, þegar gengið verður til atkvæða.

BEINT FRÁ BÝLI
HEFST Í KVÖLD KL. 19.35

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

Kringlan ♥ 25

25 ♥ áRA afmæli



Vænir veitingastaðir og kaffihús

Í Kringlunni má finna fjölda veitingastaða og kaffihúsa sem bjóða upp á fjölbreyttan mat og þjónustu. Flestir staðirnir eru á Stjörnutorgi Kringlunnar á þriðju hæð þar sem boðið er upp á sameiginlegt svæði til að setjast niður og borða. Hægt er að finna staði sem bjóða upp á veitingar í nánast öllum hornum verslunarmiðstöðvarinnar.

Booztbar/Ísbar

Á Booztbar/Ísbar er boðið upp á margt spennandi fyrir bragðlaukana og má þar helst nefna ómótstæðilegan ítalskan ís, krap, kaffi, smoothies, jógúrtís og fleira og fleira. Staðurinn er á Stjörnutorgi.

Café Bleu

Café Bleu er veitingastaður og kaffihús á Stjörnutorgi. Þar er gott að setjast niður og fá sér kaffi og kökur eða stærri rétti, svo sem pasta og steikur og allt þar á milli.

Café Roma

Café Roma er lítið og notalegt kaffihús á annarri hæð Kringlunnar á móti Eymundsson og Bónus. Það býður upp á úrval kaffidrykkja og bakkelsi á góðu verði. Góð og persónuleg þjónusta er höfð að leiðarljósi.

Culina

Á Culina er boðið upp á heilnæman heimilismat. Þar má fá til dæmis salat, tortillur, eggjakökur, fisk, kjúkling og smurbrauð. Boðið er upp á bæði súpu dagsins og rétt dagsins á sanngjörnu verði.

Domino's Pizza

Pitsustaður á Stjörnutorgi. Domino's Pizza er heimsþekktur skyndibitastaður og eru fjórtán

slíkir staðir hér á landi. Þar er lögð áhersla á að vinna alltaf með fyrsta flokks hráefni og hágæðavöru.

Grillhúsið Express

Á Grillhúsinu Express á Stjörnutorgi er boðið upp á vinsælustu rétti Grillhússins. Allir réttir Grillhússins eru vel útlátnir og ódýrir og þjónustan er snögg.

Ísbúðin

Ísbúðin er í Hagkaup á fyrstu hæð. Þar er boðið upp á alls kyns ísrétti, ís úr vél, kúluis, pinnaís, krap og margt fleira.

Jói Fel

Bakaríð Hjá Jóa Fel er í Hagkaupi á fyrstu hæð. Þar má fá hefðbundin bakkelsi, léttu rétti, brauð og margt fleira. Öll brauð bakarísins eru bökuð í steinofni sem gerir þau bragðbetri og gefur góða skorpu.

Kaffi Klassik

Kaffi Klassik er stærsta kaffitería Kringlunnar með úrval af tertum, smurbrauði, súpu dagsins og ýmsum kræsingum.

Kaffitár

Kaffitár var opnað árið 1999 á þeim stað þar sem gosbrunnur Kringlunnar var til margra ára.



Gosbrunnurinn var samt fjarlægður áður, eins og kannski gefur að skilja. Staðurinn er ókrýndur konungur Kaffitárs en Kaffitár rekur þó nokkurn fjölda kaffihúsa.

Kringlukráin

Kringlukráin var opnuð fyrir gestum á bjórdaginn, 1. mars, árið 1989. Kráin er veitingahús með fjölbreyttan og vandaðan matseðil þar sem allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Lögð er áhersla á vinalagt og fjölskylduvænt andrúmsloft.

Portið

Portið er veitingastaður og kaffihús á annarri hæð Kringlunnar. Þar er boðið upp á brauð, borgara, bröns og léttu rétti ásamt kökum. Hádegisboð eru í gangi á hverjum degi þar sem boðið er upp á tvær tegundir af súpu dagsins, fisk dagsins og rétt dagsins.



Rikki Chan

Austurlenskur staður á Stjörnutorgi. Rikki Chan á sér langa sögu í Kringlunni því staðurinn hefur verið þar síðan 1992 og fagnar því tuttugu ára afmæli á árinu.

Sbarro

Sbarro er á Stjörnutorginu en á rætur sínar að rekja til Brooklyn í Bandaríkjunum. Á Sbarro er boðið upp á gómsætan, ferskan og alvöru ítalskan mat og þar er lögð áhersla á góða og fljóta þjónustu.

Serrano

Í mjög stuttu máli sagt býður Serrano upp á gómsætan mexíkóskan mat sem er bæði hollur og ódýr. Serrano er nafn á mjög sterkum chili-pípar



en nafnið hentar vel þar sem serrano-píparinn hefur einstakt bragð, eins og maturinn sem þar er í boði.

Subway

Fyrsti veitingastaður Subway á Íslandi var opnaður árið 1994. Nú eru Subway-staðirnir orðnir nítján á Íslandi og þar á meðal einn á Stjörnutorgi. Þar fer saman hollusta og góður skyndibiti.

SuZushii

Eins og nafnið gefur til kynna er þetta sushi-staður og er hann á Stjörnutorgi. Á SuZushii er lagður metnaður í að bjóða upp á handgert, nýlagð sushi. Hver sushi-bakki er samsettur eftir óskum viðskiptavina.

Í forystu í aldarfjórðung

Kringlan hefur verið flaggskip íslenskrar verslunar í 25 ár. Haldið verður upp á afmæli hennar um helgarinnar þar sem eitthvað verður í boði fyrir alla.

Mikið verður um dýrðir um helgina þegar verslunarmiðstöðin Kringlan heldur upp á 25 ára afmæli sitt. Kaupmenn taka vel á móti gestum og boðið verður upp á fjölda skemmtiatriða fyrir gesti á öllum aldri. Sigurjón Örn Þórsson, framkvæmdastjóri rekstrarfélags Kringlunnar, býst við miklum fjölda gesta enda verður afmælishátíðin öll hin glæsilegasta. „Hér verður mikið um dýrðir og eitthvað skemmtilegt í boði fyrir alla. Kringlan átti formlega afmæli 13. ágúst en við ákváðum að fresta veislunni til fyrstu helgarinnar í september svo fleiri gestir kæmst.“

Kringlan verður með sérstaka afmælisopnun á laugardaginn en þá er opið frá 10 til 1 um nóttina. Afgreiðslutíminn á sunnudag verður þó hefðbundinn. „Það verður mikið húllumhæ hér um helgina í tilefni afmælisins. Hér verður boðið upp á mikla og fjölbreytta skemmtun fyrir gesti á öllum aldri, fjölbreyttar veitingar og skemmtilegar uppákomur fyrir börnin. Síðan munu verslunareigendur sjálfir bjóða gesti velkomna með frábærum afmælistilboðum og sumir þeirra munu eflaust bjóða upp á veitingar og glaðning líka.“

Eftir 25 ár er engan bilbug að finna á Kringlunni. Sigurjón segir sögu verslunarmiðstöðvarinnar hafa verið nær stanslausu sigurgöngu frá því hún var opnuð. „Kringlan hefur spjarað sig með eindæmum vel þennan tíma. Það



Sigurjón Örn Þórsson, framkvæmdastjóri Rekstrarfélags Kringlunnar. MYND/ÖR EINKASAFNI

er fáheyrð í svo hörðu samkeppnisumhverfi að verslunarmiðstöð náði að halda stöðu sinni sem vinsælasta verslunarmiðstöð landsins í allan þennan tíma. Auðvitað á það sér ýmsar skýringar. Kringlan var auðvitað fyrsta verslunarmiðstöð landsins og hefðin því með okkur. Við erum síðan einstaklega vel staðsett í hjarta borgarinnar við stærstu gatnamót landsins. Aðgengi að húsinu er einnig mjög gott. Svo höfum við, leyfi ég mér að fullyrða, bestu verslanir landsins hér samankomnar í húsinu. Margir kaupmenn hér hafa rekið verslanir sínar frá upphafi og því er mikill stöðugleiki á meðal kaupmanna.“ Hann segir að í raun sé hvert pláss umsetið í húsinu og þrátt fyrir djúpa efnahagslögð sé mikil eftirspurn eftir verslunarplássi.

Kringlan var opnuð eins og fyrr segir í ágúst árið 1987. Borgarkringlan sameinaðist Kringlunni með viðbyggingu árið 1999 en hafði árið 1996 tengst Kringlunni með litlum tengigangi. Sambíóin voru opnuð árið 1996 og munu á afmælisárinu taka allt bíóid í gegn þannig að það verður allt hið glæsilegasta. Árið 2006 bættist svokölluð Next-viðbygging við húsið og ári síðar var veitingastaðurinn Portið opnaður en sú viðbygging snýr að Borgarleikhúsinu. „Þetta eru helstu áfangarnir í sögu Kringlunnar en ef við horfum til framtíðar sjáum við að mikil eftirspurn er eftir húsnæði á Kringlureitnum. Þannig að Kringlan verður að öllum líkindum stækkuð í framtíðinni. Þær fyrirætlanir eru á borðum borgaryfirvalda enda snúa þær að breytingu á deiliskipulagi borgarinnar.“

Levi's

30% af öllum buxum

Tilboð gildir fram á sunnudag

LEVI'S STORE KRINGLAN



Ice in a bucket®

Ný verslun á 1. hæð í Kringlunni

Vertu
snjallari
hjá Nova!

Tekur ljósmyndir sem
minna á verk færustu
ljósmyndara sögunnar

1.000 kr.
notkun á mán.
í 12 mánuði
fylgir þessum
farsíma!

iPhone 4 8 GB

6.490 kr. í 18 mán.

99.990 kr. stgr.

iPhone 3GS 8 GB

2.990 kr. í 18 mán.

49.990 kr. stgr.

1.000 kr.
notkun á mán.
í 12 mánuði
fylgir þessum
farsíma!



2.000 kr.
notkun á mán.
í 12 mánuði
fylgir þessum
farsíma!

iPhone 4S 16 GB

7.490 kr. í 18 mán.

124.990 kr. stgr.

Stærsti
skemmtistaður
í heimi!

NOVA

Verðslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

Simnotkun fylgir með 0 kr. Nova í Nova og Eitt verð í alla, áskrift og frelsi.
Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkort + 325 kr./mán. greiðslugjald. Það er ódýrara að staðgreiða og þá þarf ekki kreditkort.

Í tilefni 25 ára afmælis Kringlunnar um helgina

25%
afsláttur af öllum vörum

next

OPÍÐ:
Laugardag 10:00 – 01:00
Sunnudag 13:00 – 18:00

KRINGLUNNI - Sími 551 3200



Í júlí árið 1985 var búið að taka grunninn að Kringlunni. Húsið var á sínum tíma næststærsta hús landsins á eftir álverinu í Straumsvík. MYND/ÚR EINKASAFNI

Saga Kringlunnar í máli og myndum

Miklar breytingar hafa átt sér stað á Kringlureitnum frá því bygging Kringlunnar hófst. Í dag stendur Kringlan miðsvæðis í borginni, stutt frá stærstu gatnamótum lands og er með gott aðgengi að húsinu úr öllum áttum.

20%
afsláttur af heyrnar-tólum og öllum auka-hlutum!

Stærsti skem্পistadur í heimi!
NOVA

Gildir laugardaginn 8. sept. 2012



Pálmi Jónsson, forstjóri Hagkaups, tekur fyrstu skóflustunguna að Kringlunni 5. maí árið 1984.



Starfsmenn koma vörum fyrir í verslun.



Rúllustigarnir voru strax eitt af aðalsmerkjum Kringlunnar og ljáðu byggingunni heimsborgaralegan blæ.



Hinn 13. ágúst var Kringlan opnuð. Pálmi Jónsson klippti á borða að viðstöddu fjölmenni.

DIESEL
FOR SUCCESSFUL LIVING

AFMÆLIS AFSLÁTTUR
3 fyrir 2 af boxers

galleri sautján
Kringlunni | Smáralind
Kíkið á okkur á ntc.is eða á facebook

GLERAUGU FRÁ ITALIA INDEPENDENT OG FLEIRUM.
25% AFSLÁTTUR ALLA HELGINA

gleraugnasmíðjan
Kringlunni - sími 588 9988



FJÖR VIÐ KRINGLUSAFN

Kringlusafn býður upp á sérstaka dagskrá í tilefni 25 ára afmælis Kringlunnar á laugardaginn. Sögubíllinn Æringi verður við Portið milli kl. 12-13. Þar mun sögukonan Sóla spjalla við gesti og segja sögur. Bókmenntatónleikar verða haldnir kl. 15 sama dag þar sem lög af disk Tómasar R. Einarssonar „Laxness“, verða leikin. Tómas mun spila á bassa og með honum verða Ómar Guðjónsson gítarleikari og Kristjana Stefánsdóttir söngkona. Enginn aðgangseyrir er og eru allir velkomnir.

SAFT

RÆDDU UM ÞÁ ÁHÆTTU SEM FYLGIR ÞVI AÐ HITTA NETVIN

Heimili og skóli
www.saft.is



LEVI'S STORE KRINGLAN

Levi's®

30% af öllum buxum
20% af öðrum vörum

Tilboð gildir fram á sunnudag

30%
af öllum vörum

UNITED COLORS
OF BENETTON.

KRINGLAN

Tilboð gildir fram á sunnudag

Bylting í verslun

Hagkaup hefur verið í Kringlunni frá upphafi. Tilkoma hennar var bylting á sínum tíma og jókst heildarverslunarrými landsmanna um heil ný prósent.

Gunnar Ingi Sigurðsson, framkvæmdastjóri Hagkaups, segir mikið hafa breyst frá opnun Kringlunnar. „Það má segja að það hafi orðið bylting í verslun þegar Kringlan opnaði, enda jókst heildarverslunarrými landsmanna um ný prósent með tilkomu hennar. Þar með jókst vöruframboð gríðarlega sem og fjöldi verslana.“

Í kjölfarið byrjaði að þróast ný menning sem er vel þekkt frá Ameríku. „Íslendingar þekktu ekkert þessa verslunarmiðstöðvarmenningu en voru þó ekki lengi að til-einka sér hana. Fljótlega fóru þeir að fara í Kringluna bara til að sjá aðra og sýna sig, þó þeir væru ekkert endilega að versla. Kannski bara til að sjá Tomma tómata eða Þorra þorsk sem bjuggu í Hagkaup,“ segir Gunnar og hlær.

Kringlan hefur breyst mikið frá því hún opnaði. Bæði var hún stækkuð og Borgarkringlan byggð sem að lokum sameinaðist Kringlunni. Verslunum fjölgaði jafnt og þétt. „Það er líka gríðarmikill munur á vöruúrvali miðað við



Gunnar Ingi Sigurðsson, framkvæmdastjóri Hagkaups.

MYND/GVA

í upphafi. Í dag getur fólk komið í Kringluna og valið úr ótrúlegum fjölda alþjóðlegra vörumerkja og vöruúrvalið þar með margfaldast á þessum 25 árum. Í matvöruverslunum Hagkaups erum við til dæmis með átján þúsund vörutegundir í matvöru.“

Spurður um framtíð Kringlunnar segir Gunnar Kringluna eiga eftir að halda áfram að vaxa

og dafna um ókomna tíð. „Ég held að hér verði áfram blómleg verslun í 25 ár í viðbót og gott betur. Kringlan hefur líka þá yfirburði að vera best staðsetti verslunarkjarni landsins. Hingað er stutt að sækja úr öllum áttum. Það eru sönn forréttindi að fá að vera með verslun við fjölförnustu verslunargötu á Íslandi í 25 ár og áfram um ókomna tíð.“

Erilsamur opnunardagur

Lilja Hrönn Hauksdóttir eigandi verslunnar **Cosmo** man vel eftir opunardegi Kringlunnar.

Lilja fagnar 25 ára starfsafmælis Cosmo um leið og Kringlan. „Það eru örfáar verslanir af 120 sem hafa verið hér frá upphafi og Cosmo er ein af þeim. Ég nýt vinnunnar minnar jafn mikið og fyrir 25 árum. Eitt það skemmtilegasta sem ég veit er að taka á móti konum svo þær fari héðan ánægðar og flottar,“ segir Lilja.

Áður en hún ákvað að opna Cosmo hafði Lilja leigt búðarrekstur af móður sinni á Laugaveginum í aðeins fjóra mánuði. Það má því með sannri segja að hún hafi ekki ráðist á garðinn þar sem hann var lægstur þegar hún ákvað að opna eigin verslun. „Mörgum fannst ég vera algjör kjáni að fara út í þetta aðeins 21 árs gömul. Það myndi aldrei ganga. En hér er ég enn.“

Fimmtudagurinn 13. ágúst 1987 var opnunardagur Kringlunnar. „Það gekk ótrúlega mikið á hérna dagana á undan og unnið var dag og nótt að því að gera allt



Lilja Hrönn, eigandi Cosmo í Kringlunni.

MYND/VILHELM

klárt. Opnunardagurinn sjálfur var ævintýri líkastur. Að honum loknum hafði allt selst og búðin var tóm. „Árið 1987 tók fólk Kringlunni opnum örmum og gerir enn í dag. „Kringlan var algjör bylting á sínum tíma. Áður þurfti fólk að labba á milli verslana í allavega veðri eða keyra lengri vegalendir. En með tilkomu Kringlunnar gjörbreyttist landslagið. Það er sama hvernig viðrar úti, það er ávallt 18 gráðu hiti og blíða í Kringlunni.“

Við fögnum
STÓR
afmæli!

30%
afmælisafsláttur
af öllum gleraugum

prooptik
gleraugu

Kringlunni • Skeifunni • Spönginni • Sími 5 700 900 • prooptik.is



Listaverkið Silfurpeysir var til mikillar þrýði og augnauðis fyrir gesti Kringlunnar.

Silfurpeysir snýr aftur

Listamaðurinn Erró setti mikinn svip á opnun Kringlunnar fyrir aldarfjórðungi síðan. Þá var afhjúpuð risastór mósaikmynd af listaverkinu Silfurpeysi, með tilvísun í teiknimyndahetjuna Silver Surfer. Myndin var alls fimmtíu fermetrar að flatarmáli, átta metrar á breidd og tæpir 6,5 metrar á hæð.

Það var fasteignafélagið Þyrping, í tengslum við þátttöku í Listasjóði atvinnulífsins, sem fékk Eirík Þorláksson, þá forstöðumann Listasafns Reykjavíkur, til að hafa milligöngu um að fá Erró til að gera listaverk í Kringluna. Kristinn E. Hrafnsson myndlistarmaður hafði síðan umsjón með verkinu sem var samsett úr 2.475 keramikflísum sem framleiddar voru hjá þekktri keramikverksmiðju í Portúgal.

Þegar verkið hafði verið afhjúpað skrifaði Halldór Björn Runólfsson, nú safnstjóri Listasafns Íslands, eftirfarandi umsögn um risavaxið listaverk Errós:

„Öðruvísi mynd í Kringlunni, þessu musteri viðskiptanna, hefði verið helgisþjöll. Með Silfurpeysi höfum við fengið altaristöfluna sem hæfir musterinu og mun vonandi standa eins lengi og almenningur fyllir Kringluna.“

Verkið var tekið niður og komið fyrir í öruggri geymslu í febrúar 2006 þegar viðbygging, þar sem NEXT er, var byggð. Í tilefni 25 ára afmælis Kringlunnar er nú mikill áhugi fyrir að koma verkinu aftur fyrir sjónir almennings. Hugmyndir að nýrri staðsetningu eru margar og til dæmis unnið að því að kanna hvort loftið í strýtu Kringlunnar sé tæknilega mögulegt þar sem verkið myndi hanga í 45 gráðu halla.



Listamaðurinn Erró var viðstaddur þegar risavaxin mósaikmyndin var afhjúpuð.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

DAGUR GUÐMUNDAR GÓÐA

Boðið verður upp á dagskrá í tengslum við dag Guðmundar biskups góða á Hólum í Hjaltadal á föstudag. Meðal viðburða má nefna tónlistartriði og málþing um siðfræði. Dagskráin hefst klukkan 16. UPPLÝSINGAR | SÍMI 4536300.



ÁRSREIKNINGAR & SKATTAFRAMTALSGERÐ

Apollon ehf | Sími 571 9555 | GSM 698 6282

Viltu ná góðum árangri í skólanum frá byrjun?
Við bjóðum þér

NÁMSAÐSTOÐ

til að styrkja grunninn.

Nemendajónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233

Öryggi bílsins byggist á góðum hjólbörðum

Heilsársdekk • Harðskeljadekk

Takk fyrir og góða ferð!!

Gúmmivinnustofan • Skipholt 35, 105 Reykjavík • Sími: 553 1055
Áratuga reynsla í sölu og meðferð hjólbarda og rafgeyma



opið 8 - 18
laugardaga 10-14



ALDREI SVANGUR

ICECARE KYNNIR Zotrim-jurtatöflur eru blanda þriggja jurta sem hjálpa til við að minnka matarskammta. Halldór Gunnarsson mælir með notkun þeirra.

Þegar Zotrim-jurtatöflurnar eru teknar inn minnkar magn fæðu í hverri máltíð og staðfest er með rannsóknum að sedda helst lengur eftir hverja máltíð. Þegar fólk minnkar matarskammta sína með hjálp Zotrim léttist það um leið. Halldór Gunnarsson hefur notað Zotrim-jurtatöflurnar frá því um miðjan janúar og mælir heilshugar með þeim. „Ég hef stundað líkamsrækt í nokkur ár með ágætum árangri. Fyrir þremur árum fór ég að þyngjast aftur og hef ég ekki náð að snúa þeirri þróun við. Það var sama hvernig ég breytti æfingum eða mataræði, það gerðist ekkert. Ég ákvað því að prófa Zotrim-jurtatöflurnar. Fyrstu dagana fann ég engan mun á mér en svo fór ég að taka eftir að ég var aldrei svangur á milli mála. Skemmst er frá því að segja að á fyrsta eina og hálfu mánuðinum þá hef ég lést um sjö kíló og er kominn niður um tvær beltisstærðir.“

Jurtirnar í Zotrim-jurtatöflunum eru Yerba Maté, Guarana og Damiana. Yerba Maté er hressandi og hefur þau áhrif að það verður fituniðurbrot. Einnig er það ríkt af andoxunarefnum. Yerba Maté er talin auka brennslu, draga úr matarlyst og hjálpa líkamanum að nýta kolvetni betur. Guarana hefur örvandi

áhrif á meltingu og minnkar matarlyst. Damiana er viðurkennd sem fæðubótarefni og er kynörvandi.

Helsti kostur Zotrim-jurtatöflanna er sá að fólk nær að stjórna hungurtilfinningunni og þær hjálpa til við að minnka neyslu á kaloríum. „Ég hef náð að skera burt allan óþarfa úr mataræðinu. Öll löngun í sætindi og aðra óhollustu er horfin. Ég hef enga þörf fyrir nart á milli mála, ég er aldrei svangur en samt alltaf jafn orkumikill. Ég tek þrjár Zotrim-töflur nokkrum mínútum fyrir morgunmat, hádegismat og kvöldmat. Ég borða sex sinnum á dag en allar máltíðir eru orðnar miklu minni en þær voru áður. Mataræðið snýst ekki bara um grænmeti og slíkt, heldur er ég að borða svipað og áður en í minni skömmtum og hef hætt að borða allan óþarfa,“ segir Halldór.

LÉTTARI

Haldór er ánægður með Zotrim-jurtatöflurnar en hann hefur lést með notkun þeirra og er laus við löngun í sætindi og aðra óhollustu.

MYND/GVA

ZOTRIM JURTATÖFLUR

Hver pakkning af Zotrim inniheldur 180 stykki sem er 30 daga skammtur og fæst í apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.



HAUST- KJÓLARNIR KOMNIR



FRANK LYMAN
DESIGN

Skoðið sýnishornin á laxdal.is

BERNHARD
LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422



NÝ SENDING AF VETRAVÖRUM

B/A/S/L/E/R

OPIÐ LAUGARDAGA 11:00-15:00.

Parisar
TÍZKAN

Tízkuhús, stofnsett 1963
Skipholt 29b • S. 551 0770

SÆKJA Í BRAGÐIÐ AF TAÍLANDI

NAREE-THAI KYNNIR Frá aldargömlu húsi við Frakkastíg berst unaðsleg og lokkandi angan af heimagerðum taílenskum mat, upp-
runnum í landi brossins. Þar má njóta alkunnra taílenskra sælkeraréttu á hefðbundinn máta og í lostætum grænmetisútgáfum.

Við pottana standa mæðgurnar Jaroon og Sukanya Nuamnui, rómaðir sælkerakokkar á austurlenska vísu.

„Naree-Thai er gælunafn yfir fallegar, taílenskar konur,“ útskýrir Jaroon um merkingu nafngiftar veitingastaðarins sem var opnað í ársbyrjun í brekkunni ofan við Laugaveg, á horni Frakkastígs og Grettisgötu.

Jaroon kemur frá héraðinu Sukhothai sem er norðarlega í Taílandi. Hún hefur verið búsett héraðs síðan á níunda áratugnum og er gift Sigurði B. Guðmundssyni. Þau hjón hafa mikla reynslu af austurlenskri matargerð og stofnuðu meðal annars taílenska veitingastaðinn Menam við góðan orðstír á Selfossi.

„Matreiðslan á Naree-Thai er ættuð frá heimahéraði mínu í Taílandi þar sem ríkuleg áhersla er á ferskt grænmeti. Á matseðlinum eru þekktir austurlenskir kjöt- og fiskréttir en í ljósi vaxandi eftirspurnar eftir aðalréttum úr grænmeti og tófú höfum við útbúið sérstakan matseðil með hefðbundnum taílenskum sælkeraréttum þar sem grænmeti og tófú eru uppistaðan í stað kjöts. Það hefur slegið í gegn og margir ánægðir með að geta breytt eftirlætiskarraréttum sínum í grænmetisrétti,“ segir Jaroon.

„Hingað er notalegt að koma og staðurinn hefur yfir sér mikinn sjarma og rólegt og ljúft yfirbragð. Því kjósa gestir að setjast hér niður og hafa það huggulegt yfir taílenskum krásnum og skemmtilegu spjalli,“ segir Jaroon.

Á Naree-Thai bjóðast einnig freistandi tilboð á völdum réttum úr taílenska eldhúsinu fyrir tvo, bæði hefðbundnir réttir og af grænmetismatseðli.

„Viðtökurnar hafa verið yndislegar og orðsporið farið vaxandi eins og vinsældirnar. Töfrar taílenskrar matargerðar felast í ferskleika og bragðmiklum mat sem þó skilur fólk ekki eftir logandi í munni. Taílenskur matur endurspeglar taílenska þjóð sem er glaðlynt, elskulegt og kærleiksríkt fólk. Þeir sem hafa komið til Taílands verða ekki samir eftir heim-sóknina og sækja aftur og aftur í matinn góða sem þeir kynntust í landi brossins.“



LISTAKOKKAR

Mæðgurnar Jaroon og Sukanya Nuamnui eru kokkar af Guðs náð og elda dýrindis krásir sem gleðja bæði munn og maga.

MYND/STEFAN

NAREE-THAI

var fyrst opnaður sem kvöldverðarstaður en hefur nú mjög sótt í sig veðrið sem hádegisstaður með ódýrum, einföldum og ákaflega bragðgóðum réttum.

HOLLT OG GOTT

Taílensk matseld einkennist af ferskleika í hráefni og einstakri bragðupplifun. Hægt er að panta þekktu austurlenska rétti með grænmetisfyllingum í stað kjötfyllinga.



MEISTARI FRÁ KÍNA

WUSHU-FÉLAG REYKJAVÍKUR KYNNIR Drekin, Wushu-félag Reykjavíkur, hefur gert samning við kínverska íþróttaháskólann Capital Institute of Physical Education um að fá hingað kennara til kennslu bardagalista.

Wushu er yfirheiti kínverskra bardagalista og hefur íþróttafélagið Drekin boðið upp á námskeið, kennslu og aðstoðu til iðkunar hinna ýmsu greina þeirra. Dong Qing Guan, formaður Drekan, gerði nýverið samning við virtan háskóla í Kína um að fá kennara þaðan til kennslu á Íslandi, en einnig geta nemendur Drekan farið til Kína og stundað nám við skólann.

„Kennarinn heitir Xue Jun. Námið samanstendur af fjögurra ára BA-námi og svo þriggja ára MA-námi. Það er því mikill akkur fyrir félagið að fá hann hingað.“

Xuejun mun dvelja hér í eitt ár og kenna wushu, kung fu og tai chí hjá Drekanum.

„Þetta er gríðarlega gott tækifæri fyrir Íslendinga sem geta nú fengið kennslu í þessum greinum á heimsmælikvarða. Xue Jun er virkilega ánægður með að vera kominn og hlakkar til að kynna Íslendinga fyrir wushu og um leið kínverskri menningu, en wushu er stór hluti af henni,“ segir Qing ánægð.

TÍMAR FYRIR ALLA ALDURSHÓPA

Íþróttafélagið býður upp á tíma í kung fu, tai chí og wushu fyrir alla aldurshópa. „Fólk æfir hér bæði sér til almennrar heilsuþótar en einnig til að keppa. Enda



hafa iðkendur wushu hjá Drekanum keppt á alþjóðlegum mótum.“

Í haust og vetur mun Drekin bjóða upp á þá nýjung að vera með fjölskyldutíma á laugardögum klukkan ellefu. „Í tímunum blöndum við saman ýmsum æfingum sem henta öllum aldurshópum. Einnig erum við með kung fu fyrir krakka alveg niður í fjögurra ára og unglingatíma.“

Hægt er að skrá sig á námskeið hjá Drekanum, eða líta við á æfingu og kynna sér starfseminu. „Við tökum vel á móti þeim sem vilja kynna sér starfseminu.“

MEISTARINN

Xue Jun kennir hjá Drekanum, Wushu-félagi Reykjavíkur, MYND/GVA

NÁMSKEIÐ

Nánari upplýsingar um námskeið hjá Drekanum er að finna á www.heilsudrekin.is og á Facebook.

DRAUGASÖGUR Í HJÓLAFERÐ

Kristín Einarsdóttir, aðjunkt í þjóðfræði við félags- og mannvísindadeild HÍ, leiðir hjólaferð um höfuðborgarsvæðið í dag.

Lagt verður af stað frá Sólfarinu við Sæbraut kl. 11.00 og hjólað meðfram sjónum að Gróttu, þaðan með Ægis-síðunni að Nauthólsvík, um Fossvogsdalinn, síðan Laugardalinn og endað við Sólfarið. Þátttakendur mæti á hjóli og er gert ráð fyrir að ferðin taki um tvær klukkustundir. Kristín leiðir ferðina sem er öllum opin með aðstoð þjóðbrókar, félags þjóðfræðinema, þar sem þjóðsögur, draugasögur, hjátrú sjómanna, vikivaki og óvæntar uppákomur verða á vegi hjólreiðamanna.

Háskóli Íslands og Ferðafélag Íslands halda áfram samstarfi sínu um gönguferðir sem efnt var til í tilefni aldarafmælis skólans 2011. Reynsla og þekking fararstjóra Ferðafélagsins og þekking kennara og vísindamanna Háskólans blandast saman í áhuga-verðum gönguferðum og nú hjólaferðum um höfuðborgarsvæðið og næsta nágrenni þess. Ferðirnar verða fimm talsins og tekur hver um tvær klukkustundir. Þátttaka er ókeypis.

Markmiðið með samstarfinu er að vekja áhuga almennings á fræðslu og hollri útivist og fjölgja valkostum í þeim efnum. Um leið er vakinn athygli og vonandi áhugi á fjölbreyttri starfsemi Háskólans og Ferðafélagsins.



FRÓÐLEIKUR Kristín þjóðfræðingur segir skemmtilegar sögur af ýmsu sem fyrir augum ber í hjólaferð um borgina.

ego dekor

-30%



Borð - Hvítt háglans
Stærð: 180x100
Verð: 83.000,-

ÚTSÖLUVERÐ
58.100,-

-40%



GLENMORE TV skenkur
Breidd: 180cm
Verð: 108.000,-

ÚTSÖLUVERÐ
64.800,-

-20%



CAVIAR tungusófi
Stærð: 315x165 Verð: 248.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 198.400,-

-25%



GOTCHA horn/tungusófi
Stærð: 302x213x152 Verð: 288.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 216.000,-

SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR

-25%



TV skenkur - dökk eik
Breidd: 200cm Verð: 98.000,-
ÚTSÖLUVERÐ 73.500,-



Hnotuborð og 6 Prima stólar
ÚTSÖLUVERÐ: 149.220,-

-20%



Parker Sófaborð
Stærð: 123x60 Verð: 68.000,-
ÚTSÖLUVERÐ 54.400,-

-20%

Hnotuborð
Stærð: 180x100cm
Útsöluverð: 79.920,-

-30%

PRIMA Stóll
Útsöluverð: 11.550,-

-20%



NEW ENGLAND tungusófi
Stærð: 252x165 Verð: 199.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 159.200,-

-25%



MONTANA Stóll
Verð: 16.900,-
ÚTSÖLUVERÐ: 12.675,-

-20%



MAX Stóll
Verð: 15.900,-
ÚTSÖLUVERÐ: 12.720,-

-20%



OPAL Stóll
Verð: 16.900,-
ÚTSÖLUVERÐ: 13.520,-

Opið mán-fös: 10:00 - 18:00
Opið um helgina: Lau 10:00 - 16:00 Sun 13:00 - 16:00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 544420 - www.egodekor.is

EKKI BARA ENN EINN KÚRINN

HOLLUR MATUR Unnur Lára Bryde segist bara borða góðan mat. Hún er á paleo-mataræðinu og líður afskaplega vel af því. Hún mælir með því fyrir alla sem vilja lifa heilbrigðu lífi, koma sér í betra form og líta betur út eða bara líða betur á allan hátt.

Paleo er ekki enn einn megrunarkúrinn heldur er það ákveðið mataræði eða jafnvel ákveðinn lífstíll. Kenningar eru uppi um og fornleifarannsóknir ýta undir þær kenningar að steinaldarmaðurinn hafi verið heilbrigðari en maðurinn hefur verið fyrr og síðar í sögunni. Fylgjendur paleo halda því fram að mataræði þessara tíma manna sé það sem hentar mannskepnunni best. „Í mjög stuttu máli þá er hugmyndin með paleo að fara aftur í það hreina. Ég kynntist þessu mataræði í gegnum crossfit en ég hef stundað það undanfarin tvö ár. Ég ákvað að reyna að bæta árangur minn í crossfittinu með því að fara á enn einn „kúrinn“ en ég hélt í upphafi að paleo snerist um það. Mér til mikillar furðu þá hætti þetta að snúast um megrun eða átak og þar sem mér finnst mjög gott að borða og hreinlega elska mat þá hentar þetta mataræði mér afskaplega vel,“ segir Unnur Lára Bryde.

Hún prófaði mataræðið fyrst í fyrra og var á því í sex mánuði og er byrjuð aftur núna eftir hlé. „Ég borða aldrei nema góðan mat þegar ég er á paleo-mataræðinu. Kjöt og fiskur, ávextir og grænmeti og hnetur og fræ eru meginuppistaðan í mataræðinu. Ég sleppi sykri, unnum kjötvörum, mjólkurvörum (nema smjöri), kornmeti og haframjöli. Ég leyfi mér samt sem áður alveg að svindla stundum enda held ég að fólk haldi ekki út í þessu ef farið er alla leið. Ég finn mikinn mun á mér þegar ég fer eftir paleo-mataræðinu og er orkumeiri og sef betur. Ég get líka borðað endalaust án þess að fitna.“

Unni finnst gaman að elda og það er mikill kostur þegar farið er eftir paleo-mataræði. „Það þarf að nenna að hafa svoltið fyrir þessu. Ég er svo heppin að mér finnst gaman að elda, ég slaka á við það og það er eins og jóga fyrir mig að standa við eldavélina,“ segir Unnur og hlær. Hún bætir því við að þetta mataræði henti öllum sem vilja lifa heilbrigðu lífi og ná sér í gott form.

Hér fylgja með uppskriftir að góðum kvöldmat eftir Unni. ■ ilija.bjork@365.is



KJÚKLINGUR MEÐ CHILI OG HVÍTLAUK

2 bakkar af kjúklinga-bítum
2-3 rauðir chili
3 noble-hvítlaukar
1 krukka svartar ólífur
ólífuolía
steinselja
sítróna
salt og pipar
Brúna kjúklingabita í olíu á pönnu, setja kjúklinginn í steikarpott eða eldfast mót, afhýða hvítlauk og skera í stóra bita, saxa chili-pipar smátt og setja þetta í pottinn yfir kjúklingabitana ásamt svörtum heilum ólífum. Baka við 180 gráður í 30 mínútur, bera fram með sítrónusneiðum og steinselju sáldrað yfir.

ORKUBÚNT Unnur Lára hefur verið á paleo-mataræðinu undanfarið og verður orkumeiri af því og sefur betur.
MYND/VALLI

OFNBAKAÐ RÓTARGRÆNMETI

1 1/2 sæt kartafla
4 stórar gulrætur
1 laukur
1 rauð paprika
1 askja sveppir
brokkolí
Skræla kartöflur og skera í „julienne“-

strimla (svona eins og franskur). Gera eins með gulrætur, papriku og lauk, sveppi í þykka bita. Hita smá olíu á pönnu og mýkja á vægum hita kartöflur

og gulrætur í 4-5 mínútur, bæta rest af grænmeti út í og blanda saman, setja í eldfast mót inn í ofn í um það bil tuttugu mínútur og salta smá.

GAMAN AÐ ELDA

„Það þarf að nenna að hafa svoltið fyrir þessu. Ég er svo heppin að mér finnst gaman að elda, ég slaka á við það og það er eins og jóga fyrir mig að standa við eldavélina.“

VEIÐIPORTIÐ.IS
NÝ VEFVERSLUN

VEIÐIPORTIÐ

ÚT Á GRANDA

ÚT Á GRANDA

Grandagarði 3, 101 Reykjavík, Sími 552 9940 | Opið mán.-fös. kl. 9-18. Laugard. kl. 9-16.

**ÓDÝRSTA VEIÐIBÚÐIN ÚT Á GRANDA ER NÚ MEÐ ÚTSÖLU
15-80% AFSLÁTTUR bara 2 dagar eftir**

SILUNGAFLUGUR	- 150 KR.	30% AF ÖLLUM VÖÐLUJÖKKUM
LAXA FLUGUR	- 250 KR	30 - 50% AF ÖLLUM FLUGUSTÖNGUM
SPINNSTANGIR	- 2.500 KR.	30 - 80 % AF SPINNSTÖNGUM
VÖÐLUR	- 6.000 KR	30 - 50 % AF ÖLLUM VÖÐLUM
FLUGUHJÓL	- 2.500 KR.	30 - 50 % AF ÖLLUM FLUGULÍNUM
SPINNHJÓL	- 2.500 KR.	
FLUGUSTANGIR	- 5.000 KR	
FLÖKUNAR HNÍFAR	- 1.500 KR	

RAFMAGNS UTANBORÐSMÓTOR 30.000 KR (ÁÐUR 47.980 KR.)
JAXON SLÖNGUBÁTUR 290 CM 150.000 KR (ÁÐUR 249.000 KR)
JAXON SLÖNGUBÁTUR 230 CM 59.000 KR (ÁÐUR 99.000 KR)

SÝNINGAR EINTAK 320 CM SELST HÆSTBJÓÐANDA Á SUNNUDAG

OPNUNARTÍMAR YFIR ÚTSÖLUNA
laugardag kl. 9 - 16
sunnudag kl. 10 - 16



Heilbrigðisstofnun Suðausturlands

Sveitarfélagið Hornafjörður rekur Heilbrigðisstofnun Suðausturlands á grunni þjónustusamnings við íslenska ríkið. Starfssvæðið nær frá Skeiðarársandi í vestri að Hvalnesskriðum í austri. Hornafjörður er blómstrandi samfélag með liðlega 2100 íbúa, þar af búa um 1700 manns á Höfn í Hornafirði. Höfn er öflugur útgerðarbær, ferðaþjónusta er vaxandi í öllu sveitarfélaginu og fjölbreyttur landbúnaður stundaður til sveita. Félags- og menningarlíf er öflugt. Öll almenn þjónusta er á staðnum.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags.

Upplýsingar veita:

Hjalti Þór Vignisson, bæjarstjóri
Sími 470-8000
hjaltivi@hornafjordur.is

Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

Inga Steinunn Arnardóttir
inga@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 16. september nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is með upplýsingum um náms- og starfsferil ásamt kynningarbréfi.

Framkvæmdastjóri HSSA

Laust er til umsóknar starf framkvæmdastjóra Heilbrigðisstofnunar Suðausturlands.

Helstu verkefni:

- Stýrir daglegum rekstri HSSA
- Hefur yfirumsjón með starfsmannamálum á stofnuninni
- Er tengiliður HSSA við opinberar stofnanir á sviði heilbrigðis- og öldrunarmála
- Starfar með stjórn HSSA að stefnumótun og gerð samninga um rekstur stofnunarinnar
- Umsjón með áætlanagerð og uppgjöri fyrir stofnunina
- Situr fundi bæjarráðs Hornafjarðar sé þess óskað
- Önnur tilfallandi verkefni sem yfirmaður felur viðkomandi

Menntun og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Góð þekking á heilbrigðis- og öldrunarmálum
- Skipulagshæfileikar, ríkulegur þjónustuvilji og lipurð í mannlegum samskiptum
- Jákvætt viðmót og frumkvæði
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð íslenskukunnátta og færni í að koma frá sér efni í rituðu og töluðu máli
- Reynsla af stjórnun nauðsynleg



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700
www.hagvangur.is



Starfsmannastjóri

Norðurál er eitt stærsta iðnfyrirtæki á Íslandi. Fjöldi starfsmanna er á sjötta hundrad og árleg framleiðslugeta fyrirtækisins um 280 þúsund tonn af hágæða áli.

Hjá Norðuráli starfar fólk með afar fjölbreytta menntun og bakgrunn. Áhersla er lögð á jafna möguleika karla og kvenna til vinnu.

Norðurál er í eigu Century Aluminum sem er með höfuðstöðvar í Monterey í Kaliforníu í Bandaríkjunum.

Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess www.nordural.is

Norðurál á Grundartanga óskar eftir að ráða starfsmannastjóra.

Starfsmannastjóri er yfirmaður starfsmannasviðs og hefur umsjón með framkvæmd og eftirfylgni starfsmannastefnu Norðuráls. Starfsmannastjóri heyrir undir framkvæmdastjóra starfsmanna-, innkaupa- og öryggisviðs.

Helstu verkefni

- Mat á mannaflapörf og ráðningar
- Móttaka og þjálfun nýliða
- Frammistöðumat, starfsmannaviðtöl og eftirfylgni þeirra
- Utanhald um framkvæmd kjarasamninga
- Fræðsla- og endurmenntun
- Lykiltölur
- Þróun starfsmannastefnu í samráði við framkvæmdastjóra

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun og starfsreynsla við hæfi
- Þekking og reynsla af vinnurétti og framkvæmd kjarasamninga
- Reynsla af áætlanagerð
- Frumkvæði, sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Framúrskarandi samskiptahæfni

Nánari upplýsingar um starfið veita Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) og Ari Eyberg (ari@intellecta.is) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 17. september nk. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. **Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar.

Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225

intellecta

■ ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir



Svæðisskipulagsstjóri

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Starf svæðisskipulagsstjóra er nýtt starf á vegum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Um mjög spennandi starf er að ræða fyrir aðila með reynslu og brennandi áhuga á skipulagsmálum.

Starf Svæðisskipulagsstjóra heyrir undir framkvæmdastjóra SSH og starfar viðkomandi með svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins og sér um framgang og úrvinnslu mála sem tengjast svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.

Ráðið verður í starfið til tveggja ára og endurskoðað að þeim tíma liðnum.

Starfssvið:

- Umsjón með og ábyrgð á stjórnsýslupætti svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins
- Umsjón með uppbyggingu og viðhaldi gagnagrunna
- Undirbúningur funda og eftirfylgni ákvarðana nefnda
- Áætlanagerð vegna vinnu við endurskoðun og viðhald svæðisskipulagsins
- Umsjón með útboðum og samningum vegna vinnu ráðgjafa og verktaka sem taka þátt í svæðisskipulaginu
- Samskipti við aðildarsveitarfélög svæðisskipulagsins, stofnanir, hagsmunaaðila og fl.
- Uppbygging og viðhald heimasíðu svæðisskipulagsins

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla og þekking á skipulagsmálum
- Reynsla og þekking á stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga
- Mjög góð tölvukunnátta
- Reynsla af vinnu með gagnagrunna
- Reynsla af greiningu á tölfræðiupplýsingum
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og frumkvæði
- Framúrskarandi samskiptaeiginleikar
- Reynsla og hæfni til að miðla upplýsingum

Umsjón með starfinu hefur Lind Einarsdóttir hjá Talent Ráðningum, lind@talent.is.

Umsóknarfrestur er til og með 22. september nk.



Linnetsstíg 1 | 220 Hafnarfirði | talent@talent.is | Sími 552-1600 |

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Talent Ráðninga, www.talent.is. Umsóknnum eiga að fylgja ítarleg starfsferilskrá. Kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið skal senda á lind@talent.is

Hagstofa Íslands er sjálfstæð stofnun sem gegnir forystuhlutverki á sínu sviði. Hún samhæfir opinbera hagskýrslugerð á Íslandi og er virkur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi. Hagstofan sinnir rannsóknnum og safnar, vinnur og miðlar áreiðanlegum hagtölum sem lýsa samfélaginu. Stofnunin stuðlar að upplýstri umræðu og faglegum ákvörðunum með því að tryggja öllum sama aðgang að upplýsingum.

Hagstofa Íslands óskar eftir að ráða metnaðarfulla og áhugasama starfsmenn

Sérfræðingur í umhverfistölfræði

Starfið felur í sér að undirbúa og koma á laggirnar gerð umhverfistölfræði í samræmi við alþjóðlegar kröfur. Verkefnið snýst sérstaklega um tölfræði fyrir úrgang og vatn. Hér er um að ræða nýtt verkefni hjá Hagstofu Íslands sem skipuleggja þarf frá grunni. Starfið er tíma-bundið til mars 2014.

Hæfniskröfur

- ✓ Háskólapróf í hagfræði, viðskiptafræði, verkfræði eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- ✓ Þekking á umhverfismálum er kostur.
- ✓ Reynsla af tölfræðilegri vinnslu er kostur.
- ✓ Góð almenn tölvuþekking.
- ✓ Þekking á gagnagrunnvinnslu (SQL) er kostur.
- ✓ Frumkvæði, nákvæmni og skipulögð vinnubrögð.
- ✓ Samskipta- og skipulagsfærni til að vinna að umfangsmiklum samvinnuverkefnum.

Umsóknarfrestur til 24. september 2012

Um er að ræða fullt starf og er æskilegt að þeir sem ráðnir verða geti hafði störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytis og hlutaðeigandi stéttarfélags. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Póstáritun Hagstofa Íslands, starfsumsókn, Borgartúni 21a, 150 Reykjavík
Netfang starfsumsokn@hagstofa.is
Upplýsingar Ólafur Arnar Þórðarson [olafur.thordarson@hagstofa.is]

Sérfræðingur á fyrirtækjasviði

Starfið felst í umsjón með skipulagi, úrvinnslu og útgáfu tölfræði um sjávarútveg og fiskeldi ásamt þátttöku í uppbyggingu og þróun á tölfræði um fyrirtæki.

Hæfniskröfur

- ✓ Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- ✓ Þekking og áhugi á íslenskum sjávarútvegi er æskilegur.
- ✓ Reynsla af gagnagrunnvinnslu (SQL) er æskileg.
- ✓ Reynsla af tölfræðilegri úrvinnslu er kostur.
- ✓ Nákvæmni og skipulögð vinnubrögð.
- ✓ Samskipta- og skipulagsfærni til að vinna að umfangsmiklum samvinnuverkefnum.

Umsóknarfrestur til 24. september 2012



EVROPSKA
HAGSKÝRSLU-
SAMSTARFIÐ



Hagstofa Íslands

Hagstofa Íslands · Borgartúni 21a · 150 Reykjavík
Sími: 528 1000 · Bréfasími: 528 1099 · Vefur: www.hagstofa.is

Capacent Ráðningar

SJÓNTÆKJAFRÆÐINGUR



Sjónlag augnlæknaðstöð var stofnuð árið 2001 og er í fararbroddi hér á landi hvað varðar tæknibúnað og þjónustu við sjúklinga. Hjá fyrirtækinu starfa 17 metnaðarfullir starfsmenn með viðtæka menntun og þekkingu. Við bjóðum upp á gott starfsumhverfi og miklar áskoranir í starfi. Markmið okkar er að bjóða ávallt upp á þjónustu í hæsta gæðaflokki. Sjónlag er til húsa á 5. hæðinni í nýja turninum í Glæsibæ. Sjá nánar á www.sjonlag.is.

Sjónlag endurnýjar laser-augnlækningatækin og auglýsir því eftir metnaðarfullum sjóntækjafraeðingi.

Starfið felur m.a. í sér vinnu við forskoðanir fyrir Femto-LASIK augnaðgerðir, sjónmælingar og ráðgjöf í gleraugnaversluninni Eyesland.

Viðkomandi sjóntækjafraeðingur þarf að:

- Eiga gott með að starfa sjálfstætt
- Hafa góða færni í mannlegum samskiptum
- Geta unnið undir álagi
- Vera skipulagður

Nýlega endurnýjaði Sjónlag laser augnlækningatækin sín og getur því boðið viðskiptavinum sínum upp á nýjustu tækni á sviði laser augnlækninga. Um er að ræða tvö ný laser tæki, annars vegar Schwind Amaris 750S augnlaser sem er mjög hraðvirkur og nákvæmur laser og býður m.a. upp á Presbymax meðferð við ellifjarsýni og hins vegar Zimer Z2 Femtosecond laser. Lasertækið er notað til að búa til flipa á hornhinnuna. Sjónlag er fyrst augnlæknaðstöðva á Íslandi til að bjóða upp á Femtosecond lasertæknina. Með þessum nýju tækjum er hægt að bjóða upp á lasermeðferð án þess að hnifur komi að auganu, svo kallað „all-laser LASIK“

Upplýsingar um starfið veita Agla S. Björnsdóttir (agla.bjornsdottir@capacent.is) og Elín Friðjónsdóttir (elin.fridjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 23. september nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsóknnum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

Capacent Ráðningar

SKRIFSTOFUSTJÓRI



Umhverfis- og auðlindaráðuneyti

Nýtt ráðuneyti umhverfis- og auðlindamála tók til starfa 1. september 2012. Ráðuneytið óskar eftir að ráða skrifstofustjóra á skrifstofu landgæða.

Undir skrifstofuna heyra m.a. málefni er varða rannsóknir á náttúru og auðlindum lands, vernd og endurheimt þeirra auðlinda, náttúruvernd, landgræðslu, skógrækt, líffræðilega fjölbreytni, veiðistjórnun, þjóðgarða og friðlýst svæði, landnýtingaráætlanir og alþjóðlegt samstarf á sviði skrifstofunnar.

Um starf skrifstofustjóra

Hlutverk skrifstofustjóra skrifstofu landgæða er að leiða starf skrifstofunnar undir yfirstjórn ráðuneytisstjóra, framfylgja stefnu og markmiðum sem og áherslum og gildum ráðuneytisins. Meðal verkefna eru rekstur og dagleg stjórnun skrifstofunnar, seta í nefndum og stjórnunum fyrir hönd ráðuneytisins og starfsmannamál. Skrifstofustjóri vinnur að framgangi laga og stefnumörkunar á sviði skrifstofunnar, sinnir faglegum samskiptum við stofnanir, ráðuneyti og hagsmunaaðila auk þess að sinna alþjóðlegu samstarfi.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, þ.e. tengist viðfangsefnum skrifstofunnar
- Sérþekking og/eða starfsreynsla á starfssviði tengdu viðfangsefnum skrifstofunnar
- Stjórnunarreynsla
- Reynsla og þekking á sviði opinberrar stjórnsýslu
- Reynsla af alþjóðlegum samskiptum

Færni og aðrir eiginleikar:

- Framtíðarsýn fyrir ráðuneytið og verkefni
- Leiðtogafileikar
- Færni og áhugi á sviði stjórnunar og starfsmannamála
- Færni í mótun stefnu, lausna og hugmynda
- Færni í verkefnastjórnun og áætlanagerð
- Samstarfshæfileikar og geta til að vinna undir álagi
- Skýr og sannfærandi tjáning og boðskipti, á íslensku og ensku

Hæfnisnefnd skipuð þremur einstaklingum mun meta hæfni umsækjenda um störf skrifstofustjóra og skila greinargerð til ráðherra, sem ræður í starfið.

Launakjör skrifstofustjóra eru ákvörðuð samkvæmt ákvörðun Kjararáðs.

Samkvæmt jafnréttisstefnu Stjórnarráðsins eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um.

Nánari upplýsingar um starfið veita Sigríður Auður Arnardóttir, skrifstofustjóri hjá umhverfis- og auðlindaráðuneyti (sigridur.arnardottir@uar.is) og Auður Bjarnadóttir hjá Capacent (audur.bjarnadottir@capacent.is). Umsóknarfrestur er til og með 24. september næstkomandi.

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is, og skila ítarlegri ferilsskrá ásamt kynningarbréfi þar sem umsækjandi rökstyður hæfni sína í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

STARFSMAÐUR Á VERKSTÆÐI

Sólning og Barðinn óska eftir að ráða röska og samvísusaman starfsmann. Reynsla af hjólbarða- viðgerðum æskileg. Um framtíðarstarf getur verið um að ræða. Umsóknir berist til Sólningar Smiðjuvegi 68, 200 Kópavogi eða í netfangið gunnar@solning.is.



Afgreiðslutímar í Sólningu Smiðjuvegi og Barðanum, Skútuvogi Virka daga kl. 08-18, laugardaga kl. 10-14

SÓLNING

Kópavogur, Smiðjuvegi 68-70, sími 544 5000
Njarðvík, Fitjabraut 12, sími 421 1399
Selfoss, Gagnheiði 2, sími 482 2722

solning.is

BARÐINN

Skútuvogi 2 - 104 Reykjavík - Sími 568 3080 - bardinn.is



Vörður tryggingar hf. er alhliða váttryggingafélag í eigu BankNordic. Félagið hefur vaxið hratt á undanförunum árum og í dag starfa um 65 starfsmenn hjá félaginu. Vörður er áhugaverður vinnustaður fyrir fólk sem vill taka þátt í frekari uppbyggingu og vexti félagsins á komandi árum. Allar nánari upplýsingar um félagið má nálgast á www.vordur.is

Nánari upplýsingar:

Inga Steinunn Arnardóttir
inga@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 17. september nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.

Tryggingaráðgjafi á sölu- og þjónustusviði

Vörður leitar að öflugum einstaklingi til að vinna í hópi metnaðarfullra starfsmanna. Starfið er í senn fjölbreytt og krefjandi.

Starfssvið:

- Almenn þjónusta og ráðgjöf til viðskiptavina félagsins á einstaklingssviði
- Tilboðsgerð og sala til nýrra og núverandi viðskiptavina
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða menntun sem snýr að viðskiptum eða þjónustu
- Reynsla af starfi við váttryggingar er æskileg
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð þjónustulund og sjálfstæði í starfi
- Gott vald á talaðri og ritaðri íslensku
- Góð kunnátta í ensku æskileg



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is



Hugbúnaðarstýring Vodafone bíður spennt eftir liðsfélaga



Sérfræðingur í hugbúnaðarstýringu verður að hafa unun af því að þróa nýjar og snjallar lausnir bæði af eigin rammleik og í liði með öðrum. „Það er ekki hægt“ er ekki til í orðaforða hugbúnaðarsérfræðingsins.

Allar nánari upplýsingar um starf og hæfniskröfur er að finna á vodafone.is/storf.

Umsóknarfrestur er til og með 16. september 2012.

Vinnustaðurinn okkar er skemmtilegur og fólk sem tekst á við krefjandi verkefni með bros á vör er okkur að skapi. Við tökum verkefni háttíðlega en ekki okkur sjálf og viljum gera viðskiptavini okkar þá ánægðustu á Íslandi.

Þín ánægja er okkar markmið

- SharePoint sérfræðingur
- Símkerfasérfræðingur
- .NET forritun
- Hugbúnaðarprófanir
- Oracle - Linux
- UT þjónusta

Sjá nánar á www.intellecta.is

intellecta

■ ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir

Síðumúla 5
108 Reykjavík
Sími 511 1225
www.intellecta.is

Hlutverk Landsvirkjunar er að hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi.

Spennandi störf við aflstöðvar

TÆKNIMAÐUR HJÁ LANDSVIRKJUN POWER

Landsvirkjun Power er dótturfélag Landsvirkjunar og sérhæfir sig í ráðgjöf við þróun, endurbætur og rekstur raforkuvera á erlendum mörkuðum.

Starfið felst í öflun verkefna, ráðgjöf og umsjón með verkefnum Landsvirkjunar Power fyrir viðskiptavinum erlendis. Verkefni snúast um rekstur aflstöðva, þróun viðhaldskerfa, endurbætur á stjórn- og varnarbúnaði, kennslu starfsmanna við rekstur aflstöðva o.fl.

Verkefni eru einkum á Grænlandi og í Kanada en starfsstöð að mestu á Íslandi. Við leitum að verkfræðingi eða tæknifræðingi með gott vald á íslensku, dönsku og ensku auk reynslu af rekstri aflstöðva og/eða ráðgjafastörfum.

IÐNAÐARMAÐUR Á SOGSSVÆÐI


Iðnaðarmaður óskast til aflstöðva Landsvirkjunar við Írafoss, Ljósafoff og Steingrímsstöð. Verkefni eru nýlagnir, viðhald og eftirlit, með tilfallandi afleysingum við stöðvargæslu aflstöðvanna og umsjón með sumarvinnustarfi.

Við leitum að starfsmanni með tæknimenntun á véla- eða rafmagnssviði. Reynsla af viðhaldi og eftirliti í aflstöðvum og veituvirkjum er æskileg. Almenn tölvuþekking er nauðsynleg og æskilegt að kunna deili á iðntölvum og/eða skjámyndakerfum, auk loft-, kæli-, vökva- og rafkerfa.

Við leggjum til fyrirmyndar starfsaðstöðu og metnaðarfullt og faglegt starfsumhverfi.

Sótt er um störfin á vef Capacent

Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is). Umsóknarfrestur er til og með 17. september nk.





Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Kennarastaða í Brúarskóla

Brúarskóli óskar eftir að ráða kennara í 100% starf í Brúarsel Kleifarseli 18. Í skólanum er góður starfsandi, stuðningur við nýja starfsmenn og starfsmenn vinna náið saman. Skólinn er sérskóli í Reykjavík fyrir nemendur sem eiga í vanda, bæði geð- og hegðunarlega. Í starfinu er lögð er áhersla á félagsfærni, samskipti og jákvæða uppbyggingu hvers einstaklings. Skólinn er tímabundið úrræði. Við leitum að hressu fólki sem er tilbúið til að taka þátt í skemmtilegu og krefjandi starfi.

Hæfnikröfur:

- Kennarapróf
- Æskilegt er að umsækjandi hafi reynslu af kennslu á miðstigi, þó ekki skilyrði
- Reynsla af því að vinna með börn og unglinga í alvarlegum hegðunarvanda
- Þekkingu á því að takast á við erfiða hegðun
- Er í góðu líkamlegu formi
- Er öflugur og sveigjanlegur í samstarfi
- Æskilegt er að umsækjendur hafi sótt námskeið um hegðunarvanda nemanda.
- Æskilegt að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni

- Annast kennslu nemenda í samráði við skólastjórnendur og foreldra
- Vinna að þróun skólustarfs með stjórnendum og samstarfsmönnum
- Stuðla að velferð nemenda í samstarfi við foreldra og annað fagfólk

Umsóknarfrestur er til 21. september 2012.

Laun eru samkvæmt samningi Reykjavíkurborgar og KÍ. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf Allar frekari upplýsingar gefur skólastjóri Brúarskóla, Björk Jónsdóttir í síma 6648440 eða netfangið bjork.jonsdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglí það margbreytilega samfélag sem borgin er.



NÁMSGAGNASTOFNUN

Tölvunarfræðingur – forritari

Námsgagnastofnun óskar eftir að ráða tölvunarfræðing, eða einstakling með sambærilega menntun, í hálfvort starf nú þegar.

Viðkomandi þarf að hafa haldgóða kunnáttu og reynslu í vefsmíði og forritun. Reynsla af kennslu í grunnskólum, námsefnisgerð eða skólustarfi almennt er æskileg.


Um er að ræða starf við gerð og útgáfu stafræns námsefnis á vef Námsgagnastofnunar í samstarfi og samráði við ritstjórn stofnunarinnar.

Námsgagnastofnun er leiðandi á sviði námsefnis-útgáfu á Íslandi og leggur metnað sinn í að gefa út fjölbreytt og vandað námsefni fyrir grunnskóla. Útgáfa námsefnis á stafrænu formi er vaxandi þáttur í starfsemi stofnunarinnar.

Boðið er upp á góða vinnuástöðu. Laun eru samkvæmt kjarasamningum og stofnanasamningi.

Allar nánari upplýsingar um starfið veita Ingibjörg Ásgeirsdóttir, forstjóri og Hafdís Finnbogadóttir, útgáfustjóri í síma 535 0400 eða í tölvupósti ingibjorg@nams.is og hafdís@nams.is

Umsóknnum ásamt öllum nauðsynlegum upplýsingum skal koma til Námsgagnastofnunar, Víkurhvarfi 3, 203 Kópavogi fyrir 25. september nk. Með allar upplýsingar verður farið sem trúnaðarmál og öllum umsóknnum verður svarað.



SÉRFRÆÐINGUR Í TÆKNIPJÓNSTU

Laust er til umsóknar starf sérfræðings í skipulagningu á viðhaldi flugvéla / Aircraft Maintenance Planning í tæknipjónustu á Keflavíkflugvelli.

STARFSSVIÐ

- Vinna við skipulagningu á viðhaldsaðgerðum samkvæmt viðhaldsáætlun flugvéla
- Útgáfa verkbeiðna
- Yfirferð verkbeiðna
- Samskipti við viðhaldsaðila og viðskiptavini
- Önnur tilfallandi verkefni

HÆFNISKRÖFUR

- Próf í flugvirkjun
- Góðir skipulagshæfileikar
- Reynsla af viðhaldi flugvéla er æskileg
- Góð enskukunnátta er skilyrði
- Góð tölvukunnátta er skilyrði
- Góðir samskiptahæfileikar
- Góð kostnaðarvitund

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veita:

Hafliði Jón Sigurðsson | hafliði@its.is
Steinunn Una Sigurðardóttir | unasig@icelandair.is

+ Umsóknir óskast fylltar út á www.icelandair.is/umsokn eigi síðar en 16. september 2012.

ICELANDAIR



Hjúkrunardeildarstjóri á geðsviði

Laust er til umsóknar starf hjúkrunardeildarstjóra á sameinaðri sérhæfðri endurhæfing- og göngudeild á Kleppi. Hjúkrunardeildarstjóri er yfirmaður hjúkrunar á deild, stjórnar daglegum rekstri og ber ábyrgð á uppbyggingu og þróun hjúkrunar. Hann stuðlar að þekkingarþróun í hjúkrun og nýtir niðurstöður rannsókna. Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri geðsviðs.

Sérhæfða endurhæfingardeildin er 10 rúma deild sem er fyrir einstaklinga með geðklofasjúkdóma og aðra alvarlega geðsjúkdóma. Einnig hefur deildin sérhæft sig í meðferð einstaklinga með geðsjúkdóma samhliða alvarlegum atferlstruflunum.

Á göngudeildinni sinnir fjölfaglegur hópur starfsfólks sérhæfðri eftirfylgni og meðferð fyrir sjúklinga með langvinnar geðraskanir, bæði í formi göngudeildarþjónustu og vitjana í heimahúsi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Fagleg ábyrgð
- » Fjárhagsleg ábyrgð
- » Starfsmannaábyrgð

Hæfniskröfur

- » Hjúkrunarmenntun
- » A.m.k. 5 ára starfsreynsla
- » Reynsla í starfsmannastjórnun skilyrði og framhaldsmenntun í stjórnun æskileg
- » Framhaldsnám í geðhjúkrun æskilegt
- » Framsækin og dugmikill leiðtogi
- » Framúrskarandi samskiptahæfni skilyrði

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 23. sept. 2012. Starfshlutfall er 100% og veitist starfið frá 1. desember 2012 til 5 ára í samræmi við stefnu Landspítala um ráðningu yfirmanna.
- » Upplýsingar veita Páll Matthíasson, framkvæmdastjóri, netfang pallmatt@landspitali.is, sími 543 4077 og María Einisdóttir, mannauðsráðgjafi, netfang mariaein@landspitali.is, sími 543 4034.
- » Umsókn fylgi ítarleg náms- og starfsferilskrá. Jafnframt skal leggja fram áfrít af prófskrifteinum og hjúkrunarleyfi, ritgerðum, þróunarverkefnum og vísindastörfum sem umsækjandi hefur unnið, tekið þátt í að vinna eða birt.
- » Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum, umsógn stöðunefndar hjúkrunarráðs Landspítala og viðtölum við umsækjendur.
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Maríu Einisdóttur, mannauðsráðgjafa, Stjórn geðsviðs 34A við Hringbraut.

Umsækjendum er bent á leiðbeiningar stöðunefndar hjúkrunarráðs Landspítala á vef spítalans varðandi frágang umsókna um stjórnunarstöður í hjúkrun.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélag og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknnum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Ertu með

Alt

Ctrl



Við viljum fullkomna uppskrift okkar að árangri

Taktu öflugt upplýsingatæknifyrirtæki og láttu það hefa sig í 20 ár. Bættu við dassi af ráðgjöf og vænni klípu af góðri þjónustu. Hræðu saman við framúrskarandi hugbúnað og viðskiptalausnir. Skreyttu þetta loks með vöruúrvali frá heimspektum framleiðendum og berðu á borð fyrir fyrirtæki og einstaklinga.

Nýherji leggur metnað sinn í uppbyggingu þekkingar, færni og starfsþróun starfsmanna sinna með því að sjá þeim fyrir fjölbreyttum og spennandi verkefnum, fjölskylduvænu umhverfi, sterkri liðsheild og góðum starfsanda. Svo spillir mötuneytið ekki fyrir.

Sérfræðingur netverslunar með reynslu af netverslun og markaðssetningu á netinu

Starf: Þróun á netverslun.is, markaðssetningu hennar, viðmóti og kynningarefni.

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sölu og markaðsmálum
- Reynsla af þróun veflausna
- Þekking á netverslun
- Metnaður, frumkvæði og góðir samskiptahæfileikar

Sölumaður í verslun með afburða þekkingu og áhuga á myndavélum og ljósmyndun

Starf: Sala og ráðgjöf til ört stækkandi hóps Canon viðskiptavina

- Menntun í ljósmyndun, tæknimenntun og/eða annað er nýtist í starfi
- Staðgóð tölvukunnátta og innsýn í tækni ljósmyndavéla
- Reynsla af sölustörfum er kostur
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði tal og ritmál
- Samviskusemi og þjónustulund

IBM sérfræðingar með reynslu af IBM hugbúnaði og tæknikunnáttu

Starf: Þjónusta við vefhugbúnaðarkerfi frá IBM, s.s. uppsetningar, breytingar, ráðgjöf, viðhald og rekstur

- Reynsla af IBM hugbúnaði er kostur
- Góð tæknikunnátta ásamt reynslu af þjónustu
- Reynsla af vefgáttum s.s. Websphere og Portal er kostur
- Reynsla af Social Business lausnum er kostur
- Tæknilegar vottanir eru kostur
- Háskólamenntun er kostur

Starf: Innleiðingu og ráðgjöf á IBM öryggis- og afritunarlausnum hjá viðskiptavinum Nýherja

- Reynsla af IBM hugbúnaði er kostur
- Góð tæknikunnátta ásamt reynslu af þjónustu
- Reynsla af auðkenningarkerfum s.s. AD, Domino og LDAP er kostur
- Reynsla af afritunarlausnum s.s. TSM er kostur
- Tæknilegar vottanir eru kostur
- Háskólamenntun er kostur

Hópstjóri með jákvætt viðmót, forystu- og stjórnunarhæfileika til að leiða hóp starfsmanna á tæknisviði

Starf: Úthlutun verkefna og eftirfylgni, stuðningur við starfsmenn og ráðgjöf, tímaskráning, miðlun upplýsinga til deildarstjóra o.fl.

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Góðir forystu- og stjórnunarhæfileikar
- Samviskusemi og skipulögð vinnubrögð
- Geta til að vinna sjálfstætt og í teymi

Vörustjóri með viðamikla þekkingu og áhuga á nýjungum í tölvu-umhverfi einstaklinga

Starf: Vörustjórnun, samskipti við birgja, nýsköpun og stuðning við söludeildir

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af vörustjórnun
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Þægilegt viðmót og rík þjónustulund
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði tal og ritmál
- Gott vald á einu norðurlandamáli kostur ekki skilyrði

Umsókn skal fyllt út á nyherji.is.

Umsóknarfrestur er til og með 18. september nk.

Allar umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim að sjálfsgöðu svarað.

Nánari upplýsingar veita:

Valka Jónsdóttir *starfsmannastjóri*
valka.jonsdottir@nyherji.is
Elva Tryggvadóttir
elva.tryggvadottir@nyherji.is

www.nyherji.is



betri lausnir



Sérfræðingur hjá Hagmálum

Orkuveita Reykjavíkur óskar eftir að ráða dugmikinn starfsmann í fjölbreytt og krefjandi starf hjá Hagmálum, sem tilheyrir Fjármálasviði. Hagmál annast m.a. áætlanagerð af ýmsu tagi og aðstoða svið fyrirtækisins við gerð áætlana, kostnaðargreiningu og skýrslugerð.

Starfssvið:

- Fjárhagsáætlanagerð
- Arðsemisgreiningar
- Rekstrareftirlit og kostnaðargreining
- Aðstoð við uppgjör fyrirtækisins
- Ýmis upplýsingagjöf og skýrslugerð

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í viðskiptafræði
- Góð reikningshaldsþekking
- Reynsla af greiningum og áætlanagerð
- Góð tölvuþekking
- Góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar
- Frumkvæði, nákvæm og skipulögð vinnubrögð

Umsóknarfrestur er til og með 26. september og farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Einstaklingar af báðum kynjum eru hvattir til að sækja um starfið.

Umsjón með úrvinnslu umsókna hafa Hilmar Garðar Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Orkuveita Reykjavíkur er veitufyrirtæki og þjónustufyrirtæki í eigu almennings sem sér um 200.000 notendum fyrir húshitun, drykkjarvatni, rafmagni og fráveitu. Hjá Orkuveitunni vinnur traustur hópur starfsmanna sem hefur lagt hart að sér í ólgu sjú síðustu ára.

• Orkuveita Reykjavíkur rekur stærstu jarðvarmaveitu í heimi.

www.or.is



Orkuveita
Reykjavíkur

Atvinna óskast

Óska eftir framtíðarstarfi á höfuðborgarsvæðinu. Hef starfað mest við skrifstofustörf. t.d. Opus Alt, Navision og DK-bókhaldskerfi. Einnig við verslunar- og umsjónarstörf. **Jóanna 892-0403**



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Sérnámsstöður í heimilislækningum

Velferðarráðuneytið auglýsir tvær námsstöður til sérnáms í heimilislækningum lausar til umsóknar. Stöðurnar eru lausar frá 1. nóvember 2012 eða eftir samkomulagi og eru að hámarki til þriggja ára.

Gert er ráð fyrir að sérnámslæknir starfi á heilsgæslustöðvum bæði í þéttbýli og dreifbýli og á sjúkrahúsum og taki einnig þátt í fræðilegu námi. Námið byggir á marklýsingu fyrir sérnámi í heimilislækningum (FÍH 2008) og er skipulagt nánar í samráði við kennslustjóra sérnáms.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Læknafélags Íslands og fjármálaráðherra.

Umsóknir með upplýsingum um fyrra nám og störf sendist Sveini Magnússyni, skrifstofustjóra í velferðarráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík eða á netfangið: postur@vel.is. Nánari upplýsingar um stöðurnar veitir Alma Eir Svavarsdóttir, aðjúntk í síma: 585 -1800. **Umsóknarfrestur er til 1. október nk.**

Umsóknareyðublöð má finna á vef Embætti landlæknis: www.landlaeknir.is/eydublod



REIKNISTOFA
BANKANNA

Kalkofnsvegi 1
150 Reykjavík

www.rb.is

Við leitum að öflugum gagnagrunnsstjóra

Hlutverk gagnagrunnsstjóra er að starfa með hópi sérfræðinga að uppsetningu, viðhaldi, eftirliti, stillingum og almennum rekstri gagnagrunna fyrirtækisins. Hann sinnir ráðgjöf til forritara um bestun á fyrirsögunum og ber ábyrgð á að gagnagrunnar fyrirtækisins séu uppsettir og reknir í samræmi við öryggisstaðla.

Reiknistofa bankanna keyrir DB2, Oracle og MS SQL gagnagrunna í Unix, Windows og stórtölvuumhverfi.

Kröfur

- » Reynsla af gagnagrunnsstjórn
- » Reynsla af kerfisstjórn einhverra eftirfarandi stýrikerfa er kostur: AIX, Linux, Windows eða zOS
- » Háskólapróf í raungreinum er æskilegt; tölvunarfræði stærðfræði eða verkfræði
- » Sjálfstæði og nákvæmni í vinnubrögðum
- » Brennandi áhugi á gagnavinnslu og hæfni til að vinna í hóp

Umsóknarfrestur er til 14. september 2012. Umsóknir sendist á Guðbrand Jónasson, starfsmannastjóra Reiknistofunnar, guðbrandur@rb.is. Nánari upplýsingar veitir Einar Birgir Einarsson, framkvæmdastjóri Tæknirekstrar og þjónustu, í síma 569 8877.

kaffitar.is



Elskar þú kaffi?

Verzlunarstjóri óskast á kaffihús Kaffitárs í Höfðatorgi

Kaffitár leitar að áhugasömum og lífsglöðum kaffiunnanda í starf verzlunarstjóra á kaffihúsið okkar í Höfðatorgi. Verzlunarstjóri er ábyrgur fyrir öllum daglegum rekstri kaffihússins og starfsmönnum þess.

Leitað er að einstaklingi sem er sjálfstæður í vinnubrögðum, hugmyndaþróun, lipur í samskiptum og auðvitað kaffiunnandi. Sambærileg starfsreynsla er æskileg en ekki skilyrði.

Starfsemi kaffihússins er fjölbreytt, m.a. sala veitinga, kaffidrykkja, kaffipakka og gjafavöru. Líflegt og fjölbreytt starfsumhverfi í fallegu umhverfi.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir **16. september nk**. Nánari upplýsingar um starfið veitir Elísabet Sverrisdóttir: elisabet@hagvangur.is

Kaffitár framleiðir og selur einungis úrvaskaffi. Við leggjum áherslu á gæði og ferskleika. Við erum skemmtileg, alúðleg, umhverfisvæn, litaglöð og líka röff og töff. Við setjum fólk í fyrirrúm og opnum hjarta okkar til að koma boðskap Kaffitárs til skila og tengjast viðskiptavinum okkar traustum böndum. Við kaupum kaffi án krókaleiða til að stuðla að því að við fáum besta kaffi sem völ er á og að bændurnir fái sanngjarnt verð fyrir vöru sína.



leggur heiminn að vörum þér

Hársnyrtir óskast í sölustarf - hlutastarf

Innflutningsfyrirtæki óskar að ráða hársnyrtir til starfa sem fyrst. Um hlutastarf er að ræða og felst í að kynna og selja vörur á hárgreiðslustofur o.fl.

Menntun í hársnyrtið er skilyrði, þarf að hafa bilpróf og nauðsyn er að búa yfir góðri kunnáttu í íslensku og ensku, og vera vel fær á tölvur.

Þarf að geta starfað sjálfstætt, hafa góða þjónustulund og búa yfir jákvæðni og góðri skipulagshæfni.

Umsókn ásamt ferilskrá sendist fyrir 22.09.2012 á netfangið box@frett.is merkt „Hársnyrtir“

**Eigna og framkvæmdafulltrúi**

Framkvæmdasvið Fjarðabyggðar auglýsir starf eigna- og framkvæmdafulltrúa laust til umsóknar.

Eigna- og framkvæmdafulltrúi hefur umsjón og eftirlit með öllum fasteignum Fjarðabyggðar og heldur utan um allar viðhalds- og nýframkvæmdir sveitarfélagsins í samvinnu við mannvirkjastjóra. Upplýsingar um hæfniskröfur og helstu verkefni eru aðgengilegar á vefnum www.fjardabyggd.is

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum LN við viðkomandi stéttarfélag. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um stöðuna, Nánari upplýsingar veitir Jóhann Eðvald Benediktsson mannvirkjastjóri, í síma 470 9019 eða á netfanginu johann.edvald@fjardabyggd.is.

Umsóknarfrestur er til og með 18. september 2012.

Umsóknir berist á skrifstofu Fjarðabyggðar, Hafnargötu 2, 730 Fjarðabyggð merkt „Eigna- og framkvæmdafulltrúi“.

**Endurvinnslan óskar eftir starfsmanni í fullt starf í móttöku****Fjölbreytt starf í boði á góðum og traustum vinnustað.**

Vinnutími er 10:00 – 18:00 og einhverja laugardaga. Íslenskukunnátta skilyrði. Konur jafnt sem karlar hvattir til að sækja um. Vinsamlegast sendið umsóknir á ha@evhf.is

PIPAKTBYVA • SÍA • 121303

Endurvinnslan hf. var stofnuð árið 1989. Endurvinnslan sér eitt um móttöku allra einnota drykkjarvöruumbúða hérlandis, greiðir út skilgjald þeirra, undirbýr þær til útflutnings og selur til endurvinnslu. 60 umboðsaðilar starfa fyrir félagið um allt land.

www.endurvinnslan.is



Endurvinnslan

ERT ÞÚ Á SKRÁ?

Skráning á www.vinna.is er umsækjendum að kostnaðarlausu!



Einar Ágúst, kerfisfræðingur

Við leitum að**Linux/UNIX snillingi**

Starfið felst í rekstri á UNIX kerfum sem eru í hýsingarumhverfi Símans. Unnið er að fjölbreyttum verkefnum sem tengjast öllu frá vefþjónum viðskiptavina yfir í stór bókhaldskerfi. Leitað er að einstaklingi með reynslu af rekstri upplýsingatæknikerfa.

Menntun og reynsla:

- Háskólapróf í tölvunarfræði, verkfræði, raungreinum eða sambærileg þekking
- Góð þekking á Internetstöðlum og þjónustum
- Þekking og reynsla af Debian, Red Hat og/eða HP-UX, AIX og Solaris
- Þekking af Open source hugbúnaði, svo sem Bind, Apache vefþjónum og Tomcat
- Reynsla af hýsingu netþjóna í vélarsölum
- Þekking á ITIL er kostur

Hæfniskröfur:

- Samskiptalipurð og hæfni til að vinna í hópi
- Kraftur og frumkvæði
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Sveigjanleiki og góð aðlögunarhæfni

Umsóknarfrestur er til og með 21. september 2012

Fyrirspurnir berist til Rögnu Margrétar Norðdahl (ragnam@skipti.is). Aðeins er tekið á móti umsóknum í gegnum www.siminn.is.

Við höfum gildi Símans að leiðarljósi í störfum okkar og erum skapandi, áreiðanleg og lipur.

Atvinna!



Viltu fjörlegt starfsumhverfi og jákvætt starf?

Skólamatur óskar eftir að ráða starfsfólk í grunnskóla í Kópavogi, Hafnarfirði og Garðabæ við störf í mótuneytum. Vinnutími er ýmist frá kl. 9 til 15 eða frá kl. 10 til 14 virka daga.

Umsóknir berist á skolamatur@skolamatur.is fyrir 13. september. Vinsamlegast tilgreinið fyrri störf með umsókn.

Skólamatur er reyklus vinnustaður.

Sími 420 2500 | skolamatur@skolamatur.is | skolamatur.is



Holt, gott og heimilislegt



COMPUTER SYSTEM MANAGER KERFISSTJÓRI/UMSJÓNARMAÐUR TÖLVUKERFA

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu Kerfisstjóra/Umsjónarmanns Tölvukerfa lausa til umsóknar. Umsóknarfrestur er til og með **21. september 2012**. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins:

<http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html>

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of System Manager. The closing date for this position is **September 21, 2012**. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page:

<http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html>

Please send your application and resumé to:
reykjavikvacancy@state.gov



Atvinna!

Kjötafurðastöð KS á Sauðárkróki óskar að ráða vana kjötskurðarmenn í vinnu í 2 mánuði. Frítt húsnæði í boði. Frítt fæði á meðan vinnu stendur. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Vinsamlegast hafið samband við Edda í síma 455 4588.

Meat deboners needed!

Kaupfélag Skagfirðinga Sauðárkrók cutting plant needs experienced deboners for the next two months. Free accommodation, free meals during work hours. Applicant must start work soonest. Please contact Edda tel. +354 455 4588.

Praca!

Rzeźnia KS w Sauðárkrókur poszukuje na 2 miesiące pracowników na rozbiór do wykrawania mięsa. Bezpłatne zakwaterowanie. Bezpłatne posiłki w godzinach pracy. Osoba musi być zdolna do pracy w trybie natychmiastowym. Więcej informacji, Edda, tel: + 354 455 4588.

Sérfræðingur afgreiðslukerfa

Við leitum að drifandi og kraftmiklum einstaklingi til að starfa á afgreiðslukerfasviði dk hugbúnaðar.

Einstaklingurinn sem við leitum að verður að:

- hafa góða þekkingu á Windows stýrikerfinu.
- hafa reynslu af prentaraupsetningum.
- hafa reynslu í uppsetningum á vélbúnaði.
- hafa góða þekkingu á netmálum.
- geta unnið sjálfstætt.
- vinna faglega og skipulega.
- sýna lipurð og sveigjanleika í samskiptum.

Í boði eru fjölbreytt, krefjandi og skemmtileg verkefni.

Umsóknarfrestur er til **14. september**.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á kristin@dk.is.

Upplýsingar um starfið veitir **Kristín Þorgeirsdóttir**, kristin@dk.is.

dk hugbúnaður er leiðandi fyrirtæki á sviði viðskiptahugbúnaðar fyrir smærri og meðalstór fyrirtæki á Íslandi. Í dag er fyrirtækið með um 5.000 viðskiptavinum úr öllum geirum atvinnulífsins og fer þeim ört fjölgandi. Þrautreynt og vel menntað starfsfólk sér til þess að viðskiptavinir okkar njóti ávallt bestu lausna og þjónustu sem völ er á og er fagmennska í samskiptum og vinnubrögðum í hávegi höfð.

Veljum íslenskan hugbúnað

dk hugbúnaður
Hlíðasmára 17 | 201 Kópavogur
Sími 510 5800 | dk@dk.is

Bókhaldskerfi
Launakerfi
Afgreiðslukerfi
Vistun



SÖLUFULLTRÚÍ

Helstu verksvið:

- Sölumennska
- Ýmis tölvu- og skrifstofuvinnu.
- Að halda verslun snyrtilegri m.a. með framsetningu vara.
- Ráðgjöf og tilboðsgerð.

Hæfniskröfur:

- Góðir söluhæfileikar og útgeislun.
- Þekking á saumaskap er kostur.
- Tölvuþekking og þá sæmlega kunnátta í Office-hugbúnaði.
- Nákvæmni í vinnubrögðum.
- Áhugi á innanhússhönnun.
- Heiðarleiki, stundvísi og helgun að starfi.
- Frumkvæði.

Umsóknir og óskir um frekari upplýsingar sendast á: hjortur@solar.is fyrir 21/9 n.k.

Kranamaður verkamenn

Óskum eftir kranamanni og verkamönnun í byggingavinnu. Næg vinna framundan. Vinnustaður í Kópavogi.

Upplýsingar hjá
Ágústi Friðgeirssyni
S. 690 6000



S. 534 1600



LímtréVirnet

Límtré Virnet ehf í Borgarnesi óskar eftir að ráða starfsmenn í eftirfarandi framtíðarstörf:

Vélvirki og blikksmiður

Viðkomandi þurfa að hafa menntun í vélvirkjun/stálsmiði, blikksmiði eða öðrum sambærilegum greinum. Einnig kemur til greina að ráða menn vana járnsmiðavinnu eða blikksmiði.

Verkefni í járnsmiðju og blikksmiðju eru fjölbreytt, bæði í nýsmiði og viðhaldsvinnu, hvort heldur sem er innan fyrirtækisins eða úti hjá viðskiptavinum.

Naglaframleiðsla og völsun

Okkur vantar til starfa laghent fólk í nagladeild og völsunardeild fyrirtækisins.

Störfín eru fjölbreytt og er nauðsynlegt að umsækjendur séu vanir að umgangast vélar og tæki og hafi þekkingu eða reynslu af vélavíðhaldi.

Nánari upplýsingar gefur Aðalsteinn Símonarson í síma 412 5302 eða með tölvupósti, alli@limtrevirnet.is.

Umsóknarfrestur er til 20. september.



Reykjavíkurborg

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Dagskrárfulltrúi

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara óskar eftir að ráða dagskrárfulltrúa borgarstjóra frá 1. október til 1. febrúar 2014.

Hlutverk og ábyrgðarsvið

Dagskrárfulltrúi ber ábyrgð á daglegri dagskrá borgarstjóra. Hann veitir borgarstjóra almenna aðstoð ásamt því að vinna að undirbúningi þátttöku hans í ýms konar viðburðum.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af verkefnastjórnun með áherslu á lausnamiðaða nálgun.
- Skipulagshæfni og ábyrgðarkennd.
- Framúrskarandi samskiptahæfni og þjónustulund.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.
- Hæfni í helstu tölvuforritum.

Umsóknir skal færa inn á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf til og með 23. september nk.

Upplýsingar um starfið veitir Helga Björg Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri borgarstjóra og borgarritara í síma 411 - 4500, helga.bjorg.ragnarsdottir@reykjavik.is.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnarendurspegl það margbreytilega samfélag sem borgin er.



Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins en lýtur sérstakri stjórn. Seðlabankinn fer með stjórn peningamála á Íslandi og er meginmarkmið hennar stöðugleiki í verðlagsmálum. Seðlabankinn skal enn fremur sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd.

Laust starf hjá Seðlabanka Íslands

Sérfræðingur á fjárhagssviði

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa á fjárhagssvið bankans. Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfstöð í Reykjavík.

Fjárhagssvið hefur umsjón með bókhaldi, uppgjöri og fjárhagsskýrslugjöf Seðlabankans. Auk þess sinnir sviðið allri bakvinnslu bankans þ.m.t. umsjón með SWIFT-færslum og greiðslum fyrir bankann, ríkissjóð og ríkisfyrirtæki, auk annarra tilfallandi verkefna.

Helstu verkefni:

- Skýrslugerð og upplýsingavinnsla
- Uppgjör og greining fjárhagsupplýsinga
- Gerð stjórnendaupplýsinga
- Samskipti við endurskoðendur og fjármálastofnanir
- Þátttaka í mótun nýrra verkefna á sviðinu

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf er nýtist í starfi
- Reynsla af reikningshaldi og uppgjörsvinnu skilyrði
- Starfsreynsla af fjármálamarkaði æskileg
- Mjög gott vald á íslensku og ensku bæði í ræðu og riti. Færni í einu Norðurlandamáli kostur
- Hæfni til að starfa sjálfstætt og í hópi
- Færni í mannlegum samskiptum
- Mjög gott vald á excel og ýmiskonar greiningarvinnu
- Þekking á Navision
- Frumkvæði, nákvæmni, skipulögð vinnubrögð og metnaður til að ná árangri í starfi

Nánari upplýsingar veitir Kristín Hannesdóttir, framkvæmdastjóri fjárhagssviðs, í síma 569 9600.

Sótt skal um starfið á heimasíðu Seðlabanka Íslands, www.seðlabanki.is, í síðasta lagi 23. september næstkomandi. Umsóknir gilda í sex mánuði. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

LEX óskar eftir starfsmönnum

LEX óskar eftir tveimur starfsmönnum í störf móttökuritari/aðstoðarmanns lögmanna og bókasafns- og upplýsingafræðings.

Móttökuritari/aðstoðarmaður lögmanna:

- Viðkomandi þarf að hafa gott vald á íslensku og ensku og góða alhliða tölvukunnáttu. Skipulögð, sjálfstæð og vönduð vinnubrögð eru skilyrði, einnig góðir samskiptahæfileikar og þjónustulund.

Bókasafns- og upplýsingafræðingur:

- Alhliða umsjón með móttöku skjala, skjalavistun, bókasafni og þátttaka í vefstjórn ytri og innri vefja. Um nýtt starf er að ræða og mun viðkomandi taka þátt í uppbyggingu og innleiðingu á nýju skjalastjórnunarkerfi. Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og þjónustulund eru skilyrði.

Nánari upplýsingar veitir Katrín Jónasdóttir, framkvæmdastjóri LEX í síma 590 2600. Umsóknir skal senda á netfangið katrin@lex.is fyrir 17. september nk.

Starfsfólk LEX starfar undir kjörorðunum Heiðarleiki – Trúnaður – Fagmennska og leggur metnað sinn í að veita öllum viðskiptavinum stofnunar vandaða, trausta og skjóta þjónustu.

LEX er ein stærsta lögmennsstofa landsins með á sjöunda tug starfsmanna og þjónustar mörg af stærstu fyrirtækjum og stofnunum landsins.

PIRATBYNA • SÍA • 122557



LÖGMENNSTOFA



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Skrifstofustjóri	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið	Reykjavík	201209/028
Fulltrúi á þjónustuborði	Háskóli Íslands	Reykjavík	201209/027
Lektor í næringarfræði	Háskóli Ísl., heilbrigðisvísindasvið	Reykjavík	201209/026
Dósent í næringarfræði	Háskóli Ísl., heilbrigðisvísindasvið	Reykjavík	201209/025
Verkfræðingur	Þjóðskrá Íslands	Reykjavík	201209/024
Móttökuritari	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Garðabær	201209/023
Móttökuritari	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Reykjavík	201209/022
Deildarstjóri bókhalds	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Reykjavík	201209/021
Verslunarstjóri	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	Siglufjörður	201209/020
Hjúkrunarfræðingur	LSH, göngud. innkirtla- og efnask.s.	Reykjavík	201209/019
Hjúkrunarfræðingur	LSH, öldrunardeild L2 Landakoti	Reykjavík	201209/018
Aðstoðardeildarstjóri hjúkrunar	LSH, öldrunardeild L2 Landakoti	Reykjavík	201209/017
Hjúkrunardeildarstjóri	LSH, geðsvið	Reykjavík	201209/016
Sérfræðingur á fjárhagssviði	Seðlabanki Íslands	Reykjavík	201209/015
Iðjubjálfi, sjúkraþjálfari	Sjúkratryggingar Íslands	Reykjavík	201209/014
Tölvunarfræðingur, forritari	Námshagstofnun	Kópavogur	201209/013
Sérfræðingur í umhverfistölfræði	Hagstofa Íslands	Reykjavík	201209/012
Sérfræðingur á fyrirtækjasviði	Hagstofa Íslands	Reykjavík	201209/011
Sjúkraflutningamaður	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Borgarnes	201209/010
Sérfræðingur á sviði skjalamála	Íbúðalánasjóður	Reykjavík	201209/009
Sérnámsstöður í heimilislækningum	Velferðaráðuneytið	Reykjavík	201209/008
Sérfræðingur	Veðurstofa Íslands	Reykjavík	201209/007
Forstöðumaður fyrirtækjasviðs	Byggingastofnun	Sauðárkrúkur	201209/006
Lögfræðingur	Útlendingastofnun	Reykjavík	201209/005
Sérfræðingur	Atvinnvega- og nýsköpunarráðun.	Reykjavík	201209/004
Skrifstofustjóri	Atvinnvega- og nýsköpunarráðun.	Reykjavík	201209/003
Skrifstofustjóri	Atvinnvega- og nýsköpunarráðun.	Reykjavík	201209/002
Skrifstofustjóri	Atvinnvega- og nýsköpunarráðun.	Reykjavík	201209/001



TE & KAFFI

Leitum að liðsauka í þjónustudeild

Te & Kaffi óskar eftir þjónustumanni á verkstæði fyrirtækisins. Starf þetta felur m.a. í sér viðgerðarþjónustu á verkstæði við kaffivélar, reglubundið eftirlit hjá viðskiptavinum og útköll vegna bilana.

Hæfniskröfur:

- Haldgóð starfsreynsla við viðgerðir og bilanagreiningu.
- Samskiptahæfni og jákvætt hugarfar.
- Áhugi á að kynnast samspili tækjabúnaðar og framleiðslu á hággæðakaffi.

Um framtíðarstarf er að ræða og æskilegt að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir sendist á gudmundur@teogkaffi.is

Stjarnan ehf.,

einkaleyfishafi Subway á Íslandi, og tengd félög, óska eftir að ráða aðalbókara/skrifstofustjóra.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun eða menntun sem nýttist í starfi er kostur
- Reynsla og góð þekking á bókhaldi er skilyrði
- Þekking og reynsla af uppgjöri samstæðu er kostur
- Góð tölvukunnátta
- Nákvæmni og skipulagni í vinnubrögðum
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Jákvæðni og góðir samstarfshæfileikar

Starfssvið:

- Umsjón, eftirlit og ábyrgð á bókhaldi
- Umsjón með bókhaldskerfinu Navision
- Umsjón með mannaforða á sviði rekstrars
- Skilagreinar, milliuppgjör og áætlanagerð
- Uppgjör og frágangur bókhalds til endurskoðunar
- Innra eftirlit
- Önnur tilfallandi verkefni



Skilafrestur er 17. sept. • Senda umsókn á starf@subway.is



www.skra.is
www.island.is

Verkræðingur hjá Þjóðskrá Íslands

Starf verkfræðings á mats- og hagsviði Þjóðskrár Íslands er laust til umsóknar.

Stafið felst í þróun tölvuvæðra matsaðferða með áherslu á byggingarkostnað, umsjón með gagnavinnslu, sérvinnslu, útgáfu og miðlun upplýsinga. Einnig viðhald brunabótamats, þátttaka í árlegu endurmati fasteigna og önnur matsstörf.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í verkfræði eða skyldum greinum, meistaraþróf æskilegt
- Góð tölvufærni og geta til að tileinka sér nýja tölvutækni
- Þekking og reynsla af gagnagrunnum og SQL
- Þekking á byggingariðnaði er æskileg
- Frumkvæði í starfi
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Lipurð í samskiptum og þjónustu
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Athugi er vakin á því, að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Um er að ræða fullt starf og þarf umsækjandi að geta hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum ríkisstarfsmanna.

Umsóknarfrestur er til og með 24. september 2012.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigurbjörg J. Helgadóttir mannauðsstjóri hjá Þjóðskrá Íslands á netfanginu sjh@skra.is.

Umsóknum skulu fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. **Umsóknir óskast sendar á netfangið sjh@skra.is.**



Hjá Þjóðskrá Íslands starfa yfir 100 starfsmenn. Verkefni stofnunarinnar eru mjög fjölbreytt og heldur stofnunin m.a. fasteignaskrá og þjóðskrá, gefur út fasteignamat og brunabótamat, rekur vefinn island.is og sér um útgáfu vegabréfa. Þjóðskrá Íslands leggur metnað sinn í að sinna verkefnum sínum af fagmennsku og áreiðanleika. Stofnunin hefur það að leiðarljósi að starfsmönnum líði vel í starfi og leggur áherslu á að vinnustaðurinn sé fjölskylduvænn. Gildi stofnunarinnar eru virðing, sköpunargleði og áreiðanleiki.



Sérfræðingur í matvælaeftirliti

Matvælastofnun óskar eftir að ráða starfsmann í fullt starf við eftirlit með framleiðslu matvæla. Starfsmaðurinn mun heyra undir skrifstofu matvælaöryggis og neytendamála hjá stofnuninni.

Í fyrstu mun starfið einkum tengjast eftirliti með framleiðslu sjávarafurða. Starfið mun útheimta umtalsverð ferðalög innanlands.

Helstu verkefni:

- Skoðanir hjá matvælafyrirtækjum
- Úttektir á innra eftirliti (HACCP)
- Sértekt eftirlit vegna sjávarafurða
- Úttektir vegna leyfisumsókna
- Þátttaka í aðgerðum vegna samræmingar eftirlits
- Samskipti við leyfishafa
- Skýrslugerð og frágangur gagna í gagnagrunn
- Önnur verkefni sem starfsmanni eru falin

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun eða önnur framhaldsmenntun sem nýttist í starfi
- Reynsla af eftirliti byggt á HACCP aðferðafræðinni er æskileg
- Þekking á lögum og gerðum EES um matvæli og fóður er kostur
- Nákvæmni, frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Góð framkoma og lipurð í mannlegum samskiptum
- Góðir skipulagshæfileikar
- Góð tölvu- og tungumálakunnátta

Nánari upplýsingar um starfið veita Garðar Sverrisson (gardar.sverrisson@mast.is) og Hafsteinn Jóh. Hannesson (hafsteinn.hannesson@mast.is) og í síma 530-4800. Umsóknum ásamt ferilskrá og öðrum nauðsynlegum upplýsingum skal skilað til Matvælastofnunar, Austurvegi 64, 800 Selfoss, merktum „Eftirlitsmaður“ eða með tölvupósti á starf@mast.is en **umsóknarfrestur er til og með 12. september 2012**. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi opinberra starfsmanna. Nánari upplýsingar um stofnunina er hægt að nálgast á vefsíðu hennar, www.mast.is.

Tannfræðingur

Tannfræðingur óskast í 40% starf á tannréttingastofu miðsvæðis í Reykjavík. Á stofunni starfa 20 manns, tannlæknar, sérfræðingar, aðstoðarfólk og tannsmiðir. Viðkomandi þarf að geta hafið störf fjótlega. Umsóknir berist á box@frett.is merkt „Beinar tennur“



Salaskóli

Hlutastarf eða vinna með námi

- Starfsfólk vantar í dægurvöl Salaskóla frá kl. 13 – 17 með möguleika á sveigjanleika í vinnutíma. Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Í dægurvöl Salaskóla eru 150 börn á aldrinum 6 – 9 ára. Starfið er fjölbreytt og leitast við að allir finni eitthvað við sitt hæfi. Góður andi og góður vinnustaður.

Upplýsingar gefur Hafsteinn Karlsson og Hrefna Björk Karlsdóttir í síma 570 4600 eða á netfanginu hafsteinn@salaskoli.is

Nánari upplýsingar er að finna á vef Kópavogsbæjar
Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef
Kópavogsbæjar www.kopavogur.is

www.kopavogur.is



Hjúkrunarheimilin Eir og Skjól óska eftir forstöðumanni bókhalds

Leitað er að einstaklingi með reynslu í bókhaldi, milliuppgjörum og gerð ársreikninga, fullfrá-gengnum til endurskoðenda, ásamt yfirumsjón með öllum afstemmingum.

Viðkomandi hefur yfirumsjón með launavinnslu.

Starfið er veitt frá næstu áramótum.

Umsóknnum þarf að skila fyrir 14. september.

Upplýsingar veitir:

Sigurður Rúnar Sigurjónsson, framkvæmdastjóri, í síma 522 5700, srs@eir.is

Eir hjúkrunarheimili
Hlíðarhúsum 7, 112 Reykjavík
Sími 522 5700



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

Toyota Kaupúni

Óskar eftir að ráða öfluga liðsmenn á Verkstæði

Við leitum að jákvæðum, drífandi og framsæknum einstaklingum sem hafa áhuga á að takast á við krefjandi og spennandi framtíðarstörf.

Bifvélavirki - Almennar viðgerðir Starfssvið:

- Almennar bílaviðgerðir
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:

- Próf í bifvélavirkjun
- Starfsreynsla og góð þekking á bílum
- Skipulagshæfni, frumkvæði og vandvirkni
- Jákvæðni og vinnugleði

Bifvélavirki - Bilanagreiningar Starfssvið:

- Bilanagreiningar

Hæfniskröfur:

- Próf í bifvélavirkjun
- Starfsreynsla og góð þekking á bílum
- Skipulagshæfni, frumkvæði og vandvirkni
- Jákvæðni og vinnugleði

Áhugasamir sendi umsókn fyrir 17. september á netfangið atvinna@toyota.is, merkt starfi sem sótt er um.

Nánari upplýsingar veitir Fanný Bjarnadóttir á netfangið fanny@toyota.is

Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Sími: 570 5070

www.toyotakaupuni.is

Toyota Kaupúni er söluaðili Toyota bifreiða, vara- og aukahluta á höfuðborgarsvæðinu. Starfsmenn fyrirtækisins byggja gildi sín og viðmið í starfi á The Toyota Way: Stjórnunar-, þjónustu- og mannauðsstefnu Toyota.

Gagnkvæm virðing og nán samvinna eru hornsteinar í daglegri starfsemi Toyota Kaupúni. Hverri áskorun er tekið fagnandi og leita starfsmenn stöðugt leiða til að tryggja áframhaldandi framfarir í öllu því sem við kemur starfsemi fyrirtækisins og þjónustu gagnvart viðskiptavinum þess.

Framtíðarsýn fyrirtækisins er:
„Framsæknasta þjónustufyrirtækið á Íslandi“

VSÓ RÁÐGJÖF

www.vso.is



Jarðverkfræðingar

VSÓ Ráðgjöf leitar að jarðverkfræðingi eða starfsmanni með sambærilega menntun til starfa hér heima og erlendis, starfsmanni sem:

- Hefur lokið framhaldsnámi (M.Sc.).
- Hefur faglegan metnað og vilja til að þróa starfi.
- Er með kunnáttu í ensku og a.m.k. einu norðurlandamáli.
- Á auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti.
- Er jákvæður og lipur í mannlegum samskiptum.

Meðal viðfangsefna verður hönnun, eftirlit og almenn ráðgjöf við jarðtækni, grundun mannvirkja, bergtækni og jarðfræði.

Starfsreynsla er æskileg en ekki skilyrði. Í boði eru samkeppnishæf laun, góð vinnuaðstaða, fjölskylduvænn vinnustaður, góðir vinnufélagar og fjölbreytt verkefni.

Fyrirspurnir og umsóknir skulu sendast til Helenu M. Áskelsdóttur á netfangið helena@vso.is eða í móttöku VSÓ Ráðgjafar fyrir 1. október 2012.

Borgartúni 20, 105 Reykjavík, sími: 585 9000, heimasíða: www.vso.is

VSÓ Ráðgjöf hefur starfað frá árinu 1958 og er eitt af rötgrónustu verkfræðifyrirtækjum landsins. Mikil áhersla er lögð á fagleg vinnubrögð og góða þjónustu.

Starfsmenn VSÓ Ráðgjafar eru nú um 60 og sinna alhliða hönnun og ráðgjöf vegna hverskonar mannvirkjagerðar, skipulags og umhverfismála.

Verkefni stofunnar eru á Íslandi, Norðurlöndunum og víðar um heim.

VSÓ er í samstarfi við erlend ráðgjafar fyrirtæki og VSO Consulting AS er dótturfyrirtæki VSÓ í Noregi.

FISKMARKAÐURINN & GRILLMARKAÐURINN ÓSKA EFTIR

MATREIÐSLUNEMUM

Við á Fisk og Grill erum að leita að verðandi meisturum í hópinn, einum á hvorn stað. Þú verður að geta unnið vel með öðrum og vera stundvís. Metnaður er af hinu góða og við bjóðum skemmtilegt vinnuumhverfi og samkeppnishæf laun fyrir rétta fólkið.

Endilega sendu mér línu á hrefna@fiskmarkadurinn.is með umsókn og upplýsingum um þig.

Hrefna og gengið

FISH MARKET
FISKMARKAÐURINN

AÐALSTRÆTI 12 | 101 REYKJAVÍK | Sími 578 8877

GRILLMARKAÐURINN

LÆKJARGÖTU 2A | 101 REYKJAVÍK | Sími 571 7777



Vatnsendaskóli

Spennandi störf

Vatnsendaskóli auglýsir tvö spennandi störf laus til umsóknar

- Forfallakennari
- Starfsmaður í dægurvöð

Vatnsendaskóli er heildstæður grunnskóli með 465 nemendum og er staðsettur í fallegu umhverfi við Elliðaavatn. Góður andi er í skólanum og starfsumhverfi er gott.

Nánari upplýsingar um störfin er að finna á vef bæjarins www.kopavogur.is Guðrún Soffía Jónasdóttir veitir einnig upplýsingar í síma 570-4330 og á netfanginu gudun@vatnsendaskoli.is

Laun eru skv. kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélag.

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin.

Umsóknarfrestur er til og með 22. september nk.

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef [Kópavogsbæjar www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is)

www.kopavogur.is

Úthringjarar óskast

Ráð er nýtt fyrirtæki sem annast ráðgjöf og sölu á skaðatryggingum, líftryggingum, lífeyrstryggingum og annarri fjármálaþjónustu. Markmið félagsins er að veita einstaklingum og fyrirtækjum framúrskarandi þjónustu á sviði þarfagreiningar og áhættumats vegna tryggingakaupa ásamt ráðgjöf um lífeyrismál, bæði hvað varðar lífeyrissjóði og viðbótartryggingavernd. Ráð er umboðsaðili fyrir Tryggingamiðstöðina og Sparnað.

Ráð ehf. óska eftir úthringjurum til að annast fundarbókanir fyrir ráðgjafa í tryggingum og lífeyrissparnaði. Leitað er að einstaklingum sem eru sjálfstæðir í vinnubrögðum með góða samskiptahæfileika og áhuga á sölu.

Óskað er eftir því að umsóknir innihaldi upplýsingar um starfsferil og stutta lýsingu á viðkomandi umsækjanda. Mjög góð sölulaun í boði.

Frekari upplýsingar fást í síma 414 6800 og á rad@rad.is. Umsóknir skulu sendar í tölvupósti á rad@rad.is eða í pósti til Ráða ehf., Bíldshöfða 9, 110 Reykjavík fyrir 20. september næstkomandi.



Ráð ehf. | Bíldshöfða 9 | 110 Reykjavík



Eftirlitsdýralæknir í Norðausturumdæmi

Matvælastofnun óskar eftir að ráða eftirlitsdýralækni í 100% starf á umdæmisskrifstofu stofnunarinnar á Akureyri. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni:

- Heilbrigðiseftirlit í sláturhúsum
- Heilbrigðiseftirlit í stærri matvælafyrirtækjum
- Eftirlitsstörf á sviði dýraheilbrigðis og dýravelferðar
- Önnur tilfallandi störf sem starfsmanni kann að vera falin

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Dýralæknismenntun
- Æskilegt að umsækjandi hafi starfað við opinbert eftirlit
- Nákvæmni, frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Samstarfshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Góð tölvu- og tungumálakunnátta

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ólafur Jónsson, héraðsdýralæknir (olafur.jonsson@mast.is) og Hafsteinn Jóh. Hannesson (hafsteinn.hannesson@mast.is) í síma 530-4800. Umsóknum ásamt ferilskrá og öðrum nauðsynlegum upplýsingum skal skilað til Matvælastofnunar, Austurvegi 64, 800 Selfoss, merktum „Eftirlitsdýralæknir“ eða á starf@mast.is. Umsóknarfrestur er til og með 12. september 2012. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi opinberra starfsmanna. Nánari upplýsingar um stofnunina má nálgast á www.mast.is.

Við erum að stækka hópinn okkar

Hringdu er ungt og ört vaxandi fyrirtæki á fjarskiptamarkaði. Við bjóðum landsmönnum alvöru samkeppni í net- og símaþjónustu. Okkur vantar fært fólk í eftirfarandi stöður.

Forritari

Ertu slyngur forritar?

Hringdu óskar eftir að ráða færna forritara með þekkingu á, meðal annars SOAP vefþjónustum, Python, MySQL og Linux, auk þess sem þekking á C er kostur. Háskólagráða í tölvunarfræði eða sambærileg menntun æskileg.

Tæknileg aðstoð Fullt starf og hlutastarf

Ert þú alltaf að redda tölvumálum hjá vinum og vandamönnum?

Hringdu óskar eftir að ráða starfsfólk í tæknilega aðstoð. Starfið felst í að aðstoða viðskiptavinum með tæknileg vandamál og uppsetningar á tengingum og öðrum þjónustum. Viðkomandi þarf að búa yfir afburðar tölvukunnáttu. Staðan krefst ríkrar þjónustulundar og þolinmæði, ásamt hæfni í mannlegum samskiptum. Reynsla úr fjarskiptabransanum er kostur, en þó ekki nauðsynleg.

Umsóknir og ferilskrár sendist á umsokn@hringdu.is fyrir 17. september.

Hringdu geymir allar umsóknir í sex mánuði og hefur samband ef nýjar stöður myndast.

Starfsmaður og sölumaður í verslun

Ert þú stundvís, skipulagður og snyrtilegur með ríka þjónustulund?

Hringdu óskar eftir að ráða starfsmann í verslun. Staðan felst í því að taka á móti og þjónusta nýja og verðandi viðskiptavinum, ásamt því að veita þeim ráðgjöf um nettengingar, heimasíma, farsíma og reikninga. Tölvukunnátta og framúrskarandi samskiptahæfileikar eru nauðsyn. Reynsla úr fjarskiptabransanum er kostur.

Sérfræðingur á sviði reikningamála

Ert þú talnaglöggur og samvísusamur?

Hringdu leitar eftir sérfræðingi á sviði reikningamála. Við leitum að talnaglöggum og samvísusömum einstaklingi með ríka þjónustulund. Staðan felst í yfirumsjón viðskiptareikninga og umönnun fyrirsparna viðskiptavina. Reynsla úr sambærilegu starfi er æskileg.

www.hringdu.is

Hringdu
- Það er ódýrara



Auglýsir eftir matreiðslumanni, matráði eða starfskrafti til starfa í mótuneyti Leikskóla Seltjarnarness

Óskað er eftir að ráða matreiðslumann, matráð eða starfskraft vönum matreiðslu fyrir börn á leikskólaaldri í mótuneyti Leikskóla Seltjarnarness.

Hæfniskröfur:

Viðkomandi þarf að vera heilsuhraustur, ábyrgur, sjálfstæður, hagkvæmur, umburðarlyndur og íslenskumælandi.

Laun skv. kjarasamningi launanevndar sveitarfélaga við starfsmannafélag Seltjarnarness.

Umsóknarfrestur er til 10. september 2012

Leikskóli Seltjarnarness er sameinuð fag- og rekstrareining með um 180 börnum. Leikskólinn starfar á tveimur starfstöðvum sem standa á sömu lóð við Suðurströnd.

Nánari upplýsingar fást hjá Jóhannesi Má Gunnarsyni, yfirmatreiðslumanni skólaeldhúsa í síma 5959200 eða með tölvupósti á netfangið johannes@grunnskoli.is

Póst dreifing

Þjónustufulltrúi

Póstdreifing leitar að þjónustufulltrúa til starfa á dreifingardeild.

Í starfinu felst meðal annars:

- Símsvörun og móttaka ábendinga vegna dreifingar
- Úthringikannanir
- Samskipti við blaðbera
- Bréfaflokkun og pökkun á dreifingarefni
- Önnur tilfallandi verkefni

Viðkomandi einstaklingur verður að búa yfir:

- Mikill þjónustulund
- Góðri almennri tölvuþekkingu
- Jákvæðni og drifkrafti

Vinnutími er 13-18 virka daga og annan hvorn laugardag frá 7-12. Viðkomandi þarf að hefja störf fljótlega. Allar nánari upplýsingar um starfið gefur Dagný Ragnarsdóttir, deildarstjóri dreifingardeildar í síma 585 8330.

Umsóknir um menntun og starfsferil skulu berast fyrir 15. september næstkomandi á netfangið dagny@postdreifing.is

Póstdreifing er öflugt dreifingaryrirtæki sem sér meðal annars um dreifingu á Fréttablaðinu ásamt öðru dreifiefni. Hjá fyrirtækinu starfar samheldinn hópur einstaklinga með fjölbreytta reynslu og menntun.



HJARTAVERND

Laus staða doktorsnema

Hjartavernd auglýsir lausa stöðu doktorsnema til 3ja ára sem styrkt er af Rannís. Um er að ræða rannsókn á erfðapáttum þekktara áhættuþátta algengra sjúkdóma í íslenskum fjölskyldum. Ætlunin er að skoða samspil áhættuþátta og erfða með sérstakri áherslu á þá þætti sem breyta kóðunarröðum fyrir prótein.

Hæfniskröfur:

Gerð er krafa um háskólagráðu í viðeigandi fagi (t.d. líffræði, erfðafræði eða tölvfræði).
Reynsla í líffræði og tölvfræðiforritum (t.d. R, S-plus, SAS) er æskileg.

Umsjón með ráðningu hefur Albert Vernon Smith í síma 535 1813 eða albert@hjarta.is

Umsóknarfrestur til og með:

14. september 2012. Umsóknnum skal skilað til Hjartaverndar, Holtasmára 1, 201 Kópavogi merkt Doktorsnemi Rannís eða á netfangið albert@hjarta.is

Ph.D. Studentship

The Icelandic Heart Association has an opening for a three year Rannís-funded Doctoral Research Project. The project examines the genetics of known risk factors within Icelandic families. The work involves analysis of large-scale genetic data, particularly focused on changes which alter protein coding sequence.

Requirements:

University degree in a relevant subject (e.g. Biology, Genetics or Statistics).
Experience in biostatistical analysis and statistical software (e.g. R, S-plus, SAS) is desirable.

For more information contact Albert Vernon Smith in 535 1813 or albert@hjarta.is.

Deadline:

14th of September 2012. Application should be submitted to Hjartavernd, Holtasmára 1, 201 Kópavogur marked Ph.D. Studentship Rannís or to albert@hjarta.is.

Norconsult



Norconsult (www.norconsult.no) is one of the leading Nordic multidisciplinary consulting companies with approximately 2250 employees. The company is owned by its employees and the headquarter is located in Sandvika outside Oslo. Norconsult is a leader in power development and energy. Our section for Power Systems in the Energy Division at Sandvika performs studies and design of power transmission and distribution systems in Norway and globally. In order to meet a growing market, we are currently looking for a:

Team Leader – Transmission Engineering

If you are an experienced transmission engineer who could consider moving to Oslo to start working in Norway's largest consulting engineering company, we will be happy to hear from you. You will cover tasks as design, planning, procure-

ment, construction supervision and project management. We use PLS-CADD as planning tool. You will be responsible for the establishment of a new unit at the headquarter and coordination with our specialists in other offices.

FOR FURTHER INFORMATION, PLEASE CONTACT:

Head of section **Sten-Ole Nilsen**, +47 45 40 12 34 / sten-ole.nilsen@norconsult.com or our recruitment consultants:

Rudi Holt +47 97 60 81 61 / rudi.holt@technogarden.no

Bjørn Harald Aadne +47 48 07 65 15 / aadne@technogarden.no

Please email your application and CV within **September 23rd** 2012 to: rudi.holt@technogarden.no

technogarden
ENGINEERING RESOURCES

Sæktu um á brimborg.is í dag

Bifvélavirki

MAZDA ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI BRIMBORGAR
ÓSKAR EFTIR BIFVÉLAVIRKJA EÐA LENGRA KOMNUM NEMA

Spennandi, áreiðanlegt, hugmyndaríkt. Hefurðu áhuga á svoleiðis starfi?

Þá passar þú áreiðanlega vel í hóp starfsfólks á Mazda verkstæðinu. Mazda er nefnilega þekkt fyrir að framleiða spennandi og áreiðanlega bíla og nota til þess ríkt hugmyndaflug. Við viljum ráða bifvélavirkja, eða nema sem er kominn langt í námi, sem er til í að vinna að því að halda Mazda bílum í toppformi langt inn í framtíðina. Einstaklingur sem vill eiga samleið með Mazda á þessum forsendum.

Starfslýsing

Þú nýttir þekkingu þína og greiningarhæfni til að vinna við viðgerðir á bifreiðum með aðstoð nýjustu tækja- og tölvutækni framleiðandans. Þú leggur þig fram um að veita viðskiptavinum góða þjónustu.

Hæfniskröfur

- Sveinspróf í bifvélavirkjun eða lengra kominn nemi
- Gilt bílpróf
- Stundvísi
- Snyrtimennska
- Góð þjónustulund
- Heiðarleg og vönduð vinnubrögð
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Grunnþekking á tölvur
- Íslensku- og enskukunnátta

Vinnutími er frá kl. 8.00-17.15 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá kl. 8.00-16.15.

Brimborg leggur mikla áherslu á gott vinnuumhverfi og reglulega þjálfun í starfi. Góð laun ásamt góðum tekjumöguleikum á fjörugum vinnustað.

Umsóknarfrestur er til og með 17. september.



Hringdu beint í framkvæmdastjóra Mazda hjá Brimborg í síma 515 7123 og fáðu nánari upplýsingar um þetta spennandi starf eða kíktu bara við. Sótt er um starfið á heimasíðu fyrirtækisins, www.brimborg.is



Reykjavíkurborg



Skipulagsfulltrúi

Borgarstjórinn í Reykjavík auglýsir starf skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar laust til umsóknar.

Hlutverk og ábyrgðarsvið

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar starfar á skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkurborgar en mun tilheyra nýju umhverfis- og skipulagssviði frá 1. janúar árið 2013. Meðal helstu verkefna Umhverfis- og skipulagssviðs eru skipulagsmál, umhverfismál, umsjón fasteigna Reykjavíkurborgar, framkvæmdir, heilbrigðiseftirlit og byggingareftirlit.

Skipulagsfulltrúi starfar skv. skipulagslögum nr. 123/2010. Hann hefur m.a. umsjón með skipulagsgerð, gefur út framkvæmdaleyfi og hefur eftirlit með þeim framkvæmdum. Skipulagsfulltrúi ber ábyrgð á gerð skipulagsáætlana, embættisafgreiðslum í umboði skipulagsráðs og eftirfylgni á stefnumótun og ákvörðunum ráðsins.

Menntun og hæfniskröfur

- Umsækjendur skulu hafa framhaldsmenntun á háskólastigi í skipulagsfræði, arkitektúr eða skyldum greinum skv. ákvæðum skipulagslaga nr.123/2010.
- Umsækjendur skulu hafa heimild ráðherra til starfsheitisins samkvæmt lögum um löggildingu starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum nr. 8/1996.

- Umsækjendur skulu hafa sérhæft sig á sviði skipulagsmála með námi eða vinnu í a.m.k. 2 ár.
- Reynsla af stjórnun og þekking á starfsumhverfi opinberrar stjórnsýslu er æskileg auk leiðtogaþæfileika, frumkvæði í starfi, framsýni og skipulagsfærni.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Hæfni til þess að tjá sig í ræðu og riti á íslensku, ensku og einu norrænu tungumáli.
- Góð almenn tölvukunnátta.

Sviðstjóri umhverfis- og skipulagssviðs er næsti yfirmaður skipulagsfulltrúa. Um laun og starfskjör fer samkvæmt reglum um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg og ákvörðun kjaranefndar Reykjavíkurborgar.

Umsókn skal

færa inn á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf, fyrir 24. september nk. samkvæmt framlengdum umsóknarfresti.

Upplýsingar

um starfið veitir Ólöf Örvarsdóttir, sviðsstjóri olof.orvarsdottir@reykjavik.is eða Bjarni Þór Jónsson, skrifstofustjóri bjarni.th.jonsson@reykjavik.is í síma 411 1111.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynjanna í störfum og því að vinnustaðir borgarinnar endurspeglji fjölbreytileika reykvisks samfélags. Atvinnuauðglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar í síma 4 11 11 11 eru veittar allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og símasamband við starfsmenn einstakra sviða og deilda.



Velferðarsvið

Áhugaverð störf

Velferðarsvið Kópavogsbæjar auglýsir tvö áhugaverð störf laus til umsóknar.

- Forstöðumaður á heimili fyrir fatlað fólk
- Forstöðumaður á hæfingarstöð fyrir fatlað fólk

Störfin eru ólík en krefjast þess að viðkomandi þrói og leiði starfsemina.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði þroskaþjálfara, fötlunarfræða eða innan félags- og heilbrigðisvísinda.
- Reynsla af stjórnun og starfi með fötluðu fólki.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Ábyrgð á daglegum rekstri.
- Stýra faglegu starfi og sjá um þróun innra starfs.
- Hafa umsjón með starfsmannamálum.
- Vinna að gerð fjárhagsáætlunar.

Nánari upplýsingar er að finna á vef bæjarins www.kopavogur.is og hjá Guðlaugu Ósk Gísladóttur deildarstjóra í síma 570-1500 og á netfanginu gudlaugo@kopavogur.is

Laun eru skv. kjarasamningi Launaneftdar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin.

Umsóknarfrestur er til og með 21. september nk.

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is

www.kopavogur.is

STRÁ



Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabíl.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is

Starfslaun listamanna 2013

Minnt er á að umsóknarfrestur rennur út þriðjudaginn **25. september 2012 kl. 17.00.**

Áréttuð eru nýmæli vegna starfslauna listamanna fyrir árið 2013:

- Gefinn er kostur á að sækja um starfslaun vegna skilgreindra samstarfsverkefna:
 - Fleiri en einn listamaður/hópur geta sótt um starfslaun í sama sjóð fyrir skilgreint samstarfs verkefni.
 - Fleiri en einn listamaður/hópur geta sótt um starfslaun í mismunandi sjóði fyrir skilgreint samstarfs verkefni.
 - Gefinn er kostur á einstaklingsumsóknum um starfslaun í mismunandi sjóði, falli verkefnið undir fleiri sjóði en einn.
- Sérstök eyðublöð eru fyrir ofangreindar umsóknir. Úthlutunarnefndir viðkomandi sjóða fara sameiginlega yfir umsóknir.

Sjá nánar: www.listamannaalaun.is. Upplýsingar veittar á skrifstofu stjórnar listamannaalauna í síma 562 6388.

Stjórn listamannaalauna.
7. september 2012

Staða golfvallarstjóra hjá Golfklúbbnum Keili



Stjórn Keilis óskar eftir að ráða dugmikinn og jákvæðan einstakling í starf golfvallarstjóra á Hvaleyrarvöllum. Um framtíðarstarf er að ræða.

Starfið felur í sér yfirumsjón og vinnu við umhirðu golfvallarins og nánasta umhverfis hans og mannaforráð. Golfvallarstjóri kemur einnig að rekstraráætlunum klúbbsins ásamt framkvæmdastjóra og hefur umsjón með nýframkvæmdum ásamt vallarnefnd klúbbsins.

Hvaleyrarvöllur er 27 holu golfvöllur á Hvaleyrri í Hafnarfirði og er Keilir 3. fjölmennasti golfklúbbur landsins með um 1350 félagsmenn. Einnig rekur Keilir heilsárs golfæfingaaðstöðuna Hraunkot.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun í golfvallarfræðum
- Vinnuvélaréttindi
- Almenn tölvukunnátta
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð, skipulagshæfni, frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknir, ásamt ferilskrá, berist til framkvæmdastjóra Golfklúbbsins Keilis eigi síðar en 15. október á netfangið: olithor@keilir.is. eða með pósti:

Umsókn v/golfvallarstjóra Keilis, Golfklúbburinn Keilir, Steinholti 1, 220 Hafnarfjörður

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.



» Ráðningarþjónusta

Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

■ Vinnusparnaður

Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

■ Markviss leit

Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

■ Þriggja mánaða ábyrgð

Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

■ Ekkert staðfestingargjald

Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavinum okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

■ Fjöldi hæfra umsækjenda

Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

■ Fjölbreyttar þjónustuleiðir

Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

■ Reynsla og þekking

Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

■ Sanngjarnt verð

Þjónustum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

HH Ráðgjöf er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is



stofus
lagerstörf
Verslunarstörf
Lidsstörf
ifstofust

HH
RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA



Fellihýsi stolið

Þann 14. júlí sl. var fellihýsi, með skráningarnúmerið ZY-457 stolið við Eskivelli 1.

Þeir sem geta veitt upplýsingar um ferðir fellihýsisins mega hafa samband við Árna Frey Gestsson í síma 560-5222 eða lögregluna í síma 444-10000.



Kerru stolið

Seinnipartinn í apríl var kerru með skráningarnúmerið ZY-457 stolið við Akralind í Kópavogi.

Þeir sem geta veitt upplýsingar um ferðir kerrunnar mega hafa samband við Árna Frey Gestsson í síma 560-5222 eða lögregluna í síma 444-10000



Námsleyfi grunnskólakennara og skólastjórnenda 2013-2014

Stjórn Námsleyfjasjóðs auglýsir eftir umsóknum um námsleyfi grunnskólakennara og stjórnenda grunnskóla skólaárið 2013-2014. Stjórn sjóðsins hefur ákveðið að við úthlutun verði sett í forgang nám sem tengist

- Tækni- og raungreinum.
- Samspili náttúruvísinda og listgreina með nýsköpun og skipandi hugsun að leiðarljósi. Skal allt að 1/3 námsleyfa úthlutað vegna þessa.

Umsækjendum er gert að sækja um á rafrænu formi á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga www.samband.is. Umsóknarfrestur er til og með 2. október 2012.

Umsækjandi, sem æskir námsleyfis, skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum og skuldbindingum, sbr. reglur Námsleyfjasjóðs:

- Hafa gegnt starfi í 10 ár samtals við kennslu, ráðgjöf eða stjórnun í grunnskóla, í eigi minna en hálfu starfi, og verið í starfi sl. fjögur ár.
- Vera fastráðinn starfsmaður sveitarfélags eða aðila sem stofnað er til með samstarfi sveitarfélaga og taka laun samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara eða kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélags Íslands.
- Ljúka 60 ECTS eininga háskólanámi eða sambærilegu námi, miðað við 1/1 námsleyfi, og skal námið miða að því að nýtast viðkomandi í því starfi sem hann er ráðinn til að sinna.
- Að loknu námsleyfi skal námleyfishafi senda stjórn sjóðsins innan fjögurra mánaða staðfest vottorð skóla um nám í námsleyfinu.
- Enginn getur fengið hærra fjárhæð í námsleyfi en sem nemur tveggja ára föstum launum á starfsævi viðkomandi.
- Laun í námsleyfi miðast við starfshlutfall námsleyfisþega næsta ár áður en námsleyfi hefst eða meðaltal síðustu þriggja ára ef það er hærra.

Upplýsingar veitir Guðfinna Harðardóttir í síma 515 4900, tölvupóstfang: guðfinna.hardardottir@samband.is



Styrkur Tónlistarsjóðs Rótarý

Tónlistarsjóður Rótarý á Íslandi auglýsir eftir styrkumsóknum.

Sjóðurinn veitir ungu fólki sem skarað hefur fram úr á einhverju sviði tónlistar viðurkenningu í formi fjárfstyrks til frekara náms.

Styrkurinn verður veittur í janúar 2013 og er að fjárhæð kr. 750.000.

Umsóknarfrestur er til 8. október næstkomandi

Umsóknum skal skilað til skrifstofu Rótarýumdæmisins, Suðurlandsbraut 54, 108 Reykjavík. Netfang: rotary@rotary.is



NORDPLUS

Nordplus auglýsir styrki til norræns menntasamstarfs

Opnað hefur verið fyrir styrkumsóknir hjá Nordplus haustið 2012. Styrkirnir sem um ræðir eru:

Undirbúningsheimsóknir í Nordplus Junior

Styrkir fyrir kennara í leik-, grunn-, og framhaldsskólum til að heimsækja samstarfsskóla á Norðurlöndum og Eystrasaltlöndum vegna styrkumsóknar um samstarfsverkefni næsta vor.

Undirbúningsheimsóknir í Nordplus Voksen

Styrkir fyrir þá sem sinna fullorðinsfræðslu til að heimsækja samstarfsstofnanir á Norðurlöndum og Eystrasaltlöndum vegna styrkumsóknar um samstarfsverkefni næsta vor.

Styrkir til verkefna í Nordplus norrænu tungumálaáætluninni

Aukaumsóknarlota verður haldin haustið 2012. Um er að ræða styrki til verkefna sem fjalla um norræn tungumál. Verkefnið verða að vera samstarfsverkefni a.m.k. þriggja stofnana í þremur Nordplus þátttökulöndum. Umsóknir skulu skrifaðar á dönsku, sænsku eða norsku.

Umsóknum skal skila rafrænt á síðunni ars.norden.org.

Starfsfólk Landskrifstofu Nordplus á Íslandi veitir frekari upplýsingar og aðstoð í umsóknarferlinu.

Umsóknarfrestur er 1. október 2012

www.nordplus.is

ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- Klórgerðartæki fyrir Breiðholtslaug nr. 12914.

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod.



Reykjavíkurborg

Innkaupaskrifstofa

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík

Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048

Netfang: utbod@reykjavik.is

Auglýsing um styrki

Hagþenkir, félag höfunda fræðiritra og kennslugagna, auglýsir eftir umsóknum um þóknarir og ferða- og menntunastyrki, síðari úthlutun.

Þóknarir vegna ljósritunar, stafrænnar fjölföldunar o. fl.

Óskað er eftir umsóknum um þóknarir vegna ljósritunar úr fræðiritum og kennslugögnum í skólum og öðrum stofnunum hins opinbera og vegna stafrænnar fjölföldunar í háskólum skólaárin 2010-2011.

Til úthlutunar eru allt að 5.500.000.- kr.

Þóknarir til réttahaða á fræðslu- og heimildarmyndum

Óskað er eftir umsóknum handritshöfunda, sem eru réttahafa á fræðslu- og heimildarmyndum og þáttum sem sýndir voru í sjónvarpi árin 2009-2011, um þóknarir sem Hagþenkir greiðir í framhaldi af gerðardómi um skiptingu tekna Innheimtumiðstöðvar gjalda af geisladiskum, myndböndum og myndbandstækjum.

Til úthlutunar eru allt að 100.000.- kr.

Ferða- og menntunastyrkir 2012 – fyrir félagsmenn Hagþenkis, síðari úthlutun

Óskað er eftir umsóknum um ferða- og menntunastyrki Hagþenkis vegna síðari úthlutunar. Rétt til að sækja hafa þeir sem hafa verið félagar í Hagþenki í eitt ár og eru skuldlausir við félagið. Heimilt er að sækja um vegna ferða sem farnar voru á árinu. Umsækjendur skulu senda skrifstofu Hagþenkis afrit af ferðakostnaði og skilagreini fyrir áramót.

Til úthlutunar eru allt að 2.000.000.- kr.

Umsóknarfrestur rennur út 20. september kl. 16.

Allar nánari upplýsingar, úthlutunarreglur, rafræn eyðublað og eyðublað fyrir skilagreinar eru á heimasíðu félagsins: www.hagthenkir.is. Umsækjendur fá rafræna staðfestingu um að umsókn hafi borist og gildir hún sem kvittun.

Hagþenkir, félag höfunda fræðiritra og kennslugagna Hringbraut 121, 4.h. 107 Reykjavík
Netfang: hagthenkir@hagthenkir.is Sími 551-9599



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

NÁMSKEIÐ TIL UNDIRBÚNINGSPRÓFI TIL AÐ ÖÐLAST RÉTTINDI TIL AÐ VERA HÉRAÐSDÓMSLÖGMAÐUR

Prófnefnd samkvæmt reglugerð nr. 1095/2007 um próf til að öðlast réttindi til að vera héraðsdómslögmaður, sbr. lög nr. 77/1998 um lögmennt og lög nr. 93/2004, hefur ákveðið að halda námskeið haustið 2012.

Stefnt er að því að kennsla á fyrri hluta fari fram dagana 8. til 20. október 2012. Jafnframt er stefnt að því að próf í fyrri hluta námskeiðsins verði haldin á tímabilinu 22. október til 2. nóvember 2012. Þá er stefnt að því að kennsla í síðari hluta fari fram dagana 12. til 23. nóvember 2012 og að próf verði haldin á tímabilinu 23. til 30. nóvember 2012.

Gjald fyrir þátttöku á fyrri hluta prófraunar er kr. 250.000 og greiðist við skráningu. Gjald fyrir síðari hluta verður ákveðið síðar. Prófgjald er innifalið í námskeiðsgjaldi.

Skráning fer fram í gegnum rafrænt skráningarkerfi á heimasíðu Lögmannafélags Íslands á slóðinni www.lmf.is. Við skráningu skal leggja fram afrit prófskráteisins til staðfestingar því að umsækjandi hafi lokið fullnaðarnámi í lögfræði með embættis- eða meistaraþrófi. Hægt er að senda þær upplýsingar með tölvupósti á netfangið: [hjords@lmfi.is](mailto:hjordis@lmfi.is).

Frestur til að skrú sig á námskeið er til og með 30. september 2012. Nánari upplýsingar um námskeiðið má finna á vef innanríkisráðuneytisins á slóðinni: www.innanrikisraduneyti.is

Innanríkisráðuneytið
8. september 2012



Skeifan
fasteignasala
Eysteinn Sigurðsson / Löggiltur fasteignasali

FÖSTLÁG SÖLUPÓKNUN

Grundargerði 2 – Einbýli í Smábúðahverfi

OPIÐ HÚS

Opið hús sunnudag á milli kl. 14 og 16.

Þetta er fallegt 206 fm einbýlishús, hæð, ris og kjallari á þessum vinsæla stað í Smábúðahverfinu. Fallegar rinnréttingar. Húsið er í góðu standi og hefur verið mikið endurnýjað. Aukaíbúð er í kjallara og í bílskúr, sem henta vel til útleigu. Garðurinn er endurgerður og fallegur og er með gróðurhúsi. Fallegt hús á góðum stað. Hagstætt langtímalán getur fylgt. Eignin getur losnað fljótt.
Verð 52,9 millj.
Gerði svo vel að líta inn það verður tekið vel á móti ykkur.

Skeifan fasteignasala / Suðurlandsbraut 46
108 Reykjavík / Sími 568 5556 / skeifan@skeifan.is

OPIÐ HÚS Í ÖRYGGISÍBÚÐUM EIRBORGA

laugardag og sunnudag, 8.-9. september milli kl. 14 og 17

Sýning á öryggisíbúðum í Eirborgum, Fróðengi 1-11, 112 Reykjavík



- Þægilegar íbúðir og góð þjónusta í glæsilegu umhverfi
- Útborgun að hluta og leiga
- Matsalur, fjölþætt félagsstarf og öryggisvöktun allan sólarhringinn



Hjúkrunarheimili
Sími 522 5700 • www.eir.is

FJÁRFESTING
FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250

Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali

Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

TIL LEIGU – Dugguvogur 8 – Reykjavík



Til leigu húsnæði, 910 fm., sérinnréttáð fyrir matvælaíðnað við Dugguvog 8 í Reykjavík, þar sem Esja var áður til húsa.

TIL LEIGU – Askalind 2 – Kópavogur

Til leigu gott 215 fm. skrifstofuhúsnæði með innkeyrsluhurð við Askalind 2 í Kópavogi. Tilvalið fyrir heildsölur.

TIL LEIGU – Skógarhlíð 12 – Reykjavík

Til leigu glæsilegt skrifstofuhúsnæði við Skógarhlíð 12 í Reykjavík, þar sem Pricewaterhouse er til húsa. Húsið er allt mjög glæsilegt að innan og utan. Um er að ræða jarð hæðina sem er skipt niður í ca. 150 til 300 fm. einingar.

TIL LEIGU – Vegmúli 2 – Reykjavík – 2. hæð

Til leigu 280 fm. skrifstofuhúsnæði á 2. hæð við Vegmúla 2 í Reykjavík. Eignin er öll nýinnréttuð á glæsilegan hátt. Upplýsingar gefur Gunnar í síma 693-7310.



Atvinnueignir

Löggild leigumiðlun og fasteignasala
Fákafeni 9, 108 Reykjavík



Til sölu eða leigu gott 432,7 m² verslunarhúsnæði á einum besta stað við Skeifuna

sem skiptist í verslunarsal með góðri lofthæð. Skrifstofu- og kaffiaðstaða á millilofti. WC aðstaða. Góðir sýningargluggar og véldrifin hurð með skynjara.

Fjöldi bílastæða er við húseinna. Mjög góð staðsetning fyrir verslunar- og/eða þjónustuhúsnæði á Höfuðborgarsvæðinu.

Allar nánari upplýsingar veitir Helgi Már Karlsson lfg. í s: 534 1024/897 7086 eða hmk@atvinnueignir.is

534 1020

www.atvinnueignir.is

HRAUNHAMAR

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

Brautarholt/Stórholt - 105 Rvk.



Mjög gott 73 fm. húsnæði á götuhæð með sérinngangi. Húsnæðið er innréttáð sem tannlæknastofa. Tvær góðar vinnustöðvar, afgreiðsla, biðstofa auk skrifstofu og starfsmannaádstöðu. Húsnæðið er vel innréttáð með góðu loftræstikerfi. Hentugt fyrir snyrtistofu, tannlæknastofu eða hlíðstætt. **Verð 19,8 millj.**

Upplýsingar gefur Hilmar á skrifstofu eða í síma 892-9694

Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.



Atvinnueignir

Löggild leigumiðlun og fasteignasala
Fákafeni 9, 108 Reykjavík



Til leigu Lynghals 4

370 fm. verslunarhúsnæði á 1. hæð (götuhæð). Sýningargluggar til suðurs. Húsnæðið skiptist upp í verslun, lager og skrifstofuherbergi. Góð bílastæði. Hentar vel fyrir verslun eða þjónustu. Laust strax!

Allar nánari upplýsingar veitir Helgi Már Karlsson lfg. í s: 534 1024/897 7086 eða hmk@atvinnueignir.is

534 1020

www.atvinnueignir.is

OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN
9. SEPTEMBER MILLI KL 17-17:30 AÐ
LJÁRSKÓGUM 5

um er að ræða afar fallegt og vel skipulagt 210,9 fm einbýlishús á tveimur hæðum, að auki eru ca 70 fm sem eru ekki skráðir í fm tölu möguleiki er að gera aukaíbúð á neðri hæð. Þetta er glæsileg eign með afar fallegum verðlaunagarði **Verð 59,9 millj.**



Kristberg Snjólffsson sölufulltrúi
Landmark verður á staðnum.



Hafðu samband
KRISTBERG SNJÓLFFSSON Sölufulltrúi
Sími: 892 1931 - kristberg@landmark.is



MAGNÚS EINARSSON
Löggiltur fasteignasali
Sími: 512 4900

LANDMARK

FASTEIGNASALA

MAGNÚS EINARSSON - Löggiltur fasteignasali

SÍMI 512 4900 - BOLHOLTI 4 - LANDMARK.IS

spánar heimili

Galicia - glæsilegt sveitasetur á Spáni!



Til sölu stórglæsilegt og mikið endurnýjað yfir 100 ára gamalt sveitasetur, byggt á galicískan hátt. Húsið er um 300 fm með bílskúr. Herbergin eru 3-4 og baðherbergin 3. Stórglæsilegt útiástaða. Eignin er öll hin glæsilegasta og hefur verið mikið endurnýjuð og að hluta endurbyggð. Húsið stendur við lítið þorp sem heitir La Caniza skammt frá landamærum Spánar og Portúgals. Ásett verð er 52,2 millj. Áhvílandi lán 18,5 millj. Möguleg skipti á fasteign á höfuðborgarsvæðinu. Hægt er að greiða í íslenskum krónum. Allar frekari upplýsingar á www.spanarheimili.is og hjá Finnþóri í síma 530-6506 / 895-1098.


www.spanarheimili.is



GUY FIERI HEIMSKERIR EINSTAKA VEITINGASTAÐI Í DINERS, DRIVE-INS & DIVES Á FOOD NETWORK | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á WWW.STOD2.IS



Höfuðborg Fasteignamiðlun



54,9
Opið hús

lm 222 | 4 skúr

Grænlandsleið 3 · 113 RVK

Mjög vel staðsett og glæsilega innréttað parhús á tveimur hæðum. Stór sólpallur til suðurs. Axis innréttingar, lýsing frá Lumex, hurðir og parket frá Agli Arnasyni, flísar frá Flísabúðinni. Glæsileg eign í alla staði.

Nánari uppl. veitir Heiða í síma 666-0060

Opið hús sun 9. sept 13:30 - 14:00



28,9

lm 161 | 3 bílag.

Sumarhús í Súðavík með svefnpláss fyrir 8 til 10 manns er laust til skammtímadvalar til 1.nóv. Helgardvöl er 20.000kr og vikan er 35.000kr. Uppl 895 8582

Atvinnuhúsnæði

Til leigu jebba (bíla) pláss á Höfðanum. Uppl. s. 615 2500

Skrifstofuherbergi til leigu á Bildshöfða. Uppl. í síma 899 5309.

Óska eftir til leigu bílskúr eða atvinnuhúsnæði.

Regnbogalitur málningarpjónusta óskar eftir að taka á leigu stóran bílskúr eða c.a. 40 til 60 fermetra atvinnuhúsnæði á jarðhæð helst með innkeyrsludrym. Uppl 891 9890, malarar@simnet.is

Geymsluhúsnæði

Upphituð ferðavagnageymsla í Borgarf.

Gott verð, tjaldv, fellih, bátar, 4hjól og fl. S: 899 7012, solbakkí.311@gmail.com

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

Geymslur.com
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskilóð í Reykjavík. S. 555 3464

Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótórhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

Óska eftir bílskúr
Vantar lítin bílskúr til leigu undir búslóð, greiði 6mán fyrirfram. Hafði samband puti@puti.is eða í S. 897 3171

Gisting

IBÚÐ Í KÖBEN.is
12 GLÆSILEGAR IBÚÐIR Á BESTA STAÐ Í KÖBEN TIL LEIGU
ALLT ÁRID UM KRING
STADSETNING
FLENSBORGGADE 39
Verð frá 1050 dkr/hóttin
f. 3ja herb.ú. Nánari uppl. í síma
891 8612 | +45 271 11038
apartments.cph@gmail.com
www.ibudikoben.is



ATVINNA

Atvinna í boði

Kvöldvinna 50%

Þjónn óskast í 50% vinnu seinnipart virka daga á veitingastaðinn 73 Laugavegi.

Reynsla æskileg, 25 ára eða eldri.

Umsóknir með ferilsskrá sendist á 73@73.is

Smíðavinna

Óska eftir smíðum, góð verkefnastaða.
Uppl. s. 696 0558.

Fiskbúðin Hafberg

Óskar eftir að ráða starfsmann í undirbúning á fiskréttum og verslun 100% þjónusta í veitingasal 50% íslenskukunnátta skilyrði
Uppl.í síma 8203413 Geir, 8205887 Svala



Afgreiðslufólk óskast! á virkum dögum í bakariin okkar. Framtíðarstarf.

Umsóknir sendist með nafni, síma og heimilisfangi á netfangið umsokn@kornid.is



Fullt starf - Reykjavík
Óskum eftir hressu og duglegu fólki til að starfa með okkur í bakriinu okkar á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. Um er að ræða vaktir eftir hádegi, ásamt helgarvinnu.
Áhugasamir geta sótt um á heimasíðu okkar og er slóðin www.mosfellsbakari.is/umsokn.asp

Rafvirkjar / nemar og skrifstofustarf.

Ertu til í að takast á við nýja tækni? Vantar menn í ljósleiðaratengingar á höfuðborgarsvæðinu við Ljósleiðarann. Næg vinna framundan við nýjustu tækni í dag. Starfið felst í því að tengja og virkja endabúnað fyrir Ljósleiðarann. Einnig vantar í hlutastarf á skrifstofu við almenn skrifstofustörf.
Allar nánari upplýsingar í síma 6604090 Birgir, einnig má senda póst á netfangið birgir@rar.is

Veitingahús Nings - Framtíðarstarf

Veitingahús Nings óskar eftir þjónustuliprum og brosmildum starfsmönnum í fullt starf og hlutastarf. Aðeins 18 ára og eldri og aðeins íslenskumælandi.
Áhugasamir setji inn umsókn á www.nings.is



Óskum eftir að ráða starfsfólk á nýjan Subway stað í Bankastræti í Reykjavík sem opnar í lok september.

Um er að ræða hlutastörf. Umsækjendur þurfa að geta byrjað fljótlega. Leitum að jákvæðu og lífsglæðu fólki með mikla þjónustulund.
Umsóknareyðublað á subway.is.

Nánari upplýsingar gefur Helga helga@subway.is



Starfsfólk óskast í hlutastarf virka daga. Æskilegur aldur 20 ára og eldri. Upplýsingar veittar á staðnum.



Mercedes Bens C240 Elegance árg. 2001, sjálfskiptur 2.6 V-6 ek. 198þ. km. Verð kr. 1.490.000.- Tilboð kr. 1.000.000. Upplýsingar í síma 840-8057.



BMW 318 árg. 1998 sjálfskiptur ek. 215 þ.km. Verð kr. 280.000. Upplýsingar í síma 840-8057.

Wilson's pizza leitar af starfsfólki í eftirfarandi stöðum.

Pizzabakara - Sendla. Um er að ræða hentugan vinnutíma í fullt/hlutastarf. 20 ára og eldri. Góð laun fyrir rétta fólkið.
Umsóknir sendist á atvinna@wilsons.is

Professional Resume/Ferilsskrár á íslensku/english S. 845 8896.

Frændur Pipulagnir óska eftir vönum mönnum til starfa. Aðeins duglegir alvöru menn koma til greina. Upplýsingar í síma 6592961 eða 8474980. Berjast !!!

Veitingastaður við Ármúla óskar eftir áreiðanlegri manneskju til starfa í eldhúsi, afgreiðslu o.fl. Fullt starf. Uppl. í síma 847-4245

Vinna heima

Frábært til framtíðar sem krefst vilja og tíma. Tekjur: auka eða aðal. Þú ræður ferðinni. 2 klst á dag 5 daga vikunnar s. 822 8244.


Óskum eftir fólki í úthringistarf á kvöldin, föst laun og bónusar. Áhugasamir sendi póst á erna@tmi.is

Sushi smiðjan Geirsgötu 3

Óskar eftir að ráða starfsfólk í sal. Íslenskukunnátta æskileg. Uppl. á staðnum mánudag og þriðjudag milli kl. 13-17.

TILKYNNINGAR

Tapað - Fundið



Teppi tapaðist og er sárt saknað

Á myndinni snýr „rangan“ upp en það sést í réttuna þar sem lítil hvít blóm eru í miðjunni á hverjum ramma. Það er bleikt,blátt,appelsínugult og hvítt. Mæja 8616658.

Einkamál

Rauða Torgið

Sönn tilbreyting • Heit avintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt fritt í s. 555-4321
Karlar auglýsa fritt, 535-9922
Heitar kynslögur
905-2002 • 535-9930
Símadómur • líve spjall
908-6000 • 535-9999



Til sölu

VILT ÞÚ EIGNAST GLÆSILEGAN VEITINGASTAÐ !

Glæsilegur 80 manna veitingastaður á geysifjöföru verslunarsvæði miðsvæðis í Reykjavík. Öll tæki og húsgögn eru vönduð og stílhrein. Flott tækifæri, staður í fullum rekstri á vinsælum stað miðsvæðis með næg bílastæði. Staðurinn er 3ja ára og býður uppá Take Away, Veisluþjónustu, Hlaðborð og Matseðil.
Vínveitingarleyfi á staðnum - Góð velta -
Tilboð óskast godurveitingastadur@gmail.com eða síma 587-9888.

Fasteignir

Til SÖLU
GLÆSILEGT GISTIHEIMILI


Til sölu er glæsilegt og vandað gistiheimili, um er að ræða bæði húsnæði og rekstur. Gistiheimilið er mjög vel staðsett miðsvæðis í Reykjanesbæ, þannig að það er stutt bæði í miðbæinn og á Keflavíkflugvöll. Aðkoman er mjög góð og næg bílastæði. Fasteignin er vel byggð og í góðu ástandi, stærð hússins er um 407 fm. Í húsinu er möguleiki á allt að 15 herbergjum. Það möguleiki fyrir rekstraraðila að búa í húsinu. Gistiheimilið er mjög vel búið og er í fullum og góðum rekstri.

Hér er um að ræða verðmætan möguleika fyrir rétta aðila.
Upplýsingar í síma 896-2822.




Kristnibraut 51b 113 Reykjavík

- Glæsileg 142,8 hæð
- Sérinnangangur
- Vandaðar innréttingar
- Mikið útsýni
- Tvennar svalir



Nánari upplýsingar veitir Jörunn Skúladóttir sölufulltrúi
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is



Óskar R. Harðarson hdl. og löggiltur fasteignasali

Allar upplýsingar um eignina veitir Jörunn gsm 845-8958 eða jorunn@miklaborg.is

Verð: **35,5 millj.**

FASTEIGNASALAN 569 7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
MIKLABORG - með þér alla leið -




Laugalækur 19 Reykjavík

sunnudag 9.mars
Opið hús frá kl. 15 – 16



Nánari upplýsingar veitir Jörunn Skúladóttir sölufulltrúi
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is



Óskar R. Harðarson hdl. og löggiltur fasteignasali

Nánari upplýsingar veitir Jörunn í síma 845 8958 sem einnig verður á staðnum. Allir velkomnir!

Verð: **39,9 millj.**

FASTEIGNASALAN 569 7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
MIKLABORG - með þér alla leið -

20%

afsláttur

af öllum vörum í verslunum okkar í Kringlunni laugardag & sunnudag





Allar vörur Ice in a bucket eru á mjög hagstæðu verði. Auk þess verður tuttugu prósentu afsláttur af öllum vörum nýju verslunarinnar í Kringlunni um helgina.

MYNDVALLI

Ice in a bucket aftur í Kringlunni

Ice in a bucket rekur fyrir tvær verslanir; eina á Akureyri og aðra í Smáralind. Tíu ár eru síðan fyrsta verslunin var opnuð. Ný og glæsileg verslun verður opnuð í Kringlunni á 25 ára afmæli hennar. Af því tilefni verður 20% afsláttur af öllum vörum um helgina.

Um helgina opnar ný verslun Ice in a bucket í Kringlunni. Eva Pálsdóttir markaðsstjóri segir verslunina njóta sívaxandi vinsælda. „Við erum með góða vöru á hagstæðu verði og fólk sækir meira í skynsamlegri kaup en áður. Við finnum fyrir aukinni eftirspurn og viljum koma til móts við neytendur í leit að góðum kaupum með því að opna nýja verslun.“

Hagstætt verð


Vörur Ice in a bucket eru á mjög hagstæðu verði. Algengt verð er til dæmis eyrnalokkar frá 699 kr., maskarar frá 499 kr., hálsmen frá 999 kr., hálskraut frá 399 kr. og margar vörur eru undir þúsund krónum í búðinni. Í tilefni opunarinnar býður verslunin tuttugu prósentu afslátt af öllum vörum um helgina.

Alíslenskt fyrirtæki

„Margir halda að Ice in a bucket sé erlent vörumerki en svo er ekki. Það er algjörlega íslenskt, stofnað af Höllu Rut Bjarnadóttur sem hefur rekið fyrirtækið í tíu ár með góðum árangri.“ Halla Rut hefur ekki setið auðum höndum undanfarin ár og rekur einnig verslanirnar Boys, Mega store, Þrjá smára og Orginal.

Ekkert nikkel eða blý

Ice in a bucket selur ýmiss konar vörur, þar á meðal hálskraut, hárlengingar, litalinsur, undirföt og skartgrip. „Allar vörurnar okkar eru keyptar frá Los Angeles. Þar eru gerðar strangar kröfur um nikkel og blýinnihald í skartgripum og eru allir okkar skartgripir nikkel- og blýfrír. Þeir sem eru með ofnæmi fyrir þessum efnum ættu því að geta verslað óhræddir hjá okkur.“



Hárlengingar

Margir eyða þúsundum króna í hárlengingar. Hjá Ice in a bucket er hægt að fá slíkar á góðu verði. „Það hefur verið mikil eftirspurn eftir hárlengingum og fáir sem bjóða þær aðrir en hárgreiðslustofur. Við erum bæði með gervi- og alvöru hár á góðu verði.“ Hárlengingarnar

eru fléttaðar í hárið og því auðveldar í ísetningu.

Vörur fyrir öll tilefni

Vörur fyrir alla aldurshópa er að finna í Ice in a bucket og ættu flestir því að finna eitthvað við sitt hæfi. „Hálskraut, hárlitir, snyrtivörur

og fleira, við erum með það. Einnig hefur verið mikið að gera hjá okkur fyrir árshátíðir þar sem eitthvert þema hefur verið í gangi; diskó, „eighties“ eða eitthvað annað. Við erum með alla flóruna; diskódótið, „eighties“ dótið, hálskraut, glimmer, litalinsur, neonliti í hárið og margt fleira.“

Í tilefni 25 ára afmælis Kringlunnar um helgina

25% afsláttur af öllum vörum



Dömubuxur
Stærðir: 6-18.

Fullt verð: kr 4.990
Með afslætti: 3.743



Dömu gallabuxur
Stærðir: 6-18.

Fullt verð: kr 5.990
Með afslætti: 4.493



Bolur fyrir dömur
Stærðir: 6-20.

Fullt verð: kr 5.990
Með afslætti: 4.493



Dömu blúndubolur
Stærðir: 6-20.
Einnig til í svörtu

Fullt verð: kr 5.990
Með afslætti: 4.493



Dömskór
Stærðir: 35,5-41.

Fullt verð: kr 7.990
Með afslætti: 5.993



Kjöll
3 - 12 ára.
Einnig til í bláu

Fullt verð: kr 2.990
Með afslætti: 2.243



Úlpa
3 - 11 ára.

Fullt verð: kr 5.990
Með afslætti: 4.493



Jogging buxur
3 - 12 ára.
Einnig gráar og grænar

Fullt verð: kr 2.990
Með afslætti: 2.243



Stuttermabolur
3 - 12 ára.

Fullt verð: kr 2.490
Með afslætti: 1.868



Strigaskór
Stærðir: 28 - 38.

Fullt verð: kr 5.990
Með afslætti: 4.493



Herra gallabuxur
Stærðir: 30-38.

Fullt verð: kr 5.990
Með afslætti: 4.493



Herrabuxur
Stærðir: 30-36.
Til í mörgum litum

Fullt verð: kr 5.990
Með afslætti: 4.493



Hneppt herrapeysa
Stærðir: XS-XXL.

Fullt verð: kr 5.990
Með afslætti: 4.493

Full búð af nýjum,
flottum vörum!





Kristinn í Glerauganu festi nýlega kaup á Gleraugnasmiðjunni í Kringlunni.


MYND/ANTON

Nýir eigendur Gleraugnasmiðjunnar

Eigendur Gleraugans festu nýlega kaup á Gleraugnasmiðjunni í Kringlunni. Þar verða gæði og góð þjónusta höfð að leiðarljósi. Ásamt framúrskarandi þjónustu býður starfsfólkið upp á fjölbreytt úrval gleraugnaumgjarða frá til dæmis Fendi og Tag Heur.

Nýir eigendur festu kaup á versluninni Gleraugnasmiðjunni í Kringlunni nú í ágúst síðastliðnum. „Gæði og góð þjónusta er númer eitt, tvö og þrjú hjá okkur. Hjá okkur starfar sjón-tækjafræðingur sem er sérfræðingur í sjónmælingum og linsum. Starfsfólk okkar hefur mikla reynslu af störfum í gleraugnaverslunum,“ segir Kristinn Kristinsson, nýr eigandi Gleraugnasmiðjunnar, sem einnig rekur gleraugnaverslunina Gleraugað við Faxafen. Gleraugnasmiðjan hefur verið staðsett í Kringlunni síðan 1996 og er því ein af elstu verslunum Kringlunnar. „Við ætlum að reka Gleraugnasmiðjuna með svipuðu sniði og við höfum rekið Gleraugað og því verða gæði og góð þjónusta númer eitt, tvö og þrjú hjá okkur ásamt því að við bjóðum upp á sanngjarnt verð.“

Ásamt því að bjóða framúrskarandi þjónustu býður starfsfólk Gleraugnasmiðjunnar upp á mikla fjölbreytni í gleraugnaúrvali. Helstu merkin hjá Gleraugnasmiðjunni eru meðal annarra Fendi, Lacoste, Michael Kors, Jil Sanders, Calvin Klein, Silhouette, Etnia Barcelona, Tag Heur ásamt fleirum. „Við erum einnig komin með umboð fyrir nýtt ítalskt merki sem heitir Italia Independent. Þetta eru umgjarðir og sólgleraugu sem hafa verið að slá í gegn í Evrópu undanfarið. Fleira er einnig á döfni, við erum meðal annars að fá Ray Ban-sólgleraugu og



Gleraugnasmiðjan er á góðum staði í Kringlunni.


umgjarðir ásamt ýmsum öðrum þekktum vörumerkjum.“

Verslunin hefur einnig mikið úrval af linsum. „Við erum með nánast eitthvað fyrir alla í linsum. Þeir sem eru með mikla sjónskekkju geta fengið linsur hjá okkur. Einnig þeir sem þurfa að nota margskipt gleraugu, þeir geta fengið margskiptar linsur og þannig fram eftir götunum. Þessar linsur eru búnar að vera til í mörg ár en hafa ekki verið mikið notaðar hér á landi. Við í Glerauganu höfum boðið upp á þær í langan tíma en það er eins og fólk viti ekki af þessum möguleika,“ segir Kristinn.

Nánari upplýsingar um Gleraugnasmiðjuna má finna á heimasíðu verslunarinnar, Gleraugnasmiðjan.is og Linsur.is. Einnig er verslunin með Facebook-síðu.



Starfsfólk Gleraugnasmiðjunnar hefur mikla reynslu af störfum í gleraugnaverslunum.



Meðal helstu merkja sem Gleraugnasmiðjan býður upp á eru Calvin Klein, Ray Ban, Lacoste, Fendi, Jil Sanders, Silhouette, Etnia, Barcelona, Tag Heue og Dior.



NÝTT MERKI HJÁ GLER- AUGNASMIÐJUNNI

Italia Independent er sköpunarríkt vörumerki fyrir sjálfstætt fólk sem elskar tísku og hönnun. Í-I uppfærir „Made in Italy“ og endurhannar klassísk íkon. Fyrirtækið starfar á fjölbreyttum sviðum, allt frá fatahönnun yfir í heimilisvörur og frá gleraugum yfir í hönnun og framleiðslu bíla, til að dreifa ítalska stílunum út um allan heim. Fyrstu vörur fyrirtækisins litu dagsins ljós í byrjun árs árið 2007 í hinni frægu tiskuverslun Luisa Via Roma í Flórens. Markmið og hugmyndafræði Í-I eru að stórum hluta innifalin í nafninu. Ítalía er ekki aðeins fæðingarstaður fyrirtækisins heldur er hún megininnblástur hönnunarinnar. Í-I vill uppfæra hugtakið „Made in Italy“ yfir í „Made in Italy 2.0“. Þrátt fyrir þetta er hugsunin ekki sú að gleyma síðastliðnum tuttugu árum sem það tók að byggja upp „Made in Italy“ heldur gefa því nýjan kraft. Steríótýpur eru liðin tíð og kominn tími til að horfa fram á við í hinni hraðskreiðu þróun tiskunnar. Umgjarðirnar frá Í-I eru flestar úr mjög léttu og sveigjanlegu plasti.



25

25

ARION BANKI Í AFMÆLISSKAPI

Arion banki óskar Kringlunni til hamingju með 25 ára afmælið og tekur þátt í gleðinni á laugardaginn.

- Boðið upp á kaffi og með því
- Börnin fá ís og Andrésblað á meðan birgðir endast
- Kynning á Arion appinu fyrir áhugasama
- **Ásgeir Trausti tekur lagið fyrir gesti og gangandi kl. 15**

Kíktu í kaffi og hlustaðu á ljúfa tóna!

KRINGLAN 25 ÁRA

AFMÆLIS AFSLÁTTUR ALLA HELGINA

25% afsláttur
af öllum buxum

10% afsláttur af öllum öðrum vörum



Nudie JEANS CO



CHEAP MONDAY

G-STAR RAW

Kíkið á okkur á ntc.is eða á [facebook](https://www.facebook.com)

[galleri.sautjan](http://galleri.sautjan.com)

25%

afsláttur
af 25 týpum af skóm

gs skór

25%

afsláttur
af 25 týpum af skóm

focus

25%

afsláttur
af öllum vörum

Sparkz[♥]

25%

afsláttur
af öllum skóm og skarti

Kultur

25%

afsláttur
af öllum vörum

Kultur
menn

25%

afsláttur
af öllum InWear og
Part Two vörum

COMPANYS

25%

afsláttur
af öllum fatnaði

URBAN

25%

afsláttur
af öllum vörum

SMASH

25%

afsláttur
af öllum buxum

Deres



Námsvísir IÐUNNAR er kominn út

NÁNARI
UPPLÝSINGAR
Á IDAN.IS

Nokkur dæmi um næstu námskeið:

FYRIR FAGFÓLK Í BÍLGREINUM

Cabas grunnur 25. september
Bílamálun 5. nóvember
Stafræn tjónaljósmyndun 14. nóvember

FYRIR FAGFÓLK Í GRAFÍSKUM IÐNAÐI

Indesign fyrir iPad og Kindle 2 október
App fyrir Android 15. október
Sérhæft litanámskeið prentara frá FOGRA 23. október

FYRIR FAGFÓLK Í BYGGINGARIÐNAÐI

Raki og mygla í húsum 2. nóvember
Hljóðvist í húsum 16. nóvember
Gæðakerfi einyrkja og undirverktaka 11. september

FYRIR FAGFÓLK Í HÁRSNYRTIGREINUM

Umhverfsvænar snyrtivörur 29. október
Colour Confidence 24. september
Rekstur smáfyrirtækja 25. október

FYRIR FAGFÓLK Í MÁLMÍÐNAÐI

Tig suða og kynning á plasmasuðu 9. október
Rennismíði og fræsing
CNC stýrðar iðnvélar

FYRIR FAGFÓLK Í MATVÆLA- OG VEITINGAGREINUM

Excel í kjötvinnslu 9. október
Kalda eldhúsið 8. október
Bordeaux vín 29. október

OG SVO LÍKA...

AutoCad 2013 þrívídd
Inventor 2013 fyrir innréttingasmíði
Autodesk Revit Architecture 2013 grunnnámskeið
Stjórnun fyrir nýja stjórnendur
Grunnatriði í verkefnastjórnun

og öll hin námskeiðin....

Skráðu þig núna á www.idan.is eða í síma 590 6400
og nýttu þér tækifæri til símenntunar.



IDAN
fræðslusetur

Skúlatún 2 - 105 Reykjavík
Sími 590 6400 - Fax 590 6401
idan@idan.is - www.idan.is

LOKKANDI ILMUR

Ilmvötn hafa verið til í aldir. Egyptar eru taldir hafa verið þeir fyrstu til að nota ilmvötn. Nordichphotos/getty

**STJÖRNURNAR ILMA**

Leikarar, söngvarar og fyrirsætur hafa verið duglegar við að framleiða ilmvötn í sínu nafni. Ilmurnir eru misgóðir og nöfnin sem þau bera einnig. Söngkonan Britney Spears hefur framleitt 11 ilmvötn í samstarfi við snyrtivöruframleiðandann Elizabeth Arden. Paris Hilton hefur skapað átta ilmi sem bera nöfn á borð við Just Me og Heiress, Anthony Banderas hefur framleitt sjö rakspira í samstarfi við fyrirtækið Puig og Jennifer Lopez hefur framleitt sex ilmi.

Lady Gaga Lady Gaga Fame

Peter Andre Mysterious Girl

Beyoncé Heat og Pulse

Justin Bieber Girlfriend

Sarah Jessica Parker SJP NYC og Covet

Katy Perry Meow og Purr

Bruce Willis Bruce Willis

Í ilmandi spor Egypta

Ilmvötn gegndu trúarlegu hlutverki meðal Egypta til forna. Fljótlega fylgdu aðrar þjóðir í ilmandi spor þeirra. **Sara McMahon** rak nefið ofan í sögu ilmvatnsins.

Egyptar eru taldir vera þeir fyrstu er hófu að brúka ilmvatn og ilmólur og þá til hvers kyns trúarathafna. Rómverjar, Persar, Kínverjar og Arabar fylgdu svo fljótlega í ilmandi spor Egypta. Elstu heimildir um ilmvatns-

gerð eru frá 2. öld fyrir Krist og segja frá konunni Tapputi sem bjó til ilmólur úr blómum og hálm.

Arabíski efnafræðingurinn Al-Kindi ritaði bók um ilmvatnsgerð á 9. öld sem hann nefndi Bókina um efnafræði ilmvatna og eimingu. Bókin innihélt yfir hundrað uppskriftir að ilmólum og

smyrslum og lista yfir þau tæki og tól er hentuðu best til ilmvatnsgerðar.

Ilmvatnsnotkun var ólík frá landi til lands en Rómverjar voru líklega sú þjóð er var hvað hrifnust af notalegum ilminum og notuðu þeir ilmvötn á sig sjálfa, heimilisdýrin, húsgögn sín og út í baðvatn sitt.



BLÓMIÐ LJÚFA Blóm sækórónutrésins (jasmin) hafa verið í lykilllutverki í ilmvatnsgerð í aldir. Márar fluttu blómið með sér til Frakklands á 17. öld.

Innblásturinn leynist víða

Ilmgerðarmenn sækja innblástur víða og á bak við nýjasta ilm ilmvatnsframleiðandans L'Artisan er skemmtileg saga. Rithöfundur sagði ilmvatnsgerðarmanninum Bertrand Duchaufour frá ástarævintýri sem hann átti í á meðan hann dvaldi í Andalúsíu. Duchaufour varð svo innblásinn af frásögninni að hann skapaði í kjölfarið ilm er nefnist Séville à l'Aube. Appelsínutré leikur veigamikil hlutverki í sögunni sem og ilminum.



Blóm til varnar

Samkvæmt Félagi bandarískra ilmvatnsgerðarmanna er hægt að fæla moskítóflugur frá með því að bera náttúrulegar ilmólur á líkamann. Félagið mælir helst með olíu tröllatrjáa, kanilólíu, rósmarínólíu, olíu úr sítrónugrasi, piparmyntuolíu en einnig lofnarblómsolíu, hvítlauksolíu og basilólíu.



Höfuðstaður ilmvatnsgerðar

Bærinn Grasse í frönsku Ölpunum er þekktur sem höfuðstaður ilmvatnsgerðar. Þar hafa ilmvötn verið framleidd frá 19. öld og allt til dagsins í dag. Fjöldi svokallaðra „nefja“ („Les nez“ á frönsku) hefur hlotið menntun sína í bænum og þar hafa yfir 2.000 ilmfræðingur framleiddir í árána rás.



Glas númer fimm

Chanel No. 5 er líklega þekktasta og jafnframt vinsælasta ilmvatn heims. Ilmurinn var búinn til árið 1920 af ilmgerðarmanninum Ernest Beaux fyrir fatahönnuðinn Coco Chanel. Beaux sóttist eftir því að skapa ilm er bæri með sér sama ferskleika og var í loftinu í borginni Arkhangelsk þar sem Beaux var við skyldustörf í fyrri heimstyrjöldinni. Chanel á að hafa fallið fyrir ilminum í tilraunaglas númer fimm og þaðan dregur ilmvatnið nafn sitt.



ROBERT
DOWNEY JR.

CHRIS
EVANS

MARK
RUFFALO

CHRIS
HEMSWORTH

SCARLETT
JOHANSSON

JEREMY
RENNER

TOM
HIDDLESTON

AND SAMUEL L.
JACKSON
AS NICK FURY

MARVEL'S THE AVENGERS

MARVEL

KOMIN Á DVD OG BLU-RAY
DVD 2.499 OG BLU-RAY 2.999



OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



FLEIRA FÓLK EN HESTAR Stóðréttin hefur vaxið frá því að vera samkoma hestamanna og yfir í að vera skemmtun fyrir alla.

MYND/ERLA BJÖRG HELGADÓTTIR



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Alvöru liðið í Laufskálarétt

Stóðréttum landsins fækkaði á níunda áratugnum en á sama tíma fjölgaði gestum í **Laufskálarétt í Hjaltadal**. *Sæbjörg Freyja Gísladóttir* kannaði hvað það er sem dregur gesti hvaðanæva að í réttargleðina í Skagafirði. Í ár verður réttað 29. september.

Hvar beygi ég inn að réttinni? Kallar áttavílltur rútbílstjórinn að sunnan til farþeganna þegar leiðin liggur inn að Laufskálarétt. „Við verðum að vera komin áður en hestarnir hlaupa niður brekkuna!“ bætir kennarinn við en hún stýrir hópi þjóðfræðinema sem er mættur í Hjaltadalinn til að skoða skagfirsku hestamenn og upplifa réttarstemningu. Áfram skröltir rútan inn afleggjarann og bílstjórinn baslar við að finna stæði innan um bílamergöina norðvestan við réttina.

Gúmmítúttu- og lopapeysuskryddur hópurnir þýtur út og lágvært hviss heyrir þegar fyrstu bjórarnir eru opnaðir. Hér er ekki viðeigandi að vera nema með rétta drykki og réttan klæðnað. Niður hálsinn liðast hrossastóðið með skagfirsku höfðingja í fararbroddi og bændur og gesti þeirra á eftir. Það verður vart séð hvor hópurnir er stærri – ríðandi menn eða brokkandi hestar án knapa.

Drottning stóðréttanna

Skagfirðingar eru þekktir fyrir að vera skemmtanaglaðir söng- og hestamenn. Í Laufskálarétt í Hjaltadal kristallast þessi ímynd hjá bæði heimamönnum og gestum en síðarnefndi hópurnir hefur farið ört stækkandi seinustu þrjú áratugi.

Í fyrstu voru það fyrst og fremst hestamenn úr nágrannafjórðungum sem sóttu réttina heim en nú er svo komið að fólk alls staðar að af landinu mætir til þess að upplifa ákveðna réttarstemningu eða sveitarómantík. Þetta má að hluta til þakka þeirri blaðaumfjöllun sem réttin hefur fengið en hún hefur fengið gælunafnið „drottning stóðréttanna“ og jafnvel hefur verið minnst á hana í „hverjir voru hvar“ dálkum dagblaða þar sem tilgreint er hvaða frægu Íslendingar láta sjá sig í réttinni.

HESTAR OG MENN

Íbúar í Skagafirði 1. des. 2011

4110

Gestir í Laufskálarétt 2011

3000

Hestar í Skagafirði 1. maí 2012

5200

Hestar í Laufskálarétt 2011

600

Hrossaréttum landsins fækkaði mjög ört á níunda áratug síðustu aldar og Laufskálarétt hefur ólast þann sess að vera staður sem allir hafa aðgang að. Þetta kemur mjög greinilega í ljós þegar í réttina er komið en þar er fremur erfitt að sjá glitta í hestaatið inni í almenninum þar sem mikill mannfjöldi skyggir á. Í raun eru bændur sjálfir eða þeir sem eiga þarna raunverulegt erindi mjög lítill hluti af hópnum.

Skála og syngja Skagfirðingar

Haustið 2010 hélt hópurnir þjóðfræðinema sem leið lá í Skagafjörð til þess að upplifa hátíðina í hrossaréttinni að Laufskálum í Hjaltadal. Við úr þjóðfræðinni sem erum ættuð úr Skagafirði höfðum verið ófeimin við að kynna ímynd Skagfirðinga áður en haldið var af stað svo enginn velktist nú í vafa um að þar mætti finna ákaflega söngelska og drykkjuglaða hestamenn.

Þegar í réttina var komið reið mikið á að vera nógu fljót upp að girðingu til þess að geta séð 600 hesta stóðið líða niður hálsinn gegnt réttinni. „Þetta er þar sem Morgunblaðið tekur alltaf myndina ár eftir ár,“ sagði einn bændanna mér seinna. Eftir að byrjað var að hleypa hrossunum inn í réttina og þessi árlegi réttar- og vinnudagur bændanna hófst var tilgangur okkar, sem og annarra gesta þarna í réttinni, nokkuð óljós. Vissulega gátu sum okkar hitt gamla vini og ættingja en hinir sem enga þekktu ráfuðu eiginlega bara hringinn í kringum réttina og drukku bjór. Eins og flestir aðrir þarna.

Gleðin yfir að hitta hestana

Sumir voru heppnir og upplifðu fjöldasöng en það er nokkuð óljóst hvaðan þeir söngmenn voru ættaðir. Í hugum flestra voru aðalhetjur réttarinnar þó bændurnir sjálfir sem eiga hross þarna og allmargir telja að það séu þeir sem standa með pela upp við réttarvegginn og syngja ættjarðarlög. Sú er þó ekki raunin því bændurnir hafa eiginlega engan tíma til að standa í svoleiðis. Fyrir þá felst mesta gleðin þennan dag í því að hitta aftur hestana sína og fólð eftir sumarlanga dvöl á heiðum og uppskeruhátíð þeirra hefst varla fyrir en lagt er ríðandi af stað heim á leið.

Það gætu þó verið aðrir Skagfirðingar sem standa þarna en gamall maður sagði í viðtali við Morgunblaðið árið 1995 að það heyrðist að flestir af þeim syngjandi væru annars staðar frá. „Er einhver að reyna að koma því inn að Laufskálarétt séu að verða jafn skagfirskar og jóðl í Brasilíu?“ er spurt í kjölfarið.

Á laugardagskvöldinu eftir réttarstússið er svo haldið heljarmikið sveitaball í reiðhöllinni á Sauðárkrók. Þangað mæta sumir bændur úr Laufskálarétt en flestir koma að. Enda um

2.000 manns sem fara á ballið en svo margir bændur finnast varla í öllum Skagafirði þar sem búa um 4.100 manns. Þrátt fyrir það er þetta alvöru réttarball í hugum gesta.

Við þjóðfræðinema tókum okkur far á skrallið með öðrum hóp framan úr sveit og það var mikið sungið í rúttinni. Reyndar svo mikið að það upphófst eins konar kappsöngur milli hópanna en hugur þjóðfræðinganna hneigðist að sigri yfir Skagfirðingum í þeim bardaga, þrátt fyrir að hinn hópurninn kæmi reyndar líka að og væri ekki miklu skagfirskari en þjóðfræðingarnir sjálfir.

Nostalgiupprá ráðvilltra nútímamanna

Það má velta fyrir sér hversu nauðsynlegt það er fyrir fólk að geta komið og upplifað réttarstemningu í öðru héraði en það er uppalíð í. Sumir fræðimenn vilja halda því fram að nútímamaðurinn sé ráðvilltur í nostalgíukasti og sakni einhvers sem einu sinni var. Hann haldi til dæmis að allt hafi verið gott og fallegt í gamla bændasamfélaginu. Hugsanlega væri hægt að halda því fram að þetta nostalgíukast ætti stóran þátt í veru mannfjöldans í Laufskálarétt. En kannski er þetta ekki söknudur yfir neinu sérstöku heldur bara sveitaleikur sem á sér leiksvið einu sinni á ári.

Á síðum dagblaða má upplifa á sveitarómantík gegnum ferðamálaauglýsingar og má ekki líkja þessu við það að kaupa sér golfferð út í lönd eða karnivalferð til Brasilíu. Kannski er aðkomufólkið ekki svo ómeðvitað um tilgangslæsi sitt í réttinni. Og það má vel vera að þessi leikur sé til þess gerður að láta fólk líða vel, bæði þeim sem koma að og upphöfnu heimafólkinu.

HÖFUNDUR: Sæbjörg Freyja Gísladóttir er þjóðfræðingur.

■ SUNGIÐ VIÐ KLÓSETT OG RÉTTARVEGGI

„Stig fyrir skagfirsku sveiflu“

Hópur vinkvenna sem kynntust í Menntaskólanum á Akureyri hefur það fyrir árlegan síð að skreppa í Skagafjörð yfir Laufskálaréttarhelgina. Þær hafa þróað með sér ýmsar hefðir í kringum þessa helgi, meðal annars að hlusta mikið á sveiflukónginn Geirmund Valtýsson og svo fara þær í stigakeppni. Sú keppni eða leikur snýst um að safna stigum fyrir að yfirvinna ákveðnar hindranir og þá bæði á ballinu og í sjálfri Laufskálaréttinni. Til dæmis fást stig fyrir að dansa við innfæddan Skagfirðing og svo aukalega 10 bónnstíg fyrir að koma af stað fjöldasöng í réttinni. Eva María Hilmaradóttir, ein þessara vinkvenna segir að á Hótelbarnum í Varmahlíð sé lítið mál að finna góða dansara sem eru til í tuskid. „En það er náttúrulega stórhættulegt fyrir óvana að lenda í sveiflu. Skagfirðingar eru mjög góðir dansarar.“



„Allur hljómur hvarf með rennuni“

Þegar Laufskálaréttarbolli voru í Miðgarði hér áður fyrir mátti oft heyra tilkomumikinn söng berast frá karlasalerninu. Það var meðal annars vegna þess að hljómburðurinn var mjög góður á klósettinu en ástæðan var líka sú að gamla hländrennan þar inni var óvenju stór. Vegna stærðar rennunnar var pláss fyrir marga menn og ekki óvenjulegt að þeim þætti við hæfi að bresta í söng, svona fyrst þeir stóðu þarna saman á annað borð. Konur áttu það líka til að villast þarna inn og syngja með og á sumum skemmtunum stóð jafnvel meirihluti ballgesta á klósettinu þegar hljómsveitir gerðu hlé á dansleikjum sínum. Vitaskuld voru menn aðeins góðgláðir þegar þeir iðkuðu sönglistina á salerninu en það þótti kostur og jafnvel bæta sönginn. Sumir töldu það jafnframt skilyrði að aðeins væri mikið út fyrir rennuna, án þess yrði klósettsöngur ekki alvöru. Í hugum þeirra sem stóðu við rennuna forðum daga er hún tákn fyrir menningararf sem glataðist. „Ef rennan er horfin þá er þetta horfin tíð“ voru orð eins Skagfirðings sem saknaði þess að sækja konserta á karlaklósettinu í Miðgarði.

AÐEINS Í DAG!

iPHONE og Android hátalararýming

Rýmum fyrir nýjum vörum og bjóðum því hátalara fyrir
iPAD/iPHONE/iPOD og ANDROID síma með miklum afslætti

ALLT AÐ 57% AFSLÁTTUR



JBL harman/kardon PHILIPS NAD beats. by dr.dre

iPOD/iPHONE/iPAD HÁTALARAR FRÁ 9.990

ANDROID HÁTALARAR FRÁ 14.990

TAKMARKAÐ MAGN - FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR!



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is



VIÐ KOMUM ÞVÍ TIL SKILA






Krossgáta

Lárétt

1. Svissnesk bogaskytta tíndi trjástofn og breytti í postulín (10)
10. Ákóf eygði grip og orustu (10)
12. Tími og trantur eru mynni (9)
13. Form hentar ekki til keppni utandyra (12)
14. Minnkaði árársþunginn er könnunarhjálpin barst? (20)
15. Stækka fósturgimbrina (10)
17. Hýsir hljómsveit og bannar flutning (10)
19. Ákveðin hlýja að utan (7)
22. Læri að tengjast maskinum sem verða að skönnum (8)
24. Þar fann Sigurður heita ginið á Fáfni (10)
26. Fyrsti karlinn var dama (4)
28. Flæða um fjörð (4)
29. Ristum viskar með þartilgerðum áhöldum (12)
31. Skrái Dag á síður þeirra (7)
33. Raði yst því sem lak (7)
34. Undirbý einingar og frásagnarmáta (8)
36. Næturferja fyrir næturferð (7)
37. Undirmálshríslur eru nótur til fóta (16)
38. Með sniði duglegs (5)

Lóðrétt

1. Einföld slá smávaxna ávaxtarunna (12)
2. Kippur Heljarföður er síðasta átakið (14)
3. Félagi Portusar og Atosar var masari (6)
4. Er mútta konan fyrir farað? (10)
5. Leggur pabbi eða prófessor (9)
6. Innan varpi vörður dyra (9)
7. Mun strengur styrkja við undir flik? (11)
8. Girmist Pam og áflog hefjast (10)
9. Bretinn var drepinn (7)
11. Vinnum og göngum á héraðsmótum (11)
16. Sjónvarpsápa vísar ekki lengur veginn (10)
18. Leita drossiu vegna dalagleði (12)
20. Brothægt og sundurlaust (8)
21. Stök altrygging 51 veitir menntun utan hins almenna kerfis (10)
23. Hastar á höfn enda til minnkunar (10)
25. Hvatvísi breyti árfarvegi (9)
27. Gömul með hinu berinu (8)
29. Rúm fyrir ara í þessu flæmi (7)
30. Betri gæta í miðju ári (7)
32. Klippa síðan frakka (5)
35. Mæta til að klára (4)



Lausnarorð síðustu viku var
INNANLANDSFLUG



FORLAGIÐ

Vegleg verðlaun

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni má ekki elska þig frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Jóhannes Sigmundsson, Flúðum**.



Lausnarorð

Ef bókstofunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist nokkuð sem stundað er í yfirfærðri merkingu um land allt allan ársins hring og þykir ekki til fyrirmyndar, en í bókstaflegri merkingu til sveita þessar vikurnar, og þykir nauðsynlegt. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 12. september næstkmandi á krossgata@frettabladid.is merkt „8. september“.

Í tilefni
15 ára
afmælis

GK
REYKJAVÍK



15%
afsláttur af
ÖLLUM
nýjum vörum
-aðeins í dag-

Laugavegi 66 - 565-2820

Í ÞÁ TÍÐ: Árið 1974

Nixon gefnar upp sakir vegna Watergate

Gerald Ford náðaði forvera sinn á forsetastóli einum mánuði eftir að Richard Nixon hafði hrökklast frá völdum eftir Watergate-hneykslið.

Á þessum degi fyrir réttum 38 árum, hinn 8. september árið 1974, náðaði Gerald Ford Bandaríkjaforseti Richard Nixon, forvera sinn í embætti, vegna afskipta hans af Watergate-hneykslinu. Þessi gjörningur olli mikilli hneykslan, enda einungis réttur mánuður síðan Nixon hrökklaðist úr embætti.

Watergate-málið olli straumhvörfum í bandarískum stjórnmálum en í grunninn snerist það um innbrot nokkurra skósveina Nixons inn á skrifstofu landsnefndar Demókrataflokkssins í júní 1972, í aðdraganda forsetakosninga þar sem Nixon var síðar endurkjörinn. Skrifstofurnar voru í Watergate-hótelinu í Washington.

Innbrotshjófarnir voru gripnir glöðvolgir þar sem þeir voru að gramsa í skjólum og reyna að koma fyrir símhlerunarbúnaði. Þó ekki sé öruggt að Nixon sjálfur hafi fyrirskipað innbrotið þá er hafið yfir allan vafa að forsetinn hafi í krafti embættis síns reynt að hamla framgangi rannsóknarinnar, meðal annars með því að múta innbrotshjófnum til þagnar, eyða sönnunargögnum, reyna að stöðva rannsókn alríkislögreglunnar (FBI) og reka þá undirmenn sína sem voru ósammála hans nálgun.

Með tímanum fóru þræðir að berast að Nixon og þrýstingurinn á hann jókst stöðugt. Fjölmiðlar veltu við hverjum steininum á fætur öðrum og eftir mikla baráttu þurfti Nixon að afhenda upptökur frá Hvíta húsinu þar sem sannaðist að hann hafði tekið þátt í samsærinu.

Þingið hafði hafið ferli til að koma Nixon frá, en forsetinn ákvað að segja af sér í ágústmánuði 1974 í stað þess að bíða niðurstöðu þingsins, og Gerald Ford varforseti tók við valdatamunum.

Ford þessi er einstakur í sögunni því að Nixon skipaði hann varaforseta haustið áður, eftir að Spiro Agnew þurfti að segja af sér vegna hneykslismála. Hann var því aldrei kjörinn til valda, hvorki sem forseti, né varaforseti.

Ford tók svo fyrrnefnda ákvörðun um að náða Nixon af öllum þeim brotum sem hann gæti hafa framið í embætti. Það gerði hann að eigin sögn til að forða þjóðinni frá langvinnum og erfiðum málaferlum sem hefðu klofið þjóðina.

Ekki voru náðar nærri allir sammála þeirri nálgun Fords og náðunin olli miklu fjarafoki. Er nær öruggt að hún hafi ekki orðið Ford til framdráttar í forsetakjörinu 1976 þar sem hann tapaði fyrir Jimmy Carter. - Þj

Heimild: history.com



VALDASKIPTI Nixon og Ford ræða málin í skrifstofu forsetans í aðdraganda þess að hinn fyrrnefndi sagði sig frá embætti. Astæðan var Watergate-hneykslið og aðkoma forseta að því. NORDICPHOTOS/AFP

NÝJAR VÖRUR FYRIR HAUSTIÐ



A



B

Buxur
6.999



C

Bolur
999



D



E

Peysa
4.999



Bolur
3.499

F



Bolur
2.999



A MARCUS bolur 3.499
Jakkapeysa 4.999
MARCUS Buxur 8.999
RUGBY húfa 1.499

B Bolur 2.999
Buxur 6.999
Skór 8.990

C Rúllukragabolur 1.999
Jakkapeysa 4.999
MARCUS Buxur 8.999

D Peysa 3.999
Skyrta 2.999
PRE END gallabuxur 8.999

E Peysa 4.999
Buxur 6.999
Skór 8.999

F Bolur 3.499
Gallabuxur 8.999

Gildir á meðan birgðir endast.



HAGKAUP
Ein ferð betra verð



ÓLAFUR RAGNARSSON bókaútgefandi (1944-2008) var fæddur þennan dag. „Lífið þú hefur í hendi og höndlar það enn. Staðfastur njóttu og sterkur þeirra stunda sem gefast.“

ANNA EIRÍKSDÓTTIR: VÍGIST Í DÓMKIRKJUNNI Á MORGUN TIL DALAPRESTAKALLS

Uppfylling minna drauma

„Hjartað er fullt af hamingju og þaklæti því þetta er uppfylling minna drauma,“ segir Anna Eiríksdóttir þegar hún er spurð hvernig henni sé innanbrjósts sem verðandi sóknarpresti vestur í Döllum. Vígslan fer fram í Dómkirkjunni á morgun. „Stundin er svo stór að það er næstum erfitt að höndla hana, henni fylgja svo miklar tilfinningar,“ segir hún. „Hugur minn hefur stefnt til þess í töluverðan tíma að verða prestur en ég var ekkert of bjartsýn á að fá embætti og því er þetta margfaldur sigur í raun. Ég tel alger forréttindi að fá að starfa í þjónustu kirkjunnar.“

Anna á fimmtíu og sjö ára afmæli daginn eftir vígslu. Hún útskrifaðist úr guðfræðideild HÍ vorið 2011 og fór þá í starfsþjálfun, fyrst í Áskirkju hjá séra Sigurði Jónssyni og svo á Biskupsstofu. Ástæður efasemda um að hún fengi prestsembætti segir hún þær að lítið hafi verið um lausar stöður undanfarin ár. Þó hafi nokkur embætti verið auglýst síðasta misserið, þrátt fyrir sameiningar prestakalla. „Það er aðallega út af regluverkinu sem er erfiðara fyrir nýútskrifaða guðfræðinga að komast að,“ segir hún. „Þeir sem hafa reynslu af prestskap byggja á henni.“

Kveikjuna að því að hún fór í guðfræðinám segir Anna hafa verið brennandi áhuga á greininni. „Ég hef alla tíð verið trúuð manneskja en þó var ég ekki búin að ákveða að gerast prestur þegar ég fór í guðfræði, heldur skráði mig bara í BA-nám og ætlaði að láta þar við sitja. Straumurinn varð svo harðari þegar ég var komin af stað og mér fannst ekki hægt annað en að halda áfram. Köllun? Ég velti stundum fyrir mér orðunum sem Kristur sagði við lærisveinana og koma fram í Jóhannesarguðspjalli. „Það eruð ekki þér sem útvölduð mig, það er ég sem hef útvalið yður.“ Maður velur



ANNA EIRÍKSDÓTTIR „Ég tel alger forréttindi að fá að starfa í þjónustu kirkjunnar.“ segir hún.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

sjálfur að hluta til og svo er einhver sem stjórnar á bak við. Þannig verður leiðin í lífinu að einhverju leyti vörðuð. Því trúir ég að minnsta kosti.“

Dalamenn völdu Önnu sem er búin að fara vestur og hitta þar fólk og skoða kirkjur og list afskaplega vel á hvort tveggja. Hún mun hafa sjö kirkjur á sinni könnu en segir prestakallið ekki sérlega fjölmenn þó þar hafi átt sér stað sameining eins og víða annars staðar. „Stærsta sóknin er Hjarðarholtssókn. Hjarðarholt er rétt utan við Búðardal og aðsetur prestsins er í þorpinu. Þar ætla ég að búa,“ upplýsir Anna sem ekki hefur haft fast aðsetur úti á landi áður en list vel á að söðla um og prófa eitt-hvað nýtt. „Ástæða þess að mig langar að verða prestur úti á landi er að lífið

þar er í öðrum takti, tengslin nánari og starf prestsins af öðrum toga en í borginni,“ segir hún.

Anna hefur lengst af unnið skrifstofustörf, síðari árin hjá Norrænu eldfjallastöðinni við utanumhald starfsfólks og rekstur. „Þau ár eru mér ómetanleg,“ segir hún. „Ég fann að ég vildi leggja frá mér pappírsvinnuna og starfa meira á lífandi vettvangi og tel mig hafa margháttaða reynslu úr mínu lífi, þar hef ég þurft að takast á við hluti sem hafa eft mig sem manneskju.“ Hún er móðir tveggja barna en þau eru bæði komin í langt framhaldsnám erlendis. „Ég flyt ein vestur,“ segir Anna og kveðst sjá fram á að hafa góðan tíma til að sinna sínu starfi og þjóna fólkinu sínu vel.

gun@frettabladid.is



INGVAR INGVARSSON
Egilsgade 51,
Kaupmannahöfn,

lést á sjúkrahúsi í Kaupmannahöfn 26. ágúst. Bálför hefur farið fram.



Sigríður Þorsteinsdóttir
Sara Ingvarsdóttir, Ríkháður Ingvarsson
Alfreð Þorsteinnsson



Elskuleg móðir mín, tengdamóðir og amma,

GUÐLAUG K. ÁRNADÓTTIR

lést mánudaginn 27. ágúst á kvennadeild Landspítalans. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð.



Edda Magnúsdóttir
Steinn Helgi Magnússon
Magnea Magnúsdóttir

Magnús Helgi Árnason



Elskulegur faðir okkar og fyrrverandi eiginmaður,

ALBERT PÁLSSON
húsgagnasmíðameistari,
Hringbraut 83, Reykjavík,

lést þriðjudaginn 21. ágúst. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Hjartans þakki til ættingja og fjölmargra vina fyrir alla samúðina, hlýhuginn og kærleikann, sem þið hafið sýnt okkur öllum við andlát Alberts. Fyrir það erum við eilíflega þakklát og sá stuðningur hjálpar okkur að horfa fram á veginn. Þeim sem vilja minnst Alberts eða styrkja drengina hans er bent á styrktarreikning sem stofnaður hefur verið á þeirra nafni. Bankanúmer: 512-14-401713, kt. 0702972809.



Anton Emil Albertsson
Benedikt Aron Albertsson
Jóhanna María Eyjólfsdóttir



Innilegar þakki fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar móður okkar, stjúpmóður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

GUNNLAUGAR HANNESDÓTTUR
Sléttuvegi 13, Reykjavík.



Sigríður Karlsdóttir
Ragnhildur G. Karlsdóttir
Jóhanna Karlsdóttir
Ingibjörg Karlsdóttir
Guðmundur Karlsson
Garðar Karlsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Ingí Bjarnason
Guðmundur M. Sigurðsson
Guðmundur Jóhannsson
Sigurður Pálmason
Erla Stefánsdóttir
Guðrún Jóhannsdóttir



Innilegar þakki fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts

ELÍSABETAR J. SVAVARSDÓTTUR
Hjallabrekku 29, Kópavogi.



Ólafur Guðmundsson
Sif Ólafsdóttir
Hlín Ólafsdóttir
Freyr Ólafsson
Ásta S. Ólafsdóttir
og barnabörn
Björgvin B. Svavarsson

Bjarni Ólason
Halldór Birgir Halldórsson
Henrik Þór Tryggvason
Sesselja H. Guðjónsdóttir



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

PÓRA S. JÓNSDÓTTIR

sem lést á Landspítalanum 2. september sl. verður jarðsungen frá Bústaðakirkju mánudaginn 10. september kl. 13.



Bragi Ólafsson
Guðleif Hrefna Vigfúsdóttir
Ásdís Bragadóttir
Áslaug Bragadóttir
Ólafur Bragason
barnabörn og barnabarnabörn.

Valur Óskarsson
Sigbrúður Jóhannesdóttir



Hjartans þakki sendum við öllum sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

HANNESAR JÓNSSONAR
flugvirkja,
Marbakkabraut 30, Kópavogi.

Sérstakar þakki viljum við færa starfsfólki göngudeildar 11B LSH, Friðbirni R. Sigurðssyni lækni og starfsfólki Heimahlyningar Landspítala í Kópavogi. Þeirra aðstoð var ómetanleg.



Sigrún Sveinsdóttir
Sveinn Stefán Hannesson
Arnar Hannesson
Einar Hannesson
og barnabörn.

Helga Kristinsdóttir
Sigurlaug Þorsteinsdóttir
Ása Rún Björnsdóttir



Innilegar þakki til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför

GÍSLA J. ÁSTPÓRSSONAR.

Starfsfólki Hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíðar sendum við sérstakar þakki fyrir einstaka umönnun.



Guðný Sigurgísladóttir
Ástþór Gíslason
Hrafkell S. Gíslason
Hólmfríður Gísladóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Erla Gunnarsdóttir
Ragnheiður D. Gísladóttir
Kristín Erla Boland



Sonur minn og bróðir okkar,
JÓN GAUTI KRISTJÁNSSON
Stigahlið 8,

lést 2. september. Útför hans verður gerð frá Fossvogskapellu þriðjudaginn 11. september kl. 15.00.



Eva Kristjánsdóttir
Kristjana Kristjánsdóttir
Þórdís Anna Kristjánsdóttir
Guðbjörg Eva Kristjánsdóttir



Faðir okkar, afi og bróðir,
HALLDÓR LÁRUSSON
skipstjóri,
Skerjafirði,

lést í Kaliforníu, Bandaríkjunum 4. september.



Ásgeir Halldórsson
Árni Eðvaldsson
Ísar Mar
Vilma
Þórarinn Lárusson
Jóhanna Lárusdóttir



Elskuleg móðir mín,
MARGRÉT VALTÝSDÓTTIR
frá Selárakka,
Þórunnarstræti 129,
Akureyri.

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar 1. september. Útför hennar fer fram frá Stærra-Árskógs-kirkju þriðjudaginn 11. september kl. 14.00.



Óskar Harðarson

GL GRANÍT OG LEGSTEINAR

Mikið úrval

Allir legsteinar
á kr. 75.000,-



Miðhraun 22 b, 210 Garðabæ, Sími 571 0400 granit@granit.is

Tilboðin gilda **6. - 9.** september

markhormun.is | Ljósmynd Matis

netto

Kræsingar & kostakjör



FROSINN

**LAMBABÓGUR
VERÐBOMBA!**

699 KR/KG



www.netto.is | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



SKÁK Í RÁÐHÚSINU Krakkar geta lært mannganginn og tekið þátt í skákmyndakeppni í fjölskylduhorni skákveislu sem haldin er í Ráðhúsi Reykjavíkur í dag og hefst klukkan 14.

Konráð og félagar á ferð og flugi

8

Teikningar og texti Bragi Halldórsson

Konráð og félagar höfðu heldur betur komist í feitt. Þau fundu bláberja mó þar sem krökkt var af berjum. Allan daginn voru þau búin að vera að tína ber og nú var komið að því að skoða afraksturinn. Kata horfði ofan í hálfótma fótuna hjá Róberti og svo á berjabláan munninn hans. „Þú hefur nú bara tínt berin upp í þig sýnist mér,“ sagði hún hneyksluð. Róbert fittjaði upp á nefið og sagði: „Ég er stór og sterkur og þarf mikið að borða.“ „Eða ert bara gráðugur,“ muldraði Kata en Róbert heyrði það ekki.

Það var mismikið í fótunum svo Konráð stakk upp á því að þau skiptu öllum berjunum jafnt á milli sín svo allir fengju jafn mikið. „Hann líka?“ sagði Kata og benti á Róbert. „Já, allir,“ sagði Konráð. Kata var bersýnilega ekki mjög sátt við þá tilhögun en samþykkti hana þó með seming.

Róbert hafði tínt 2 kíló, Lísaloppa 6 kíló, Kata 7 kíló og Konráð 5 kíló. Hversu mörg kíló fær þá hvert þeirra í sinn hlut ef þau skipta berjunum öllum jafnt á milli sín?



PIK & JÓVAS



BRANDARAKISTAN

Kennarinn: „Hvað er það sem er kallað miðbaugur, Óli?“
Óli: „Það er svart strik á kortinu.“

Borgarúinn: „Ert þú þú sem átt þetta stöðuvatn?“

Bóndinn: „Já, svo á að heita.“

Borgarúinn: „Munduð þér telja það stórsynd ef ég drægi úr því nokkra silunga?“

Bóndinn: „Nei, en ég mundi telja það kraftaverk.“

Einu sinni voru agúrka og gulrót sem skelltu sér saman í bíó. Allt í einu sá gulrótin að gúrkan var að skæla og spurði:

„Af hverju ertu að skæla gúrka, þetta er gamanmynd.“

„Ég veit,“ svaraði gúrkan, „þetta er bara vegna þess að það er laukur við hliðina á mér.“

Þú getur sent brandara til krakkar@frettabladid.is



Allt í myrkri?

Snemma á morgnana og á nóttinni dreifa 450 blaðberar pósti og Fréttablaðinu til lesenda.

Hvernig er aðkoman að póstuðu á þínu heimili?

Til að tryggja öryggi blaðbera og dreifingu til þín þarf lýsing að vera til staðar. Höfum ávallt kveikt á útiljósum og sjáum til þess að aðgengi að póstuðu sé viðunandi.

Póst dreifing

Sími: 585 8300 www.postdreifing.is

TEKIÐ EINS OG UM UPPFINNINGU VÆRI AÐ RÆÐA

Hinum þrettán ára Alexander Mar þykir gaman að skrifa. Hann bjó til sérstaka bók handa föður sínum í afmælisgjöf, með texta og myndum. Efnið er bæði eftir hann sjálfan og vini og ættingja afmælisbarnsins.

Hvað heitir þú fullu nafni? „Ég heiti Alexander Mar og er 13 ára. Er í Laugalækjarskóla og æfi líka fótbolta og körfu.“

Hvernig kom það til að þú bjóst til bók? „Mér hefur aldrei fundist skemmtilegt að lesa en mér finnst voða gaman að skrifa sögur því ímyndunaraflið er alltaf á fleygiferð. Svo ákvað ég að reyna að gera sérstaka bók handa pabba. Hann var að fara að eiga 43 ára afmæli og mér fannst góð hugmynd að búa til bók handa honum enda langaði mig ekki að eyða neinum peningum þetta árið í afmælisgjafir. Svo vissi ég líka að fjölskyldan yrði ánægð með mig, stelpunum mundi finnast þetta krúttlegt og fyrst og fremst yrði pabbi glaður. Ég hugsaði oft um þetta verkefni þegar ég var að fara að sofa.“

Hvert er efni bókarinnar? „Efnið í bókinni er um hæfileika, já hún er einfaldlega hrós því hún er svo jákvæð. Það eru líka myndir í henni og allt efnið snýst um pabba.“

Hvernig fórstu að því að gera bókina? „Ég handgerði hana í textílmennit í skólanum. Svo hringdi ég í ættingja og vini og bauð þeim að skrifa eitthvað fallegt um hann pabba. Einnig límdi ég inn myndir. Bókin sjálf er ekki vel skreytt en textinn er aðalmálið.“

Hvað var vandasamast? „Eiginlega var allt vandasamt nema kápan.“

Hjálpaði þér einhver? „Já, en ég gerði mest sjálfur því ég vildi ekki hjálp. Sumir héldu að þetta ætti að vera bók eins og minningargrein um látinn mann.“

Hvernig var bókinni svo tekið? „Henni var tekið eins og um uppfinningu væri að ræða!“

Finnst þér að aðrir krakkar gætu farið að dæmi þínu? „Alveg klárlega. Krakkar eru alveg jafn-

ALEXANDER MAR Hann handgerði bókina í textílmennit í skólanum og segir hana ekki vel skreytta en textinn sé aðalmálið.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Veistu, ég veit ég er þirrandi stundum en þú verður að taka því gegnum unglingsárin. En seinna meir skal ég hjálpa þér í ýmsum verkefnum. Ég vona að við lifum alltaf í sátt og samlyndi. Það er gott að þú gerir ekki neitt ávanabindi og ert alltaf þú sjálfur.

Ég vildi láta vita hversu þakklátur ég er að eiga pabba sem tekur öllum áskorunum vel í lífinu og reynir alltaf að leita þess góða.



góðir rithöfundar og fullorðnir. Þeir verða bara að hafa trú á verkefninu.“

Hvaða ráðleggingar hefurðu þá til þeirra? „Að lesa bækur, skoða þær vel og taka eftir orðum.“

Langar þig að gera fleiri bækur? „Já, ég er að vinna í sögu um unglunga en er ekki nógu duglegur við það. Svo hef ég stundum ekki tíma.“

gun@frettabladid.is

BÓKAORMUR VIKUNNAR

Lára Björk Birgisdóttir

- **Hvernig varð þér við þegar þú fréttir að þú hefðir verið dregin út sem vinningshafi?** „Ég var mjög glöð en eiginlega í sjokki.“
- **Hvað ertu gömul?** „12 ára.“
- **Ertu mikill lestrarhestur?** „Já, frekar.“
- **Hvað er skemmtilegt við að lesa bækur?** „Þær eru oft spennandi.“
- **Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi hjá þér?** „Örugglega Harry Potter.“
- **Hvers lags bækur þykja þér**

skemmtilegastar? „Spennubækur.“

Hvaða bók lastu síðast og hvernig var hún? „Eldar Kvíkna, hún var geggjuð.“

Í hvaða hverfi býrð þú? „Seljahverfi.“

Í hvaða skóla gengur þú? „Seljaskóla.“

Hvaða námsgrein er skemmtilegust? „Enska og stærðfræði.“

Hver eru þín helstu áhugamál? „Ég æfi sund og spila á þverflautu.“

• **Bókaormverkefni Borgarbókasafnsins** á þessu sumri er lokið. Aðalvinningshafi var dreginn út í vikunni og var svo heppinn að fá reiðhjól. Forlagið, Bókmenntaborgin og Örninn styrktu verkefnið og voru í samstarfi við bókasafnið, ásamt Fréttablaðinu.




FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

STJÖRNU- BÆKKUR



PBB/FRTM




„Heillandi saga,
feikilega vel fléttuð,
skrifuð af miklu innsæi ...
sagan heimtar beinlínis
að hún sé lesin ...“

PBB/FRTM

★★★★★
„... nánast ógjörningur
að leggja bókina frá sér
fyrr en eftir síðasta punkt.“

FB/FRBL



★★★★★
„... merkileg viðbót
við kvennalitteratúr
okkar daga ...“

PBB/FRTM

krossgáta

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. ílát, 6. í röð, 8. saur, 9. háttur, 11. átt, 12. bragsmiður, 14. taka ófrjálsri hendi, 16. sjó, 17. gaul, 18. munda, 20. tvíhljóði, 21. steypuefni.

LÓÐRÉTT

1. elds, 3. ólæti, 4. fugl, 5. svelgur, 7. aftursæti, 10. varkárni, 13. hluti kynfæra, 15. sill, 16. dæling, 19. frá.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. vasi, 6. áb, 8. tað, 9. lag, 11. na, 12. skáld, 14. stela, 16. sœ, 17. gól, 18. ota, 20. au, 21. grís.
LÓÐRÉTT: 1. bási, 3. at, 4. sandla, 5. íða, 7. bakæsti, 10. gát, 13. leg, 15. alur, 16. sog, 19. af.

TVÆR
VINSÆLAR

99.990

6GB MINNI OG 640GB DISKUR

TOSHIBA Toshiba SAT C855-18C

Kemur í flottum rauðum lit með Intel Pentium Dual Core örgjörva, 6GB vinnsluminni og stórum 640GB disk. Windows 7 Home Premium.



149.990

15,6"
intel
CORE™ i7INTEL I7 IVY BRIDGE
OG LEIKJASKJÁKORT!

TOSHIBA Toshiba L850-1FF

Þessi fer fljótt. Takmarkað magn á þessu ótrúlega verði. Intel Core i7 úr nýjustu kynslóð Ivy Bridge örgjörva með öflugu 2GB HD 7670 leikjaskjókorti, 8GB 1600MHz DDR3 minni og 500 GB hörðum disk.



REYKJAVÍK AKUREYRI EGILSSTAÐIR KEFLAVÍK SELFOSS HAFNARFJÖRÐUR

Samfélagið versus heimurinn

BAKÞANKAR
Tinnu Rósar
Steinsdóttur

Það má ekki pissa bak við hurð, ekki henda grjóti oní skurð, hvorki skoða lítinn kall né gefa ketti drullumall og ekki segja ráddi heldur réði. Þessar eru á meðal þeirra lífsreglna sem okkur eru kenndar í Laginu um það sem er bannað, eftir Sveinbjörn I. Baldvinsson.

PAR með er þó ekki allt upp talið. Ég var alin upp við góð gildi og mér kenndir almennir mannsiðir. Ég veit að maður sleikir ekki hnífinn sinn, blótar ekki, stelur hvorki né platar og kemur vel fram við aðra (líka ljóta og leiðinlega).

MED árunum hafa enn fleiri hlutir bæst á listann og ég hef meðal annars lært að maður reynir ekki að púlla sömu hárgreiðslu og David Beckham ef maður er þrettán ára stelpa, maður má ekki klæðast fötum úr Hagkaup og alls ekki finnast Harry Potter leiðinlegur. Að drekka kók fyrir hádegi er algjört nó-nó og varast ber að vaxa ekki á sér lappirnar í lengri tíma.

REGLUR samfélagsins vega jú þungt á vogarskálunum þegar við reynum að stuðla að betri heimi. Eða hvað? Ég velti því fyrir mér hvort þessar stöðugu samfélagsreglur, boð og bönn um það sem í raun skiptir engu máli geri heiminn mögulega að verri stað.

UM DAGINN var ég á Facebook (eins og svo oft áður, kveðja, fíkillinn) og rakst á eina af þessum háheimspekilegu tilvitnunum sem eiga það til að detta þar inn. Hún fékk mig til að staldra aðeins við. Þar sagði að ekki þyrfti að óttast það að heimurinn myndi breytast heldur einmitt hið gagnstæða, að hann myndi haldast eins og hann er.


PRETTÁN af hverjum 100 íbúum jarðar búa við hungursneyð og átján af þessum sömu hundruð búa við vatnsskort. 59% alls auðs í heiminum eru í eigu 6% íbúa hans og 53 af hverjum 100 lifa á undir tveimur dollurum á dag.

ÉG FÉKK mér styrktarþarn hjá ABC fyrir nokkrum árum síðan. Þó heiminn muni eflaust ekki mikið um þann 4.000 kall sem ég borga á mánuði til að fæða, klæða og fræða Ragava Rao Pupcem, nú 13 ára gamlan „son“ minn á Indlandi, þá gerir margt smátt eitt stórt (góð vísa er aldrei of oft kveðin!).

Á MEÐAN meirihluti heimsins vinnur þessa stundina baki brotnu við að halda sér á lífi þá sit ég hér í Karen Millenkjólum mínum (bara hinn hefðbundni fatnaður við pistlaskrif) með íphonni í annarri og bíð eftir að fá kvöldmatinn sendan heim að dyrum. Eðlilegt? Maður spyr sig!

myndasögur

Pondus




Eftir Frode Øverli

Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið



Eftir Tony Lopes

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Sena kynnir

Elly Vilkhjálmur

Minnigartónleikar 13. október

HEIÐURSGESTIR

*Raggi Bjarna,
Jón Páll Bjarnason
og Guðmundur
Steingrímsson*

MÍÐASALA HEFST EFTIR

5
DAGA

ALLAR HELSTU SÖNGKONUR LANDSINS SAMANKOMNAR Á EINUM STAÐ
ÁSAMT STÓRSKOTALIÐI KARLSÖNGVARA, HRYNSVEIT, BLÁSURUM OG STRENGJASVEIT
Á GLÆSILEGUM STÓRTÓNLEIKUM Í HÖLLINNI



ANDREA GYLFADÓTTIR · DIDDÚ · EIVÖR · ELLEN KRISTJÁNSDÓTTIR · GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR
KRISTJANA STEFÁNSDÓTTIR · LAY LOW · RAGGA GÍSLA · SIGGA BEINTEINS
BJÖRGVIN HALLDÓRSSON · EGILL ÓLAFSSON · GISSUR PÁLL GISSURARSON · STEFÁN HILMARSSON



ÚTSETNINGAR & STJÓRN STÓRSVEITAR SAMÚEL JÓN SAMÚELSSON STJÓRN STRENGJASVEITAR GRÉTA SALÓME
HANDRIT & LAGAVAL GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR · GUNNAR HELGASON · MARGRÉT BLÖNDAL · SAMÚEL JÓN SAMÚELSSON
SVIÐSMYND MÓEIÐUR HELGADÓTTIR BÚNINGAR ELLEN LOFTSDÓTTIR
KYNNIR MARGRÉT BLÖNDAL LEIKSTJÓRI GUNNAR HELGASON

NÝ BÓK UM HEYRNINA Í bókinni Heyrnin – fyrsta skilningarvitið fjallar Konráð Konráðsson læknir í Uppsölum á skýru og aðgengilegu máli um allt sem viðkemur heyrn. Sænsk útgáfa kom út fyrr á árinu.

Ráðstefna og höfundarkvöld

Mexíkóski rithöfundurinn Elena Poniatowska sækir Ísland heim í næstu viku og verður af því tilefni efnt til alþjóðlegrar ráðstefnu um hana á þriðjudag auk þess sem höfundarkvöld henni til heiðurs verður í Iðnó á mánudagskvöld. Heimsókn Poniatowska til landsins tengist útgáfu á einu þekktasta verki hennar á íslensku. Verkið heitir á spænsku Jesúsa (Hasta no verte Jesús mía) og er frá árinu 1969. Það hefur fengið heitið Jesúsa: óskamfeilin, þverúðug og skuldlaus í þýðingu Maríu Ránar Guðjónsdóttur.



Elena Poniatowska er einn þekktasti og merkasti rithöfundur Mexíkó og skrifar bæði skáldverk, blaðgreinar og fræðilegar bækur um samfélagsmál. Hún beinir ekki síst sjónum að mannréttindamálum og félagslegri stöðu kvenna og fátækra.

Hin sérstaka og áhrifamikla saga um Jesúsu hefur verið gefin út hátt í fjórutíu sinnum í Mexíkó og verið þýdd á fjölmörg tungumál. Poniatowska hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga fyrir verk sín.

Dagskrá höfundarkvöldsins í Iðnó hefst klukkan átta en þar verður rætt um verk Poniatowsku auk þess sem höfundur ávarpar gesti.

Á þriðjudaginn, 11. september, verður haldið málþing um mikilvægi þýðinga og höfundarverk Poniatowsku. Fjallað verður á ensku um þýðingar frá nú til ellefu og á spænsku um höfundarverk Poniatowsku frá ellefu til eitt. Poniatowska ávarpar gesti í lok dagskrár.

**Bollaköku-
kynning
og smakk í
Eymundsson
Norður-Kringlu
í dag kl. 13.00**

Himneskar bolla-
kökuuppskriftir
fyrir börn og
foreldra.

Verið velkomin!

Gildir laugardaginn 08. september 2012.



Tilboð
Kr. **3.599,-**
kynningarverð

Fullt verð kr. 4.499,-

Eymundsson

Bóksali frá 1872

Draumkennd og frjálsleg myndlist frá síðustu öld

Ljóðheimar er yfirskrift sýningar sem verður opnuð á Kjarvalsstöðum klukkan 16 í dag. Þar er í fyrsta sinn reynt að ná heildstæðu yfirliti á ljóðræna eða expressjóníska abstraktlist íslenskra myndlistarmanna.

„Þetta er yfirlitssýning á íslenskrum abstraktmyndlist frá árunum 1957 til 1970, ljóðrænni, óhlutbundinni, litríkri myndlist sem er gjörólík strangflatarlistinni sem kom á undan,“ segir Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur, sýningarstjóri sýningarinnar Ljóðheima sem opnuð verður á Kjarvalsstöðum í dag. „Verkin eru eftir þrjátíu og þrjá aðila, bæði listmálara og myndhöggvara, milli áttatíu og níutíu verk.“

Aðalsteinn segir sýninguna sprottna af löngun sinni til að sýna fram á það að þessi tegund myndlistar sé alveg jafnmikilvæg í myndlistarsögu okkar og strangflatarlistin. „En þessi list hefur verið dálítið vanrækt af sérfræðingum og ég er að reyna að bæta úr því, auk þess sem ég held því fram að í þessari ljóðrænu abstraktmyndlist lifi hið íslenska landslagsmálverk áfram.“

Verk Kristjáns Davíðssonar og

FRUMHERJAR ABSTRAKTLISTAR

Á sýningunni er að finna verk eftir 33 listamenn, verk frumherjanna Svavars Guðnasonar, Nínu Tryggvadóttur, Jóns Engilberts og Kristins Péturssonar, sem lögðu drög að frjálsri íslenskrum abstraktlist með landslagsásvafi, verk septembermanna á borð við Hörð Ágústsson, Valtý Pétursson og Kjartan Guðjónsson, sem sneru baki við strangflatarlist og tóku upp frjálslegri myndlist, og loks ljóðræn abstraktverk listamanna af yngri kynslóð, Elíasar B. Halldórssonar, Einaris Þorlákssonar, Kára Eiríkssonar, Eyjólfssonar og Ragnheiðar Ream.

Ljóðræna abstraktlistin setti einnig mark sitt á íslenska þrívíddarlist á sjötta og sjöunda áratugnum sem sjá má í verkum Gerðar Helgadóttur, Jóhanns Eyfells, Jóns og Guðmundar Benediktssonar og Guðmundar Elíassonar. Verk nokkurra þessara listamanna hafa ekki fyrr verið sýnd undir þessum formerkjum, svo sem Arnars Herbertssonar, Jes Einaris Þorsteinssonar, Magnúsar Tómassonar, Sigríðar Björnsdóttur og Vilhjálmssonar Bergssonar.

Eiríks Smiths eru í lykilhlutverki á sýningunni, hvernig stendur á því? „Kristján og Eiríkur eru þeir menn sem riðu á vaðið, ef svo má segja. Útgangspunktur sýningarinnar er sýning sem Kristján hélt 1957 sem var á allt annan veg en sýningar höfðu verið fram á því, frjálsleg, tilfinningarík og litrík. Í kjölfarið kemur svo Eiríkur með sínar frjálslegu abstraktmyndir. Hann hafði verið í strangflatahópnum en brenndi megnið af gömlu verkunum sínum og breytti alveg um stíl.“

Hvers vegna kallarðu þetta ljóðræna myndlist?

„Þetta hefur verið svolítið skilgreiningarvandamál í gegnum tíð-

ina. Í Frakklandi var þessi list oft kennd við ljóðræna abstraktlist, þ.e.a.s. að þetta væri draumkennd, frjálsleg myndlist, ekki ósvipuð óræðum ljóðum, en í Bandaríkjunum var hún kölluð abstrakt expressjónismi eða óhlutbundin tjáning, enda voru menn stórtækari og aggressívari þar. Íslendingar hafa hins vegar farið bil beggja og nafnið er tilraun til að skilgreina þessa list og búa til einhverja yfirskrift.“

Sýningin stendur til 4. nóvember og á sýningartímabilinu verður efnt til fjölbreyttrar viðburðadagskrár sem hefst sunnudaginn 16. september með sýningarstjóraspjalli Aðalsteins.



OPÍÐ Í DAG FRÁ 11-17

SMELLTU Á KÖRFUNA NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP

ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
STÚTFULLAR VÆRSLANIR AF NYJUM TILBOÐUM
0% VEXTIR
2TB 24.900

HVAD? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 08. september

→ Listasmiðja

13.00 LornaLAB stendur fyrir opinni vinnustofu sem unnin er í samvinnu við Listasafn Reykjavíkur undir handleiðslu Jespers Pedersen tónskálds. Viðburðurinn er ókeypis og öllum opinn.

→ Sýningar

14.00 Sýning á verkum Kristjáns Jóns Guðnasonar opnar í Boganum í Gerðubergi. Yfirskrift sýningarinnar er Gleðidagar.

16.00 Sýningin Ljóðheimar opnar á Kjarvalsstöðum en hún inniheldur verk eftir um 30 listamenn. Um er að ræða tímamótasýningu þar sem verður í fyrsta sinn varpað heildstæðu yfirliti á ljóðræna eða expressjóníska abstraktlist íslenskra myndlistarmanna.

→ Umræður

10.30 Vilhjálmur Egilsson framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins ræðir um réttlæti í lífeyrismálum í laugardagsspjalli Framsóknar. Spjallið fer fram í Framsóknarhúsinu að Hverfisgötu 33. Aðgangur ókeypis.

→ Uppákomur

11.00 Elite á Íslandi verður með prufu í Smáralind fyrir stúlkur á aldrinum 14 til 22 ára sem hafa áhuga á fyrirsetustörfum. Prufan er fyrir keppni Elite Model Look þar sem næstu ofurfyrirsetu er leitað.

11.00 Kompudagur haldinn í húsnæði félagsheimilis Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu, Hátúni 12, frá 11 til 16. Ýmis varningur verður á boðstólum, til dæmis heimaunnir listmunir, saum, hekl og þrjón, nýtt og notað.



11.15 Bergþór Pálsson mun kenna þrúðmannlega framkomu og mannsiði á Töðugjöldum í Viðey. Ýmsar aðrar uppákomur verða í boði og uppskeruhátíð fer fram í grænmetisreyttri Viðeyjarkirkju.

14.00 Eft verður til skákveislu í Ráðhúsi Reykjavíkur í tilefni vestnorræna hátíðarinnar Nýjar slóðir. Gestum og gangandi er boðið að spreya sig í skák gegn vestnorrænum meisturum.

→ Dagskrá

12.00 Sögubíllinn Æringi verður við Portið í Kringlunni og Sóla sögukona spjallar við gesti og segir sögur. Uppákomur er í tilefni af 25 ára afmæli Kringlunnar og er í boði Kringlusafns.

→ Tónlist

08.30 Færeyingarnir Gudmund Mortensen orgelleikari og Bjarni Berg klarinettuleikari flytja fjölbreytta tónlist í Dómkirkjunni. Tónleikarnir eru hluti af Norræna kirkjutónlistarmótinu og aðgangur er ókeypis.

08.30 Klara ensemble Lysekil undir stjórn Sven Áke Svansson og Kerstin Baldwin orgelleikari flytja nýja sænska tónlist í Hallgrímskirkju. Tónleikarnir eru hluti af Norræna kirkjutónlistarmótinu og aðgangur er ókeypis.

08.30 Kammerkór Akraness undir stjórn Sveins Arnar Sæmundssonar flytur íslenska tónlist í Áskirkju. Tónleikarnir eru hluti af Norræna kirkjutónlistarmótinu og aðgangur er ókeypis.

15.00 Sálgaeslutrío saxófónleikarans Sigurðar Flosasonar spilar á tónleikum Jazztónleikaraðar Munnhörpunnar í tónlistarhúsinu Hörpu. Aðgangur er ókeypis.

17.00 Kórar frá öllum Norðurlöndunum kenna gestum lag frá sínu heimalandi og svo er sungið saman í kór. Sing along-ið eru hluti af Norræna kirkjutónlistarmótinu og aðgangur er ókeypis.



20.00 Reiðmenn vindanna með Helga Björns í fararbroddi halda tónleika á Græna Hattinum á Akureyri. Miðaverð er kr. 2.500.

21.00 Rockabilly kóngurinn Smutty Smiff mætir með hljómsveit sína Smutty's 302 á Bar 11 og heldur þar alvöru Rockabilly tónleika. Aðgangur er ókeypis.

22.00 Sálin hans Jóns míns spilar á Spot í Kópavogu.

23.00 Seinni tónleikar Reiðmanna vindanna, með Helga Björns í fararbroddi, verða á Græna Hattinum, Akureyri. Miðaverð er kr. 2.500.

23.00 Sváfnir Sigurðarson, Karl Pétur Smith og Tómas Tómasson leika á tónleikum á Ob-La-Di-Ob-La-Da Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

→ Markaðir

11.00 Íbúasamtök Bústaða- og Fossvogshverfis standa fyrir skottsölu á plani Bústaðakirkju. Allir velkomnir.

12.00 Hinn árlegi haust- og grænmetismarkaður kristniboðsins verður haldinn í Kristniboðssalnum, Háaleitis-

braut 58-60, 3. hæð, norðurendi. Til sölu verða ávextir, grænmeti, sultur, kökur og fleira til heimilisins. Heitar vöffull og kaffi á könnunni.

HVAD? HVENÆR? HVAR?

Sunnudagur 09. september

→ Listasmiðja

13.00 Boðið verður upp á teiknismiðju með listamanninum og rithöfundinum Kestutis Kasparavicius á bókasafninu í Gerðubergi. Enginn aðgangseyrir og allir velkomnir.

→ Sýningarspjall

14.00 Harpa Þórsdóttir forstöðumaður Hönnunarsafns Íslands mun leiða spjall með hönnuðunum Brynhildi Pálsdóttur og Auði Ösp Guðmundsdóttur og súkkulaðimeistararnum Hafliða Ragnarssyni um sýninguna Sögu til næsta bæjar.

Matgæðingar eru hvattir til að mæta og taka þátt í spjallinu.


→ Tónlist

16.00 Andrea Jónsdóttir leikur lög af hljómplötum á Ob-La-Di-Ob-La-Da Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

→ Fyrirlestrar

15.00 Æsa Sigurjónsdóttir listfræðingur mun fjalla um mátt myndarinnar í verkum Errós í Hafnarhúsi.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is



Við bjóðum 2000 kr. afslátt af áskriftarkortum

Nýtt leikár Borgarleikhússins er stúfult af spennandi leiksýningum. Þeir sem kaupa áskriftarkort tryggja sér fjórar töfrandi kvöldstundir í leikhúsinu, á sýningar að eigin vali. Hægt er að kynna sér sýningarnar á www.borgarleikhus.is. Íslandsbanka og Valitor er sönn ánægja að bjóða viðskiptavinum Íslandsbanka afslátt af áskriftarkortum Borgarleikhússins.

Áskriftarkortið gildir á fjórar sýningar að eigin vali.

- ▶ Almennt verð áskriftarkorta er **12.900** kr. en viðskiptavinir Íslandsbanka borga aðeins **10.900** kr. fyrir kortið.
- ▶ Almennt verð áskriftarkorta fyrir 25 ára og yngri er **8.900** kr. en viðskiptavinir Íslandsbanka borga aðeins **6.900** kr. fyrir kortið.

Ganga þarf frá kaupum fyrir 15. september 2012 í miðasölu Borgarleikhússins. Greiða skal með VISA eða MasterCard greiðslukorti frá Íslandsbanka eða Byr.

Hver viðskiptavinur getur keypt eitt áskriftarkort.

VALITOR



Borgarleikhúsið

Íslandsbanki og Valitor eru máttarstólpar Borgarleikhússins.

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

LJÓSI VARPAÐ Á SKUGGA Í HAFNARBORG

Myndlist ★★★★★

Skia/Skuggi

Hafnarborg

Ýmsir listamenn. Sýningarstjóri: Guðni Tómasson.

Demasýningin SKIAskuggi (Skia er gríska orðið yfir skugga) var valin úr nýu innsendum tillögum í samkeppni Hafnarborgar, Menningar- og listamiðstöðvar Hafnarfjarðar, um haustsýningu í safninu. Sýningarstjóri er Guðni Tómasson. Í texta í sýningarskrá fer Guðni yfir ýmsar birtingarmyndir skuggans í íslensku máli, íslenskri myndlist og menningu. Skugginn er okkur Íslendingum hugleikinn, enda erum við hálfgerðar skuggaverur meirihluta ársins. Því er það góð hugmynd að varpa nú þessu ljósi á skuggann.

Á sýningunni eru verk allt frá fyrri hluta síðustu aldar til ársins 2012; graffíkmyndir, málverk, höggmyndir, vídeóverk, ljósmyndaverk og innsetningar, en sýningin leggur undir sig allt safnið, þ.e. alla efrir hæðina og Sverrissal á neðri hæð.

Sýningarstjóri fer þá leið að leyfa skugganum, eða hugmyndinni um skuggann, að leika lausum hala, og þannig birtist hann í eiginlegri og óeiginlegri mynd frá einu verki til annars. Nálgun sýningarstjórans má segja að sé hófsöm og yfir henni hvílir ljóðræn stilla eða athugun. Skugginn í meðförum sýningarstjóra er í formi dauðans og næturinnar, hann er í formi afrits og þunglyndis, og einnig er hann ástand og drungi. En skugginn er þarna líka eins og flestir þekkja hann, í venjulegu formi sem skuggi af húsi og manneskju.

Skípta má sýningunni upp í fjóra hluta. Fyrsti hlutinn er eins og dramatísk bímynd; í hverju verki eru einhverjir atburðir um það bil að fara að gerast, eða eru nýbúnir að gerast. Skuggaveri læðist inn um glugga í verki Katrínar Elvarsdóttur, Gulum gluggatjöldum 1-3, svartur hundur (þunglyndi?) ráfar um ísbreiðu í Blindu Haraldar Jónsson-



KRUMPAÐ MYRKUR Verk Haraldar Jónssonar fellur ekki í kramið hjá gagnrýnanda Fréttablaðsins.

ar, þremur ljósmyndum á þunna pappír sem pinnaðar eru haganlega á vegg. Nágrenni Blindu er Melancolia Helga Þorgils Friðjónssonar, uppfull af táknrænni næturstemningu, enda gerist myndin er sólmyrkvi stendur sem hæst. Á sama tíma hanga skuggamyndir af handjárnnum yfir auðum bekk í þremur málverkum eins þekktasta skuggamálara Íslands, Sigurðar Árna Sigurðssonar, verkunum Herbergir 1-3.

Annar hluti sýningarinnar er ástandið sem maður upplifir þegar maður skoðar verk Kristjáns Guðmundssonar, Lengsta nótt á Íslandi, verk Ragnars Kjartanssonar, Dauðinn og börnin, og verk Magnúsar Pálssonar Sekúndurnar þar til Sikorsky-þyrlan snertir. Verk Kristjáns er lykilverk á sýningunni í þungum einfaldleik sínum og þó að það sé dauðabögn í safninu heyrir maður nánast þyrluspaða Sikorsky-

“Nálgun sýningarstjórans er hófsöm og yfir henni hvílir ljóðræn stilla

þyrlunnar hamast yfir hausmótunum á manni í „tímalasu“ verki Magnúsar, í öllum skilningi þess orðs. Ragnar Kjartansson reynir síðan að hræða skólaborðni í gervi mannsins með ljáinn í Hólavallakirkjugarði, sem gera grín að þessari skripaveru, en óafvitandi elta þau dauðann í hring. Er þau þar með á leið yfir móðuna miklu, var dauðinn að sækja þau?

Andblær liðinnar aldar birtist svo í þriðja hluta sýningarinnar í fallegum dúkrustum Snorra Arinbjarnar af götum í Reykjavík og Ísafirði. Þarna nýtur skugginn sín í sinni tærustu og þekktustu mynd, þar sem hann varpast af húsum og

fólki í sigldri myndgerð. Eins og sýningarstjóri nefnir í sýningarskrá má segja að skuggi kreppunnar hafi einnig þarna verið allt umlykjandi, og sömuleiðis í verki Jóhanns Briem, Vinnudegi lokið, þar sem maður með skóflu heldur heim í fallegri kvöldbirtu.

Dúkrstur Elísar B. Halldórssonar frá sjöunda áratugnum eru sömuleiðis margar skemmtilegar, þó þar sé rökkr fremur en skuggaspil, og einkum þær rómantísku, Kvöldið er fagurt og Við lífsins brunn.

Fjórði hluti sýningarinnar er í Sverrissal á jarðhæð safnsins. Þar var ánægjulegt að skoða ljósmyndir Ralph Hannam, þar sem unnið er gagnert með skuggaspil frá garðinum, vinnuöllum, stigum og grindverkum. Einnig er brugðið á leik í skemmtilegri mynd þar sem karlmaður gerir sig líklegan til að kyssa skugga konu. Mynd Hrings

hefði átt betur heima með verkunum í fyrsta hlutanum, og uppsetning Krumpaðs myrkurs Haraldar Jónssonar er misheppnuð. Verkið er samansett af fjölda krumpaðra svartra pappírsblaða á gólfinu, og lítur meira út eins og hrúga af drasli en tilfinning fyrir hlutgerðu myrkri. Í raun segir ljóðræn titillinn allt sem segja þarf.

Verk Gabríelu Friðriksdóttur og Þorvaldar Skúlasonar passa ekki nógu vel inn í salinn uppi, og verk Magnúsar Pálssonar Sólskin er eins og illa gerður hlutur þar sem það stendur eins og yfirgefið upp við vegg við inngang á efrir hæð.

Þóroddur Bjarnason

Niðurstaða: Ljóðræn og hófsöm nálgun sýningarstjóra í kaflaskipti sýningu. Þrjár velheppnaðar samstillingar hifa hana upp úr meðalmennskunni.

Ótrúlegir endurfundir við útilistaverk

Sýningin Minning um myndlist verður opnuð klukkan 15 í dag í Listasafni ASÍ á Freyjugötu 41. Hún er til heiðurs útmyndlistarsýningunum á Skólavörðuholti á árunum 1967 til 1972 sem 45 listamenn á aldrinum 17 til 75 tóku þátt í og „breyttu skilningi almennings á höggmyndalist“, að því er segir á heimasíðu safnsins.

„Það hefur gengið ótrúlega vel að smala saman verkunum og mörg ævintýri skapast kringum þau,“ segir Inga Ragnarsdóttir myndlistamaður, ein þeirra sem hafa lagt hönd að undirbúningi sýningarinnar í sjálfböðavinnu. „Okkur datt til dæmis ekki í hug að glerverkið hans Sigurðar Guðmundssonar frá 1969 myndist, það fór beint á Ungdomsbienalen í Ósló og hefur ekki verið sýnt síðan en konan hans



VIÐ FALLINN VÍXIL Ragnhildur Stefánsdóttir, Inga Ragnarsdóttir og Kristín Guðnadóttir skípa sýningarnefndina ásamt Sólveigu Aðalsteinsdóttur sem vantar á myndina.

FRÉTTABLAÐID/STEFÁN

rakst nýlega á það niðri í kjallara á heimili þeirra í Hollandi.“

Inga nefnir líka listaverkið Fallinn víxill eftir Inga Hrafn Hauksón sem hún segir hafa vakið mikla athygli á sínum tíma og síðan verið selt til Svíþjóðar. „Við reiknuðum ekki með því að finna Fallinn víxill en nú er hann kominn í hús. Með því verki minnumst við Inga Hrafn, hann var efnilegur myndlistarmaður sem kvað mikið að en dó ungur.“

Enn eitt dæmið um endurheimt verk er eitt eftir Jón Gunnar Árnason sem var á sýningunni 1968 og var síðan selt, laskaðist og týndist um tíma. „Dóttir Jóns Gunnars fann verkið hans eftir mikla leit, við létum gera við það og það stendur hér í nýjum ljóma,“ segir Inga. „Sum verkin á sýningunni

eru úti eins og í árdaga og einnig er allt húsið virkjað, meira að segja eldhúsið þar sem myndasýning er í gangi. Við byggjum upplýsingar okkar mikið á ljósmynda-safni Ragnars Kjartanssonar, föður míns. Á þessum fimm útsýningum voru um 130 verk og hann átti myndir af þeim flestum.“ Ný heimildarmynd eftir Ingu og Katrínu Agnesi Klar er einnig til sýnis með nýjum viðtölum við nokkra listamenn sem tóku þátt í útsýningunum á sínum tíma.

Minning um myndlist er í tilfni fjörutíu ára afmælis Myndhöggvarafélagsins og á henni eru verk eftir flesta stofnendur þess að sögn Ingu. „Það er gaman að minnast frumkvöðlanna með þessum hætti,“ segir hún brosandí.

gun@frettabladid.is



SÖLU- OG KYNNINGARFULLTRÚÍ

Grand Hótel Reykjavík óskar eftir starfsfólki í tímabundið sölu og markaðsátak í dagvinnu.

Hæfniskröfur

Góð íslenskukunnátta og lágmarks tölvukunnátta er krafist. Reynsla af sölustörfum æskileg en ekki skilyrði.

Umsóknarfrestur er til 20. september.

Umsóknir skulu sendast á gullklubburinn@grand.is

Grand Hótel Reykjavík - Sigtúni 38 - 105 Reykjavík - grand.is



Systur í Gerðubergi

Systurnar Ólöf og Sigrún Einarasdóttur tefla saman textíl og gleri í sýningunni Ummyndun sem verður opnuð á efrir hæð Gerðubergs í dag klukkan 14. Þær leggja áherslu á að jafnvægi ríki, þannig að efnin bæti hvort annað upp í stað þess að slást eða yfirgnæfa hvort annað og sækja gjarnan innblástur í náttúru Íslands, ekki síst í hin ótemjanlegu innri öfl hennar.

Sýningin stendur til 28. október og er opin virka daga frá 11 til 17 og um helgar frá 13 til 16.



KRAFLA Eitt verkanna á sýningunni.

- gun

ANTONBERGUR



ÞÚ TREYSTIR ÞEIM
EN GÆTI VERIÐ AÐ BARNIÐ ÞITT ÞEKKI ÞAU BETUR EN ÞÚ?

93% barna sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi þekkja gerandann

Almenningsvitund er sterkasta vopnið gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum

Upplýstir foreldrar vernda börn

BLATT ÁFRAM!

*upplýsingar á www.blattafram.is í bæklingnum: 7 skref til verndar börnum.

www.blattafram.is



Lambaskrokkur af nýslátruðu, sagaður í kassa:

Heilt læri • Lærissneiðar • Heill hryggur
Sagaður frampartur • Heil slög

PÚ PAKKAR sjálf(ur) í frystinn!

998

kr. kg

Heill, ófrosinn, lambaskrokkur, sagaður

ÓDÝRT LAMBAKJÖT
HAUSTSLÁTRUN 2012



1598

kr. kg

Lambalærissneiðar af nýslátruðu



1798

kr. kg

Lambakótiletur af nýslátruðu



799

kr. kg

Lambasúpukjöt af nýslátruðu



35% afsláttur

2989

kr. kg

Verð áður 4548 kr. kg
Ungnauta entrecote, erlent



30% afsláttur

997

kr. kg

Verð áður 1469 kr. kg
Grisakótiletur, magnkaup



40% afsláttur

899

kr. kg

Verð áður 1448 kr. kg
Grisasnitset og grisagúllas, magnkaup



1298

kr. pk.

100% Ávaxtapinnar úr berjum, 5 stk í pk.



Sparaðu 5000 kr. Tvennu tilboð!

11.796

kr. tvennan

Verð áður 16.796 kr. kg
Gold Standard Whey próteinduft, 2,3 kg og 908 g, 2 saman



1280

kr. tvennan

Grillaður kjúklingur og Pepsi eða Pepsi Max, 2 l



Safnaðu AUKAKRÓNUM í öllum verslunum krónunnar

**- komdu og gerðu
frábær kaup!**

**BÆNDA-
MARKAÐUR
Í DAG LAUGARDAG
KL. 11-16**

**VELJUM
ÍSLENSKT!**

Bændamarkaðurinn er í Krónunni Akranesi, Bildshöfða, Granda,
Reykjavíkurvegi, Selfossi, Lindum og Mosfellsbæ



Ný íslensk uppskera

Ný uppskera af íslensku grænmeti beint frá bónda.

Sveitastemning

Lifandi tónlist og íslensk sveitastemning.

Uppskriftir

Fáðu uppskriftabæklinga og þú nýtur íslenska grænmetisins enn betur!

Smakkaðu

Smakkaðu á nýrri uppskeru, mikið úrval!


Frábært verð

á öllu grænmeti og kynningartilboð.



**ÍSLENSKT
GRÆNMETI!**





5 EPLI Á VIKU hafa góð áhrif á virkni lungna. Í eplahýði finnst andoxunarefnið quercetin sem er talið hollt og gott fyrir lungun.



Langar þig til að syngja í kór?

Samkór Kópavogs tekur vel á móti nýjum söngfélögum. Við leitum að fólki með góða söngrodd og tónheyrn. Nótnalestur er kostur en ekki skilyrði.

Raddpróf verða í Lindakirkju, Kópavogi mánudaginn 10. september, kl. 18:00-19:00.

Spennandi og skemmtileg verkefni framundan m.a. valdir kaflar úr óperum.

Nánari upplýsingar: www.samkor.is



Við bjóðum Námsvild

Við bjóðum 20% af bíómiðanum og meira popp og gos

Þegar þú greiðir með Stúdentakorti Íslandsbanka í Smárabíói, Háskólabíói og Borgarbíói Akureyri færðu stórt gos og popp á verði miðstærðar og 20% afslátt af bíómiðanum – alla daga.

Sjáðu nánari upplýsingar um námsvild á islandsbanki.is

www.facebook.com/Islandsbanki.Namsmenn

*Afslátturinn gildir hvorki með öðrum tilboðum né á sýningar í lúxussölum.

Við bjóðum góða þjónustu



AÐEINS Í DAG!

SPARAÐU 40%

GÓLFLAMPI

VERÐ ÁÐUR 18.900,- NÚ 10.000,-

Opið í dag, laugardag kl. 11-16.

kíktu inn á www.pfaff.is

Pfaff // Grensásvegi 13 // Sími 414 0400

PFAFF

Götutískan gefur tóninn

TÍSKA Þessa dagana er tískuvikan í New York í algleymingi. Smekklegar konur og herramenn fylla stræti og torg borgarinnar en ljómyndir af götutísku eru eitt það vinsælasta í kringum tískuvikurnar. Þar má sjá ýmsar forvitnilegar samsetningar og litadýrð sem taka má til fyrirmyndar. Tískustrauma og stefnur má yfirleitt rekja til götutískunnar en þar kennir ýmissa grasa.

1 BLÁ TASKA Bláa taskan setur skemmtilegan svip á klæðnaðinn.

2 ÓREIMADIR SKÓR Þessi tískubloggari var skrautleg til fara í óreimuðum stígvélum. Nýtt trend í uppsiglingu?

3 EINFALT Það er enn þá sumar í New York svo flestir tískuspekingarnir spranga um með bera leggi.

4 SVART OG HVÍTT Litir sem klinkka aldrei saman. Stór leðurtaska, þessi frá Philip Lim, er hinn fullkomni fylgihlutur.

5 VIÐAR SKÁLMAR Bláar buxur með viðum skálmum passa vel við stutta græna jakkann og einföldu leðurtöskuna.

6 STÓRT BELTI Mjadmabelti eru vinsæl í vetur. Hér með leðurstuttbuxum, litríku naglalakki og einföldum skartgripum.

NORDICPHOTOS/GETTY



Bíta, klóra og slá af hreinni þrá

Hefurðu bitíð? Klórað? Eða jafnvel flengt? Kynlíf er alls konar og í miðjum klíðum þegar ástríðan grípur mann þá stundum stjórnastrast útlímirnir af hreinni þrá. Þú klípur, rífur, stynur og nartar. Það hljómar ekkert svo alvarlega heldur eins og eitthvað sem flestir hafa gert. Mér skilst á flestum að það sem er algennt telst eðlilegt og því eitthvað sem má, hver hefur ekki slegið létt á beran afturenda sem hrossast til og frá? En hei, þú sem flengir, stundarðu BDSM?

Umræðan um ólíkar tegundir af kynlífi eru áhugaverðar því við þurfum stöðugt að setja fólk í kassa. Við erum í eðli okkar skipulagssjúk og dæmum fólk út frá gjörðum þess til að skilja betur ástæðurnar að baki hegðuninni og til að geta spáð fyrir um hvað fólk gerir næst. Fólk ímyndar sér oft að BDSM sé öfgarnar á ögn harðhentri líkamlegri snertingu. Þeir sem flengja óvart gera það af ástríðu en þeir sem flengja af ásetningu, jafnvel með græju, stunda BDSM. Ég velti því fyrir mér hvort við séum ekki að tala um pylsu og pulsu, sitthvort orðið yfir sama hlutinn. Samband tveggja aðila sem stunda BDSM byggist á virðingu, trausti og samskiptum. Sambandið byggir ekki á ölaði á krá



VIRÐING OG TRAUST Samband aðila er stunda BDSM byggist fyrst og fremst á trausti, virðingu og góðum samskiptum.

NORDICPHOTOS/GETTY

heldur tekur það tíma og er ekki ósvipað stefnumótaferli. Fólk kynnist og líður vel saman áður en lengra er farið. Rík áhersla er lögð á að fá samþykki fyrir hverri einustu athöfn og að viðkomandi sé í ástandi til að geta gefið samþykki. Þá setja báðir sér ákveðin mörk um hvað má og hvað ekki. Þessi mörk eru virt enda virðing borin fyrir leikfélaganum og leiknum. Mikið fyndist mér gaman ef við „hin“ gætum tekið reglur BDSM-samfélagsins til fyrirmyndar í

vanillukynlífi okkar. Við myndum þá treysta bólfélaganum áður en við stundum kynlíf, veita samþykki fyrir hverri einustu athöfn og tala opinskátt saman um hvað má og hvað ekki. Við bærum virðingu fyrir mörkunum sem okkur eru sett og við gætum leyft okkur að svífa um á vængjum losta og unaðar, örugg og áhyggjulaus og frjáls til að njóta. Þá er ágætt að muna að það sem stingur holdið þarf ekki að særa sálina. Sársaukaþröskuldur er einstaklingsbundin og oft má daðra við línuna á milli unaðar og sársauka uns mörkin verða óljós. Slíkt er þó vitaskuld háð hugarástandi hvers og eins og ef þú upplifir sársauka og vilt hætta, þá gerir þú það. Slíkt kallast að nota öryggisorð í BDSM-heiminum og hefði ég oft viljað geta notað slíkt orð í mínu vanillulífi. „Hættu“, „nei“ og „stopp“ eru orð sem getur verið erfitt að segja en „gulur“ eða „rauður“ eru kannski gerlegri, svo ekki sé minnst á litlu spurninguna, „Er allt í lagi?“.

KYNLÍF: TAKTU ÞÁTT!

Sendu **Sígu Dögg** póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnir gæti birst í Fréttablaðinu.

kynlif@frettabladid.is



© Photographed by Patrick Demarchelier

elite
MODEL LOOK
ICELAND



CASTING


ELITE MODEL LOOK 2012

N°1 MODEL SEARCH

www.elitemodellook.com/is

08
SEPTEMBER
11:00 - 15:00
SMÁRALIND





33 ÁR FYLLIR poppsöngkonan Pink, eða Alecia Beth Moore, í dag. Hún fagnar eflaust í faðmi eiginmanns síns Carey Hart og eins árs gamallar dóttur þeirra Willow Sage Hart.

Listhlaupadeild Skautafélags Reykjavíkur

Skautaskóli fyrir börn og unglunga hefst í skautahöllinni í Laugardal sunnudaginn 9. September.

Skráning er hafin og fer fram á heimasíðu félagsins www.skautafelag.is/list

Skrifstofusímar:
588 4004
898 4461
896 3956



Nú er kátt í höllinni

Munið Frístundakortið

Með viðkvæmt efni í höndunum

Þættirnir Sönn íslensk sakamál eru væntanlegir á skjáinn en þar eru mörg af minnstæðustu sakamálum seinni ára sett á svið.

„Þetta gengur vel. Við erum búin að taka upp um þrjá til fjóra þætti af átta,“ segir Sævar Guðmundsson, leikstjóri þáttana Sönn íslensk sakamál sem eru í tókum þessa dagana. Sum eftirminnilegustu sakamál seinni tíma verða tekin fyrir í þáttunum eins og líkfundarmálið, morðið á Shri Rahmawati, vændisstarfsemi Catalinu og morðið á Einar Erni Birgissyni.

Sævar fullyrðir að það sé vandamt að fjalla um sakamál sem eru almenningi minnisstæð og viðkvæm fyrir aðstandendur. „Við gerum ekkert nema í samráði við aðstandendur og höldum góðu sambandi við þá í gegnum ferlið.“

Stór hluti þáttanna er sviðsettur, en einnig verða sýnd viðtöl við aðstandendur, fórnarlömb og fleiri. Lögreglan hefur verið til halds og traust til að kenna réttu handtökin svo að sviðsetningin sé sannfærandi. „Helsti höfuðverkur okkar hefur verið lítið fjármagn en það er bara eins og gengur og gerist í íslenskri kvikmyndagerð í dag. Ekki mörg fyrirtæki vilja láta bendla sig við sakamál en við leggjum okkur fram að endurspegla alvöru sögur í vönduðum þáttum.“ Þættirnir eru væntanlegir á Skjá einn í lok október. - áþ



MORÐINGIN HANDEKINN Hér má sjá sviðsetningu á morðinu á Shri Rahmawati. Handritin eru unnin beint upp úr dómum og út frá viðtölum við fólk sem kom að málinum.



RÉTTU HANTÖKIN Margir þurfa að bregða sér í hlutverk lögreglu- og tæknimanna í þáttunum.



PRENN VERÐLAUN Strákasveitin One Direction, með þeim Niall, Harry, Liam, Louis og Zayn innanborðs, tóku á móti þrennum verðlaunum á MTV hátíðinni. NORDICPHOTOS/GETTY

Myndbandaverðlaun MTV

Það var mikið um dýrðir í Los Angeles á fimmtudagskvöldið en þá fóru fram myndbandaverðlaun sjónvarpsstöðvarinnar MTV, MTV Video Music Awards. Stjórnurnar fjölmenntu á viðburðinn bæði til að sýna sig og sjá aðra, veita og taka á móti verðlaunum.

Það var poppstjarnan Rihanna sem fór heim með aðalverðlaun kvöldsins en myndband hennar við lagið We Found Love var valið myndband ársins. Strákasveitin One Direction, sem er að slá í gegn meðal ungra stúlka út um allan heim í dag, fór heim með flest verð-

laun á hátíðinni. Sveitin var valin nýliði ársins, besta poppmyndband ársins var við lag þeirra What Makes You Beautiful og þá var hið sama myndband það lag sem flestir vildu deila á netinu.

Það eru áhorfendur MTV sem kjósa sigurvegara í hverjum flokki en Beyoncé, Katy Perry og Nicki Minaj voru einnig á meðal sigurvegara. Kjólarnir voru hver öðrum fegurri en Rihanna vakti athygli með drengjakoll og eru spekingar strax byrjaðir að spá klippingunni miklum vinsældum hjá kvenþjóðinni á næstu misserum.

Bænaskotið þungarokk

Bandaríska hljómsveitin OM spilar á Gamla Gauki 15. september. OM var stofnuð 2003 af fyrrum meðlimum rokkisveitarinnar Sleep. Tónlistina mætti flokka sem þungarokk en er undir sterkum áhrifum frá bæna- og hugleiðslutónlist. Tilgangurinn er þó ekki að breiða út boðskap ákveðinnar trúar, heldur notar sveitin þekktar aðferðir til að fá áheyrendur á sitt band. Í lok júlí kom út þeirra sjötta plata, Advaitic Songs. Þetta verða fyrstu tónleikar sveitarinnar í Evrópuferð hennar og fer miðsala fram á Midi.is. The Heavy Experience hitar upp.



OM Bandaríska hljómsveitin spilar á Gamla Gauki 15. september.

30%
AFSLÁTTUR

AÐEINS ÞESSA
HELGI!

**FJÓRAR NÝJAR
KATTASANDSTEGUNDIR**

20%
AFSLÁTTUR AF
FISKUM

30%

AFSLÁTTUR AF
HÁGÆÐAFÓÐRI
FYRIR HUNDA
OG KETTI

40%

AFSLÁTTUR AF
FISKABÚRUM,
HREINSURUM OG
HITURUM



HUGSUM VEL UM DÝRIN OKKAR
OG GERUM FRÁBÆR KAUP!



♥ EKKI MISSA AF ÞESSU - KOMIÐ Í HOLTAGARÐA
OG GERIÐ FRÁBÆR KAUP FYRIR DÝRIN YKKAR

DÝRARÍKIÐ

Holtagarðurum ... fyrir dýravini

Stærsta og skemmtilegasta gæludýraverslun landsins Sími 568 66 68 Opíð 11-18 virka daga / 12-18 um helgar



SKILIN Amy Poehler og Will Arnett eru skilin eftir níu ára hjónaband.

NORDICPHOTOS/GETTY

Skilin eftir níu ár

Gamanleikararnir Amy Poehler og Will Arnett eru skilin eftir níu ára hjónaband. Us Weekly flutti fyrst fréttir af sambandslitunum.

„Skilnaðurinn er gerður í miklum vinskapi,“ sagði talsmaður Poehler og Arnett við tímaritið. Poehler er þekktust fyrir leik sinn í gamanþáttunum Saturday Night Live en Arnett sló í gegn sem Gob í Arrested Development. Þarið á synina Archie og Abel sem eru þriggja og tveggja ára gamlir.

Þarið hefur oft unnið saman og kom meðal annars fram saman í fjórum þáttum af Arrested Development, í kvikmyndunum Blades of Glory, Horton Hears a Who!, On Broadway, Spring Breakdown og Monsters vs. Aliens.

Leið illa með Nicolas Cage

Vanessa Hudgens óskaði eftir því við framleiðendur kvikmyndarinnar The Frozen Ground að þeir héldu mótaleikara hennar, Nicolas Cage, frá tökustað á meðan hún var við tökum.

„Hann var alltaf að horfa á hana og mætti á tökustað á frídögum sínum til þess að fylgjast með henni að starfi. Vanessa gafst loks upp og bað framleiðendur myndarinnar um að taka til sinna ráða og halda honum frá tökustað svo hún gæti unnið áhyggjulaus,“ hafði Star Magazine eftir innanbúðarmanni. Samkvæmt frétt blaðsins er Cage þekktur fyrir að haga sér ósæmilega gagnvart mótaleikkonum sínum.

Hudgens leikur fatafelli í myndinni sem byggð er á sannsögulegum atburðum.



BRUCE WILLIS Leikarinn leikur að öllum líkindum í American Assassin.

Hlutverk í spennutrylli

Bruce Willis er í viðræðum um að leika fulltrúa bandarísku leyniþjónustunnar í spennutryllinum American Assassin. Myndin fjallar um háskólanema sem er í herferð gegn hryðjuverkamönnum.

American Assassin er byggð á skáldsögu Vince Flynn. Myndin er byggð á elleftu bók Flynn um Mitch Rapp sem fær vinnu hjá leyniþjónustunni eftir að kærastan hans lætur lífið í hryðjuverkaárás. Hjá CIA hyggur hann á hefndir. Willis, sem er 57 ára, mun leika starfsmann leyniþjónustunnar sem verður nokkurs konar lærifaðir Rapp.

Keppir til sigurs í Stokkhólmi

„Mér fannst þetta ganga mjög vel. Þetta var ótrúlega skemmtilegt og allt öðruvísi en að spila á skemmtistað. Þetta var eins og sprett-hlaup en venjuleg kvöld eru meira eins og maraþonhlaup,“ segir plötusnúðurinn Áskell Harðarson sem sigraði í plötusnúðasamkeppni sem haldin var um helgina. Áskell tryggði sér þar með þátttökurétt í Movida Corona-keppninni sem fram fer í Stokkhólmi þann 17. nóvember.

Áskell kemur fram undir nafninu Housekell og hefur verið að koma fram frá árinu 2009. Hann stundar nám í tónsmíðum og upptökstjórnun við Listaháskóla Íslands auk þess sem hann rekur útgáfufyrirtækið Colour Me Records og hefur því brennandi áhuga á öllu því sem viðkemur tónlist.

Hann segir dómara í keppninni hafa dæmt

keppendur út frá lagavali þeirra, skiptingum, uppbyggingu og framkomu. Alls kepptu fimm plötusnúðar um þátttökuréttinn og segir Áskell að keppnin hafi farið bróðurlega fram.

„Það er svolítill ríður á milli plötusnúða hér heima en það var ekkert um svoleiðis um helgina. Ég er hrifnari af því þegar fólk dreifir ást en hatri.“

Movida Corona-keppnin er nokkuð stór í sniðum og alls keppta 22 plötusnúðar frá jafn mörgum löndum um fyrstu verðlaun.

„Ég held að þetta sé mjög gott tækifæri fyrir plötusnúða. Sigurvegarinn fær plötusamning við þekkt útgáfufyrirtæki og tækifæri til að koma fram úti í heimi. Ég var að horfa á kynningarmyndband fyrir keppnina áðan og þetta lítur allt mjög vel út. Þá fékk ég smá fiðring í magann.“

- sm



BAR SIGUR ÚR BÝTUM Áskell Harðarson sigraði plötusnúðakeppni sem fram fór um helgina. Hann tryggði sér þátttökurétt í Movida Corona-keppninni í nóvember.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



LAGERSALA ALLT AÐ 80% AFSLATTUR

OPIÐ:

LAU 8. SEPT 11-17 / SUN 9. SEPT 13-17 / MÁN 10. SEPT 11-18 / ÞRI 11. SEPT 11-18
MIÐ 12. SEPT 11-18 / FIM 13. SEPT 11-18 / FÖS 14. SEPT 11-18

NÓATÚNI 17

BIRNA



www.birna.net

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

**BLANDAÐ
LAMBASALTKJÖT**



998
KR. KG

**EURO SHOPPER
KJÚKLINGABRINGUR
FROSNAÐ 900 GR**



1498 KR.PK

ÓDÝRUSTU KJÚKLINGABRINGURNAR Í BÓNUS

NICKY



898 KR

TÓLF NICKY
SALERNISRÚLLUR



359 KR.

PRJÁR NICKY
ELDHÚSRÚLLUR

**FROSIN
LAMBASVIÐ**



229
KR. KG

**ÓDÝRUSTU
KJÚKLINGA-
BRINGURNAR
Í BÓNUS**

ÓDÝRUSTU
BLEIURNAR
Í BÓNUS



1398
KR.PK

ES BLEIUR 1398 kr. pk / BABY WIPES 72 stk. 175 kr.

emmessis



198 KR. I LTR



750 ML ÓLÍFUOLÍA
EXTRA VIRGIN

598 KR

fróosh
fruit: bottled



FROOSH SMOOTHIE 250 ML

289 KR. FL

DÚ GERIR ÞINN SMOOTHIE HEIMA !



FROSINIR MANGÓBITAR

498 KR. I KG

FROSIN JARÐARBER

459 KR. I.2 KG




BÓNUS HREINN EPLA OG
APPELSÍNUSAFI I LTR.

129 KR

BONUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veititungla
VILDARPUNKTA
VISA Vildarkúbbur

ENGINN
VIÐBETTUR
SYKUR



5 KRÓNUR | **AF HVERRI SELDRI HIMNESKT VÖRU Í SEPTEMBER RENNA TIL BARNAHEILLA**

Barnaheill
Save the Children Iceland



Þyngri og seinteknari Sudden

Tónlist ★★★★★

Sudden Weather Change

Sculpture

Eigin útgáfa

Hljómsveitin Sudden Weather Change vakti mikla athygli fyrir fyrstu plötuna sína, Stop! Handgrenade In The Name of Crib Death, understand? sem kom út árið 2009 og var meðal annars útnefnd bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum árið á eftir. Nú, þremur árum eftir frumburðinn, er önnur plata hljómsveitarinnar í fullri lengd, Sculpture, komin út.


Eins og á fyrri plötunni er tónlistin á Sculpture gítarrokk með auðheyrnlegum bandarískum áhrifum. Þetta er samt ólík plata. Lagasmíðarnar á Sculpture eru þyngri og hljómurinn er dimmari. Sáandið á plötunni er sérstaklega flott, en Ben Frost og Þorbjörn G. Kolbrúnarson sáu um upptöku-stjórnina.

Sculpture er töluvert seinteknari heldur en Stop! Handgrenade... en hún er síst verri. Þessi ný lög eru mislengi að koma til manns, fyrsta lagið Weak Design virk-



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ar til dæmis strax frá fyrstu hlustun á meðan önnur lög þurfa nokkur rennsli til að maður nái þeim að fullu. Á heildina litið er Sculpture flott rokkplata borin



uppi af góðum lagasmíðum og frábæru sáandi.

Trausti Júlíusson

Niðurstaða: Strákarnir í SWC fylgja frumsmíðinni eftir með þyngri og dimmari plötu.

midí.is LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

HÖRKU SPENNUMYND! 16

ÁVAXTA KARFAN ÍSL. TAL! 16

BOURNE LEGACY 16

EXPENDABLES 2 16

INTOUCHABLES 12

LAUGARÁS BÍÓ Sýningartímar

THE BOURNE LEGACY	4, 7, 10(P)	16
THE EXPENDABLES 2	8, 10, 10	16
ÁVAXTAKARFAN	2, 4, 6	16
PARANORMAN 3D	2, 4	7
INTOUCHABLES	5, 5, 8, 10, 20	12
BRAVE HIN HUGRAKKA 2D	2	16

SAMBÍÓIN Sambio.is

FRÝS Í ÆÐUM BLÓÐ

FROST

THE BOURNE LEGACY

INSANELY FUNNY

HIT & RUN

THE DARK KNIGHT RISES

YFIR 62.000 GESTIR

AD TILEFNI 25 ÁRA AFMÆLIS KRINGLUNNAR ÆTLA SAMBÍÓIN KRINGLUNNI AÐ BJÓÐA FRÍTT INN ALLAN LAUGARDAGINN 8. SEPTEMBER Á MEÐAN HÚSRÚM LEYFIR!

Dregnar verða fram gamlar filmur úr geymslum Kvikmyndasafns Íslands, flestar frá árinu 1987 þegar Kringlan opnaði.

EFTIRFARANDI MYNDIR VERÐA SÝNDAR AF FILMU:

Hringjarinn frá Notre Dame (1980) Íslenska tali
Leitin Mikla (The Brave Little Toaster) (1987) Íslenska tali
Predator (1987)
Stakeout (1987)
Lethal Weapon (1987)

SMÁRABÍÓ	ÁLFABAKKA	EGILSHÖLL
FROST KL. 4:10 - 6 - 8 - 10 - 10:20 - 11:10	2D 16 FROST KL. 6 - 8 - 10 - 11	2D 16
FROST VIP KL. 2 - 4 - 6 - 8	2D 16 BOURNE LEGACY KL. 8 - 10:45	2D 16
BOURNE LEGACY KL. 5:20 - 8 - 10:45	2D 12 HIT AND RUN KL. 8 - 10:10	2D 12
BOURNE LEGACY VIP KL. 10	2D 12 DARK KNIGHT RISES KL. 8	2D 12
HIT AND RUN KL. 5:50 - 8 - 10:20	2D 12 STEP UP: REV... KL. 3:30 - 5:40	2D 12
STEP UP REVOLUTION KL. 1:30 - 3:40 - 5:50	2D 12 BRAVE ISL.TAL KL. 1:30 - 3:50	3D 12
BRAVE ISL.TAL KL. 2 - 3	3D 12 BRAVE ISL.TAL KL. 1:30 - 3:40 - 5:50	2D 12
BRAVE ISL.TAL KL. 1:30 - 3:40 - 5:50	2D 12 ÍSÖLD 4 ISL.TAL KL. 1:30 - 5:50	2D 12
BRAVE ENGL.TAL KL. 8	2D 12 MADAGASCAR 3 ISL.TAL 1:30 - 3:30	2D 12
DARK KNIGHT RISES KL. 8	2D 12 SAMBÍÓIN KRINGLUNNI SUNNUDAGUR	
MADAGASCAR 3 ISL.TAL KL. 1:30 - 3:40	2D 12 FROST KL. 6 - 8 - 10 - 12	2D 16
FROST ISL.TAL KEFLAVÍK	2D 16 HIT AND RUN KL. 10:20	2D 12
BOURNE LEGACY KL. 10	2D 12 DARK KNIGHT RISES KL. 5:30 - 9	2D 12
BABYMAKERS KL. 2 - 8	2D 12 STEP UP REV... 1:30 - 3:40 - 5:50	2D 12
ÁVAXTAKARFAN ISL.TAL KL. 2	2D 12 BABYMAKERS KL. 8	2D 12
THE BRAVE ISL.TAL KL. 4	2D 12 BRAVE ISL.TAL KL. 1 - 3:20	3D 12
SEEKING A FRIEND... KL. 5:50	3D 12 BRAVE ISL.TAL KL. 1:40 - 3:50	2D 12
FROST AKUREYRI	2D 12 SELFOSSI	
FROST KL. 6 - 8 - 10:10	2D 16 FROST KL. 6 - 8 - 10	2D 16
BRAVE KL. 2 - 4	3D 12 BABYMAKERS KL. 6 - 8	2D 12
STEP UP 4 KL. 6	3D 12 DARK KNIGHT RISES KL. 10	2D 12
HIT AND RUN KL. 10:10		
UNDRALAND IBBA ISL.TAL KL. 2 - 4		
BABYMAKERS KL. 8		

Miðar eru afhentir í miðasölu frá kl. 13.00 - fyrstur kemur fyrstur fær - ath. númeruð sæti, sýningartímar og nánari upplýsingar á www.sambio.is

LAUGARDAGUR - SUNNUDAGUR

SMÁRABÍÓ midí.is

ÁVAXTAKARFAN	KL. 1 (TILBOÐ)	L
PARANORMAN 3D ISL.TAL	KL. 1 (TILBOÐ)	7
ÍSÖLD 4 2D ISL.TAL	KL. 1 (TILBOÐ)	L
ÍSÖLD 4 3D ISL.TAL	KL. 1 (TILBOÐ)	L

HÁSKÓLABÍÓ midí.is

ÁVAXTAKARFAN	KL. 3.30 (TILBOÐ)	L
PARANORMAN 3D	KL. 3 (TILBOÐ)	7
TO ROME WITH LOVE	KL. 3 (TILBOÐ)	L
INTOUCHABLES	KL. 3 (TILBOÐ)	L



Kvikmyndasafn Íslands sýnir í Bæjarbíói



Þriðjudaga kl. 20 og laugardaga kl. 16. www.kvikmyndasafn.is

AKUREYRARKVIKMYNDIR

Elsta kvikmyndin í sýrpunni er frá konungskomunni 1907 en yngsta myndin sýnir þotu Flugleiða koma til Akureyrar í fyrsta sinn 1969. Þar á milli kennir ýmissa grasa: Þjóðlífskvikmyndir frá árum heimsstyrjaldarinnar síðari, konungskoman 1926, myndskjöð af séra Matthíasi Jöcumssyni, forsetaheimsóknir, skipakomur.

Kvikmyndataka: Hallgrímur Einarsson, Eðvarð Sigurgeirsson og fleiri.

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ

TRYGGU ÞÉR MIÐÁ midí.is

THE BOURNE LEGACY

ÁVAXTA KARFAN

EXPENDABLES 2

INTOUCHABLES

SMÁRABÍÓ	GLERAUGU SELD SÉR	HÁSKÓLABÍÓ	NÁNAR Á MIÐLIS		
THE BOURNE LEGACY	KL. 5 - 8 - 10.45	16	THE BOURNE LEGACY KL. 5.10 - 9	16	
THE BOURNE LEGACY LÚXUS	KL. 2 - 5 - 8 - 10.45	16	ÁVAXTAKARFAN	KL. 3.30 (TILB) - 6	L
ÁVAXTAKARFAN	KL. 1 (TILB) - 3 - 6	L	THE EXPENDABLES 2	KL. 8 - 10.20	16
THE EXPENDABLES 2	KL. 5.40 - 8 - 10.20	16	PARANORMAN 3D	KL. 3 (TILB)	7
THE WATCH	KL. 5.40 - 8 - 10.20	12	THE WATCH	KL. 10.20	12
PARANORMAN 3D ISL.TAL	KL. 1 (TILB) - 3.30	7	TO ROME WITH LOVE	KL. 3 (TILB) - 8	L
TOTAL RECALL	KL. 10.20	12	INTOUCHABLES	KL. 3 (TILB) - 5.30 - 8 - 10.30	L
ÍSÖLD 4 2D ISL.TAL	KL. 1 (TILB) - 3.30	L	BORGARBÍÓ		
ÍSÖLD 4 3D ISL.TAL	KL. 1 (TILB) - 3.30	L	THE BOURNE LEGACY	KL. 5.40 - 8 - 10.20	16
TED	KL. 8	12	INTOUCHABLES	KL. 5.50	12
			EXPENDABLES 2	KL. 8-10	16
			ÁVAXTAK. KL. 2 - 4	PARANORMAN KL. 2	ICEAGE 3D KL. 4L

BÍÓ PARADÍS

LAUGARDAGUR OG SUNNUDAGUR: KÓNGAGLENNA (EN KONGELIG AFFÆRE) 17:20, 20:00, 22:40 ■ ELLES (PÆR) 17:50, 20:00, 22:10 ■ TÍU TÍMAR TIL PARADÍSAR (TEDDY BEAR) 18:00, 20:00, 22:10 ■ HRAFNHILDUR 18:00, 20:00 ■ BLACK'S GAME (ENGLISH SUBS) 22:00 (síðustu sýningar)

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburrinn

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

Ódýrt í bíó

Simi: 553 2075 - bara lúxus

TILBOÐ KL. 2

ÁVAXTA KARFAN

PARANORMAN

BRAVE

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

KVIKMYND EFTIR REYNI LYNGDAL

FROST

FRÝS Í ÆÐUM BLÓÐ

KOMIN Í BÍÓ

0 7 . 0 9 . 2 0 1 2

BJÖRN THORS ANNA GUNNDRIS GUÐMUNDSDÓTTIR HILMAR JÓNSSON HALLUR INGÓLFSSON VALUR FREYR EINARSSON HELGI BJÖRNSSON
FRAMLEIÐSLUSTJÓRN BIRNA PAULINA EINARSDÓTTIR BÓNINGAR MARGRÉT EINARSDÓTTIR HÁR & FÖRÐUN KRISTÍN JÚLÍA KRISTJÁNSDÓTTIR HLJÓÐUPTAKA ÁRNI GÚSTAFSSON ÁRNI BENEDIKTSSON HLJÓÐHÖNNUN HULDAR FREYR ARNARSON ARNÞÓR ÖRLYGSSON
